birta
INGIBJÖRG ÞORBERGS:
*Hugsar um það sem er gott*
• snyrtivörur • loðflíkur • eftirréttir



VINNUVÉLAR
INGI BJÖRNSSON:
*Besti kranamaður Íslands*
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



Heyrðu, Paris Hilton er víst byrjuð með Radisson Sas.
www.rokland.blogspot.com

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT

4. nóvember 2005 — 298. tölublað — 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

### Í þjóðlegum kjól



Elva Ósk Ólafsdóttir leikkona tekur lítið mark á sjálfskipuðum tískulöggum og ætlar að klæðast á íslenskan máta á Emmy-verðlaunahátíðinni.

FÓLK 54

### Sigmar í Gettu betur



Kastljóssmaðurinn Sigmar Guðmundsson hefur verið ráðinn sem spyrill í Gettu betur.

FÓLK 54

### Siðbót eða miskabót?

Birgi Guðmundssyni finnst eðlilegt að Bubbi Morthens sé ósáttur við umfjöllun Hér og nú en undrunarefni hvernig lögmaður Bubba rökstyður kröfuna um miskabætur honum til handa.

Í DAG 20

### Slæmur dagur í körfunni



Íslensku liðin í Evrópukeppninni í körfubolta riðu ekki feitum hesti frá viðureignum sínum í gærkvöldi. Kvennalið Hauka tapaði stórt fyrir ítalska liðinu Ribeira og Keflavík olli miklum vonbrigðum gegn Laapperanta frá Finnlandi.

ÍÞRÓTTIR 90

### VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐA BJART Í** MORGUNSÁRIÐ Þykknar smám saman upp um sunnan- og vestanvert landið þegar líður á daginn og kvöldið með vaxandi vindi og hlýnandi veðri. Fer að rigna vestan til í nótt. Bjart og svalt lengst af eystra.

VEÐUR 4

Tilkynning
VAXTALAUST
Bílalán á 0% vöxtum
Bílaland B&L verður með vaxtalausa daga 4. til 6. nóv. Á þriðja hundrað bíla verða í boði með fullu 100% vaxtalausu láni. Lántökugjöld verða enn fremur felld niður. Ef þig vantar góðan bíl, á góðum kjörum, komdu þá við hjá Bílalandi um helgina. Athugaðu að þessi hagstæðu lán eru eingöngu veitt á vaxtalausum dögum.
bílaland B&L notaðir bílar
Grjóthálsi 1
bilaland.is
s: 575 1230

# Atvinnurekendur sögðu nei við ASÍ

**Alþýðusamband Íslands telur að með aukinni verðbólgu hafi hallað á launþega. Samtök atvinnulífsins segja þá aldrei hafa haft það betra. SA hafnaði tillögum ASÍ um tveggja prósenta launahækkanir.**

**KJARAMÁL** Samtök atvinnulífsins hafa hafnað tillögum Alþýðusambands Íslands um tveggja prósenta launahækkun sem lögð var fram í viðræðum forsendunefndar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Í henni eiga sæti tveir fulltrúar ASÍ og SA sem eru sammála um að forsendur samninganna séu brostnar.

Fulltrúar ASÍ hafa sagt að búast megi við að þeim verði sagt upp 10. desember nái forsendunefndin ekki samkomulagi á næstunni. Tillögur ASÍ miðast við þær verðbólguforsendur sem síðustu kjarasamningar voru gerðar út frá. „Við höfum talið að þar sem markmið Seðlabankans og forsendur kjarasamninga gera ráð fyrir 2,5 prósenta verðbólgu en verðbólgan er í raun 4,5 prósent sé það nokkuð klárt hver munurinn er,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ. „Að öðru leyti er þetta mál til úrlausnar,“ segir hann. „Það er þó ljóst að ekki hefur verið vilji af hálfu atvinnurekenda til að semja og stefnir í að ekki náist saman að óbreyttu,“ segir Gylfi.

Ari Edwald, framkvæmdastjóri SA, segir varhugavert að horfa dómgreindarlaust og vélrænt á verðbólgutölur. „Við semjum ekki um verðbólgu eða kaupmátt. Við semjum um tilteknar launahækkanir,“ segir Ari. „Kaupmáttur er í sögulegu hámarki á Íslandi. Við teljum því ekki forsendur til þess að vera með einhver öfgakennd viðbrögð nú en var þá af svipuðu tilefni. Það er alls ekki sanngjarnt, þegar horft er til eðlis verðbólgunnar, að afgreiða verðbólguna sem frádrátt frá kaupmætti almennings. Þrír fjórðu hennar eru vegna fasteignaverðs, en einnig vegna aukinnar neyslu og betri lífsgæða,“ segir Ari.

Hann segir ekki útilokað að samið verði um hækkun launa þótt það verði ekkert í líkingu við tillögur ASÍ. „Þetta snýst um kostnaðinn fyrir atvinnulífið. Það er alveg ljóst að svigrúmið til breytinga er ekki af þeirri stærðargráðu sem þarna er slegið fram. Slík nálgun fæli að auki í sér aftúrhvarf til víxlhækkunar launa og verðlags,“ segir Ari.

„Það væri hins vegar mjög slæmt fyrir almenning í landinu ef samningar næðust ekki og yrði með því brugðið frá þeirri sátt sem hefur verið í landinu um árabil og ekki víst að næðist saman um langan tíma aftur,“ segir Ari.

- sda / sjá síðu 8




**ÁKALLAR ÞJÓÐIR HEIMS** Á heimsráðstefnu um heilbrigðismál í New York fjallaði Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, um hættuna á heimsfaraldri vegna fuglaflensu. Sagði hann að þjóðir heims þyrftu nú að taka höndum saman. Sérstaklega þyrfti að aðstoða fuglabændur sem ættu á hættu að smitsjúkdómurinn bærist í fiðurfénað þeirra eða hefðu þegar orðið fyrir skaða vegna flensunnar. AP

Líkur á því að Reykjavíkurborg selji ríkinu hlut sinn í Landsvirkjun minnka:

# Borgin krefst hærra verðs

**STJÓRNMÁL** Mikið ber í milli í viðræðum fulltrúa ríkisins og Reykjavíkurborgar um sölu á hlut borgarinnar í Landsvirkjun, en farið var yfir stöðu málsins á fundi borgarráðs í gær.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins telja fulltrúar borgarinnar heildarmatsverð Landsvirkjunar of lágt, enda miðist það meðal annars við gamla orkusölusamninga við álframleiðendur. Bent er á að Orkuveita Reykjavíkur hafi á síðari árum náð betri orkusölusamningum en Landsvirkjun og horfa verði til framtíðarvirðis Landsvirkjunar.

Heildarmatsverð Landsvirkjunar er 56,4 milljarðar króna en Reykjavíkurborg á 45 prósenta hlut í fyrirtækinu. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst vill Reykjavíkurborg hækka heildarmatsverð upp fyrir 60 milljarða króna sem gæfi borginni marga milljarða aukreitis fyrir hlutinn.

„Ef rétt verð fæst fyrir hlut borgarinnar í Landsvirkjun erum við ugglaust til í að standa að sölunni,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins. Hann telur nánast fullvíst að R-listinn hyggist nú ýta málinu til hliðar, meðal annars vegna andstöðu vinstri grænna sem vilja ekki með neinum hætti stuðla að einkavæðingu Landsvirkjunar.

- jh



**SÆKJAST EFTIR FYRSTA SÆTINU** Augu flestra munu beinast að baráttu Gísla Marteins og Vilhjálms.

Sjálfstæðisflokkurinn:

## Prófkjör hefst í dag í borginni

**STJÓRNMÁL** Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík hefst í dag og er búist við mikilli þátttöku.

Öllum félagsbundnum sjálfstæðismönnum í Reykjavík, sem náð hafa 16 ára aldri, er heimilt að greiða atkvæði. Sömuleiðis eiga stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins, sem undirritað hafa inntökubeiðni í sjálfstæðisfélag í Reykjavík fyrir lok kjörfundar, rétt til þátttöku í prófkjörinu.

Í dag er einungis kosið í Valhöll en á morgun verður kosið á sjö stöðum í borginni.

Fréttablaðið birtir í dag viðtöl við þá sem takast á um efsta sæti listans, þá Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson og Gísla Martein Baldursson.

- jh / sjá síðu 16 og 18

Fíkniefnafundur í Noregi:

## Kókaín fyrir tvo milljarða

**NOREGUR** Lögregla í Mosjøen í Norður-Noregi gerði í gær upptæk 190 kíló af kókaíni í suðuramerísk skipinu Crusader.

25 skipverjar voru handteknir en ekki er vitað hverjir þeirra komu fíkniefnunum fyrir. Auk kókaínsins flutti Crusader súrál til álbræðslu Elkem í firðinum.

Aldrei hefur fundist slíkt magn af kókaíni í landinu áður en að sögn norska ríkisútvarpsins er verðmæti þess tveir milljarðar íslenskra króna. Talið er ólíklegt að efnin hafi átt að selja í Noregi heldur á öðrum áfangastöðum skipsins. ■

3.-7. nóvember
Krakkadagar
Spennandi dagskrá
Frábær krakkatilboð





## SPURNING DAGSINS

*Ómar, svífstu einskis í kosningabaráttunni?*

„Mér er málið skylt.“

Ómar Stefánsson, bæjarráðsmaður, býður sig fram í fyrsta sæti Framsóknarflokksins í Kópavogi. Kvartað var yfir auglýsingaskilti sem hann festi á á girðingu í eigu bæjarins.

Félgasmálaráðherra boðar frumvarp um starfsmannaleigur fyrir jól:

# Versta ástandið hér á landi

**STJÓRNMÁL** Össkur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, segir að hér á landi ríki sjórænsingjaástand í málefnum erlends vinnuafls.

Hann tók upp málefni starfsmannaleigna og erlends vinnuafls utan dagskrár á Alþingi í gær, en hann hefur sjálfur unnið að gerð skýrslu um starfsmannaleigur fyrir Evrópuráðið.

„Mér er ekki kunnugt ennþá um neitt land í Evrópu þar sem ástandið varðandi starfsmannaleigur er jafn slæmt og hér á Íslandi.“ Hann bætti við að víða væru lög um starfsmannaleigur og slík lög í Póllandi væru miklu fullkomnari en víða annars staðar og að sjálfsögðu hér á landi.

Árni Magnússon félagsmálaráðherra sagði löglaust athæfi íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum starfsmönnum skammarlegt. „Eru íslensku fyrirtækin ekki að taka fullan þátt í því... Menn eiga ekki að firra sig ábyrgð og segja að sér komi málið ekki við.“

Árni kvaðst ætla að leggja fram frumvarp um starfsmannaleigur fyrir jól.

Ögmundur Jónasson, þingmaður vinstri grænna sagði ekkert að vanbúnaði að samþykkja tilbúið lagafrumvarp vinstri grænna um starfsmannaleigur. - jh



**ÁRNI MAGNÚSSON** Félagsmálaráðherra ætlar að leggja fram frumvarp um starfsmannaleigur fyrir jól.

Maður féll í hver:

# Fær í bætur níu milljónir

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið var dæmt í Hæstarétti í gær til að greiða ungum manni rúmlega 9 milljónir í bætur.

Fyrir tæpum níu árum féll maðurinn í heitan hver og var honum metinn 50 prósent varanlegur miski og örorka í kjölfarið.

Hverinn er á landi í eigu ríkisins. Héraðsdómur hafði áður dæmt drengnum sömu bætur sem þá áttu að greiðast af Orkubúi Vestfjarða, Þörungaverksmiðjunni hf. og íslenska ríkinu. Hæstiréttur breytti þessu og sýknaði Orkubú Vestfjarða og Þörungaverksmiðjuna hf. - ks

Dómur í New Jersey:

# Merck ekki skaðabótaskylt

**BANDARÍKIN, AP** Kviðdómur í New Jersey í Bandaríkjunum komst í gær að þeirri niðurstöðu að lyfjafyrirtækið Merck hefði gert læknum nægilega grein fyrir aukaverkunum af gigtarlyfinu Vioxx og hefði því ekki blekkt neytendur við markaðsetningu lyfsins. Fyrirtækið væri því ekki skaðabótaskylt gagnvart sextugum póstburðarmanni sem lögsótti fyrirtækið og sagðist hafa fengið hjartaáfall vegna notkunar lyfsins.



**GIGTARLYFIÐ VIOXX** Tekið af markaði vegna aukaverkana. AP

Þetta er annar dómurinn sem fellur í máli sem höfðað er á hendur Merck vegna lyfsins en fyrr á árinu komst dómstóll í Texas að andstæðri niðurstöðu. ■

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. -ritstj.

# Rannsaka ásakanir um leynifangelsi

**Evrópusambandið, Alþjóða Rauði krossinn og Evrópuráðið boða rannsókn á ásökunum um að bandaríska leyniþjónustan CIA reki leynileg fangelsi í Austur-Evrópu og víðar þar sem meintir hryðjuverkamenn séu faldir og yfirheyrðir.**

**FANGAR** Talsmenn Evrópusambandsins, Evrópuráðsins, Alþjóða Rauða krossins og óháðra mannréttindasamtaka boðuðu í gær allir rannsókn á því hvað hæft væri í fregnum um að bandaríska leyniþjónustan CIA ræki leynileg fangelsi í Austur-Evrópulöndum, þar sem hún héldi meintum hryðjuverkamönnum föngnum og stundaði yfirheyrslur yfir þeim.

Talsmenn Rauða krossins sögðust hafa sent Bandaríkjastjórn fyrirspurn um málið og farið fram á aðgang að fangelsunum ef tilvist þeirra skyldi verða staðfest. Fulltrúar Alþjóða Rauða krossins hafa verið þeir einu sem fengið hafa að heimsækja meinta al-Kaída-liða sem haldið er föngnum í herbúðum Bandaríkjahers í Guantanamo á Kúbu og víðar, en þeir hafa ítrekað lýst áhyggjum af óstaðfestum fréttum af því að bandarísk yfirvöld feldu vissa fanga þar sem eftirlitsmenn Rauða krossins næðu ekki til.

Forsvarsmenn Evrópuráðsins, sem er sú stofnun sem hefur það hlutverk að hafa eftirlit með mannréttindamálum í álfunni, boðuðu einnig rannsókn. Talsmenn mannréttindasamtaka tóku í sama streng.

Friso Roscam Abbing, talsmaður framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sagði upplýsinga verða leitað hjá öllum ríkisstjórnum ESB-ríkjanna 25.

Fulltrúar Bandaríkjastjórnar hafa neitað að tjá sig um málið eftir að dagblaðið The Washington Post birti grein þar sem fullyrt er að CIA hafi í fjögur ár - í nafni „stríðsins gegn hryðjuverkum“ - haldið úti kerfi leynilegra fangelsa erlendis, þar á meðal í nokkrum Austur-Evrópulöndum. Blaðið hefur núverandi og fyrrverandi leyniþjónustumenn og erindreka bæði frá Bandaríkjunum og öðrum löndum fyrir fréttinni.

Ráðamenn í tíu löndum vísuðu því á bug í gær að slík leynifangelsi væru hýst í þeirra lögsögu. Rúmenía, Pólland, Lettland, Ungverjaland og fyrrverandi Sovétlýðveldin Georgía og Armenía voru þar á meðal.

audunn@frettabladid.is



**FANGI Í GUANTANAMO** Fulltrúa Rauða krossins hefur grunað að bandarísk yfirvöld feldu vissa fanga fyrir eftirliti. FRÉTTABLAÐIS/NS / AP



■ *Mannréttindavaktin um CIA:*

## Gruna Pólland og Rúmeníu

Talsmenn Mannréttindavaktarinnar (Human Rights Watch), sögðu í New York í gær að samtökin hefðu heimildir fyrir því að CIA hafi flutt meinta hryðjuverkamenn sem teknir voru höndum í Afganistan til Póllands og Rúmeníu.

Mark Garlasco, hermálasérfræðingur hjá samtökunum, sagði þessa ályktun dregna af greiningu á flugdagbókum úr flugvélum sem CIA notaði til slíkra fangaflutninga á tímabilinu 2001 til 2004, en samtökin hefðu fengið þessar dagbækur í hendur.

„Vísbendingar eru um að farið hafi verið með fangana frá Afganistan til staða í Evrópu og víðar,“ tjáði Garlasco AP-fréttastofunni.

Hann sagði tvo staði liggja sérstaklega undir grun, en það væru Szymany-flugvöllur í Norðaustur-Póllandi, en í grennd við hann væru höfuðstöðvar pólsku leyniþjónustunnar. Hinn staðurinn væri Mihail Kogalniceanu-herflugvöllurinn í Rúmeníu.

Forsætisráðherra Rúmeníu, Calin Popesku, vísaði því alfarið á bug í gær að CIA hefði nokkra aðstöðu í landinu. Aðstoðarmaður pólska forsetans Aleksander Kwasniewski sagði að pólsk stjórnvöld hefðu „engar upplýsingar“ um slíka starfsemi í Póllandi.




Kosningaskrifstofan í Glæsibæ er opin kl. 12 - 22.
Sími 517 0 617. www.jorunn.is


Fundur kjördæmaráða Framsóknarflokksins:

# Opið prófkjör í Reykjavík

**STJÓRNMÁL** „Við erum að ræða það en ég á ekki von á öðru en þessi tillaga um opið prófkjör verði samþykkt,“ sagði Björn Ingi Hrafnsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, þegar Fréttablaðið hafði samband við hann seint í gærkvöldi. Þá stóð yfir fundur kjördæmaráða flokksins í Reykjavík á Grand hóteli.

Þar var verið að ganga frá því með hvaða hætti prófkjör flokksins yrði háttað í Reykjavíkurkjördæmunum en það verður haldið 28. janúar næstkomandi.

Tillagan sem Björn nefndi er á þá leið að haldið verði prófkjör sem er opið öllum Reykvíkingum en þó með því skilyrði að kjósendur undirriti stuðningsyfirlýsingu við stefnu Framsóknarflokksins áður en þeir greiða atkvæði. Anna Kristinsdóttir borgarfulltrúi sem einnig var á fundinum í gær, sagði að verið væri að ræða breytingar á orðalagi varðandi tillöguna en svo yrðu greidd atkvæði um hana og átti hún von á því líkt og Björn að hún yrði samþykkt en engin önnur tillaga var lögð fram. -jse





**BJÖRN INGI HRAFNSSON OG ANNA KRISTINSDÓTTIR** Bæði Björn Ingi og Anna voru sammála um það í gærkvöldi að tillaga um opið prófkjör flokksins í Reykjavík yrði samþykkt.







# TVÖ STÓRKOSTLEG VERK UM LÍFIÐ OG TILVERUNA

**„Vekur okkur til umhugsunar um sorg, ást, efa, stríð og manneskjuna á okkar tímum.“**
Sigurbjörg Þrastardóttir

**„Gagnleg öllum sem vinna að lífsgæðum og vanda ævigönguna.“**
Sigurður Árni Þórðarson

**„Þessi bók er frábær. Hún snerti mig djúpt.“**
Umberto Eco

**„Stórkostlegasta bók sem ég hef nokkru sinni lesið.“**
Sinéad O'Connor / The Irish Sunday Independent

Í *Gæfusporum* fjallar Gunnar Hersveinn um mannkosti og tilfinningar, stríð og frið og hamingju og rósemd af hugkvæmni og varpar oft óvæntu ljósi á rótgróin hugtök. Markmið bókar hans er m.a. að sýna hversu mikilvægt er að rækta tilfinningar sínar, það er forsenda fyrir velferð hverrar persónu og árangri í lífi og starfi. Markmiðið er að tendra leiðarljós og brýna lesandann til að leita svara við lífsgátunum upp á eigin spýtur.



Veroniku virðist ekki vanhaga um neitt en samt er hún ekki hamingjusöm. Þegar hún vaknar á sjúkrahúsi eftir tilraun til að stytta sér aldur er henni sagt að hjarta hennar sé svo skaddað að hún eigi aðeins fáeina daga eftir ólifaða. Lesandinn fylgist með Veroniku þessa dýrmætu daga og upplifir nýja sýn hennar á lífið eftir hina átakanlegu reynslu. Saga hennar er áhrifamikill óður til lífsins sem minnir okkur á að hver einasta stund lífsins er kraftaverk. Mögnuð saga eftir einn áhrifamesta samtímahöfund heims.

JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 03.11.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 59,48 | 59,76 |
| Sterlingspund | GBP | 105,62 | 106,14 |
| Evra | EUR | 71,66 | 72,06 |
| Dönsk króna | DKK | 9,6 | 9,656 |
| Norsk króna | NOK | 9,21 | 9,264 |
| Sænsk króna | SEK | 7,432 | 7,476 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5084 | 0,5114 |
| SDR | XDR | 85,88 | 86,4 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**100,6062**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Loftleiðir hafa flutt ólöglega innflytjendur frá Bandaríkjunum:

# Segjast ekki hafa flutt fanga

**FLUG** „Við höfum flogið tvö til þrjú flug á ári fyrir stofnun í Bandaríkjunum sem heitir ICE og sér um flutninga á ólöglegum innflytjendum til heimalanda sinna. Meðal þessa fólks eru ekki hryðjuverkamenn enda myndum við aldrei taka það í mál, fyrst og fremst af öryggisástæðum,“ segir Guðni Hreinsson, markaðsstjóri Loftleiða, dótturfyrirtækis FL Group. „Við höfum aldrei flogið fyrir leyniþjónustuna eða Homeland Security.“

Guðni segir stofnunina hafa kallað til Loftleiðavélar þegar bandarísk flugfélög hafa af einhverjum ástæðum ekki náð að sinna þessum verkefnum.




**LOFTLEIÐIR** Loftleiðir sinna ýmsum sérverkefnum en fljúga ekki með hryðjuverkamenn FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Talið er að flugvélar sem flutt hafa fanga á vegum bandarísku leyniþjónustunnar CIA hafi haft viðdvöl í Danmörku og hugsanlega hér á landi. Dagblaðið Washington Post hefur fjallað um málið undanfarna daga.

Loftleiðir hafa ásamt Air Atlanta stundað svokallaða blautleigu á flugvélum sem oft á tíðum snýst um að leigja flugvélar og áhafnir til ýmissa sérverkefna svo sem flutnings á hermönnum og ólöglegum innflytjendum.

Ekki náðist í forsvarsmenn Air Atlanta vegna málsins. - saj

Manndráp af gáleysi:

# Ók á stúlku sem lést

**DÓMSMÁL** Tæplega tvítugur maður hefur í Hæstarétti verið dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir manndráp af gáleysi. Héraðsdómur hafði áður dæmt manninn í eins mánaðar skilorðsbundið fangelsi.

Maðurinn er dæmdur fyrir að hafa orðið stúlku að bana þegar hann keyrði bíl sínum á ofsahraða á vegi þar sem stúlkan var fótgangandi. Var hann einnig sviptur ökuréttindum í tvö ár og gert að greiða allan sakarkostnað.

Bótakröfu upp á þrjár milljónir var hins vegar vísað frá líkt og í héraðsdómi. - ks

Stjórnarformaður Dagsbrúnar:

# Kallar eftir vinnufriði

**VIÐSKIPTI** „Ég kalla eftir vinnufriði,“ segir Þórdís J. Sigurðardóttir nýkjörin stjórnarformaður Dagsbrúnar, sem hét áður Og Fjarskipti og rekur 365 fjölmiðla.

Þórdís segist neita að trúa því að áfram verði rætt um að takmarka eignarhald á fjölmiðlum. Það geti dregið úr möguleikum á framrás fjölmiðlafyrirtækja sem eru skráð á markað. Hvergi ríki eins lýðræðislegt og dreift eignarhald og í skráðu félagi. Innan Dagsbrúnar séu til að mynda 990 hluthafar. Leynd hvíli jafnvel yfir hverjir eigi aðra fjölmiðla eða þeir í eigu fárra aðila.

Fyrstu níu mánuði ársins var hagnaður Dagsbrúnar 554 milljónir króna eftir skatta. Er það betri afkoma en markaðsaðilar spáðu. Á sama tímabili í fyrra var hagnaðurinn 367 milljónir króna.

Rekstrartekjur samstæðunnar jukust um 115 prósent milli ára og námu tæpum 11 milljörðum fyrstu níu mánuðina. - bg

Marel undir væntingum:

# Erfiðar ytri aðstæður

**VIÐSKIPTI** Níu mánaða hagnaður Marels var um 380 milljónir króna. Á þriðja ársfjórðungi nam hagnaðurinnn 88,5 milljónum króna en félaginu hafði verið spáð um 120 milljónum króna í hagnað.

Aðstæður í rekstrinum hafa verið mjög erfiðar á þessu ári. Tekjur félagsins eru í erlendum myntum sem hafa veikst gagnvart krónunni á árinu en mestallur kostnaður í íslenskri krónu.

Stjórnendur Marels segja að horfur til skemmri tíma vera erfiðar og telja erfitt að verja framlegðarstig félagsins á næstunni sem lækkar nokkuð á milli ára. - eþa

# Styrkur krónunnar í sögulegu hámarki

**Gengi krónunnar hefur aldrei fyrr verið skráð jafnhátt og nú. Dósent í hagfræði segir að krónan sé orðin verulega ofmetin, það sýni sig í viðskiptahalla, sem aldrei hafi verið meiri. Þróunin muni taka enda.**

**EFNAHAGSMÁL** Evran og sterlingspundið hafa ekki verið skráð jafnlágt gagnvart krónunni frá því að Seðlabanki Íslands tók upp verðbólgumarkmið og leyfði gengi krónunnar fljóta í marslok 2001. Þá hefur gengi bandaríkjadals nú farið niður fyrir sextíu krónur en lægsturwewður 58,45 krónur í mars síðastliðnum.

Á miðvikudag var gengi evru og punds gagnvart íslenskri krónu í sögulegu lágmarki. Pundið var skráð 105,49 og evran 71,81 króna. Hvorugur gjaldmiðillinn hefur verið skráður lægra frá því að gengi krónunnar var látið fljóta en ef horft er áratug aftur í tímann var pundið skráð lægst í nóvemberlok 1995 þegar það fór niður fyrir hundrað krónur. Á sama tímabili var evran skráð lægst í maí 2000.

Frá því að gengi krónunnar var látið fljóta hefur dollarinn hæst verið skráður 110, 39 krónur, í nóvemberlok 2001. Þá var pundið einnig hæst, eða 156,33 krónur og sömuleiðis evran, 97,44 krónur.

Gylfi Magnússon, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, segir að ómögulegt sé að segja til um hvenær þessi þróun taki enda og krónan fari að lækka að nýju. „Krónan er orðin verulega ofmetin. Það sýnir sig í verulegum viðskiptahalla, sem hefur slegið öll met, og erlenda skuldasöfnunin sem fylgir honum, mun fyrr eða síðar grafa undan gengi krónunnar. Gengið þarf að lækka svo dragi úr innflutningi og útflutningur örvist, sem er það sem þarf til að loka viðskiptahallanum,“ segir Gylfi.

Hann segir að gengið hafi haldist stöðugt allan tíunda áratuginn og því hafi verið haldið stöðugu af Seðlabankanum sem var þá með gengismarkmið. Í mars 2001 var gengið farið að láta undan síga og í stað þess að reyna að halda genginu stöðugu skipti Seðlabankinn yfir í svokölluð verðbólgumarkmið.

„Strax í kjölfarið snarlækkaði gengi krónunnar og lækkaði alltöluvert á árstímabili. Það olli slæmum afkomutölum hjá þeim fyrirtækjum sem voru mjög skuldsett í erlendri mynt en á móti kom það sér vel fyrir útflutningsavinnuvegina,“ segir Gylfi.

Upp frá því hafi krónan farið að styrkjast og hefur verið á stöðugri uppleið síðan. „Þá voru orðnar fyrirsjáanlegar ýmsar fjárfestingar sem valda mikilu innstreymi gjaldeyris og jafnframt jókst umsvif bankanna. Talsvert hærri vextir hærri hérlendis en annars staðar styrkir krónuna því háir vextir í krónum draga að erlent fjármagn,“ segir Gylfi. sda@frettabladid.is






**GYLFI MAGNÚSSON** Segir krónuna verulega ofmetna. Það sjáist best í viðskiptahallanum sem sé í hámarki.



**FÓTBROTINN** Libby studdist við hækjur í dómssal í gær en hann fótbrotnaði á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Réttarhöld yfir Libby hafin:

# Kvaðst með öllu saklaus

**BANDARÍKIN** Lewis Libby, fyrrverandi starfsmannastjóri Dicks Cheney, varaforseta Bandaríkjanna, kvaðst saklaus af ákærum um að hafa lekið til fjölmiðla nafni Valerie Plame, njósnara bandarísku leyniþjónustunnar CIA, við þingfestingu máls yfir honum í Washington í gær.

Aðeins tók um tíu mínútur að lesa Libby ákærurnar en að því búnu var réttarhöldunum frestað til 3. febrúar.

Lekarannsóknin heldur áfram og er ekki útilokað að Karl Rove, helsti ráðgjafi George W. Bush Bandaríkjaforseta, verði einnig ákærður. ■

Bíræfnir ræningjar:

# Sprengdu bíl fullan af fé

**SVÍÞJÓÐ** Grímuklæddir ræningjar sprengdu peningaflutningabíl sem var á ferð norður af Gautaborg í gærmorgun. Þeir komust svo undan með ránsfeng sinn.

Tveir öryggisverðir særðust í árásinni og voru fluttir á sjúkrahús en meiðsli þeirra eru ekki sögð mjög alvarleg. Ræningjarnir höfðu sett upp naglamottur á nokkrum stöðum til að hindra aðkomu lögreglu og var greinilega um þaulskipulagt rán að ræða. Að sögn dagblaðsins Dagens Nyheter fann svo lögreglan skömmu síðar yfirgefna Volvo-bifreið sem talið að ræningjarnir hafi notað til undankomu. ■

Alltaf hagstætt
ÓB
ódýrt bensín
15 stöðvar!
www.ob.is

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ÞAU KOMA Í KVÖLD !!**

Þetta er dagurinn. Dagurinn þegar kuldinn yfirgefur landið og hlýindin taka völd. Það er reyndar fyrst og fremst suður- og vesturhlutinn sem fá hlýindin í dag, önnur svæði í nótt eða á morgun. Það verður dálítið hvasst með þessu um sunnan- og vestanvert landið í nótt.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Vaxandi suðaustlæg átt. Strekkingur síðdegis. Bjart í fyrstu en þykknar smám z saman upp. Hiti 0-5 stig, mildast í kvöld.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Allhvasst sunnan og vestan til í fyrstu annars heldur hægari. Lægir síðdegis.

*» sunnudagur*




Strekkingur allra syðst, annars hægari.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 14°C léttskýjað | París | 15°C skúrir | Alicante | 23°C hálfskýjað |
| Osló | 12°C rigning | Berlín | 17°C hálfskýjað | Mílano | 21°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 15°C léttskýjað | Frankfurt | 16°C skúrir | New York | 21°C léttskýjað |
| Helsinki | 9°C léttskýjað | Madríd | 16°C léttskýjað | San Francisco | 18°C léttskýjað |
| London | 14°C hálfskýjað | Barcelona | 20°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 29°C léttskýjað |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Lambakjöt
## um helgina

Kjöt & fisktorgið



30% afsláttur

**TILBOÐ**
**898** kr/kg
Verð áður 1.298,-

Ferskt
**lambalæri**

**Hrefna R. Jóhannsdóttir**
aðstoðar yfirmatreiðslumaður
á Sjávarkjallaranum
meðlimur í landsliði matreiðslumeistara

### LAMBALÆRI SOOLA MASALA

| | | |
|---|---|---|
| 1 stk. lambalæri | 1 tsk. svartur pipar | 1 tsk. salt |
| 2 msk. olía | 1 msk. fennelfræ | 150 g jógúrt |
| 2 msk. smjör | 1 stk. laukur | Salt og pipar |
| 10 stk. kardimommur | 6 rif hvítlaukur | |
| 1 msk. kóríanderfræ | 150 g Kóríander | |

Hitið olíuna í potti og steikið kardimommurnar, kóríanderfræin, svarta piparinn og fennelfræin upp úr olíunni. Bætið smjörinu út í ásamt söxuðum lauknum og hvítlauknum og steikið áfram. Slökkvið undir pottinum, bætið kóríandernum og saltinu út í og kælið. Maukið í matvinnsluvél ásamt jógúrtinu. Snyrtið lambalærið, kryddið með salti og pipar og steikið lærið á pönnu. Setjið soola masala maukið á lærið og eldið inn í ofni á 150°C í 70 mín.




35% afsláttur við kassa

**TILBOÐ**
**1.136** kr/kg
Merkt verð 1.748,-

Borgarnes
**Helgarlamb**

## Créapan

Prófaðu fylltar pönnukökur
í eftirrétt, tilbúnar á nokkrum
sekúndum.






**TILBOÐ**
**99** kr/stk
Verð áður 169,-

**Toppur** 1 1/2 líter

30% afsláttur við kassa




**McCain** franskar




**TILBOÐ**
**149** kr/pk
Verð áður 189,-

**Erno´s** pizzur, 2 tegundir
- frábært verð

Gildir til 6. nóvember eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## KJÖRKASSINN

*Ætlarðu að fylgjast með prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík?*

| | |
|---|---|
| Já | 46% |
| Nei | 54% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ertu hamingjusöm manneskja?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is

vísir

Ekkert lát á óeirðum í frönskum borgum:

# Innflytjendahverfin loga

**FRAKKLAND, AP** Ekkert lát virðist ætla að verða á óeirðum í úthverfum Parísar og fleiri franskra stórborga, þar sem flestir íbúarnir eru innflytjendur frá Norður-Afríku. Þær mögnuðust í fyrrinótt, sjöunda sólarhringinn í röð.

Óeirðaseggir létu áskoranir æðstu ráðamanna um að hafa sig hæga sem vind um eyrun þjóta og létu öllum illum látum, sérstaklega í Seine-Saint-Denis-sýslu norður af París þar sem fjölmennustu innflytjendahverfin eru. Skotið var á lögreglu- og slökkviliðsmenn, grjóti kastað í grenndarlestir, kveikt í tugum bíla og tjón unnið á fjölda bygginga, þar á meðal bílasölu, stórmarkaði, skóla og barnaheimili.



**AF VETTVANGI** Strætisvagnar og bílar sem brunnu í óeirðum næturinnar í Aulnay-sous-Bois norðaustur af París. NORDICPHOTOS/AFP

Forsætisráðherrann Dominique de Villepin kallaði ríkisstjórnina saman til bráðafundar til að ræða aðgerðir til að lægja öldurnar. Gagnrýni dundi á stjórninni fyrir að hafa leitt hjá sér vandamálin í úthverfunum, þar sem innflytjendur af fyrstu og annarri og jafnvel þriðju kynslóð búa milljónum saman í takmörkuðum tengslum við franskt atvinnu- og þjóðlíf. Ágreiningur var líka innan stjórnarinnar, meðal annars vegna niðrandi orða sem innanríkisráðherrann Nicolas Sarkozy lét falla um óeirðaseggina.

Stjórnarandstöðuhópar sökuðu stjórnina um að bera ábyrgð á því hve ástandið er orðið alvarlegt, ýmist með því að hafa brugðist of seint við eða með því að hafa hleypt of mörgum innflytjendum inn í landið. **- aa**

Hæstiréttur hnekkir héraði:

# Ríkið greiði Ástþóri bætur

**DÓMSMÁL** Ástþóri Magnússyni, fyrrum forsetaframbjóðanda, voru dæmdar 150 þúsund krónur í bætur frá íslenska ríkinu í Hæstarétti í gær. Þar með er sýknudómi héraðsdóms yfir ríkinu hnekkt. Bæturnar fær Ástþór fyrir að hafa þurft að sitja í gæsluvarðhaldi lengur en efni stóðu til.

Ástþór var hnepptur í hald fyrir að hafa sent út orðsendingu um yfirvofandi hryðjuverkaárás. Taldi rétturinn að ekki hefðu fengist nægar skýringar á töfum á yfirheyrslum. **- saj**






**ALDRAÐIR** Meginmarkmið heilbrigðisáætlunar frá því 2001 náðist að mati skýrsluhöfunda. En þó þarf margt að bæta svo aldraðir geti unað jafn áhyggjulausir við sitt og heldra fólkið á þessari mynd.

# Aðeins þriðjungur með sér baðherbergi

**Í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar segir að aðbúnaði aldraðra sé ábótavant. Skýrsluhöfundar hvetja stjórnvöld til að gera betur fyrir elsta aldurshópinn. Rétt rúmur helmingur hjúkrunarrýma er einkarými.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Af öllum hjúkrunarrýmum fyrir aldraða í landinu er einungis rúmur helmingur einstaklingsrými eða 57 prósent. Aðeins 29 prósent íbúa er með sér baðherbergi. Til samanburðar má geta að í Noregi er hlutfall einbýla 91 prósent.

Þetta kemur fram í stjórnsýsluúttekt sem Ríkisendurskoðun hefur gert á þjónustu við aldraða en skýrslan var gerð opinber í gær. Í henni er lagt til að stjórnvöld setji fram kröfur um lágmarksþjónustu á þeim heimilum sem rekin eru fyrir opinbert fé. Skortur á slíkum viðmiðunum hefur valdið því að mikill munur er á því eftir landshlutum og stofnunum hverning þjónustu aldraðir fá.

Björgvin Sigurðsson, þingmaður Samfylkingar, lagði fram fyrir skemmstu fyrirspurn til Jóns Kristjánssonar heilbrigðisráðherra hvort ekki kæmi til greina að setja lög sem bönnuðu að eldri borgarar væru vistaðir tveir eða fleiri saman í rými nema ef þeir kysu svo vegna tengsla. „Hann tók því miður ekki vel í það og nú er enn verið að byggja heimili fyrir aldraða þar sem gert er ráð fyrir því að þeir búi saman í fjölbýli," segir Björgvin.

Skýrsluhöfundar leggja og til að hugað verði betur að þjónustu við elsta aldurshópinn en talsvert skortir á að næg rými séu til fyrir þann hóp. Þannig þurftu 310 einstaklingar sem eru 80 ára og eldri að bíða eftir plássi árið 2003 þó þeir væru í brýnni þörf.

Það markmið stjórnvalda að biðtími eftir plássi fyrir fólk í brýnni þörf sé ekki meiri en 90 dagar náðist, en árið 2003 var sá biðtími að meðaltali 86 dagar. Hins vegar þurfti fólk að bíða í sjö mánuði að meðaltali frá því það fór í vistunarmat og þar til að það fékk pláss.

Ríkisendurskoðun leggur svo og til að heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið leggist á árarnar og byggi upp fleiri öldrunarheimili og jafni út það misræmi sem er á fjölda rýma eftir landshlutum.

**jse@frettabladid.is**




Fyrrverandi herforingjar sem leystir voru frá störfum við fall Saddams:

# Geta gengið í herinn á ný

**BAGDAD, AP** Íraska ríkisstjórnin hefur ákveðið að þeir sem gegndu lægri herforingjastöðum í stjórnarher Saddams Hussein geti skráð sig í herinn á ný. Vonast er til að með því ljúki stórum hluta uppreisnarinnar í landinu.

Fljótlega eftir að innrásarherir Bandaríkjanna knésettu Íraksher í apríl 2003 voru ríflega 400.000 hermenn sviptir lifibrauði sínu. Í því erfiða atvinnuástandi sem ríkt hefur í Írak er engin furða að óánægðir hermennirnir hafi lagt uppreisnaröflunum lið. Þessi ráðstöfun Bandaríkjamanna er því talin ein afdrifaríkustu mistökin sem þeir hafa gert sig seka um frá innrásinni.



**FLAK ÞYRLUNNAR** Al-Kaída í Írak kveðst bera ábyrgð á að hafa skotið niður bandaríska herþyrlu í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Embættismaður í írakska varnarmálaráðuneytinu greindi frá því í fyrradag að fyrrverandi hermenn, með majórstign eða lægri, gætu skráð sig í herinn næsta sex vikurnar. Bakgrunnur þeirra verður hins vegar kannaður til að tryggja að þeir muni raunverulega berjast gegn uppreisnarmönnum en ekki með þeim.

Al-Kaída í Írak lýsti því yfir í gær að flugumenn samtakanna hefðu skotið niður bandaríska herþyrlu nærri borginni Ramdadi með þeim afleiðingum að tveir hermenn fórust. **- shg**

# Hvernig vissu þeir að ég var ekki heima?

**Við sumum spurningum fást bara engin svör.**
Óhöpp henda okkur og við því er ekkert að gera.
En þú getur brugðist við strax með því að tryggja hjá tryggingarfélagi sem gefur þér skýr svör og leggur áherslu á hraðvirkan frágang tjónamála.

Það er vonlaust að ætla sér að skilja hugsunarháttinn hjá innbrotsþjófum að störfum. Það eina sem þú getur reitt þig á, ef þú verður fyrir barðinu á þeim, er að rétt trygging bætir fjárhagsskaðann.

Fjölskyldutrygging TM er jafnt fyrir fjölskyldur og einstaklinga og veitir mjög víðtæka vernd. Hún bætir m.a. tjón af völdum bruna, vatns og innbrots og það tekur enga stund að ganga frá henni.

---

**Dæmi um hvað Fjölskyldutrygging TM bætir:**

// Ef brotist er inn í læsta íbúðina þína og hlutum stolið, færðu tjónið bætt, svo framarlega að ummerki um innbrot séu greinileg.
// Tjón vegna bruna, eldsvoða, eldingar, sprengingar og skyndilegs sótfalls frá kynditækjum færðu bætt.
// Tjón vegna skemmda sem verða af völdum vatns eða annars vökva sem skyndilega streymir úr leiðslum hússins og tækjum tengdum þeim, svo og vatnsrúmum og fiskabúrum, færðu bætt.

**Dæmi um hvað Fjölskyldutrygging TM bætir ekki:**

// Fjölskyldutryggingin bætir ekki tjón af völdum utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða eða snjóbráðar eða vatns sem þrýstist upp úr skolpleiðslum.
// Bætir ekki skaða sem verður af völdum glóðar vegna tóbaksreykinga eða frá eldstæði.
// Bætir ekki tjón sem verður vegna þjófnaðar á eða úr tjöldum eða tjaldvögnum.

**Fjölskyldutrygging** TM

**TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN** / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is / www.tryggingamidstodin.is



Það er góð regla að lesa vel tryggingaskilmálana, þeir eru sá grundvöllur sem samskipti þín og TM byggjast á. Hringdu í síma **515 2000** eða farðu á **www.tryggingamidstodin.is** og fáðu skýr svör.

Málþing sjávarútvegsráðuneytis og Hafrannsóknastofnunarinnar

Nýliðun og framleiðslugeta þorskstofnsins
Grand Hótel, Reykjavík, 7. nóvember 2005
á 40 ára afmælisári Hafrannsóknastofnunarinnar

13:00-13:10 Setning málþings: Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra
13:10-13:35 *Hrygningarstofn og nýliðun þorsks við Ísland:* Björn Ævarr Steinarsson, Hafrannsóknastofnunin
13:35-14:00 *Er samband á milli stærðar hrygningarstofns og nýliðunar? - Þorskstofnar í Norður Atlanshafi:* Ransom A. Myers, Dalhousie University, Kanada
14:00-14:20 Fyrirspurnir og umræður
14:20-14:35 Kaffihlé
14:35-15:00 *Þorskstofninn við austurströnd Kanada – stærð hrygningarstofns, útbreiðsla og afföll:* Michael Sinclair, Bedford Institute of Oceanography, Kanada
15:00-15:25 *Mikilvægi stofneininga og samsetning hrygningarstofns:* Guðrún Marteinsdóttir, Háskóli Íslands
15:25-15:50 *Þorskur við Færeyjar – hrygningarstofn og nýliðun:* S. Hjalti í Jákupsstovu, Fiskirannsóknastovan, Færeyjar
15:50-16:15 *Áhrif veiða á lífssögu þorsks:* Guðmundur Þórðarson, Hafrannsóknastofnunin
16:15-16:30 Kaffihlé
16:30-17:10 Fyrirspurnir og umræður
17:10-17:20 Samantekt og fundarslit: Jóhann Sigurjónsson, Hafrannsóknastofnunin
17:30 Móttaka í boði sjávarútvegsráðherra

Fundarstjóri: Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar

Allir velkomnir







Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, um gagnrýni Samtaka atvinnulífsins:

# Deilan snýst um kaupmátt

**KJARAMÁL** „Þetta er þekkt sjónarhorn, að nota launavísitölu Hagstofu Íslands til viðmiðunar líkt og Samtök atvinnulífsins gera,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands um gagnrýni Ara Edwald, framkvæmdastjóra SA, á yfirlýsingu miðstjórnar ASÍ um að uppsögn kjarasamninga sé óumflýjanleg.

„Inni í henni eru tvær launahækkanir sem duga eiga til tveggja ára en mælast þarna á tólf mánuðum.“ bendir hann á. „Í fyrsta lagi erum við að fjalla um kaupmáttarþróunina það sem af er þessu samningstímabili þar sem viðfangsefni verkalýðshreyfingarinnar er að verja þá kaupmáttaraukningu sem félagsmenn okkar hafa. Deilan snýst ekki um hvort kaupmáttur sé ekki hár heldur hvort hann eigi að lækka. Kjarasamningar gerðu ráð fyrir því að kaupmáttur héldi áfram að hækka,“ segir hann.

Aðspurður segir hann að lesa megi hótun úr orðum Ara um að umræða sé meðal vinnuveitenda að segja upp samningum til að losna við skuldbindingar sem framundan eru. „Ef ekki hótun, þá allavega kristallast í þeim sú staða sem komin er upp,“ segir Gylfi.

- sda



**GYLFI ARNBJÖRNSSON** Segir rangt að nota launavísitölu Hagstofunnar því hún feli í sér tvær launahækkanir sem duga eigi til tveggja ára en mælist á tólf mánuðum.

# Samtök atvinnulífsins ósátt við ASÍ

**Framkvæmdastjóri SA gagnrýnir yfirlýsingu miðstjórnar ASÍ um að uppsögn kjarasamninga sé óumflýjanleg. Segir stöðu fyrirtækja mun verri nú en þegar gengið var til samninga vegna gengisþróunar og spurning hvort þau haldi út.**

**KJARAMÁL** Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins gagnrýnir yfirlýsingu miðstjórnar Alþýðusambands Íslands um að einsýnt sé að til uppsagnar kjarasamninga muni koma að óbreyttu.

Ari segir að staða íslenskra fyrirtækja sem búa við alþjóðlega samkeppni hafi versnað gríðarlega frá því að gengið var frá kjarasamningum vorið 2004 og að firnasterkt gengi íslensku krónunnar grafi undan undirstöðum íslensks atvinnulífs.

„Þessi yfirlýsing hlýtur að teljast með miklum ólíkindum ef horft er til stöðu viðræðna milli aðila og þróunar kaupmáttar í landinu, en varanleg og traust hagfelld þróun kaupmáttar hlýtur að vera það sem starf aðila vinnumarkaðarins snýst um fyrst og síðast,“ segir Ari í fréttabréfi SA sem birt var í gær.

„Það er ekki um það deilt að forsenduákvæði kjarasamninga eru virk, einkum vegna verðlagsþróunar, þótt samningar annarra en ASÍ komi einnig til skoðunar. Engu að síður er ljóst að kaupmáttur er í sögulegu hámarki,“ segir hann.

Ari segir að þótt uppsögn samninga standi ekki til af hálfu vinnuveitenda sé því ekki að neita að þær raddir heyrist nú meðal þeirra að rétt væri að SA segði upp kjarasamningum til að losna undan þeim miklu kostnaðarhækkunum sem framundan eru að óbreyttu. „Ákvæði samninga um mögulega uppsögn eru nefnilega gagnkvæm,“ segir hann.

Hann segir lánveitingar og þenslu tengda íbúðamarkaði helstu orsök verðbólgunnar. „Sú hótun vofir yfir atvinnulífinu að frekari launahækkanir leiði til enn meiri vaxtahækkana Seðlabanka, til að hemja verðbólgu, á meðan stjórnendur fyrirtækja ræða í alvöru um það hvort fyrirtækin muni halda út í 12 til 24 mánuði í viðbót,“ segir Ari.

„Hækkun á útgjöldum fyrirtækja við þessar aðstæður er því hið mesta óráð og einungis til þess fallin að fækka störfum og auka verðbólgu. Seðlabankinn mun væntanlega hækka stýrivexti sína enn meira en ella verði aukið við samningsbundnar hækkanir í kjarasamningum, sem umsvifalaust mun hækka gengi krónunnar,“ segir hann. sda@frettabladid.is



**ARI EDWALD, FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKA ATVINNULÍFSINS** Ari segir að þær raddir heyrist nú meðal vinnuveitenda að rétt væri að Samtök atvinnulífsins segðu upp kjarasamningum til að losna undan þeim miklu kostnaðarhækkunum sem framundan eru að óbreyttu.



Þorbjörg Helga sækist eftir 4. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor





**SKUGGI VINDSINS**
Carlos Ruiz Zafón
Fullt verð 4.690 kr.
**2.790 kr.**

40% afsláttur

40% afsláttur

**FLUGDREKAHLAUPARINN**
Khaled Hosseini
Fullt verð 4.280 kr.
**2.565 kr.**





**FROST**
Roy Jacobsen
Fullt verð 4.990 kr.
**2.990 kr.**

40% afsláttur

40% afsláttur

**VIÐ ENDA HRINGSINS**
Tom Egeland
Fullt verð 4.480 kr.
**3.135 kr.**

# Heims-bókmenntahátíð um helgina

## Nýjar þýddar skáldsögur með allt að 40% afslætti!

Bókinni má skila til 15.01.06.
SKIPTI-MIÐINN
PENNINN-EYMUNDSSON BÓKABÚÐIR MÁLS OG MENNINGAR

Við ábyrgjumst skilarétt á öllum bókum sem keyptar eru í verslunum okkar.

**KERTIN BRENNA NIÐUR**
Sándor Márai
Fullt verð 3.990 kr.
**2.390 kr.**



40% afsláttur

**HERMANN**
Lars Saabye Christensen
Fullt verð 1.799 kr.
**1.255 kr.**

30% afsláttur





30% afsláttur

**SKOTGRAFARAVEGUR**
Kari Hotakainen
Fullt verð 1.799 kr.
**1.255 kr.**

**SVIK**
Karin Alvtegen
Fullt verð 3.480 kr.
**2.435 kr.**



30% afsláttur

**LÍFIÐ ER ANNARS STAÐAR**
MIlan Kundera
Fullt verð 4.280 kr.
**2.995 kr.**



30% afsláttur

**NÆTURVAKTIN**
Kirino Natsuo
Fullt verð 4.280 kr.
**2.995 kr.**



30% afsláttur



40% afsláttur

**KRÓNPRINSESSAN**
Hanne-Vibeke Holst
Fullt verð 4.690 kr.
**2.810 kr.**

Vorum að taka upp bókaormafóður, sprengfullt af öllum nauðsynlegum vítamínum

BÓKABÚÐIR MM
Penninn
Eymundsson

Tilboðsverð gilda til og með 06.11.2005.

Fiton/SÍA FI014958




Deilur Landssamtaka fasteignasala og Félags fasteignasala:

# Segir stjórnina ólögmæta

**FASTEIGNASALA** „Það er ódrengilegt af Hauki að gera því skóna að ég taki þátt í því að stofna Landssamtök fasteignasala þar sem ég hafi ekki fengið nægan stuðning til að komast í stjórn Félags fasteignasala á aðalfundi," segir Franz Jezorski fasteignasali.

„Staðreyndin er sú að fundurinn var ólögmætur þar sem stjórnin tók ekki við umboðum frá mönnum sem ekki komust á fundinn og þannig tryggði stjórnin tæpa stöðu sína."

Franz hefur einnig nokkuð út á málflutning Björns Þorra Viktorssonar, formanns Félags fasteignasala að setja. „Björn Þorri getur trútt um talað þegar hann segir í Fréttablaðinu í gær að fólk ætti ekki að láta menn sem ekki eru löggildir fasteignasalar sjá um sölu á fasteignum sínum. Hann líkir því við það að láta einhvern sem ekki hefur lært tannlækningar gera við tennur. Ég taldi það nú sjálfur en á Miðborg, sem er fasteignasalan sem Björn Þorri rekur, eru átta starfsmenn og þar af eru fimm sem ekki eru löggiltir fasteignasalar, þannig að þar eru örugglega menn sem ekki eru tannlæknar að gera við tennur svo myndlíking hans sjálfs sé notuð," segir Franz.

-jse


**FRANZ JEZORSKI** Franz segir viðbrögð stjórnarmanna Félags fasteignasala annars vegar ódrengileg og hins vegar illskiljanleg.


**ALLUR ER VARINN GÓÐUR** Frakkar undirbúa viðbrögð við fuglaflensu og hyggjast verja sem nemur 12 milljörðum króna til sóttvarna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fuglaflensan breiðist út:

## Talin vera í Ungverjalandi

**FUGLAFLENSA** Talið er að fuglaflensu af H5N1-stofni sé að finna í Ungverjalandi en svanur sem flaug þaðan til Króatíu á dögunum var smitaður af veikinni.

Þetta kom fram í yfirlýsingu landbúnaðarráðherra Króatíu sem AP-fréttastofan greindi frá.

Svæðið sem svanurinn fannst á var sótthreinsað í kjölfarið og öllu fiðurfé á bæjum í nágrenninu slátrað. Þetta stökkbreytta afbrigði fuglaflensunnar hefur þegar greinst í Rúmeníu, Tyrklandi og Rússlandi. ■

# Svartur dagur hjá Tony Blair

**Afsögn Davids Blunkett í fyrradag er talin hafa skaðað Tony Blair. Leiðarahöfundar bresku blaðanna létu forsætisráðherrann hafa það óþvegið í gær.**

**BRETLAND** Dómgreindarskortur er sú einkunn sem bresku blöðin gefa Tony Blair, forsætisráðherra sínum, í leiðurum í gær fyrir að hafa stutt David Blunkett nánast gagnrýnislaust þrátt fyrir augljós mistök þess fyrrnefnda.

Miðvikudagurinn er án efa einn sá erfiðasti sem Tony Blair hefur gengið í gegnum á átta ára langri forsætisráðherratíð sinni. Einn dyggasti stuðningsmaður hans, David Blunkett, ráðherra atvinnu- og lífeyrismála, sagði af sér embætti eftir að upp komst að hann hafði vanrækt að greina þingnefnd frá tekjum sínum og hagsmunatengslum frá því fyrir kosningarnar í vor. Til að bæta gráu ofan á svart munaði svo minnstu að neðri deild þingsins næði að fella mikilvægt stjórnarfrumvarp um varnir gegn hryðjuverkum.

Allt fram á síðustu stundu hvatti Blair vin sinn til að sitja í ráðherrastól sínum enda þótt gagnrýnin á Blunkett ykist úr öllum áttum. Eftir að hann tilkynnti svo afsögn sína kom í ljós að honum hafði einnig láðst þar til á þriðjudaginn, þegar málið var komið í hámæli, að greina frá aukatekjum sem hann hafði haft af ræðuhöldum og tengdum uppákomum upp á ríflega 2,5 milljónir króna.

Síðar um daginn samþykkti neðri deildin með aðeins eins atkvæðis mun útþynnt frumvarp Charles Clarke innanríkisráðherra um bann við „vegsömun" hryðjuverka eftir að Clarke neyddist til að draga til baka umdeild ákvæði þess um að heimilt væri að halda grunuðum hryðjuverkamönnum í allt að níutíu daga án ákæru.

Bresku blöðin fjalla um vandræði Blairs í forystugreinum sínum í gær. Lundúnablaðið Times gagnrýnir forsætisráðherrann fyrir að hafa tekið á afsögn Blunketts fyrir ellefu mánuðum af léttúð og sýnt dómgreindarskort þegar hann skipaði vin sinn svo aftur í embætti ráðherra í vor. „Það er umhugsunarefni hvers vegna Blair sýndi þessa hegðun. Ef til vill var hann blindaður af vinarþeli í garð náins samstarfsmanns, sem er lofsverður eiginleiki í fari manneskju en ekki forsætisráðherra."

Daily Telegraph, sem er hallt undir Íhaldsflokkinn, rifjar upp þegar Peter Mandelson, annar náinn samstarfsmaður Blairs, varð í tvígang á árunum 1998-99 að segja af sér ráðherraembætti vegna fjármálaóreiðu. „Allir leiðtogar geta gert mistök þegar þeir velja sér samstarfsmenn. Blair á hinn bóginn virðist ekki geta eða vilja læra af þeim mistökum sem hann gerir, annaðhvort vegna hroka eða barnaskapar."

Nick Robinson, ritstjóri stjórnmálafrétta BBC segir „ekki sérstaklega heilsusamlegt í pólitísku tilliti að tengjast forsætisráðherranum þessa dagana," og leiðarahöfundur dagblaðsins Guardian, eins tryggasta bakhjarls Verkamannaflokksins, segir að „allir forsætisráðherrar missi trúverðugleika sinn að lokum. Þessi er í alvarlegum vandræðum."

sveinng@frettabladid.is








**HEFUR BEÐIÐ HNEKKI** Tony Blair sætir gagnrýni úr öllum áttum fyrir að vanmeta hversu alvarleg mistök vinur hans David Blunkett gerði sem síðan leiddu til afsagnar hans. NORDICPHOTOS/AFP

# *Ertu læs á fjármál?*



## Íslandsbanki og Háskólinn í Reykjavík bjóða þér á fjármálanámskeiðið *Peningarnir þínir*

## *Láttu þá vinna með þér*

ÍSLANDSBANKI

Námskeiðið veitir þátttakendum heildstæða yfirsýn yfir fjármálin. Meðal annars er fjallað um sparnað, húsnæðiskaup, gengisáhættu, tryggingar, fjárfestingar í verðbréfum og lífeyrissparnað. Leitast verður við að veita ráðleggingar og innsýn í flest það sem snýr að fjármálum fjölskyldunnar.

**Leiðbeinandi er Þór Clausen, viðskiptafræðingur og forstöðumaður Símenntar Háskólans í Reykjavík.**

*Námskeiðið stendur yfir í þrjár klst. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.*

**Skráðu þig á isb.is eða í síma 599 6350. Fyrstir koma – fyrstir fá.**

*Hvaða tími hentar þér?*

| Reykjavík | | Akureyri | |
|---|---|---|---|
| Mið. 9. nóv. | kl. 16–19 | Mið. 30. nóv. | kl. 15–18 |
| Lau. 12. nóv. | kl. 10–13 | Mið. 30. nóv. | kl. 18–21 |
| Mið. 23. nóv. | kl. 16–19 | Fim. 1. des. | kl. 15–18 |
| Lau. 26. nóv. | kl. 10–13 | Fim. 1. des. | kl. 18–21 |

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4137



**KATTLIÐUG** Japanska skautadrottningin Mao Asada getur teygt sig á ýmsa lund eins og hún sýndi á meistaramóti í listhlaupi á skautum sem nú fer fram í Peking í Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnarmyndunarviðræður halda áfram í Þýskalandi:

# Merkel segist vera bjartsýn

**ÞÝSKALAND, AP** Leiðtogar tveggja stærstu stjórnmálaflokka Þýskalands héldu í gær áfram viðræðum um myndun samsteypustjórnar og reyndu að láta innanflokksmisklíð í báðum flokkum ekki trufla þær.

Angela Merkel, kanslaraefni kristilegra demókrata, og forystumenn jafnaðarmannaflokksins SPD hófu nýja lotu viðræðnanna sem nú hafa staðið í meira en hálfan mánuð.

En flokkarnir eru enn að jafna sig á því að í vikunni skyldi formaður SPD tilkynna að hann hygðist láta af flokksformennskunni og Edmund Stoiber, einn helsti þungavigtarmaðurinn í liði kristilegra, ákvað að taka ekki sæti í stjórninni.

Merkel fullyrti í gær að viðræðurnar væru á góðum skriði, þrátt fyrir „taugatitring" síðustu daga, og það ætti að takast að leggja væntanlegan málefnasamning fyrir flokksþing beggja flokka um miðjan mánuðinn.

Matthias Platzeck, forsætisráðherra Brandenborgar sem er eitt þýsku sambandslandanna sextán, hefur verið tilnefndur sem væntanlegur arftaki Franz Müntefering sem formaður SPD. **- aa**



**ANGELA MERKEL** Verðandi kanslari.

Samfylkingin Akureyri:

## Fjölgun vegna prófkjörs

**STJÓRNMÁL** Skráðum félögum í Samfylkingunni á Akureyri hefur fjölgað um 17,5 prósent á undanförnum tveimur vikum.

Á morgun er prófkjör flokksins vegna sveitarstjórnarkosninganna á næsta ári og eru alls 843 flokksfélagar á kjörskrá, að meðtöldum þeim tæplega 130 sem nýlega hafa skráð sig í Samfylkinguna á Akureyri.

Kosið verður um fjögur efstu sæti listans og samkvæmt prófkjörsreglum skulu þau skipuð tveimur konum og tveimur körlum. **- kk**



**HÆSTIRÉTTUR** Staðfesti dóm héraðsdóms.

Hæstiréttur staðfestir dóm:

## Ólögmæt kjaraskerðing

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær dóm héraðsdóms þess efnis að uppsagnir varnarliðsins á greiðslum rútufargjalds til rafiðnaðarmanna sem vinna hjá varnarliðinu séu ólögmætar. Dómurinn telur einnig að greiðslur til starfsmanna vegna ferðatíma séu ólögmætar. Varnarliðið hætti þessum greiðslum til rafiðnaðarmanna þann 1. nóvember 2003. Kjör starfsmannanna eru samkvæmt ákvörðun kaupskrárnefndar frá árinu 1955. Ríkið greiðir málskostnað. **- saj**

Hjartveikur maður höfðar mál gegn verslun:

# Límdist fastur við klósettsetu

**COLORADO, AP** Bob Dougherty, 57 ára gamall íbúi smábæjarins Nederland í Colorado í Bandaríkjunum, varð fyrir heldur óskemmtilegri reynslu þegar hann fór í verslunarferð til borgarinnar Boulder.

Eftir að hafa spásserað um í byggingavöruversluninni Home Depot, þurfti Dougherty að fara á snyrtinguna. Það sem hann vissi ekki var að óprúttnir menn höfðu sett tonnatak á klósettsetuna, þannig að hann gat ekki með nokkru móti losað sig.

Dougherty kallaði eftir hjálp en starfsmenn verslunarinnar tóku köll hans ekki alvarlega heldur héldu þeir að hann væri að grínast. Það var ekki fyrr en eftir dágóða stund sem starfsmönnunum varð ljóst að Dougherty var full alvara.

Þegar sjúkraflutningamenn komu á vettvang þurfti að losa klósettsetuna og flytja Dougherty með hana fasta við sig á sjúkrahús þar sem hún var losuð. Hann varð sár á afturendanum eftir límið sterka.

Dougherty hefur höfðað mál gegn versluninni Home Depot þar sem hann telur sig hafa orðið fyrir skaða á líkama og sál eftir lífsreynsluna. Hann er hjartveikur og segir að hann hafi um tíma haldið að hann væri að fá hjartaáfall. **- th**



**UPPTÆKUR TÖLVUBÚNAÐUR HJÁ LÖGREGLU** Hér getur á að líta hluta af þeim tölvubúnaði sem gerður var upptækur hjá 12 einstaklingum í húsleit lögreglu í lok september í fyrra. Málið, sem snýst um ólögleg skráaskipti á netinu, er enn í rannsókn. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Vill láta kæra hugverkastuld

**Framkvæmdastjóra Smáís er farið að lengja eftir niðurstöðu í rannsókn lögreglu á meintum ólöglegum skráaskiptum á netinu. Hann vill fá ákæru.**

**UPPLÝSINGATÆKNI** Rannsókn efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra á hugsanlegum hugverkastuldi sem hófst með rassíu í fyrrahaust stendur enn.

Gerð var húsleit hjá tólf einstaklingum og tölvur og tölvubúnaður gerður upptækur. Allir voru handteknir og gistu tveir fangageymslur nóttina. Fólkið var grunað um að sækja og dreifa kvikmyndum, sjónvarpsþáttum, forritum, tónlist og tölvuleikjum með DC++ skráaskiptiforritinu. Brot gegn höfundarréttarlögum geta varðað allt að tveggja ára fangelsi.

Aðgerðir lögreglu í fyrra komu í framhaldi af kæru samtaka höfundarrétthafa í febrúar 2004. Hallgrímur Kristinsson, framkvæmdastjóri Smáís, samtaka myndrétthafa, segir sig vissulega farið að lengja eftir niðurstöðu í málinu, en segist litlar spurnir hafa af gangi rannsóknarinnar. „Auðvitað vildi ég að komin væri fram niðurstaða og vonandi með þeim hætti að gefin verði út ákæra," segir hann og telur ríða á að fá niðurstöðu dómstóla um lögmæti niðurhals og skráaskipta á netinu. „Við teljum að lögin séu mjög skýr. Allt í kring um okkur falla dómar, sem betur fer rétthöfum í hag, þannig að ég hef svo sem ekki áhyggjur af því að vinna ekki málið. Það er hins vegar ansi slæmt að ekki sé komin niðurstaða, því hún myndi skýra línurnar og eyða óvissu."

Hallgrímur segir umhverfi skráaskipta hafa breyst töluvert síðan húsleitirnar voru gerðar í fyrra. Þá mátti í kjölfarið merkja töluverðan samdrátt í netumferð um tíma. Eftir að látið var í auknum mæli af gjaldtöku fyrir erlent niðurhal segir hann hlut DC++ skráaskiptiforritsins hafa minnkað og fleiri farnir að nota það sem kallast Bittorrent. „Það er fólk jafnvel að logga sig inn á erlendar síður," segir hann, en bætir um leið við að tilfinning hans sé að dregið hafi verulega úr skráaskiptum af þessum toga. „Ég held okkur hafi tekist að opna augu fólks fyrir því að þetta var ekki eðlilegt. Vilji fólk brjóta af sér þá gerir það það, en við höfum heyrt í fjölmörgum af þessum sem segjast bara ekki standa í þessu, enda ekki ómaksins vert."

Ekki náðist í Jón H. Snorrason, yfirmann efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra, við vinnslu fréttarinnar. **- óká**



**HALLGRÍMUR KRISTINSSON** Hallgrímur, sem er framkvæmdastjóri Smáís, vonast eftir að einstaklingar sem skiptust á höfundarréttarvörðu efni á netinu verði kærðir fyrir brot á lögum um höfundarrétt.



Hárstofur á Akureyri:

## Allt að 70% verðmunur

Töluverður munur er á verðlagningu hárgreiðslustofa á Akureyri samkvæmt könnun Neytendasamtakanna. Í sumum tilfellum er verðmunurinn allt að 70 af hundraði. Hárgreiðslustofan Snyrtihúsið reyndist oftast bjóða lægst verð.

Sem dæmi um verðlagningu á klippingu á Akureyri þá kostar mest 3.500 krónur fyrir konur að klippa sig og minnst 2.800 krónur. Karlar þurfa mest að greiða 2.850 krónur fyrir að láta skerða hár sitt og minnst 2.200 krónur.

Engin ein stofa sker sig úr í könnuninni með áberandi hæsta verðið og lítill verðmunur er á þeim sem eru með hvað hæst verð. ■

Danskar hryðjuverkavarnir:

## Leggja til hert lögreglueftirlit

**DANMÖRK, AP** Í nýrri skýrslu stjórnskipaðrar nefndar um ráðstafanir til að efla hryðjuverkavarnir í Danmörku er lagt til að danska lögreglan fái rýmri heimildir til símahlerana og eftirlits með tölvupóstsamskiptum. Auk þess er lagt til að fjölga eftirlitsmyndavélum til að bæta vernd borgaranna fyrir hryðjuverkavánni.

Ráðleggingar nefndarinnar eru í 49 liðum. Auk ofannefndra er þar meðal annars lagt til að lögregla fái greiðari aðgang að farþegalistum flugfélaga og skráðum gögnum um einstaklinga hjá hinum ýmsu opinberu stofnunum. Danska forsætisráðuneytið bað um gerð skýrslunnar í ágúst síðastliðnum vegna áhyggna af því að hryðjuverkamenn gætu beint spjótum sínum að Danmörku eftir sprengjuárásirnar á jarðlestirnar í Lundúnum. ■

### DANMÖRK

**Á salerninu í sex daga** 45 ára gömul kona læsti sig í ógáti inni á salerni íbúðar sinnar í bænum Hjørring á Jótlandi á fimmtudaginn í síðustu viku. Félagsmálayfirvöld tóku að undrast um konuna og því var lásasmiður sendur á vettvang í fyrradag. Þar sem konan hafði nóg að drekka amaði ekkert að henni en óneitanlega hafði hún horast nokkuð.

### NOREGUR

**Konur fá verri hjartalyf** Rannsókn sem birtist í tímariti norsku læknasamtakanna í gær greinir frá því að norskar konur fá eldri, ódýrari og lélegri lyf en karlar þegar þær veikjast af hjartasjúkdómum. Læknir við háskólasjúkrahúsið í Stafangri segir niðurstöðurnar óskiljanlegar í samtali við Aftenposten.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ


# Merkjavara á silfurfati

*Nú endurtökum við leikinn einu sinni enn með „outlet" sölu að bandarískri fyrirmynd. Eingöngu merkjavara og verð sem varla sjást nema hjá okkur.*

adidas
Confetti
Casall
hummel
SPEEDO
ASICS
PUMA
Catmandoo
Rucanor
NIKE
Röhnisch

**Fótboltavörur:**
Nike, Adidas, Puma – Góðar jólagjafir. Man.Unit og Arsenal vörur í úrvali.

**Fótboltaskór – legghlífar – búningar – boltar, mjög mikið úrval**

**Sundfatnaður:**
Nike, Adidas, Speedo

Sundbolir, bikini, sundskýlur, sundbuxur (boxer), barnasundföt

**Gaddaskór:**
Nike, Adidas. Áhugavert fyrir frjálsíþróttafólk.

| Verðdæmi: | Okkar verð | Fullt verð |
|---|---|---|
| Stakar íþróttabuxur | 1.600 kr. | 3.990 kr. |
| Nike anorakkar, fóðraðir | 3.500 kr. | 10.490 kr. |
| Adidas fótboltaskór, F30 TRX FG | 5.000 kr. | 9.990 kr. |
| Nike stuttbuxur | 1.400 kr. | 3.600 kr. |
| Rucanor sokkar, 3 í pakka | 500 kr. | |
| Adidas innanhússkór, STABIL | 4.000 kr./ 7.000 kr.<br>7.990 kr./ 13.990 kr. | |
| Adidas Nike/Speede sundbolir | Frá kr. 1.000 | |
| Adidas fótboltaskór barna | 2.000 kr. | 3.990 kr. |
| Nike innanhússkór MULTICOURT | 2.300 kr. | 4.600 kr. |
| Nike alhliðaskór TERRA SEBEC | 4.000 kr. | 7.990 kr. |
| Fire Fly barnaskór | 1.200 kr. | 3.990 kr. |
| Barnakuldagallar | 3.600 kr. | 7.990 kr. |
| Nike gallar, stór númer | 3.500 kr. | 11.990 kr. |



**50-80%**
lækkun frá fullu verði

VISA MasterCard

**Nýjar vörur á hverjum degi!**

Upplýsingasími: 511-1055

Opnunartími:
Opið virka daga frá kl. 14:00 til kl. 18:00
Opið um helgar frá kl. 10:30 til kl. 18:00



# Gísla Martein í 1. sæti!



Alda Sigurðardóttir
VARABORGARFULLTRÚI



Gísli Örn Garðarsson
LEIKARI OG LEIKSTJÓRI



Kristín Klara Einarsdóttir
SKRIFSTOFUSTJÓRI



Þór Sigfússon
FRAMKVÆMDASTJÓRI



Elín Pálmadóttir
BLAÐAMAÐUR

PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISMANNA Í REYKJAVÍK FER FRAM Í DAG OG Á MORGUN www.gislimarteinn.is



www.bonus.is
Himnesk hollusta - KLETTASALATBLANDA
-og þá eru það
KLETTASALATBLANDS 250g
259 KR.
Danskur fetaostur
98 KR.
150 grömm
Danskur fetaostur með stutt geymsluþol (10. nóv. 2005)
Arla
Apetina FETA
BONUS
HRISGRJON
FERSK AF AKRINUM
2 Kg
2 KÍLÓ AF HRÍSGRJÓNUM
129 KR.
RISTAÐAR KASJÚHNETUR 200g
259 KR.
FURUHNETUR 100g
199 KR.
WINO
READY TO EAT
FERSKUR BÓNUS TRÖNUBERJASAFI
TRÖNUBERJASAFI
259 KR.
1 LÍTRI
Florida
Bónuslýsi 500 ml
359 KR.
LÝSI
BÓNUS SAMLOKA
129 KR.
Bónus samloka
Bónus samlokur
3 tegundir
25%
BERJAINNIHALD
Enginn viðbættur sykur
Kíló brauð
Bónus skinka
Bónus beikon
EINN LÍTRI
59 KR.
100% hreinn eplasafi
EPLA SAFI
...sá hreini
BÓNUS KÍLÓBRAUÐ
98 kg KR.
BÓNUS SAMLOKUSKINKA
699 kg KR.
BÓNUS BEIKON
799 kg KR.
Bacon

# tilboð helgarinnar!

GRILLAÐUR HEILL KJÚKLINGUR
798 KÍLÓVERÐ KR.

Grillaður heill kjúklingur með PEPSI MAX 2ja lítra í kaupbæti!

Kjúklingatilboðið!

Bónus hamborgarhryggur
899 kg KR.
Merkt verð 998kr.
10% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN

EKKERT BRUÐL

NÆTURSÖLTUÐ FROSIN ÝSA
599 kg KR.

Nætursöltuð ýsa

FJÖRFISKUR/FLÖK
595 KÍLÓVERÐ KR.
15% afsláttur við kassann
Merkt verð 699kr.

15% afsláttur við kassann

Útvatnaður saltfiskur

KRYDDAÐ LAMBALÆRI
899 kg KR.
Merkt verð 998kr.
10% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN

Kryddað Bónus lambalæri

Bónus býður betur!

1. flokks rækja

ÚRVALSRÆKJA, KÍLÓ:
599 KR.

Bónusblaðið gildir til sunnudags!

Tilboð á 16 síðum: Taktu blaðið með!

bonus.is

## SVONA ERUM VIÐ

> KOSNINGAÞÁTTTAKA Í SVEITARSTJÓRNARKOSNINGUM Á LANDINU ÖLLU




# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

FBL. GREINING: FYRNINGARLEIÐ FISKVEIÐIHEIMILDA

## *Hið opinbera eignast kvótann aftur*

Á landsfundi Landssambands íslenskra útgerðarmanna hélt Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, ræðu sem vakið hefur misjöfn viðbrögð stjórnmálamanna sem og útgerðarmanna. Sögðu sumir að málflutningurinn hefði borið það með sér að Samfylkingin hefði fallið frá hugmyndum sínum um fyrningarleiðina. Ingibjörg hefur sagt þá ályktun vera á misskilningi byggða.



**Hvernig virkar fyrningarleiðin?**

Fyrningarleiðin felur það í sér að hið opinbera fái eignarheimild yfir sjávarauðlindinni aftur. Þar sem einkaaðilar eru með nýtingarrétt á henni og treysta á þann rétt við starfsemi sína verður að fara hægt í þær sakir að færa þennan rétt til hins opinbera. Fyrningarleiðin virkar þannig að veiðiheimildin myndi minnka um 3-5 prósent á ári. Það þýðir að breytingin tæki 20 til 33 ár en þá ætti heimildin að vera uppurin hjá einkaaðilunum sem öðluðust hana í því kerfi sem nú er við lýði.

**Hvað er gert við þá heimild sem fyrnist?**

Hún yrði seld á markaði eða uppboði. Þannig er komið í veg fyrir að menn geti grætt á því að selja eða leigja veiðiheimildirnar en nýti þær ekki sjálfir.

**Hverjir eru gallar fyrningarleiðarinnar?**

Margir hafa mælt gegn því að veiðiréttur sem menn hafa aflað sér af eigin rammleik sé tekinn af þeim með kerfisbundnum hætti. Telja þeir að slík aðferð muni kippa fótunum undan rekstri fjölmargra sjávarútvegsfyrirtækja og segja hana skapa mikið óöryggi sem erfitt væri að fóta sig í fyrir stærri fyrirtæki þar sem hún leiddi til stórfelldrar eignaupptöku.

**SPURT & SVARAÐ**

NÝTT FÉLAG FASTEIGNASALA

## *Þörf á betri ímynd*

Hópur fasteignasala hefur tekið saman höndum og stofnað nýtt félag, Landssamtök fasteignasala. Þar með eru starfandi tvö félög á þessu sviði því fyrir er Félag fasteignasala. Franz Jezorski er einn af stofnendum Landssamtaka fasteignasala.



**FRANZ JEZORSKI** Einn af stofnendum Landssamtaka fasteignasala.

**Hvers vegna var stofnað nýtt félag?** Það var þörf á nýjum hugmyndum og nýjum áherslum.

**Hvað eru margir í nýja félaginu?** Félagið er náttúrulega bara nýstofnað. Það eru tíu löggiltir fasteignasalar í félaginu sem standa fyrir fasteignasölum þar sem starfa á bilinu 60 til 70 manns.

**Þarf að bæta ímynd fasteignasala?** Já, það er algjörlega nauðsynlegt. Það er staðreynd að almenningur þarf að upplifa ímynd fasteignasala á mun jákvæðari hátt en nú er.

**Eru þið ósáttir við Félag fasteignasala?** Nei, samtökin eru ekki stofnuð til höfuðs Félagi fasteignasala og við óskum því félagi alls hins besta.

# Gleðst yfir fylgi flokksins

**Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson stefnir á efsta sæti framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Hann hefur áralanga reynslu af borgarmálum og er nú oddviti borgarstjórnarflokksins. Hann segir að reynsla og ferskar hugmyndir eigi að fara saman á framboðslistanum sem flokksmenn kjósa um í dag og á morgun.**

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins hefur langa reynslu af borgarmálum í meirihluta og minnihluta. Spyrja mætti hvers vegna flokksmenn ættu í prófkjörinu í dag og á morgun að setja hann í efsta sæti framboðslistans eftir tólf ár í minnihluta borgarstjórnar.

„Ég hef ekki verið í forystu fyrir flokkinn fyrr en síðustu þrjú árin. Ég tel að mín víðtæka reynsla og þekking á borgarmálum og stjórnsýslu borgarinnar muni nýtast okkur strax í vor þegar við verðum að taka til hendinni og hrinda í framkvæmd mjög mörgum brýnum hagsmunamálum borgarbúa. Ég nefni til dæmis ástandið í skipulags-, lóða-, og samgöngumálum. Nefna mætti fjölmörg önnur mál sem ég hef verið að kynna. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir okkar framboðslista að þar fari saman víðtæk reynsla og kraftur og ferskar hugmyndir allra sem á listanum eru, yngri sem eldri. Á listanum þarf einnig að ríkja gott jafnvægi á milli kynja.“



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON BORGARFULLTRÚI** „Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir okkar framboðslista að þar fari saman víðtæk reynsla og kraftur og ferskar hugmyndir allra sem á listanum eru, yngri sem eldri. Á listanum þarf einnig að ríkja gott jafnvægi milli kynja.“FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Hvernig metur þú stöðu þína við upphaf prófkjörs?**

„Ég er í fyrsta lagi mjög ánægður með það fylgi sem Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík mælist með nú undir minni forystu. Samkvæmt skoðanakönnunum Gallups hefur fylgið farið úr um 40 prósentum í upphafi kjörtímabilsins í um 57 prósent. Ljóst er að ef við værum að mælast með til dæmis 43 prósent væri mér sjálfsagt kennt um og kröfur kæmu fram um að skipta um mann í brúnni. En fylgið er 57 prósent og ég er oddviti hópsins. Ef hann risi ekki undir merkjum væri fylgið vafalaust mun minna. Ég legg því áherslu á að ég fái tækifæri til að halda áfram því mikilvæga hlutverki sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur hér í Reykjavík. Ég er ekki aðeins að vonast eftir að sigra í prófkjörinu heldur einnig að við sigrum næsta vor í borgarstjórnarkosningunum. Ég vona að öllum sé ljóst að mín reynsla sé mjög mikilvæg fyrir framboðslistann.“

**Eyjabyggð, framtíðarhugmynd um skipulag borgarinnar, var kynnt af hálfu borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins á vormánunuðum. Ertu búinn að stinga þessum hugmyndum undir stól?**

„Síður en svo. Í okkar starfi hef ég lagt áherslu á að litið sé til framtíðar og hvernig borgin gæti þróast og vaxið næstu áratugina en ekki aðeins á næstu árum þótt það sé einnig mikilvægt. Vinnuhópur á vegum borgarstjórnarflokksins vann hugmyndirnar og við höfum kynnt þær víða um borgina. Þær hafa fengið góðar undirtektir og verða þróaðar áfram. Við gætum séð þetta gerast á næstu 20 til 40 árum. Aðrar þjóðir reyna að horfa þetta langt inn í framtíðina. Þetta er ekki dýr leið og verði hún farin gæti þetta leitt til lækkandi lóðaverðs á svæðum þar sem lóðagjöldin eru orðin ógnvænlega há. Eyjabyggð er djörf hugmynd og við vinnum hana áfram. Við eigum land til að byggja í náinni framtíð. Við eigum Geldinganes, Úlfarsfell og svo svæðið í Vatnsmýrinni að minnsta kosti að hluta til.“

**Ekki er gefið að Sjálfstæðisflokkurinn fái hreinan meirihluta í borgarstjórnarkosningunum næsta vor. Með hverjum gætir þú hugsað þér að mynda meirihluta ef sú staða kæmi upp?**

„Ég útiloka engan stjórnmálaflokk sem fær kjörinn fulltrúa í borgarstjórn á næsta kjörtímabili. Það sem skiptir mestu máli er það að við sjálfstæðismenn getum komið áleiðis okkar stefnumálum. Í hugsanlegum viðræðum mundum við leggja áherslu á þau. Við gætum vel rætt við þá sem næst stæðu okkar stefnumálum.“

**Hvert er brýnasta verkefnið og hvað þyrfti að þínu viti að ráðast í strax ef þú kæmist í borgarstjórastólinn?**

„Brýnasta verkefnið er að breyta stefnunni í skipulags- og lóðamálum borgarbúa. Við sjálfstæðismenn leggjum áherslu á að þeir sem vilja byggja og búa í Reykjavík geti gert það. Brýnasta verkefnið er að stórauka framboð á lóðum og lækka lóðaverð sem er orðið gífurlega hátt. Svo hátt er það orðið að venjulegt fólk ræður vart við það. Með þessu erum við að skuldsetja fólk sem byggir sér húsnæði langt umfram það sem eðlilegt er. Þetta á ekki síst við um ungt fólk. Þessu vil ég breyta sem fyrst. Innan tveggja ára þyrftum við að vera búin að fullnægja þörfinni fyrir lóðir. Ég hef lagt áherslu á að uppboð á lóðum verði afnumið.

Síðan má auðvitað nefna mál á borð við fjölskyldu- og skólamál. Í skólunum vil ég draga úr miðstýringu og auka valfrelsi foreldra og barna. Þá eru málefni eldri borgara ofarlega á lista.“

**Er prófkjör dýr leið að lýðræðinu og vali á fulltrúum?**

„Ég tel að við þurfum virkilega að staldra við og líta til þess kostnaðar sem prófkjörið hefur í för með sér fyrir marga frambjóðendur. Ekki síst þá sem berjast um efstu sætin. Þessi kostnaður er að verða of mikill en þegar tekist er á vilja allir kynna sig og kostnaður fylgir því að koma sjónarmiðum á framfæri. Við þurfum að staldra við því þetta er of dýrt og ekki leggjandi á frambjóðendur að safna kostnaði með þessum hætti,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson að endingu.



FRÉTTAVIÐTAL
JÓHANN HAUKSSON
johannh@frettabladid.is



# BÆTIEFNADAGAR Í HEILSUHÚSINU

## *Dagana 4. - 6. nóvember bjóðum við öll bætiefni Gula miðans með 25% afslætti!*

Látum ekki fylgifiska vetrarkuldans leggja okkur í rúmið. Styrkjum mótstöðuaflið og og höldum heilsu með varnarefnum náttúrunnar.
Sérhæft starfsfólk Heilsuhússins aðstoðar þig fúslega við að velja réttu bætiefnin.

GULI MIÐINN TRYGGIR GÆÐIN




Fyrir meltingarfærin · Fyrir svefninn · Fyrir þrek, vöxt og taugar · Fyrir sjón, húð, hár og neglur · Fyrir taugar, húð og blóðmyndun · Gott undir álagi · Fyrir heila og taugar · Fyrir taugar, vöxt og blóðmyndun

Fyrir taugar, húð, hár og augu · Fyrir taugarnar · Fyrir línurnar · Fjölvítamín fyrir börn · Náttúrulegt C · Sterkt náttúrlegt C · Fyrir meltinguna · Fyrir meltinguna

Fyrir beinin · Náttúrulegt E-vítamín · Sterkt náttúrulegt E-vítamín · Ofursterkur sólhattur · Ofursterkur sólhattur · Fyrir blóðstreymið · Fyrir glóskugikin hárvöxt · Sérstaklega sterkar

Fyrir blóðið · Fyrir beinin · Fyrir beinin · Fyrir konur á breytingarskeiði · Fyrir línurnar · Fyrir taugar og minni · Byggir upp brjósk í liðum · Fyrir barnshafandi konur

Fyrir hjarta og kransæðar · Fjöl-steinefni · Án A+D, gott með lýsi · Fjölvítamín með steinefnum · Óvenju sterkt þykkni · Kolvetnagleypir, fyrir línurnar · Fyrir hjartað · Fyrir blöðruhálskirtilinn




Sterkur jurtakjarni · Sterkar sinktöflur · Með náttljósaroliú · Steinefni úr Breiðafirði

## Vönduð gjöf í kaupbæti!

*Að auki fá allir viðskiptavinir Heilsuhússins að gjöf, vandaða lyklakippu og penna í fallegri öskju úr burstuðu stáli, meðan á Bætiefnadögum stendur.*

náttúrulega **heilsuhúsið**

Skólavörðustíg, Kringlunni, Smáratorgi og Selfossi

## SVONA ERUM VIÐ

> HLUTUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKS Í HLUTBUNDNUM SVEITARSTJÓRNARKOSNINGUM Á ÖLLU LANDINU ÞAR SEM LISTI VAR BORINN FRAM.




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL-GREINING: PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISFLOKKS FYRIR BORGARSTJÓRNARKOSNINGAR

# *Héldu síðast prófkjör árið 1997*

Prófkjör sjálfstæðismanna fyrir borgarstjórnarkosningar hefjast í Valhöll í dag. Það er frekar regla en undantekning að prófkjör séu haldin í Sjálfstæðisflokknum fyrir borgarstjórnarkosningar.

**Hve oft hefur verið haldið prófkjör?**
Allt frá árinu 1978 hefur prófkjör verið haldið fimm sinnum, en tvisvar hefur verið stillt upp á lista. Síðast var prófkjör haldið árið 1997 en þá bauð Inga Jóna Þórðardóttir sig fram gegn Árna Sigfússyni, þáverandi oddvita borgarstjórnarflokks sjálfstæðismanna. Árni sigraði prófkjörið örugglega, en hann hlaut 4.542 atkvæði í fyrsta sætið, en Inga Jóna fékk 1.184 atkvæði og hafnaði í þriðja sæti listans. Árni var orðinn borgarstjóri fyrir kosningarnar 1994, og hlaut þá örugga kosningu í fyrsta sætið. Árni varð borgarstjóri í nokkrar vikur voruð 1994 eftir að Markús Örn Antonsson dró sig í hlé, en Markús varð borgarstjóri eftir að Davíð Oddsson hætti í borgarstjórn 1991 til að sinna þjóðmálunum. Þegar Davíð hætti náðist ekki sátt um hvort Árni eða Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson tæki við og var því brugðið á það ráð að sækja borgarstjóra út fyrir raðir borgarfulltrúa, en Markús hafði áður verið borgarfulltrúi árum saman.

**Hvenær hefur verið stillt upp lista?**
Fyrir borgarstjórnarkosningar 2002 stillti Sjálfstæðisflokkurinn upp lista. Inga Jóna Þórðarsdóttir var þá oddviti borgarstjórnarflokksins, eftir fráhvarf Árna Sigfússonar og sóttist eftir að leiða listann. Hún hlaut ekki náð fyrir uppstillinganefnd og var Birni Bjarnasyni stillt upp sem oddvita. Þegar hann varð ráðherra aftur tók Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson við því hlutverki. Fyrir kosningarnar 1990 var einnig stillt upp lista og var þá Davíð Oddsson oddviti sjálfstæðismanna.

**Hvenær var barist um fyrsta sætið?**
Inga Jóna og Árni tókust á um fyrsta sæti lista Sjálfstæðisflokks árið 1997. Þá hafði ekki verið slagur um fyrsta sætið síðan 1981 þegar Davíð Oddsson sigraði prófkjörið. Albert Guðmundsson sóttist einnig eftir fyrsta sætinu, en lenti í þriðja sæti og Markús Örn Antonsson hlaut annað sætið.

## SPURT & SVARAÐ
PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISFLOKKS

### *Mikið álag á Valhöll*


**ÁGÚST A. RAGNARSSON** Starfsmaður í Valhöll.

Þrjár vikur eru síðan utankjörstaðaatkvæðagreiðsla hófst í Valhöll vegna prófkjörs Sjálfstæðisflokksins. Ágúst A. Ragnarsson vinnur á skrifstofunni.

**Er búið að vera mikið álag vegna prófkjörsins?** Já. Það er mikið hringt og við sjáum um gríðarlega upplýsingamiðlun. Vegna utankjörstaðaatkvæðagreiðslu hefur verið stöðugur straumur af fólki í Valhöll í þrjár vikur. Fólk er einnig að skrá sig í flokkinn. Megnið af því fólki sem er að skrá sig tengist frambjóðendum, en það eru margir sem eru líka að hrífast með þeirri spennu sem er í borginni fyrir þessu prófkjöri. Það endurspeglast til dæmis í skoðanakönnunum Gallup að flokkurinn er á flugi í borginni.

**Er búið að vera meira álag en fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar?** Það var ekki prófkjör fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar, en það var fyrir síðustu alþingiskosningar og það er meira álag á skrifstofunni en þá.

**Hvað er það helsta sem þið þurfið að gera?** Við þurfum að sjá um það frá a til ö að flokksskrá sé í góðu lagi. Við sjáum um framkvæmd prófkjörsins og að allt er lýtur að frambjóðendum sé eins pottþétt og hugsast getur.






# Aukum valfrelsi borgarbúa

**Gísli Marteinn Baldursson býður sig fram í efsta sæti framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík gegn Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni. Gísli Marteinn segir að borgin hafi setið eftir á meðan viðskiptalífið og ríkið hafi nútímavæðst. Drifkraftur þessara breytinga hafi verið ný kynslóð fólks með nýjar hugmyndir.**

Gísli Marteinn Baldursson býður sig fram til forystu fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Reykjavíkurborg. Hann hefur lagt áherslu á framtíðina, nýjar hugmyndir og nýtt fólk í aðdraganda prófkjörsins sem hefst í dag. Hann svarar því fyrst hvers vegna menn ættu að velja hann í efsta sæti framboðslistann.

„Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir Reykjavíkurborg að hún hleypi að nýrri kynslóð, nýjum hugmyndum og nýjum áherslum varðandi það hvernig best sé að stjórna borginni. Borgin hefur að mínu mati setið eftir á meðan viðskiptalífið og ríkið hafa tekið til kostanna og nútímavæðst. Drifkraftur og hreyfiafl þessara breytinga hefur verið ný kynslóð fólks með nýjar hugmyndir og ég held að það sé nauðsynlegt fyrir borgina og Sjálfstæðisflokkinn að hleypa því fólki og þeim hugmyndum að.“

**Heldur hallar á þig í könnunum við upphaf prófkjörsins í dag. Hvernig metur þú stöðu þína?**
„Mér líst vel á. Það kann jafnan góðri lukku að stýra að vera á siglingu, vera á uppleið eins og kannanir sýna. Við höfum trú á því að við náum fleiri atkvæðum en Vilhjálmur einfaldlega vegna þess að menn skynja og skilja betur þörfina fyrir eitthvað nýtt.

Vilhjálmur hefur verið lengi í borgarmálunum. Hann hefur mikla reynslu af borgarmálum og pólitík. Það ber að virða. En sífellt fleiri eru að átta sig á því að kosningarnar snúast ekki um fortíðina heldur framtíðina. Ég býð mig fram á þeim forsendum að borgin þurfi nýja og skýra framtíðarsýn og að Sjálfstæðisflokkurinn þurfi mann sem getur leitt flokkinn og borgina gegn um nauðsynlegar breytingar.“

**Sjálfstæðisflokkurinn í höfuðborginni kynnti snemmsumars skipulagshugmyndir um eyjabyggð. Styður þú ekki þær hugmyndir?**
„Ég hef lýst því yfir árum saman að ég vilji byggja í Vatnsmýrinni. Það hefur alltaf verið mín stefna og verið öllum ljóst þegar verið var að vinna þessar hugmyndir um eyjabyggðina. Ég barðist fyrir því í okkar hópi en fékk ekki mikinn hljómgrunn. En margt er ágætt í þessum eyjabyggðarhugmyndum.

Þegar ég er spurður um mínar áherslur og hvað ég mundi gera sem oddviti Sjálfstæðismanna mundi ekki byggja úti í Viðey. Ekki heldur úti í Engey. Ég tek undir þau meginsjónarmið að það beri að byggja vestar í borginni. Við eigum að byggja í Vatnsmýrinni og þar með verður ekki þörf á að byggja í Engey sem mun kosta tugi milljarða króna áður en við getum tekið fyrstu skóflustunguna. Þá er betra að byggja á landi sem til er í Vatnsmýrinni og Geldinganesinu. Og finna flugvellinum annan stað í Reykjavík eða í grennd við höfuðborgarsvæðið sem við getum auðveldlega gert í sátt við alla landsmenn.

**Hvert er brýnasta viðfangsefnið og það fyrsta sem þú mundir ráðast í ef þú kæmist í borgarstjórastólinn?**
„Ég vil hvorki að prófkjörið nú né kosningarnar í vor snúist um fortíðina. Við eigum að vinna kosningarnar í vor út á hugmyndir okkar um framtíðina en ekki út á vafasama fortíð R-listans. Þegar við komumst að í ráðhúsinum vil ég að þegar í stað verði farið að byggja þessa borg eins og íbúarnir sjálfir vilja. Það þýðir að við þurfum að bjóða upp á nægilegan fjölda lóða til þess að íbúar þurfi ekki að gerast flóttamenn í nágrannasveitarfélögum. Við þurfum að leysa umferðarhnúta. Koma almenningssamgöngum og samgöngum sem borgarbúar hafa valið sér, sem er einkabíllinn, í gott horf.

Við þurfum að koma skólamálum og málefnum aldraðra í forgang. Við þurfum að hafa val. Örva einkaframtakið með því að láta sama fjármagn fylgja nemendum hvort sem þeir fara í borgarrekinn skóla eða sjálfstæðan skóla. Þannig fáum við meiri sveigjanleika, fjölbreytni og samkeppni án þess að búa til tvöfalt kerfi.“


**GÍSLI MARTEINN BALDURSSON** Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir Reykjavíkurborg að hún hleypi að nýrri kynslóð, nýjum hugmyndum og nýjum áherslum varðandi það hvernig best sé að stjórna borginni. Borgin hefur að mínu mati setið eftir á meðan viðskiptalífið og ríkið hafa tekið til kostanna og nútímavæðst.

**Hverjum gætir þú hugsað þér að starfa með í meirihluta ef svo færi að Sjálfstæðisflokkurinn næði ekki meirihluta í borgarstjórnarkosningunum?**
„Ég hef fulla trú á að við náum meirihluta. En í því sambandi gæti ég unnið með hverjum sem er sem reiðubúinn er til þess að samþykkja þá framtíðarsýn mína að Reykjavík verði byggð upp sem fjölskylduborg þar sem óskir og þarfir borgarbúa eru í fyrsta sæti. Þar sem okkur borgarbúum er þjónað og hjálpað að lifa lífinu eins og við kjósum sjálf að lifa því, en ekki á þann hátt sem borgaryfirvöld vilja að við lifum.

**Er prófkjör of kostnaðarsöm leið að lýðræðinu og vali á fulltrúum?**
„Þetta er feykileg vinna. En um leið og þetta eru meiri annir en ég hef áður kynnst er þetta eitt það skemmtilegasta sem ég hef tekið mér fyrir hendur. Þetta er hins vegar dýrt. Við höfum reynt að halda kostnaði í lágmarki en heilsíður í blöðum kosta býsna mikið. Við erum svo heppin að njóta framlags fólks sem leggur sig fram kauplaust. Og fyrir það er ég afar þakklátur,“ segir Gísli Marteinn Baldursson.



FRÉTTAVIÐTAL
JÓHANN HAUKSSON
johannh@frettabladid.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR

Í forsendum kjarasamninga ASÍ og SA er gert ráð fyrir 2,5% verðbólgu. Verðbólga mælist nú 4,5%.

## Brostnar forsendur kjarasamninga

Átök á vinnumarkaði virðast handan við hornið. Í yfirlýsingu frá fundi miðstjórnar ASÍ sem haldinn var á miðvikudag kemur fram að hún telji einsýnt „að til uppsagnar kjarasamninga muni koma að óbreyttu og því mikilvægt að aðildarfélögin verði undir það búin að segja upp kjarasamningum, ef á það reynir.“

*„Sé það hins vegar svo að forsendur kjarasamninga eru brostnar hlýtur að þurfa að endurskoða þá í samræmi við það, óháð því hvað veldur muninum á þeirri verðbólgu sem forsendur gera ráð fyrir og þeirri verðbólgu sem ríkir í raun.“*

Í frétt á forsíðu blaðsins í dag kemur fram að Samtök atvinnulífsins hafi hafnað tillögu Alþýðusambands Íslands um tveggja prósenta launahækkun sem ætlað er að mæta þeim tveggja prósenta mun sem er á verðbólguforsendum kjarasamninga og þeirri verðbólgu sem nú er. Tillaga Alþýðusambandsins var lögð fram í viðræðum forsendunefndar þar sem fulltrúar beggja aðila sitja og eru sammála um að forsendur samninga séu brostnar.

Í fréttinni kemur einnig fram að Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, telji að, að óbreyttu megi búast við uppsögn kjarasamninga eftir rúman mánuð, eða 10. desember. „Við höfum talið að þar sem markmið Seðlabankans og forsendur kjarasamninga gera ráð fyrir 2,5 prósenta verðbólgu en verðbólgan er í raun 4,5 prósent sé það nokkuð klárt hver munurinn er,“ segir framkvæmdastjóri ASÍ,

Hjá Samtökum atvinnulífsins eru menn þó á öðru máli. Ari Edwald framkvæmdastjóri SA vill líta á ástæður verðbólgunnar og til þess að kaupmáttur sé í sögulegu hámarki. „Það er alls ekki sanngjarnt, þegar horft er til eðlis verðbólgunnar, að afgreiða verðbólguna sem frádrátt frá kaupmætti almennings. Þrír fjórðu hennar eru vegna fasteignaverðs, en einnig vegna aukinnar neyslu og betri lífsgæða,“ segir Ari en útilokar þó ekki að samið verði um launahækkanir þótt ekki verði þær í líkingu við það sem ASÍ fer fram á. „Þetta snýst um kostnaðinn fyrir atvinnulífið. Það er alveg ljóst að svigrúmið til breytinga er ekki af þeirri stærðargráðu sem þarna er slegið fram. Slík nálgun fæli að auki í sér afturhvarf til víxlhækkunar launa og verðlags,“ segir Ari og kveður þar við kunnuglegan tón úr herbúðum atvinnurekenda. „Það væri hins vegar mjög slæmt fyrir almenning í landinu ef samningar næðust ekki og yrði með því brugðið frá þeirri sátt sem hefur verið í landinu um árabil og ekki víst að næðist saman um langan tíma aftur.“

Gylfi Arnbjörnsson bendir á öðrum stað í Fréttablaðinu á þá staðreynd að viðfangsefni verkalýðshreyfingarinnar sé að verja þá kaupmáttaraukningu sem félagsmenn ASÍ hafa. „Deilan snýst ekki um hvort kaupmáttur sé ekki hár heldur hvort hann eigi að lækka. Kjarasamningar gerðu ráð fyrir því að kaupmáttur héldi áfram að hækka,“ segir Gylfi.

Ábyrgð aðila vinnumarkaðarins er mikil og vissulega er það hlutverk hvors aðila um sig að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna. Sé það hins vegar svo að forsendur kjarasamninga eru brostnar hlýtur að þurfa að endurskoða þá í samræmi við það, óháð því hvað veldur muninum á þeirri verðbólgu sem forsendur gera ráð fyrir og þeirri verðbólgu sem ríkir í raun.

Stöðugleiki á vinnumarkaði skiptir gríðarlegu máli fyrir allan almenning í landinu og fyrirtækin líka. Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands gegna lykilhlutverki í að viðhalda þeim stöðugleika. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fréttir á ensku

Viðskiptaumsvif Íslendinga utanlands hafa vakið áhuga á fréttum - og jafnvel slúðri - um íslensku útrásarmennina. Sem stendur flytur aðeins einn aðili fréttir af íslenskum mönnum og málefnum á ensku á netinu. Það er fyrirtækið Heimur (útgefandi Frjálsrar verslunar og fleiri rita) en það heldur úti fréttavefnum IcelandReview.com. Þetta er orðinn öflugur vefur sem er reglulega uppfærður með nýjum fréttum sem birtast í íslenskum blöðum og netmiðlum. Vefurinn, einn íslenskra fjölmiðla, er tengdur við öflugasta fréttakerfi heims, Google News, og getur sem slíkur haft mikil áhrif á vitneskju manna og skoðanir á mönnum og málefnum á Íslandi.

### Staksteinar heimsfrægir?

Aðalmaðurinn á bak við Heim og fréttavefinn er Benedikt Jóhannesson, af Engeyjarætt. Hann var stjórnarformaður Eimskipafélagsins og Skeljungs þegar veldi Kolkrabbans hrundi á sínum tíma og hefur mjög ákveðnar skoðanir á stjórnmálum og viðskiptum eins og lesa má í skemmtilegum pistlum hans á vefsetrinu heimur.is. Ekki fer á milli mála hvar Benedikt stendur í stríði viðskiptablokkanna. Kannski eru skoðanir hans smitandi á starfsmenn IcelandReview.com. Annað eins getur gerst á bestu bæjum! Að minnsta kosti vekur athygli að farið er að vitna í Staksteina Morgunblaðsins á þessum fréttavef. Prófið að slá Staksteinum upp í Google News. Kannski eiga Staksteinar eftir að verða heimsfrægir?



### Nógir peningar ef...

Í nýútkomnu Mannlífi er vitnað í væntanlega bók um Jón Ólafsson athafnamann. Í bókinni er sögð saga af endurskoðanda sem hitti „yfirmann skattrannsókna“ í gleðskap. Trúði hann endurskoðandanum fyrir því að embætti sitt, sem alltaf væri í fjársvelti, gæti fengið „tvisvar sinnum tuttugu milljón króna aukafjárveitingu ef það myndi snúa sér að Jóni Ólafssyni og Baugsmönnum samkvæmt loforði forsætisráðherrans.“ Ja, hérna. Nú verður fróðlegt að fylgjast með því hvort þetta verði þýtt á ensku og sett á fréttavefinn IcelandReview.com.

gm@frettabladid.is

## Siðbót eða miskabót?

Í DAG
BUBBI MORTHENS OG HÉR OG NÚ



BIRGIR GUÐMUNDSSON

*Þetta er einföld miskabótakrafa, og kallar ekki á þann siðbótartón sem fylgir með í rökstuðningi stefnunnar. Telji menn þörf á slíkum tóni á hann að heyrast hjá löggjafanum, samtökum fjölmiðlafólks og hinum almenna pólitíska umræðuvettvangi - ekki í réttarsalnum.*

Bílastæði í miðbænum eru víða færri en svo að þau anni eftirspurn á álagstíma. Stöðumælasektir koma hins vegar í veg fyrir að fólk leggi í þessi stæði og séu þar allan daginn með bíla sína, enda er sektarupphæðin svo há að flesta munar verulega um hana. Ef sektir eiga líka að koma í veg fyrir að kaupréttaraðall fjármálaheimsins misnoti þessi stöðumælastæði, væri þá ráð að láta þá borga fjögurhundruð falda sekt, þar sem nærri liggur að ábatasamasti kaupréttarsamningurinn hjá KB banka í vikunni hafi náð 400-földum launum bankagjaldkera?

Varla, enda hefur lengi verið sátt um að glæpur sé glæpur sama hver framdi hann. Tiltekinn glæpur eða lögbrot kalli þá í öllum aðalatriðum á sömu eða svipaða refsingu óháð því hver framdi hann. Þetta heitir einfaldlega jafnrétti gagnvart lögum og er eitt af margrómuðum grundvallarréttindum borgaralegs lýðræðis.

Nú hefur einn færasti lögmaður landsins í málum sem varða mörk tjáningarfrelsis og einkalífs fólks, Sigríður Rut Júlíusdóttir, lagt fram stefnu á hendur vikublaðinu Hér og nú og útgáfufélaginu 365 miðlum vegna umfjöllunar blaðsins um Bubba Morthens síðastliðið sumar. Kröfur Bubba hljóða upp á að fyrirsögn blaðsins, „Bubbi fallinn“, verði dæmd dauð og ómerk auk þess sem hann fái tuttugu milljónir í miskabætur. Í sjálfu sér er ekki nema eðlilegt að Bubbi geri athugasemdir við fyrirsögnina, sem er villandi og hugsanlega meiðandi fyrir hann sem forvarnarpostula á samningi hjá stórfyrirtækjum. Hins vegar er fróðlegt og raunar nokkuð undrunarefni að sjá hvernig lögmaðurinn hefur rökstutt kröfuna um miskabætur til handa Bubba. Hann bendir á að þeir sem standa að útgáfunni 365 miðlum séu stöndugir aðilar og þá muni ekki muna um að greiða lágar sektir, t.d. „einhvern 50 þúsund kall!“

Lögmaðurinn virðist telja 400-földun meira við hæfi, eða tuttugu milljónir. Mikilvægt sé að útgefendur svíði undan sektinni, enda snúist málið um „að fjölmiðlar hugsi sig um tvisvar áður en þeir birta umfjöllun af þessu tagi ef þeir eiga á hættu að vera dæmdir til að greiða umtalsverðar bætur,“ eins og þetta var orðað í frétt á ruv.is. Miskabæturnar eiga þannig ekki að bæta Bubba hans miska eins og tíðkast hefur hér á landi um svona hluti, heldur eiga þær að verða eins konar refsibætur og siðferðilegur yfirritstjóri fyrir stöndug útgáfufyrirtæki - líkara því sem stundum tíðkast í Ameríku.

Það er mjög þarft að fá prófmál fyrir dómstólum til að skilgreina betur hvar markalínan liggur milli einkalífs og tjáningarfrelsis fjölmiðlanna, ekki síst eftir hinn margfræga Karólínudóm Mannréttindadómstóls Evrópu þar sem einkalífinu var gefið umtalsvert svigrúm. Gallinn er hins vegar sá að þetta dæmi er ekki sérstaklega vel fallið til þess að skera úr um hvar þessi lína liggur, nema að því er varðar myndatöku af Bubba og myndbirtingu án hans vitundar og samþykkis. Umrædd fyrirsögn er einfaldlega röng eða í besta falli afar villandi. Hún er þó fyrst og fremst smekklaus, en dómstólar geta ekki verið að dæma mikið um smekkleysi. Hins vegar þarf ekkert prófmál um hvort eðlilegt sé að birta villandi eða ranga hluti í fjölmiðlum. Allir eru sammála um að slíkt gera menn ekki líka DV og Hér og nú þó menn hafi þar þumbast við í þessu máli. Engu að síður verður ýmislegt hægt að lesa út úr þessum málaferlum, ef þau verða þá rekin á þeirri forsendu að um einhvers konar tilefnislausa innrás í einkalíf Bubba hafi verið að ræða. Þar er það myndbirtingin sem er áhugaverðust í ljósi Karólínudómsins.

Rökstuðningurinn fyrir miskabótunum gæti þó drepið þessu máli verulega á dreif, því þar er í raun verið að segja að aðrar og þungbærari reglur eigi að gilda um stönduga útgefendur en aðra útgefendur - allt til þess að þeir læri einhverja lexíu. Með því að ögra jafnræðisreglunni með þessum hætti eru Bubbi og lögmaður hans komin út á hálan ís, enda er eðlilegasti mælikvarðinn á upphæð miskabóta stærð miskans, sem verið er að bæta. Sá miski er mældur í þeim ímyndarskaða sem Bubbi kann að hafa orðið fyrir sem forvarnarfyrirmynd og einhverju mati á óefnislegum óþægindum fyrir sálarlíf hans sjálfs. Eðlilegast er að láta mælingu á þessum miska ráðast af útbreiðslu og áhrifum Hér og nú, en ekki af greiðslugetu þeirra sem standa að baki útgáfufélaginu. Þetta er einföld miskabótakrafa, og kallar ekki á þann siðbótartón sem fylgir með í rökstuðningi stefnunnar. Telji menn þörf á slíkum tóni á hann að heyrast hjá löggjafanum, samtökum fjölmiðlafólks og hinum almenna pólitíska umræðuvettvangi - ekki í réttarsalnum. ■




**Breyttur afgreiðslutími í Skaftahlíð 24**

**Virka daga kl. 8–18.**
**Helgar kl. 11–16.**

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# Sameining sveitarfélaga

Ef ég ætla að fara á óþekktan veg, spyr ég gjarnan þann sem farið hefur þann veg ráða, og trúi honum, ekki síst ef ekki er hægt að snúa til baka. Ég vil líkja sameiningu sveitarfélaga við þennan veg. Þeir sem helst tala með sameiningu hafa ekki farið þennan veg, hafa ekki reynslu og virðast ekki hlusta á viðvarinar þeirra sem reynsluna hafa. Þar sem sameining hefur orðið virðast allir minni hrepparnir sem sameinast hafa stórum byggðakjörnum vera óánægðir, ekki hafi verið staðið við fögur fyrirheit. Sameining lítilla hreppa við stóra byggðakjarna þýðir valdaafsal litlu hreppanna, engin mál þeirra komast í gegn án samþykkis þeirra stóru.



**JÓN ÁRNI SIGFÚSSON**

Engum þykir gott að missa sjálfstæði sitt, en við sameiningu glatast sjálfstæði litlu hreppanna og þeir verða sem valdalausar nýlendur. Ég vil minnast á flutning grunnskólanna til sveitarfélaganna, gott mál eða hvað? Á síðasta vetri var langt verkfall grunnskólakennara, sagt var að sveitarfélögin hefðu ekki bolmagn til að greiða hærri laun og ástæðan var að ríkið hefði ekki greitt nóg með skólunum. Það væri meira lánið fyrir alla aðila ef ríkið gæti losað sig við fleiri verkefni til sveitarfélaganna á sömu kjörum? Eða hvað?

Undarlegt að svo hagkvæmt sé að sameina að borga þurfi 2,4 miljarða með hagkvæmninni, hinir þurfi ekkert! Og svo að kjósa um sama málið tvisvar á sex vikum, það er ósvífni! Það á ekkert skilt við frjálsar kosningar, þetta flokkast sem kúgun!

*Greinarhöfundur er rútubílstjóri í Mývatnssveit.*




ÁSTARFLEYIÐ
FIMMTUDAGA KL. 21:00
FYLGSTU MEÐ!
SIRKUS

FÍASÓL SNÝR AFTUR






Kristín Helga Gunnarsdóttir

**Fíasól í hosiló**

Fíasól er sjö ára gömul gleðisprengja sem nýtur lífsins fram í fingurgóma. Samt býr hún í hræðilega herberginu í Grænalundi þar sem draugahópur hangir undir rúminu hennar. Hún móðgar jólasveina og strætóbílstjóra og þarf að fara í hættulega fjallgöngu og veiðiferð að næturlagi. *Fíasól í hosiló* eru gleðisögur af duglegri stelpuskottu með líflegum myndum eftir Halldór Baldursson.

**Fleiri sögur um Fíusól sem heilluðu lesendur á öllum aldri í fyrra!**



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Mál og menning
edda.is

Gísla Martein í 1. sæti!



Bjarni Benediktsson
**ALÞINGISMAÐUR**



Hulda Þórisdóttir
**DOKTORSNEMI**



Brynjólfur Bjarnason
**FORSTJÓRI**



Þórunn Pálsdóttir
**FJÁRMÁLASTJÓRI**



Birgir Ármannsson
**ALÞINGISMAÐUR**

PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISMANNA Í REYKJAVÍK FER FRAM Í DAG OG Á MORGUN www.gislimarteinn.is

# nettó

# Veruleg v















## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur.
Tilboðin gilda 3.-6. nóv. eða á meðan birgðir endast.

Akureyri • Akranesi • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahvefi Kópavogi

# verðlækkun



Hangiframpartur
**1.099** kr/kg



4 Gourmet hamb. m/ brauði
**399** kr






Lambakarbonaði
**598** kr/kg




Egils Pepsi 1L
**2 fyrir 1**




Dove sjampó og hárnæring
**399** kr

netto

# Sterkur listi þarf breiða skírskotun

**UMRÆÐAN**
PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS



**JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON**

*Lykillinn að sterkum lista er að frambjóðendur hafi sem fjölbreyttasta reynslu og víða skírskotun því mikilvægt er að hann endurspegli reykvískt samfélag sem allra best.*

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík sem hefst í dag er eitt hið mikilvægasta sem lengi hefur verið haldið. Lykillinn að sterkum lista er að frambjóðendur hafi sem fjölbreyttasta reynslu og víða skírskotun því mikilvægt er að hann endurspegli reykvískt samfélag sem allra best. Ungir sem aldnir, fjölskyldufólk og einhleypir, konur og karlar, ólíkir þjóðfélagshópar og atvinnugreinar þurfa að finna samhljóm með þeim frambjóðendum sem valdir verða á listann. Slíkur listi mun sigra í borgarstjórnarkosningum næsta vor.

**Val og frelsi**

Reykjavík er stórkostleg borg og í henni býr kraftur sem þarf að virkja með valmöguleikum og auknu frelsi. Reykjavík á að vera leiðandi á öllum sviðum og taka frumkvæði í helstu málum á sveitarstjórnarstigi.

Sérstök þörf er á að taka á málefnum aldraðra. Þau á að flytja frá heilbrigðisráðuneytinu til félagsmálaráðuneytisins enda er um félagsmál að ræða. Þjónusta við aldraða byggist á nánd og á að vera á sveitarstjórnarstigi.

Auka þarf valmöguleika foreldra með ung börn með því að efla dagvistarþjónustu og auka val þeirra. Í Reykjavík eru góðir skólar með frábærum kennurum en það þarf að gera enn betur og skapa rúm fyrir fjölbreytileika svo að einstaklingurinn njóti sín sem best. Lifandi menning á að blómstra í Reykjavík og blómleg listsköpun að bera hróður borgarinnar sem víðast.

Það þarf að gera stórátak í skipulagsmálum og taka sérstaklega á lóðamálum og samgöngumálum. Það á að vera rúm fyrir einkabílinn í borginni auk þess að almenningssamgöngur og hjólreiðar eiga að vera raunverulegur valkostur. Vandamálið í skipulagsmálum er einfaldlega að ákvarðanir hafa ekki verið teknar um þau mál sem á brenna. Leiðarljós Reykjavíkurborgar á að vera að einkarekstur sé almennt farsælli en opinber rekstur. Það á að nýta fyrirtæki borgarinnar til að annast þjónustuþætti hennar.

**Fjölbreytt reynsla í fyrirrúmi**

Í dag og á morgun er hátíð í bæ er sjálfstæðisfólk fjölmennir á kjörstað og sýnir styrk sinn í prófkjörskosningu. Það verður nýtt upphaf að betri borg þegar við veljum lista frambjóðenda með fjölbreytta reynslu til að leiða Reykjavík inn í nýja tíma.

*Höfundur er lögfræðingur og býður sig fram í 2. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.*

# Heilsuverndarstöðina áfram

**LÚÐVÍK GIZURARSON**
HEILSUVERNDARSTÖÐIN VIÐ BARÓNSSTÍG

Landspítalinn þótti af mörgum of stór þegar hann var byggður um 1930. Nú sækja menn með spítalann í suðurátt til flugvallarins enda vilja allir sem stækka vilja við sig og byggja meira, fara inn á miðjan flugvöllinn. Þar virðist vera nóg pláss. Byggja þar.

Höfundur þessarar greinar vill að umráðasvæði Landspítalans stækki í norður jafnvel alla leið að Sundhöllinni. Núna er talað um að selja Heilsugæslustöð Reykjavíkur sem er norðan Landspítalans og hentar LSH vel.

Þarna eru þrjár götur norðan Landspítalans. Þessar götur eru Leifsgata og Egilsgata og Eiríksgata. Þær ætti að kaupa upp og sameina lóð Landspítalans. Alltaf er verið að tala um að sjúkrahótel vanti. Fólk gæti farið fyrr af Landspítala ef pláss væri nóg meðan fólk jafnaði sig örlítið. Fólk getur ekki farið beint út á götuna ef það býr eitt í íbúð. Landspítalinn myndi hafa fleiri sjúkrarúm ef hann gæti strax flutt sjúklinga í næsta hús ef aðeins þarf að líta til þeirra reglulega.

Þessi umræða er ekki um öll þessi nýju áform um að brjóta upp götur, byggja á flugvelli o.s.frv.

Svo er það hræðilegur hlutur að selja og rífa Heilsugæslustöðina eins og gera á. Þetta er fallegt hús. Setur svip á bæinn. Þetta er hús sem myndi passa Landspítala vel fyrir ýmsa starfsemi. Nota húsið.

Húsin við Eiríksgötu, Leifsgötu og Egilsgötu norðan hafa næg verkefni, henta t.d. sem bílageymslur sem vantar alveg og myndu líklega tvöfalda afköst Landspítalans sem sjúkragistihúss. Ekki selja og rífa Heilsuverndarstöðina. Nota hana.

*Höfundur er hæstaréttarlögmaður.*

AUGLÝSTU EFTIR STARFSFÓLKI Á RÉTTUM STAÐ

Þú nærð til rúmlega helmingi fleiri Íslendinga á aldrinum 20–40 ára með því að auglýsa í atvinnublaði Fréttablaðsins frekar en atvinnublaði Morgunblaðsins.




Lestur sunnudaga*

Á sunnudögum fylgja bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sérblöð inni í aðalblöðunum sem fjalla um atvinnumál. Rúmlega 60% 20–40 ára Íslendinga fletta ekki sunnudagsblaði Morgunblaðsins. Láttu ekki fyrirtæki þitt verða af góðum starfsmanni með því að auglýsa á röngum stað.

allt - atvinna

*20–40 ára Íslendingar. Gallup júní 2005.

# *Allir græða á vistvænni borg*

**UMRÆÐAN**
PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS



**STEINN KÁRASON**

*Umhverfismál snúast fyrst og fremst um gæðastjórnun. Ef þessi mál eru tekin skynsamlegum tökum næst efnahagslegur, umhverfislegur og samfélagslegur ávinningur. Allir græða.*

Fyrir fjórum árum var ég í meistaranámi við Álaborgarháskóla í Danmörku og vann þá meðal annarra verkefna, rannsóknarverkefni sem var úttekt á umhverfisstefnu Álaborgar.

Borgaryfirvöld í Álaborg settu sér það markmið að gera borgina að umhverfisvænstu borg Evrópu í upphafi 21. aldar.

Sem skref að þessu marki, bauð Álaborg til og var gestgjafi fyrstu „Evrópuráðstefnunnar um sjálfbærar borgir og bæi“ árið 1994, þar sem yfir 600 þátttakendur undirrituðu sáttmála evrópskra borga og bæja um sjálfbæra þróun, svokallaðan Álaborgarsáttmála.

Um margra ára skeið hafa borgarfirvöld í Álaborg átt góða samvinnu við almenning og fyrirtæki um markmiðssetningu og aðgerðir sem leiða til sjálfbærra lausna á fjölda viðfangsefna. Öll verkefni og áætlanir á vegum borgarinnar verða að fara í umhverfismat og borgarráð Álaborgar útbýr jafnan fjárhagsáætlun í samræmi við umhverfisstefnu sína.

Borgarráð Álaborgar leggur þunga áherslu á að fjárhagsáætlunin sé í samræmi við aðgerðaáætlun og að unnt sé að mæla, vega og meta þann árangur sem stefnt er að. Ásamt þessu er unnið grænt bókhald til að unnt sé að mæla orku og auðlindanotkun og þar með spara og draga úr mengun. Á þennan hátt setja bæði íbúarnir og þeir sem um stjórnvölinn halda, fingurinn á púlsinn, til að fylgjast með fjárstreymi og framgangi aðgerða til umhverfisbóta.

Einnig er leitað leiða til að endurskapa og viðhalda náttúrulegum svæðum og einkennum þeirra, en skapa jafnframt nægjanlegt rými fyrir íbúabyggð, vegi, iðnað og landbúnað innan borgarmarkanna.

Stóru viðfangsefnin hjá borgaryfirvöldum í Álaborg snúast um að tryggja gæði neysluvatns og að frárennslismál- og sorpmál séu í góðu lagi. Brýn úrlausnarefni bíða einnig á sviði umferðarmála sem tengist að sjálfsögðu loftmengun. Mikill flöskuháls myndast í umferðinni m.a. vegna umferðar yfir og undir Limafjörð, en ein jarðgöng og ein brú anna vart umferðarþunga á álagstímum. Úrbætur í þessum efnum voru í bígerð þegar rannsókn minni lauk.

Álaborgarar hafa unnið vel að umhverfismálum sínum í meira en áratug og hefur orðið býsna vel ágengt að mínu mati. Við Reykvíkingar ættum að nýta okkur það sem þeir hafa gert vel. Verndarsvæði vatnsbóla hefur verið stækkað og betur varið fyrir aðsteðjandi mengun. Vel er staðið að hreinsun á frárennslisvatni. Sorpflokkun er í góðu horfi. Umferð gengur greiðlega fyrir sig. Gróður umvefur göngustígakerfið sem er fyrsta flokks. Aðstaða til útivistar, ræktunarstarfs og útitónleika er góð.

En hver er staða Reykjavíkur? Furðu vekur hve skammt á veg umhverfimál eru komin í Reykjavík miðað við það sem best gerist annars staðar. Að mínu mati stendur Reykjavík Álaborg langt að baki á þessu sviði. Það sem er mest áberandi er vanþróað samgöngukerfi í Reykjavík, þ.m.t. göngu- og hjólreiðastígar. Afar brýnt er að huga betur að vatnsverndarmálum. Hreint og heilnæmt vatn er undirstaða alls heilbrigðis. Frárennslismálum þarf einnig að sinna betur. Sorpflokkun og endurvinnsla í Reykjvík er afskaplega ótrúverðug fyrir íbúa og fyrirtæki og í raun á frumstigi. Sundurlaus vinstri öflin hafa sofið á verðinum í umhverfismálum. Mál er að linni.

Allra brýnasta verkefnið á þessu sviði er þess vegna að samþætta umhverfissjónarmið í heildarstefnumótun og rekstur Reykjavíkurborgar. Þörf er á aukinni fræðslu og almennri þáttöku starfsmanna og íbúa borgarinnar í umbótastarfi. Móta þarf stefnu sem sífellt á að endurskoða og bæta. Gera betur í dag en í gær.

Umhverfismál snúast fyrst og fremst um gæðastjórnun. Ef þessi mál eru tekin skynsamlegum tökum næst efnahagslegur, umhverfislegur og samfélagslegur ávinningur. Allir græða. Á þessum nótum vil ég vinna.

*Höfundur er garðyrkju-, viðskipta- og umhverfisstjórnunarfræðingur og starfar sem háskólakennari og ráðgjafi. Hann gefur kost á sér í 5. sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í komandi prófkjöri.*

# Af hugarburði og ímyndun

**UMRÆÐAN**
BAUGUR OG FRÉTTABLAÐIÐ



**HALLUR HALLSSON**
FRÉTTAMAÐUR

*Ég hefði gert það sama í sporum Styrmis. Ég hefði reynt að koma til hjálpar manni sem hundeltur var af stærsta auðhring landsins.*

Enn ætla ég að leggja orð í belg um Fréttablaðið, jafnvel þó það gangi nærri að æra óstöðugan. Sigurjón M. Egilsson, fréttastjóri blaðsins, sendi mér eina eiturpilluna enn á miðvikudag. Ég læt mér það í léttu rúmi liggja en hann segir að samtal okkar á útmánuðum 2003 um bókanir Baugs á ritstjórn Fréttablaðsins sé hugarburður og ímyndanir. Gott og vel. Að vísu er minni fréttastjórans afar brigðult því hann man ekki langan fund okkar vorið 2004. En samt, gott og vel.

Fréttastjórinn ber sig illa. Ég fari fram eingöngu með hugarburð og ímyndanir. Lengra nái málið ekki. En er svo?

Í þrjú ár hefur Fréttablaðið haldið því fram að Davíð Oddsson hafi staðið á bak við pólitískt samsæri gegn Baugi. Þetta er í anda dæmalausra ummæla Jóns Ásgeirs Jóhannessonar um að Davíð Oddsson hafi hringt í einkavin sinn Jón Steinar Gunnlaugsson sem hefði haft upp á Jóni Geraldi Sullenberger til þess að kæra Baug af óvild einni saman! Hefur blaðið lagt fram haldbærar sannanir um ásakanir sínar og eiganda síns? Svarið er nei, alls engar. Samt höfum við orðið vitni að einum mestu ofsóknum Íslandssögunnar í anda Þjóðviljans sáluga. Persónuofsóknir og níð á hendur einstaklingi ¿ og mönnum honum tengdum.

Á útmánuðum 2003 lagði blaðið fram bókun í stjórn Baugs um umræður á Alþingi. Þetta átti að renna stoðum undir ásakanir um pólitísk afskipti ásamt staðhæfingu af einkafundi í Lundúnum um að nafn Jóns Geralds hafi borið á góma! Bókun í stjórn Baugs átti að renna stoðum undir pólitískt samsæri! Satt best væri þetta broslegt, ef málið væri ekki svo alvarlegt.

Hitt atriðið sem Fréttablaðið hefur er að Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, benti Jóni Gerald Sullenberger á lögmenn á sama tíma og maðurinn var hundeltur af Baugi í Ameríku; með spæjara og her lögfræðinga á hælunum! Einn þessara lögmanna var Jón Steinar Gunnlaugsson. Ég hefði gert það sama í sporum Styrmis. Ég hefði reynt að koma til hjálpar manni sem hundeltur var af stærsta auðhring landsins.

Fréttastjórinn talar um hugarburð og ímyndanir! Hefur maðurinn enga sómakennd?

# Einokun og auðhringar

**UMRÆÐAN**
SAMKEPPNIS-HÖMLUR



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

*Af framangreindu er ljóst að Sjálfstæðisflokkurinn og Morgunblaðið eru á villigötum í málflutningi sínum um einokun og auðhringa.*

Rætt var um einokun og auðhringa í Silfri Egils 23. október. Viðmælendur Egils Helgasonar voru Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, og Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Var m.a. rætt um baráttu Morgunblaðsins og Sjálfstæðisflokksins fyrir því, að sett verði lög um auðhringa. Valgerður taldi að nýsett lög um samkeppniseftirlit nægðu og segja mætti, að þar væri um að ræða lög gegn hringamyndun. Samkeppnisreglur EES tækju einnig til Íslands. Ingibjörg Sólrún sagði, að nýsett lög um samkeppniseftirlit væru veikari en eldri lög um samkeppnisstofun. Stjórnarmeirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknar hefði veikt lögin á alþingi. Samfylkingin hefði verið andvíg því að veikja lögin. Það væri því alrangt sem haldið væri fram í Morgunblaðinu, að það stæði á Samfylkingunni í þessu efni. Fram kom í þætti Egils að nefndin sem samdi álit og frumvarp um samkeppniseftirlit hefði lagt fram strangara lagafrumvarp heldur en ráðherra og þingmeirihluti stjórnarinnar hefði viljað samþykkja. Samfylkingin hefði viljað samþykkja strangari útgáfuna.

Af framangreindu er ljóst að Sjálfstæðisflokkurinn og Morgunblaðið eru á villigötum í málflutningi sínum um einokun og auðhringa. Talað er eins og það vanti lög um þessi mál. En það er nýbúið að setja lög um þetta efni. Í þessum lögum eru heimildir til þess að breyta skipulagi fyrirtækja, ef þau brjóta lög um samkeppnismál. Það eru nægar heimildir í lögunum um aðgerðir gegn fyrirtækjum, ef þau gerast sek um skaðlegar samkeppnishömlur. Hins vegar verða menn að gera sér ljóst að það er ekki bannað að reka stór fyrirtæki ef þau fara að settum reglum.

Það kom skýrt fram í Silfri Egils að Framsókn vill ekki setja strangari lög um samkeppnismál en þegar hafa verið sett. Framsókn vill heldur ekki strangari lög um eignarhald á fjölmiðlum en sátt náðist um milli allra flokka í fjölmiðlanefndinni. Svo virðist því, sem forysta Sjálfstæðisflokksins og fyrrverandi formaður tali fyrir daufum eyrum þegar krafist er strangari ákvæða um einokun, auðhringa og fjölmiðla. Raunar er krafa forustu Sjálfstæðisflokksins undarleg þegar haft er í huga, að nýlega er búið að setja lög um samkeppniseftirlit. Sjálfstæðisflokkurinn átti fulla aðild að þeirri lagasetningu og flutti engar tillögur um að ganga lengra en gert var. Svo virðist því sem „krafa“ forustu Sjálfstæðisflokksins nú um lög gegn hringamyndun sé sett fram til málamynda,sennilega til þess að þóknast fyrrverandi formanni flokksins.

## AF NETINU

### Geir styður Vilhjálm Þ.

Geir [Haarde] formaður [Sjálfstæðisflokksins] hefur nú látið þau boð út ganga um flokkinn að hann styðji Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson í prófkjörinu í Reykjavík. Á Gíslavæng raða sér hinsvegar Davíðsmenn hver af öðrum, og því er tekist á um meira en fyrsta sætið á D-listanum í sveitarstjórnarkosningum í Reykjavíkurhreppi 2006: Sjálf forysta flokksins er undir. Sigur Vilhjálms festir Geir í sessi sem formann en vinni Gísli er hætt við að sú skoðun styrkist enn innan flokksins og utan að Geir sé millibilsformaður þangað til gardinn kringum Davíð hefur valið sér foringja úr næstu kynslóð á eftir.
**Mörður Árnason á mordur.is**

### Bleikt og blátt

Það virðist hafa verið ákveðið að krydda Bleikt og blátt aðeins á ný og fólk er þegar byrjað að amast við því. Löggan er farin að skoða blaðið. Það hljómar dálítið eins og í gamla daga. Í flestum bókabúðum landsins eru til sölu erlend tímarit með myndum af fólki í samförum. Þó að fæstir viðurkenni að þeir hafi áhuga á slíku efni þá selst það gríðarlega mikið (í öðru formi, a.m.k., ég veist svo sem ekki hvort þessi tilteknu blöð seljast mikið). Staðreyndin er sú að til er mikið af konum og körlum sem hafa ánægju af að horfa á myndir af meðbræðrum sínum við kynferðislegar aðstæður. Í slíku myndefni er í seinni tíð ekki lögð minni áhersla á útmálun karllíkamans en kvenlíkamans. Gamalkunnugur málflutningur um hlutgervingu konunnar og skort á virðingu fyrir henni með slíku efni er nokkuð mikil einföldun. Og þó er málið ósköp einfalt: fólk með eðlilega náttúru laðast að þessu efni, náttúru sinnar vegna en ekki til þess að kúga og niðurlægja konur.
**Ágúst Borgþór Sverrisson á agustborgthor.blogspot.com**

### Dæmigerð vitleysisumræða

Dæmigerð vitleysisumræða hefur farið fram í fréttatímum undanfarin kvöld. Það hefur nefnilega „heyrst af fyrirtækjum sem ætla ekki að greiða þeim konum full laun sem tóku sér frí úr vinnu á kvennafrídaginn“. Formaður Verslunarmannafélags Reykjavíkur hefur meira að segja verið í fréttum og talið það vera siðferðislega skyldu fyrirtækjanna að borga starfsfólkinu fyrir að leggja niður störf og fara í bæinn - og geta menn velt fyrir sér hvort aðrar kröfugerðir sem félagið gerir undir hans formennsku eru byggðar á svipuðum rökum. Hvernig er hægt að telja það sérstakt réttindamál að fá greitt fyrir það að leggja niður störf? Segjum nú til gamans að bæjarferð kvennanna hafi verið eðlileg og rökræn aðgerð, rökstudd með staðreyndum en ekki upphrópunum ímyndun og tilfinningu; að málstaðurinn hafi einfaldlega verið góður. En hverju myndi það breyta? Geta menn tekið sér launuð frí úr vild til þess að fara á fundi um hugðarefni sín, bara ef þau eru nógu góð?
**Vefþjóðviljinn á andriki.is**

### Hvað á maður að gera?

Nú lifum við í stanslausum fréttaflutningi af fuglaflensu; það er vetur sem kemur snemma og er óvenju kaldur; manni er sagt að flensan geti komið fljótlega, eftir nokkur ár, kannski alls ekki. Þetta á að vera mesta heilsufarsógn sem steðjar að mannkyninu. Hvað á maður að gera þegar svona vofir yfir? Getur maður treyst því að yfirvöldin hugsi fyrir manni, að læknisþjónusta og annað bregðist ekki?
**Egill Helgason á visir.is**





Manstu?




Í minningunni virðist lífið stundum hafa verið einfaldara í æsku. Skál af Kelloggs Corn Flakes markaði byrjunina að góðum degi hjá fjölmörgum íslenskum fjölskyldum og gerir enn.

Manstu hvað stökkar flögurnar voru góðar með ískaldri mjólk? Leyfðu börnunum þínum að njóta hollustunnar og bragðsins sem gladdi þína morgna í æsku og gerir eflaust enn.

Kellogg's

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 4.662 **-0,04%** **Fjöldi viðskipta:** 617 **Velta:** 617 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Og fjarskipti** | +1,27% | **Flaga** | -3,23% |
| **Mosaic Fashions** | +1,16% | **Icelandic Group** | -1,58% |
| **Atorka Group** | +0,88% | **Straumur-Burðarás** | -0,71% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 43,50 +0,20% ... Bakkavör 44,10 -0,50% ... FL Group 14,00 +0,40% ... Flaga 3,90 -3,20% ... HB Grandi 9,35 +0,50% ... Íslandsbanki 15,20 +0,00% ... Jarðboranir 22,00 +0,00% ... KB banki 592,00 +0,20% ... Kögun 53,80 +0,00% ... Landsbankinn 22,80 -0,40% ... Marel 64,50 +0,00% ... SÍF 4,34 -0,70% ... Straumur-Burðarás 13,90 -0,70% ... Össur 90,50 -0,60%

*Tölur miðast við kl. 15.06*

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn…*

**Framsókn lofaði einu skattþrepi**

Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra hélt framsögu á ársfundi Rannsóknarseturs verslunarinnar í gær. Hún ræddi vítt og breitt um verslun í landinu. Þegar ráðherrann gerði sig tilbúna til brottfarar sagðist hún ekki geta annað en tjáð sig um fjölda skattþrepa í virðisaukaskattkerfinu. Framsóknarflokkurinn hefði barist fyrir því í stjórnarandstöðu á árunum 1991-1995 að komið yrði á einu þrepi í virðisaukaskattskerfinu og vonandi stefndi nú í að svo yrði. Ekki mátti betur skilja en að Framsóknarflokknum hefði að einhverju leyti orðið meira ágengt í stjórnarandstöðu fyrir tíu árum en að ná fram eigin tillögum nú um þessar mundir.

**Fjölsóttur fundur**

Fundur Rannsóknarseturs verslunarinnar í gær var vel sóttur af mörgum þeirra sem láta sig mál af þessum toga varða og mátti þar sjá helstu sérfræðinga á sviði skattamála og verslunar. Pétur H. Blöndal alþingismaður fylgdist með af áhuga, ekki síst þegar kom að umræðum um fjölda skattþrepa. Hann var að sjálfsögðu fyrsti maður til að bera fram spurningar enda ekki þekktur fyrir að liggja á skoðunum sínum né vera feiminn við að afla sér þekkingar. Hann byrjaði fyrirspurn sína á því að furða sig á því að enginn fulltrúi frá Samfylkingunni væri á fundinum en þar á bæ hafa menn ekki sparað stóru orðin og lagt til að matarskattur lækkaði hið snarasta.



## MARKAÐSFRÉTTIR...

> Íslendingar, Færeyingar, Norðmenn og ESB hafa náð samkomulagi um stjórn veiða í kolmunnastofninum í N-Atlantshafi. Ríkin skipta með sér leyfilegum heildarafla úr kolmunnastofninum. ESB fær 30,5%, Færeyjar 26,1%, Noregur 25,8% og Ísland 17,6%.

> Kaup innlendra aðila á erlendum verðbréfum námu rúmum 9,5 milljörðum króna nettó í september, samanborið við 3,5 milljarða á sama tíma í fyrra. Alls nema nettókaup innlendra aðila á erlendum verðbréfum tæpum 66 milljörðum það sem af er ári.

> Fjármálaeftirlitið og Samkeppniseftirlitið hafa samþykkt samning ríkissjóðs og Landsbanka Íslands hf. um kaup bankans á tilgreindum eignum Lánasjóðs landbúnaðarins. Greiðslan til ríkissjóðs nam rúmlega 2.662 milljónum króna.

# VÍS kaupir meirihluta í bresku tryggingafélagi

Vátryggingafélag Íslands hf. hefur keypt 54 prósenta hlut í breska tryggingafélaginu IGI Group Ltd. Kaupverð hlutarins er trúnaðarmál. Samhliða kaupunum hefur VÍS tryggt sér forkaupsrétt að stærri hlut í IGI sem nemur 21 prósenti til viðbótar þannig að eignarhlutur VÍS getur orðið alls 75 prósent.

VÍS er fyrsta íslenska tryggingafélagið til að kaupa meirihluta í erlendu tryggingafélagi en í lok september keypti VÍS tæplega tíu prósenta hlut í norska tryggingafélaginu Protector Forsikring.

IGI sérhæfir sig einkum í eignatrygginum fyrir einstaklinga og málskostnaðartryggingum en er alhliða tryggingafélag. Starfsmenn IGI eru nær sjötíu og er áætluð velta félagsins í ár um 2,5 milljarðar íslenskra króna.

Eigendur og stjórnendur VÍS hafa það að markmiði að gera VÍS að alþjóðlegu forystufyrirtæki á Norðurlöndunum og í Bretlandi á tilteknum sviðum trygginga-, fjármála og öryggisþjónustu. ■

# Skuldabréfaútboð til Noregs

Markaðsviðskipti Íslandsbanka luku í gær sölu á skuldabréfaútboði fyrir Havila Shipping ASA. Bréfin voru seld til íslenskra fagfjárfesta. Með skiptasamningi við Íslandsbanka fær útgefandinn 2.350 milljónir íslenskra króna til fimm ára. Hlutabréf Havila Shipping ASA eru skráð í norsku kauphöllinni.

Þetta er þriðja verðtryggða skuldabréfaútboðið í íslenskum krónum sem Íslandsbanki gerir á þessu ári fyrir erlend fyrirtæki. Hin tvö voru fyrir norska sjávarútvegsfyrirtækið Aker Seafoods og kanadíska sjávarútvegsfyrirtækið Clearwater. ■


VÍKJANDI VERÐTRYGGÐ SKULDABRÉF LÝSINGAR HF., 1. FLOKKUR 2005, SKRÁÐ Í KAUPHÖLL ÍSLANDS HF.

Kauphöll Íslands hf. hefur samþykkt að taka eftirfarandi skuldabréf á skrá Kauphallarinnar þann 10. nóvember nk.

Skuldabréfin í 1. flokki 2005 eru vaxtagreiðslubréf og bera þau fasta 5,20% flata ársvexti frá útgáfudegi. Útgáfudagur bréfanna var 19. september 2005. Endurgreiða skal höfuðstól skuldarinnar með einni afborgun þann 19. september 2015. Vextir greiðast árlega í fyrsta sinn þann 19. september 2006 og í síðasta sinn þann 19. september 2015. Bréfin eru til 10 ára. Bréfin víkja fyrir öllum öðrum kröfum á hendur útgefanda og við gjaldþrot eða slit endurgreiðast þau á eftir öllum kröfum öðrum en endurgreiðslu hlutafjár. Skuldabréfin eru innkallanleg frá 19. september 2010. Heildarnafnverð 1. flokks 2005 verður 500.000.000 kr. Skuldabréfin eru gefin út í 10.000.000 krónu einingum.

Bréfin eru verðtryggð og bundin vísitölu neysluverðs, sem er reiknuð og birt af Hagstofu Íslands skv. lögum um vísitölu neysluverðs nr. 12/1995, með grunnvísitölu í september 2005, 243,2.

Auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands verður LYS 05 1. Skráningarlýsingu, og þau gögn sem vitnað er til í henni, er hægt að nálgast hjá umsjónaraðila skráningarinnar, Kaupþingi banka hf., Borgartúni 19, 108 Reykjavík, sími 444 7000, fax 444 7319, www.kbbanki.is.

KB BANKI


# Fjármálaeftirlitið aðhefst ekkert í máli Serafin

**Serafin Shipping eignaðist yfir fimm prósenta hlut í Icelandic Group í skiptum fyrir hlut í Sjóvík. Lögbundnar upplýsingar voru ekki sendar Kauphöll Íslands.**




**STARFSTÖÐ ICELANDIC GROUP** Hluthafar í Icelandic Group hafa ekki fengið upplýsingar um Serafin Shipping, sem var sjötti stærsti hluthafinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Starfsmenn Fjármálaeftirlitsins telja ekki tilefni til að aðhafast neitt í máli Serafin Shipping, sem eignaðist yfir fimm prósenta hlut í Icelandic Group við sameiningu við Sjóvík í vor. Þegar félag eignast meira en fimm prósent í skráðu félagi ber því að senda lögbundnar upplýsingar til Kauphallar Íslands samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti um flöggunarskyldu. Það var ekki gert.

Hlynur Jónsson, lögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu, segir þetta niðurstöðu eftirlitsins eftir að hafa skoðað málið. Aðspurður hvort Serafin beri ekki að fara að lögum segist hann hafa upplýsingar sem gefi til kynna að lög hafi ekki verið brotin. Þegar hann er beðinn að útskýra það nánar segist hann ekki geta tjáð sig um einstök mál.

Icelandic Group er almenningshlutafélag og fá hluthafar samkvæmt þessu ekki lögbundnar upplýsingar um Serafin. Fjármálaeftirlitið, sem á að fylgjast með að leikreglur markaðarins séu virtar, telur ekki tilefni til að aðhafast.

Í tilkynningu til Kauphallarinnar frá Icelandic Group 23. júní síðastliðinn segir að Serafin Shipping hafi eignast 5,96 prósent í Icelandic Group í skiptum fyrir hlut sinn í Sjóvík. Birtist Serafin á lista í Kauphöllinni yfir tíu stærstu hluthafanna 10. júní. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins var þeim hlut fljótlega skipt á milli tveggja félaga; Fordace Limited og Deeks Associates, sem hvorugt átti meira en fimm prósent.

Af orðum Hlyns má ætla að Fjármálaeftirlitið geri ráð fyrir því að hlutnum hafi verið skipt á milli félaganna áður en að sameiningu Sjóvíkur og Icelandic kom. Starfsmaður Fjármálaeftirlitsins sagði í viðtali við Fréttablaðið 24. júní síðastliðinn að Serafin hefði verið skylt að flagga eftir sameininguna.

Viðskiptablað Fréttablaðsins hefur upplýst að Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Samskipa og SÍF, var eigandi Serafin. Ekki er vitað hver var eigandi Fordace Limited og Deeks Associates. Hlynur vildi ekki upplýsa hvort Fjármálaeftirlitið byggi yfir þeirri vitneskju. Séu hlutir skráðir á fleiri en eitt félag í eigu sama aðila ber að líta á hlutina sem eina heild. bjorgvin@frettabladid.is

# Leggja til hærri matarskatt



**FRÁ FUNDINUM Í GÆR** Pétur H. Blöndal alþingismaður lagði fram fyrirspurn en fundinum stjórnaði Runólfur Ágústsson, rektor Viðskiptaháskólans á Bifröst. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rannsóknarsetur verslunarinnar telur að frekar eigi að hækka virðisaukaskatt á matvæli en að lækka hann. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri skýrslu Rannsóknarsetursins um skattlagningu vöru og þjónustu á Íslandi sem var kynnt á ársfundi setursins í gær.

Höfundar skýrslunnar eru dr. Jón Þór Sturluson, forstöðumaður Rannsóknarseturs verslunarinnar, og Björn Snær Atlason viðskiptafræðingur. Jón Þór kynnti í gær niðurstöðu skýrslunnar og þar kom meðal annars fram að skattleggja ætti vörur í öfugu hlutfalli við verðteygni eftirspurnar en lægra þrep virðisaukaskatts leggst einkum á matvæli og nauðsynjavörur.

Þá kemur fram í skýrslunni að stjórnvöld geti náð byggðamarkmiðum sínum með skilvirkari hætti með því að fella niður innflutningsgjöld og auka í staðinn beingreiðslur til bænda því innflutningstollar á landbúnaðarvörur hér á landi snúist um byggðastefnu og fæðuöryggi landsins.

Í samanburði á tollum og sköttum á Íslandi og í nokkrum Evrópulöndum kemur fram að skattlagning er að jafnaði mest hér á landi. Matvörur eru þar fremstar í flokki og þar af sérstaklega landbúnaðarvörur. Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra tók dræmt í hugmyndir um að hækka virðisaukaskatt á matvæli og sagði að slíkt kæmi seint til framkvæmda hér á landi. - hb



# Til hamingju með Fjöreggið!



Alcan á Íslandi hf., sem rekur álverið í Straumsvík, hlaut á dögunum FJÖREGGIÐ, verðlaun Matvæla- og næringarfræðafélags Íslands.

Í niðurstöðu dómnefndar segir að viðurkenningin sé veitt „fyrir heilsuátak Alcan sem hófst í ársbyrjun 2004 og er ótímabundið. Það tekur á ýmsum þáttum sem skipta sköpum um vellíðan fólks. Átakið skiptist í þrjá megin þætti, næringu og hreyfingu, stoðkerfi og líkamsbeitingu og andlega líðan. Heilsuátakið sýnir í hnotskurn mikilvægi þess að vel sé hugsað um líðan og heilsu þess mannauðs sem býr í hverju fyrirtæki, ekki síður en um viðhald og rekstur tóla og tækja.“

Við óskum okkar fólki til hamingju með viðurkenninguna og frábæran árangur sem það hefur náð á undanförnum árum.

*Við óskum starfsmönnum Alcan til hamingju með góðan árangur!*

ALCAN

ENNEMM / SÍA / 18994

**FELIX MENDELSSOHN (1809-1847) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Kjarni fegurðar er eining og fjölbreytni.“*

***Felix Mendelssohn var þýskt tónskáld sem samdi meðal annars verkið Elías.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST> 4. NÓVEMBER 1995

## *Yitzhak Rabin ráðinn bani*

Á þessum degi árið 1995 var Yitzhak Rabin forsætisráðherra Ísraels skotinn til bana. Rabin var skotinn þrisvar í magann af stuttu færi þegar hann yfirgaf friðarsamkomu í Tel Aviv. Árásarmaðurinn, maður að nafni Yigal Amir, var yfirbugaður og handtekinn. Hann var stofnandi ólöglegrar byggðar gyðinga á Vesturbakkanum og tilheyrði hópi róttækra hægrimanna. Um hundrað þúsund Ísraelar voru á friðarsamkomunni til að lýsa yfir stuðningi við fyrirætlanir Rabin um friðarviðræður við Palestínumenn.

Yigal Amir hlaut lífstíðarfangelsi og bræður hans tveir þurftu að dúsa í nokkur ár í fangelsi fyrir samsæri.

Shimon Peres utanríkisráðherra tók við embætti Rabin og hélt áfram friðarviðræðum við Palestínumenn. Hann tapaði í kosningum fyrir Benjamin Netanyahu árið 1996 en sá var andstæðingur friðarsamkomulagsins.



YITZHAK RABIN

## MERKISATBURÐIR

**1922** Inngangurinn að grafhýsi Tutankahmen konungs í Egyptalandi finnst.

**1939** Fyrsti bíllinn með loftkælingu er til sýnis í Bandaríkjunum.

**1942** Áhöfn Brúarfoss bjargar 44 skipbrotsmönnum af enska skipinu Daleby.

**1952** Dwight D. Eisenhower er kosinn forseti Bandaríkjanna.

**1969** Sautján farþegar slasast þegar tveir strætisvagnar skella saman á Skúlagötu.

**1979** Fylgjendur Ayatollah Khomeini ráðast inn í bandaríska sendiráðið í Teheran og taka 90 í gíslingu.

**1995** Orkan hf. opnar þrjár bensínstöðvar.

## JARÐARFARIR

10.30 **Jónína Sjöfn Jóhannsdóttir**, Blikabraut 6, Keflavík, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju.

13.00 **Gunnar Sigurgeirsson**, Austurvegi 5, Grindavík, verður jarðsunginn frá Grindavíkurkirkju.

13.00 **Kjartan Ólafsson**, frá Strandseli, Ögurhreppi við Ísafjarðardjúp, Birkihvammi 8, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Digraneskirkju.

13.00 **Þóra Birna Brynjólfsdóttir** verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

13.00 **Þórður Guðjónsson**, útgerðarmaður, Skólabraut 29, Akranesi, verður jarðsunginn frá Akraneskirkju.

13.00 **Þórður Óskarsson**, fyrrverandi útgerðarmaður á Akranesi, Urðarási 8, Garðabæ, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

13.30 **Guðríður Ólafsdóttir**, Hlíðargötu 4, Akureyri, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju.

14.00 **Páll Þorvarðsson**, frá Dalshöfða, Fljótshverfi, Holtsgötu 29, Njarðvík, verður jarðsunginn frá Ytri-Njarðvíkurkirkju.

15.00 **María Þorsteinsdóttir**, frá Eyri í Skutulsfirði, verður jarðsett frá Hafnarfjarðarkirkju.

15.00 **Óskar Kristjánsson**, útgerðarmaður frá Súgandafirði, verður jarðsunginn frá Seltjarnarneskirkju.

## ANDLÁT

**Ólöf Baldvins**, fyrrum bóndi á Brún, Akureyri, lést á dvalarheimilinu Hlíð laugardaginn 29. október.

**Þorkell Steinsson**, Hafnarstræti 16, Akureyri, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri sunnudaginn 30. október.

**Ásgerður Theodóra Jónsdóttir**, Hrísholti 12, Selfossi, lést mánudaginn 31. október.

**Kári Páll Friðriksson**, pípulagningameistari, Blásölum 20, Kópavogi, áður Dalseli 8, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 31. október.

**Ólafur H. Jóhannesson**, Suðurtúni, Álftanesi, andaðist á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 1. nóvember.

**Margrét G. Margeirsdóttir**, áður til heimilis í Stífluseli 9, lést á hjúkrunarheimilinu Eir miðvikudaginn 2. nóvember.



Rúnar Geirmundsson Sigurður Rúnarsson Elís Rúnarsson

**Þegar andlát ber að**

**Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara. Alhliða útfararþjónusta Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020**

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

**LEGSTEINAR**
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is




†

*Elsku mamma okkar, tengdamamma og amma,*

**Margrét G. Margeirsdóttir**

áður til heimilis að Stífluseli 9,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir miðvikudaginn 2. nóvember. Jarðarförin auglýst síðar.

**Helga Ingibjörg Sigurðardóttir**
**Magnús E. Baldursson**
**Helena Drífa Þorleifsdóttir**
**Atli H. Sæbjörnsson**
**Þórarinn F. Þorleifsson**
**Hugrún Hrönn Þórisdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þóra Birna Brynjólfsdóttir**

lést að Hrafnistu í Hafnarfirði sunnudaginn 30. október. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 4. nóvember kl. 13.00.

**Magnús Gústafsson**
**Edda Birna Gústafsson**
**Birna Magnúsdóttir**
**Björn Magnússon**
**Dagbjört Ósk Steindórsdóttir**
**Einar Magnússon**
**Áslaug Jónsdóttir**
**Jórunn María Magnúsdóttir**
**Haukur Bragason**
**Baldur Dan Alfreðsson**
**Þórir Dan Viðarsson**
**Jóhanna Stella Baldvinsdóttir**
**og barnabarnabörn.**

## RAGNHILDUR GÍSLADÓTTIR HLÝTUR ÍSLENSKU BJARTSÝNISVERÐLAUNIN

# Meiri birta í huga mér

„Þetta var einkennileg tilfinning, svona barnaleg og maður varð hálf feimin,“ segir Ragnhildur Gísladóttir söngkona sem tók við Íslensku bjartsýnisverðlaununum úr hendi forseta Íslands í vikunni við hátíðlega athöfn í Íslensku óperunni.

Alcan á Íslandi er bakhjarl verðlaunanna sem fyrst voru kennd við danska athafnamanninn Peter Bröste. Það var því viðeigandi að verðlaunagripurinn væri áletraður álklumpur úr Straumsvík. Ragga ætlar honum heiðursstað á heimilinu. „Ég ætla að finna einhvern rosa góðan stað, kannski uppi á píanóinu,“ segir hún og hlær en auk þess hlýtur hún peninga að upphæð einni milljón króna.

„Fyrst og fremst finn ég fyrir þakklæti en ég er samt hissa,“ segir Ragga og hlær. Hún minnist fyrstu viðbragða sinna þegar hún fékk að vita af verðlaununum. „Ég spurði fyrir hvað ég væri að fá þau,“ segir hún hógvær.

„Þessi verðlaun eru kannski svolítið í stíl við mitt líf,“ segir hún hugsandi en töluverð breyting varð á högum Röggu nýverið þegar hún ákvað að hætta að syngja með Stuðmönnum, sem hún hafði starfað með í rúm tuttugu ár, og setjast á skólabekk á ný til að læra tónsmíðar. „Þetta heiti, bjartsýni, er líka eins og upphaf að einhverju,“ útskýrir hún en hún segir verðlaunin þó ekki breyta neinni ákvörðun sem hún hafi þegar tekið um framtíðina.

Námið í Listaháskóla Íslands leggst vel í Röggu. „Þarna kemur í ljós hvað maður veit ofsalega lítið,“ segir hún kímin en á fyrsta árinu er að mestu lagður grunnur að tónsmíðum með tónfræði og sögu en alvöru tónsmíðar koma síðar. „Ég er samt alltaf eitthvað að semja,“ segir Ragga glaðlega og bætir við, „bara fyrir líf mitt,“ og hlær hjartanlega. Ragga segist alltaf verða bjartsýnni með árunum. „Kannski kemur þetta með aldrinum, en það er allavega meiri birta í huga mér nú.“



**Í STÍL VIÐ LÍFIÐ** Ragga segir nafnið á verðlaununum, bjartsýni, marka upphaf líkt og nýhafin skólaganga hennar í Listaháskóla Íslands. HARI

## FYRSTA STARFIÐ: MAGNÚS THEÓDÓR MAGNÚSSON, TEDDI.

# Braskaði með bíómiða og tyggjó

„Ég seldi Daily Post á stríðsárunum,“ segir Magnús Theódór Magnússon myndhöggvari, eða Teddi eins og hann er ávallt kallaður, um sitt fyrsta starf um níu ára aldur. Samtímis þar hann út Alþýðublaðið. „Ég bjargaði mér rosalega og hef alltaf átt peninga,“ segir Teddi sem þannig þénaði vasapening til að eyða í bíóferðir og nammi.

„Síðan átti maður viðskipti við Ameríkanann, keypti af þeim tyggjó og seldi,“ segir Teddi en mikið af skipum komu til Reykjavíkur rétt fyrir stríð og segir Teddi það hafa tíðkast hjá peyjum að kaupa tyggigúmmí, bindi og fleira og hafa milligöngu um sölu á þeim.

„Svolítið seinna var ég einn af þeim mörgum sem keyptu bíómiða og seldu. Ég keypti miðann á 3,50 krónur og seldi á tíkall,“ segir Teddi en mikil eftirspurn var eftir bíómiðum enda bíóhúsin aðeins þrjú, Tjarnarbíó, Gamla bíó og Nýja bíó. „Þetta kallast að bjarga sér en við sem vorum vakandi keyptum marga miða,“ segir Teddi sem meira að segja gerði út aðra stráka til að kaupa miða. „Þetta gerðu margir sem ólust upp á stríðsárunum en það er aldrei talað um neitt svona,“ segir Teddi og minnist þess að hann var kallaður hrekkjusvín enda hafi alltaf farið mikið fyrir honum.

Teddi verður með sýningar í vinnustofu sinni á Arnarholti á Kjalarnesi allar helgar fram að jólum og eru allir velkomnir.



Reykjavík 9.21 13.11 17.01
Akureyri 9.16 12.56 16.35

# allt

**matur** o.fl.
**Súkkulaði**
Síríus á bók
bls. 4

**tilboð** o.fl.
**Kostakaup**
Bestu tilboð helgarinnar
bls. 6

**langur laugardag**
**Börnin**
Margt í boði fyrir yngstu kynslóðina
bls. 10

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL

FRÉTTABLAÐIÐ

*Góðan dag!*
Í dag er föstudagur 4. nóvember, 308. dagur ársins.

## KRÍLIN




## SMÁAUGLÝSINGAR

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir



Ragnar hlakkar til að takast á við margs konar matargerð í nýja eldhúsinu.

# Allur fiskur góður

***Ragnar Sær Ragnarsson, fyrrverandi sveitarstjóri Bláskógabyggðar og þátttakandi í prófkjöri sjálfstæðismanna er matgæðingur sem kann að meta fisk, bæði hráan og eldaðan.***

Ragnar Sær kveðst hafa aðhyllst japanska matargerð síðustu mánuði, að minnsta kosti til spari. Hættir samt við að deila með okkur sushi og heldur sig þess í stað við íslenska laxinn. „Lax sem er steiktur uppúr rice crispies er vinsæll réttur kringum mig og ég held að hvert heimili geti nýtt sér þá uppskrift á næstu dögum," segir hann. Honum finnst allur fiskur góður, hvort sem hann er saltaður, reyktur eða ferskur, hrár eða eldaður. „Hann er líka fullur af vítamínum og frábær fyrir meltinguna," segir hann sannfærandi.

Ragnar Sær kveðst nýlega hafa gengið í „mini, mini" matarklúbb þar sem áhersla er lögð á japanskan mat og er í öðrum aðeins stærri klúbbi sem hefur hist í mörg ár og eldað meira fínni mat því eins og hann segir brosandi: „Það er alltaf gaman að elda góðan mat og ekki síður borða hann."

Þegar grennslast er fyrir um áhuga Ragnars Sæs á sushi kemur í ljós að hann hefur farið tvær ferðir til Japans á átta mánuðum. Fyrri ferðina fór hann til að kynna sér uppeldi og menntun barna og þá seinni með 40 krakka til að syngja á heimssýningunni. „Öllum Íslendingunum, yfir hundrað talsins, var boðið að borða á þekktum sushi-stað og Japanar voru svo sniðugir að fá nokkra úr hópnum í eldhúsið til að sjá um matargerðina. Við vorum dubbuð upp í viðeigandi fatnað og fengum band um hárið," segir Ragnar Sær sem hefur um fleira að hugsa þessa dagana en matarkúnstir því hann er þátttakandi í prófkjöri sjálfstæðismanna í borginni.

Eldhúsið heima hjá Ragnari Sæ er allt nýtekið í gegn og hann er afar ánægður með dönsku HTH-innréttinguna sem hann fékk hjá Bræðrunum Ormson. Svo er hann með svart granít borðunum. „Það er einfaldleikinn sem gildir á mínu heimili en ég hef aldrei átt svona fínt eldhús eins og núna," segir hann og bætir við. „Það verður gaman að takast á við eldamennskuna í því."

Uppskriftina að laxinum er að finna á næstu opnu.

Jólastemning







Jólin eru byrjuð í Unika, glæsilegt úrval. Freistandi nýjungar til heimilis og gjafa.

UNIKA
Fákafeni 9 Sími: 568 6700
mán-fös. 10-18, laug. 11-16 og sun. 13-16

Íslensk list
gerir hús
að heimili



Mynd eftir Karólínu Lárusdóttur



Mynd eftir Soffíu Sæmundsdóttur

LISTMUNASALA
fold

Opið í Kringlunni laugardaga kl. 10-18,
sunnudaga kl. 13-17

Opið á Rauðarárstíg laugardaga kl. 11-16,
sunnudaga kl. 14-16

Rauðarárstíg 14, sími 5510400 · Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · Kringlunni og Rauðarárstíg

allt

# matur o.fl.



**Pastaréttir** þurfa ekki að vera flóknir til að vera góðir. Það getur til dæmis verið mjög gott að hella bara pestói yfir soðið pasta og strá svo slatta af parmesanosti yfir. Einfalt, fljótlegt og gott.

## SANTA RITA:

# *Bragðmikið og góður ilmur*



Santa Rita var stofnað á 19. öld en vínkjallari hússins er sá elsti í landinu, frá 18. öld. Höfuðstöðvarnar eru í Maipodalnum, einu gjöfulasta víngerðarsvæði heims. Óvíða eru aðstæður til vínræktar betri og meira að segja Frakkar, sem annars vilja ekkert gott um önnur vínræktarlönd segja, tala af lotningu um aðstæður í Maipo. Framfarir í víngerð hafa verið gríðarlegar í Chile og með hverju árinu koma sífellt betri vín á markað. Santa Rita er í fylkingarbrjósti í útflutningi gæðavína til Evrópu og Ameríku. Þykja vín fyrirtækisins afar hagstæð miðað við gæði og var Santa Rita meðal annars útnefnt „hagstæðasti vínframleiðandinn“ í tímaritinu Wine & Spirits árið 2002.

Santa Rita 120 Merlot er bragðmikið, mjúkt með bökuðum sólberjakeim. Grösugur og góður ilmur, hundrað prósent hreint merlot sem er gott með óformlegum mat, pasta, ostum eða eitt og sér.

**Verð í Vínbúðum 1.090 kr.**





Dyrfjöll við Borgarfjörð eystri á Austurlandi.

Eyjan Skrúður við Neskaupstað.












# Netvætt lambakjöt

***Nú gefst fólki um allt land kostur á að kaupa lambakjötið beint frá bóndanum. Framkvæmdin er einföld, rétt eins og að panta pítsu. Pantanir fara fram á www.austurlamb.is og vonast aðstandendur Austurlambs að netvæðingin verði viðskiptahvati fyrir íslenskar landbúnaðarafurðir.***

Vefstarfsemi Austurlambs er búin að vera opin síðan haustið 2003 og hefur fengið góð viðbrögð síðan þá. Sigurjón Bjarnason, framkvæmdastjóri Sláturfélags Austurlands, segir um helming veltunnar fara á höfuðborgarsvæðið um fjórðung á Austurland og um 25 prósent í aðra landshluta. Ýtrustu kröfur eru gerðar til þeirra bænda sem framleiða lambakjöt undir merkjum Austurlambs og tryggt er að kjötið fái fyrsta flokks meðhöndlun í afurðastöð. Neytendur geta fengið upplýsingar hjá bóndanum um að ekki sé beitt neinum aðferðum, sem neytandinn fellir sig ekki við, svo sem ofnýtingu lands, kálbeit, lyfjagjöf og fleira.

Sigurjón segir helstu kostina fyrir neytendur vera meiri bragðgæði í kjötinu, „Við erum með bestu gæðaflokkana í þessu kjöti, mestu holdfyllinguna og minnstu fituna. Þetta er líka eina íslenska leiðin til að vita uppruna vörunnar, það er af hvaða bónda þú ert að kaupa,“ segir Sigurjón en Austurlamb styðst við EUROP-kjötmatskerfið. Austurlenskt lambakjöt er með því betra á landinu. Hagstæðar náttúrulegar aðstæður og áratugareynsla bænda skipta þar miklu máli. Austfirskir bændur hafa náð árangri við að draga úr fitu á lömbum, en bjóða þó tiltölulega þunga skrokka. Rannsóknir hafa líka sýnt að hlutfall ómettaðra Omega-3 fitusýra í lambakjöti er einna hæst af Austurlandi, en þessar sýrur þykja heilsusamlegri en önnur fita.

„Langflestir panta í gegnum netið en einstaka hringja beint í bóndann,“ segir Sigurjón. „Við erum með samning við Landflutninga og þeir senda þetta hvert á land sem er. Afgreiðslufresturinn hefur verið svona vika til tíu dagar, Við vildum hafa það skemmri tíma en það er langt að senda þetta og vinnsluhraðinn er ekki meiri.“ segir Sigurjón.

Á heimasíðu Austurlambs er að finna allt um flokkun dilkakjöts, matreiðsluaðferðir og uppskriftir, upplýsingar um framleiðsluhætti einstakra Austurlambsbænda. Heimasíðan er aðgengileg og vöruflokkar vel skilgreindir ásamt því að vera fjölbreyttir. Bæirnir sem selja landbúnaðarvörur sínar í gegnum vefinn eru Brekkubær, Unaós, Bakkagerði, Klaustursel, Hákonarstaðir, Melar, Hjartarstaðir, Útstekkur, Dalir og Fossárdalur.


















## Nýjung í pitsugerð

SÉRSTAKAR FJÖLSKYLDUPITSUR HAFA VERIÐ VINSÆLAR Í EVRÓPU UPP Á SÍÐKASTIÐ.

Nýjar pitsur eru komnar á markaðinn sem þjóna sérþörfum fjölskyldufólks. Pitsunni er skipt niður í fjórar litlar pitsur og því getur hver fjölskyldumeðlimur valið sitt álegg óháð öðrum. Þetta kemur í veg fyrir öll rifrildi þegar panta skal pitsu, foreldrarnir geta valið sér ólívur og sveppi án þess að krakkarnir fari að kvarta. Pizza Hut býður upp á þessa nýjung sem kallast Fjarkinn og hefur verið vinsæl í Evrópu síðustu mánuði.



Fjórskipt pítsa sem hentar fjölskyldufólki.

# Kætir bragðlaukana

*Hin taílenska Somjai Sirimekha eldar fljótlega og freistandi rétti.*


Kínakálssalat með steinseljupestói Steikt kínakál með núðlum Kjúklingur með kínakáli og sveppum.

Sætur matarilmur mætir vitum þegar gengið er framhjá borðinu í Nettó þar sem Somjai Sirimekha stendur yfir pottunum. Eldamennska hennar er liður í kynningu á alþjóðlegri matargerð sem Nettó og Alþjóðahúsið hafa staðið fyrir undanfarnar vikur. Haldnir hafa verið indverskir, kínverskir og tyrkneskir dagar svo nokkuð sé nefnt.

Somjai er frá borginni Nakhonratchasima í Taílandi. Hún er þekkt fyrir að vera listakokkur enda hefur hún tekið að sér matargerð fyrir hópa og heimilisveislur undanfarin ár. Nú starfar hún líka hjá borginni sem þjónustufulltrúi í Miðbæ og Hlíðum en ferðast á milli Nettóverslana síðdegis með pottana. Hér er uppskrift að fljótlegu salati frá henni sem örugglega á eftir að kitla bragðlauka einhverra lesenda. Það er ætlað fyrir tvo.

**KJÚKLINGASALAT**
1 poki tilbúið blandað salat, beint úr kælinum
1 græn paprika, söxuð í grófa bita
1 rauðlaukur, saxaður í grófa bita
kjúklingabringa fínskorin
ólífuolía,
balsamedik
pínulítið hunang
hálf appelsína, söxuð
furuhnetur ristaðar

Skolið salatið og skiptið því á tvo diska. Látið olíu á steikarpönnu og hitið mjög vel. Steikið kjúklingastrimlana þar í góða stund þar til þeir eru steiktir í gegn, bætið þá paprikunni og rauðlauknum út í og svissið smá stund. Hrærið að endingu saman hunanginu, balsamedikinu og appelsínunni yfir, kraumið það saman í eina mínútu, skiptið þessu síðan á milli diskanna. Stráið furuhnetunum yfir salatið að lokum.

Gott er að bera salatið fram með litlum frönskum smábrauðum.


Somjai Sirimekha

**RINASCIMENTO:**

# Flaskan með andlitunum fær gyllta glasið!

Í tengslum við Norðurlandamót vínþjóna fyrir hálfum mánuði var í fyrsta skipti veitt viðurkenningin „Gyllta glasið“ og stóðu Vínþjónasamtök Íslands að valinu. Innflytjendur tilnefndu vín í verðflokknum 1.200 til 1.500 kr. og sáu keppendur á mótinu um að velja tíu bestu vínin. Eitt þeirra tíu vína sem hlutu „Gyllta glasið“ var Rinascimento.

Hvað er Rinascimento? Æi, það er flaskan með andliti á miðanum. Já, það! Þetta heyrir maður oft og notar sjálfur. Rinascimento-nafnið er ekkert auðlesið á flöskunum en flestir muna eftir andlitunum. Þetta er eina vínið frá framleiðandanum Dievole, sem er í sölu í flestum Vínbúðum. Það sem er merkilegt við þetta vín er að það samanstendur af 9 „gömlum“ hálfgleymdum ítölskum þrúgum sem Mario di Dievole ákvað að hefja til vegs og virðingar á ný enda þýðir nafnið, Rinascimento, endurreisnin eða endurfæðingin.




Hvað er síðan betur við hæfi en að setja myndir af þeim sem sjá um að endurreisa ekrurnar á flöskumiðana? Þeir eru sex, í hverjum kassa eru 6 flöskur og því 6 mismunandi andlit. Dino er yfirvíngerðarmaðurinn og sá sem ákveður hvenær uppskera hefst og hvar er byrjað, (kjallarameistarinn ræður engu um það) en hans nafn og hinna víngerðarmannanna eru rituð undir myndunum.

Í tímaritinu Gestgjafanum var Rinascimento smakkað og hlaut eftirfarandi umsögn Þorra Hringssonar sem gaf því háa einkunn eða fjögur glös: „Upprunnið í Toskana en ekki Chianti-vín þótt uppistaðan í því sé þrúgan Sangiovese því að auki eru þarna Canaiolo, Colorino, Foglia tonda, Ancelotta og Barsaglina. Ég lái ekki nokkrum manni að hafa aldrei heyrt minnst á þessar fjórar síðastnefndu, enda eru víst ekki margir hektarar af landi sem fara undir ræktun á þeim á Ítalíu, hvað þá utan landsins... Ilmurinn er dökkur og þurr og það staðfestist enn frekar í munninum því að þetta er eitt þurrasta rauðvín sem ég hef lengi smakkað... Jarðbundið og sveitalegt vín sem er mjög gott með ítölskum kjötréttum, hörðum ostum og dökku pasta. Prófið að umhella því svona þremur klukkustundum fyrir neysluna.“

**Verð í Vínbúðum 1.490 kr.**

# Kannt'að sjóða pasta?

ÞAÐ LÍTUR ÚT FYRIR AÐ VERA AUÐVELT OG ER ÞAÐ LÍKA, EN SAMT ER ALVEG HÆGT AÐ KLÚÐRA ÞVÍ.

Pasta þarf að sjóða í miklu vatni og stórum potti. Lítill pottur eða of lítið vatn þrengir að því og gerir það að verkum að pastað sýður ójafnt og verður klesst. Hálft kíló af pasta ætti að sjóða í tveimur lítrum af vatni með tveimur teskeiðum af salti.

Til að kanna hvort pastað er mátulega soðið er ráð að taka eitt stykki upp úr pottinum og leyfa því að kólna aðeins. Pastað er tilbúið til neyslu ef það er „al dente“ sem þýðir stinnt undir tönn en hvorki hart né maukkennt. Ef pastað er í lengjum er líka gamalt og gott ráð að taka eina lengjuna og henda í vegg. Ef hún festist á veggnum er pastað nógu soðið.

Hellið pastanu í gegnum sigti en geymið einn bolla af vökvanum ef bleyta þarf aðeins upp í réttinum áður en hann er borinn fram. Aldrei setja pasta undir kalda vatnsbunu. Ef meiningin er að nota það í salat eða lasagna verður bara að sjóða það fyrr svo það nái að kólna.





## Uppskrift

### Ofnbakaður lax fyrir fjóra

UPPSKRIFT RAGNARS SÆS RAGNARSSONAR

1-2 laxaflök
sítrónusafi
salt
pipar
fiskikrydd (frá Pottagöldrum)
1 eggjahvíta, léttþeytt
1 bolli rice crispies
4-5 smjörklípur (um 1 tsk. hver)

Laxaflökunum er raðað þétt í smurt eldfast fat. Sítrónusafa og kryddi stráð yfir, eggjahvítunni hellt á fiskinn og rice crispies mulið yfir. Að lokum er smjörklípunum raðað ofan á. Sett í 200 gráðu heitan ofn og bakað í 20 mínútur.
Borið fram með soðnum kartöflu og salati.

**Salat**
1 poki klettasalatsblanda
1/2 askja kirsuberjatómatar skornir í tvennt
1/2 agúrka skorin í bita
1/2 rauðlaukur skorinn í sneiðar
1/4 bolli ristaðar furuhnetur
Öllu blandað saman og ólífuolíu og balsamediki hellt yfir.

allt hús
Alla mánudaga

Víngerðar NÁMSKEIÐ

BYRJENDUR Í HEIMAVÍNGERÐ

Áman stendur fyrir námskeiðum í heimavíngerð.
Næsta námskeið er miðvikudaginn 9. nóv. 2005 kl. 19 til 21

Farið verður yfir ferilinn við víngerðina og gefin góð ráð. Leiðbeinendur eru starfsmenn Ámunnar. Lengd u.þ.b. 2 klukkustundir.

Verð kr. 2.000,- og innifalið er byrjunarsett. Þátttakendum býðst 20% afslátur af öllum vörum Ámunnar á námskeiðskvöldinu.

Nánari upplýsingar er að finna á www.aman.is og í síma 533-1020.

áman Skeifunni 11d Sími 533 1020

Piparsósa...
... þegar vindur hvín!




*Tilvalin köld út á kjötið, í fiskrétti, með reyktum silungi og sjávarfangi. Góð með köldum, steiktum lunda og sem ídýfa.*

Bernaisesósa...
... þegar sólin skín!




VOGABÆR

*Frábær köld úr dósinni eða hituð upp, með lambakjöti, nautakjöti, fiski eða kjúklingaréttum í ofni.*

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

# Síríussúkkulaði á bók

*Kökubæklingar Nóa-Síríus nú í hátíðaútgáfu.*

Fyrsti kökubæklingurinn frá Nóa-Síríus kom út fyrir rúmum áratug og sló strax rækilega í gegn á íslenskum heimilum. Þeir komu alltaf út fyrir jólin og urðu smám saman að jólahefð hjá fjölda Íslendinga, Í gegnum tíðina hafa bæklingarnir orðið fyrir ýmsu hnjaski eins og eðlilegt er með mikið notaðar uppskriftir. Það er því mikið gleðiefni að nú er komin út matreiðslubók þar sem úrval úr gömlu uppskriftunum hittir fyrir nýjar súkkulaðiuppskriftir eftir Marentzu Poulsen. Súkkulaðiáhugamenn og -konur geta glaðst yfir þessari fallegu bók og hlakkað til að reyna sig við uppskriftirnar gömlu og nýju. Hér fylgja tvær til að brýna sig á.



All bran eplaleikur

**ALL-BRAN EPLALEIKUR**
**180 g All-Bran, mulið í matvinnsluvél**
**100 g sykur**
**50 g smjör**
**150 g rifið Síríus suðusúkkulaði**
**4-5 súrsæt epli (t.d. Jonagold)**
**1/2 dl vatn**
**1 dl sykur**
**4 msk rifsberjahlaup**
**3 dl rjómi**

Blandið saman All-bran og sykri. Bræðið smjörið á djúpri pönnu og ristið blönduna í smjörinu - hrærið vel á meðan. Takið pönnuna af hitanum og látið mesta hitann rjúka úr blöndunni. Bætið súkkulaðinu saman við og hrærið. Flysjið eplin og skerið þau í báta. Sjóðið saman vatn og sykur þar til sykurinn er bráðinn. Setjið eplin út í og hrærið þar til þau fara að mýkjast. Kælið eplin í sykurleginum. Stráið 13 af All-bran blöndunni á botninn í glærri skál. Setjið 1/3 af eplunum yfir. Setjið rifsberjahlaup hér og þar yfir eplin. Þeytið rjómann og smyrjið þriðjungi hans yfir. Endirtakið þetta og endið á rjómanum. Skreytið með rifnu súkkulaði og rifsberjahlaupi. Geymið í kæli uns komið er að framleiðslu. Þessi eftirrétturinn er bestur eftir að hafa staðið í kæli í 1-2 tíma. einnig er hægt að bera hann fram í glösum.

**VETRARSÓL**
**Botn**
**2 eggjahvítur**
**80 g sykur**
**1/3 tsk edik**
**u.þ.b. 50 g hakkaðar möndlur**
**70 g Síríus konsum suðusúkkulaði, smátt saxað**



Vetrarsól

Þeytið hvíturnar vel, setjið svo sykurinn og edikið út í og þeytið þar til sykurinn er uppleystur. Blandið möndlunum og súkkulaðinu saman við með sleikju. Bakið við 110°C í 40 mínútur.

**ÍS**
**2 eggjarauður**
**1 egg**
**50 g sykur**
**2 1/2 þeyttur rjómi**
**1 tsk vanilludropar**
**200 g saxað Síríus rjómasúkkulaði með hnetum.**

Þeytið eggin og sykurinn vel saman, blandið þeyttum rjómanum og vanilludropunum saman við með sleikju. Blandið söxuðu súkkulaðinu síðan saman við. Setjið botninn í form, hellið ísnum yfir og frystið, helst yfir nótt.

**SÓSA**
**1 msk. síróp**
**100 g Síríus suðusúkkulaði (konsum)**
**100 g Síríus rjómasúkkulaði**
**3 dl rjómi**

Hitið rjómann í potti við lágan hita, bætið súkkulaðinu út í ásamt sírópinu og bræðið vel saman. Látið malla í u.þ.b. 3 mínútur. Berið fram strax með tertunni.

Þessi terta geymist vel og lengi í frysti og því er hægt að baka hana núna og gæða sér á henni á jólaföstunni. Takið tertuna út hálftíma áður en hún er borin fram.




Síríus suðusúkkulaði nýtur mikilla og stöðugra vinsælda hjá bakandi Íslendingum.

## Kjúklingur með beikoni

EINN ÓTRÚLEGA GÓÐUR.

**Beikonvafðar kjúklingabringur**
**Kjúklingabringur**
**Beikonbréf**

Kjúklingabringur skornar langsum í ca. 3 bita. Beikonið vafið utan um og gott að tylla því með tannstöngli. Síðan er kjúklingurinn steiktur á pönnu eða settur í eldfast mót inn í ofn.

**SÓSA**
**1 laukur**
**2 hvítlauksrif**

**Glassera þetta á pönnu.**

**2 dl tómatsósa**
**1 dl HP sósa**
**sojasósa**
**svartur pipar**
**2 msk. Worchester-sósa**
**ca. 2 dl appelsínusafi**
**1 msk. edik.**
**Allt sett út á pönnuna eða í pottinn og hrært saman.**



Kjúklingurinn er skreyttur með sveskjum og borinn fram með fersku grænmeti.



## Gefa matnum lit

STERK KRYDD ERU YFIRLEITT KOMIN LANGT AÐ. ÞAU BÆTA BRAGÐIÐ AF MATNUM SÉU ÞAU NOTUÐ Í HÓFI.

Garam masala er indversk blanda af mörgum kryddum. Oftast samanstendur það af kummini,koriander, kardemommu, cilidufti og engiferi

Ciliduft er blanda af cilipipar, kummini, oregano, salti og hvítlauk.

Sítrónugras er mikið notað í asískri matargerð, sérstaklega í Tælandi og Víetnam. Það er annað hvort soðið með matnum eða innsti kjarninn er hakkaður fínt. Það getur sem best geymst í frysti.





Osta- og ólífubrauð að hætti Jóa Fel
- full af ólífum og hvítlauk
Kleppsvegi 152 Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 7 - 16.
Smáralind Mán. - föst. 9 - 19. Laug. 10 -18. Sun. 12 -18.

Réttir kvöldsins
Fordrykkur í boði hússins
M/ þriggja rétta seðlinum Canasta Cream

| Forréttur | verð f/ einrétta | verð f/ þriggja rétta máltíð |
|---|---|---|
| Humarsúpa m/ rjómatoppi og hvítlauksbrauði | kr. 850 | |
| Aðalréttir | | |
| Smjörsteiktur skötuselur m/ hvítvínssósu , grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 2.950 | kr. 3.890 |
| Lambafillet m/ sherrybættri sveppasósu, grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 2.980 | kr. 3.890 |
| Nautalundir m/chateaubriandsósu, grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 3.150 | kr. 3.990 |
| Eftirréttur | | |
| Súkkulaðifrauð | kr. 690 | |

Tilboðin gilda öll kvöld
Borðapantanir í síma 562 1988
Veitingahúsið Madonna / Rauðarárstíg 27 / www.madonna.is



allt markvissar auglýsingar
...um bíla
á laugardögum í Fréttablaðinu.
Hafið samband við auglýsingadeild „Allts"
Síminn er 550-5000
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - FRE 30123 04/2005

allt tíska
Alla fimmtudaga

# Ávaxtabíllinn með sendingar í heimahús

*Nú getur almenningur á höfuðborgarsvæðinu fengið ávexti og grænmeti sent heim á fimmtudagskvöldum.*


Sýnishorn af bökkunum sem Ávaxtabíllinn er með.

„Vöruúrvalið hjá okkur samanstendur af ávöxtum og grænmeti, ávaxtabökkum, grænmetisbökkum, partýbökkum og svo túnfisks-, rækju- og hummussalati. Við leggjum áherslu á gæðavöru og til dæmis eru rækjusalötin okkar með risarækju að stórum hluta. Einnig notum við kotasælu og sýrðan rjóma en ekki majones í salötin,“ segir Haukur Magnússon, sem á fyrirtækið Ávaxtabílinn ásamt konu sinni Soffíu Marteinsdóttur. Hann segir dreifinguna í heimahús eingöngu fara fram á fimmtudagskvöldum til að byrja með og standa frá 18-22. „Við getum ekki sagt til um hvenær vörurnar berast á þessu tímabili, þannig að einhverjar ráðstafanir þarf að gera ef viðskiptavinur bregður sér af bæ,“ segir hann og tekur fram að vörurnar þurfi að vera búið að panta og greiða á miðnætti á miðvikudegi. „Við höfum reynt að hafa úrvalið af ávöxtum og grænmeti sem mest en þó verðum við að takmarka það að einhverju leyti því annars yrði pökkunin of tímafrek og flókin. Við viljum gjarnan heyra frá viðskiptavinum hvers þeir sakna og reynum þá að bregðast við því,“ segir Haukur. Þau hjónin hafa eins og hálfs árs reynslu í að reka Ávaxtabílinn en hingað til hefur þjónustan eingöngu snúist um fyrirtæki og stærri pantanir. Brauðbíllinn er liður í þeirri þjónustu. Hann fer í fyrirtæki á föstudagsmorgnum með nýbakaðar bollur, hollar ávaxtakökur og salöt eftir pöntunum. Heimasíða fyrirtækisins er www.avaxtabillinn.is og hægt er að panta í símum 517-0110, 821-4461 og 8200-864 eða gegnum netfangið avaxtabillinn@avaxtabillinn.is.


Sannarlega freistandi.






# Geymsla á grænmeti og ávöxtum

*Geymsluþol grænmetis og ávaxta er mjög háð því hvernig það er geymt. Ekki á sama geymsluaðferðin við allar tegundir. Almennt er mælt með að maður kaupi ávexti og grænmeti eins ferskt og hægt er.*

Ávexti á að geyma á köldum stað, þá haldast þeir ferskir lengur. Vissir ávextir eins og bananar og mangó skemmast þó er þeir eru geymdir á of köldum stað. Þegar ávextir eru þroskaður bragðast þeir best. Óþroskaðir ávextir geta verið súrir, grænir og harðir á meðan þroskaðir ávextir eru fallegir á litinn, sætir og safaríkir. Ávextir þroskast meðal annars fyrir tilstilli lífræna efnasambandsins etýls. Þegar ávextir eru geymdir á köldum stað hægir á framleiðslu þess og hægir þess vegna á þroskanum.

Nokkrir ávextir gefa frá sér það mikið af etýli að það getur haft slæm áhrif á aðrar tegundir af ávöxtum eða grænmeti. Etýlið frá eplum getur til dæmis haft þau áhrif á tómata að þeir þroskist of hratt. Einnig getur það haft þau áhrif á gulrætur að þær verða beiskar.

Grænmeti geymist best í pappírspokum eða plastíláti. Raki getur auðveldlega myndast í bökkum sem maður kaupir með til dæmis sveppum eða paprikum. Rakt grænmeti rotnar fljótt og myglar og þess vegna er best að opna slíkar pakkningar strax eða gera gat á umbúðinar. Plastfilman á bökkunum hefur þó þann kost að hún kemur í veg fyrir að grænmetið þorni.

Athuga ber að það eru alltaf bakteríur á yfirborði grænmetis. Skítugt grænmeti á þess vegna að geyma aðskilið frá öðrum fæðutegundum. Eins og ávextir er grænmeti vitaskuld bragðbest þroskað. Birta flýtir fyrir þroska grænmetis og því getur verið gott að geyma óþroskað grænmeti á björtum stað, vilji maður flýta fyrir þroska þess. Kartöflur á hins vegar að geyma á dimmum stað, þær skemmast ef þær eru geymdar á björtum stað. Grænmeti geymist best og lengst á köldum stað, ísskápurinn er góður geymslustaður en köld geymsla kemur einnig sterklega til greina.


Ávextir bragðast best þroskaðir.




# tilboð allt o.fl.

**60%** Bónus hefur vinninginn þessa viku hvað varðar mesta afsláttinn á töflunni. Frosið hrefnukjöt lækkar þar úr 499 krónur kílóið í 199 krónur, um sextíu prósent.




## Við erum eins árs!
15% afmælisafsláttur
2.- 5. nóvember
bútasaumsefni, prjónagarn, náttföt ofl.ofl.

Diza
Ingólfsstræti 6 • S. 561-4000






Listalagerinn
JÁRN&GLER
Járn og gler ehf - Skútuvogur 1H
Barkarvogsmegin - S: 58 58 900
www.jarngler.is
Listmálaravörur



BOSSAVERMIR
Er kalt í bílnum?
Sætisáklæði í bílinn með hita
Aðeins 4.900 kr

ÁG MOTOR SPORT
Fæst einnig hjá Bónstöðinni, Njarðarnesi 1, Akureyri
Klettháls 9 • s: 587 5547 • www.ag-car.is/motorsport










BFGoodrich® Dekk

31 x 15 AT
Kr. 13.900 stgr.
33 x 15 AT
Kr. 15.900 stgr.
35 x 15 AT
Kr. 16.900 stgr.



GERIÐ VERÐSAMANBURÐ

NESDEKK
S. 561 4110
Suðurströnd 4, 170 Seltjarnarnesi.

Bílabúð Benna
Hjólbarðaverkstæði
Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23 • Sími 590 2000 • www.benni.is


**BÓNUS**

Tilboðin gilda til 6. nóvember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Frosið hrefnukjöt | 199 | 499 | 199 | 60 |
| Bónus lambalæri kryddað | 899 | 998 | 10 | |
| K.s frosin lambalæri | 799 | 998 | 799 | 20 |
| Ýsa nætursöltuð | 599 | 899 | 599 | 35 |
| Saltfiskur útvatnaður | 595 | 699 | 595 | 15 |
| Rækja 1. flokkur | 599 | 799 | 599 | 25 |
| Bónus þorskalýsi 500 ml | 359 | 399 | 359 | 10 |
| Bónus safi epla | 59 | 85 | 59 | 30 |
| Ali beikon | 879 | 1.438 | 879 | 40 |
| Smjörlíki 500 g | 79 | 99 | 79 | 20 |
| Suðusúkkulaði 300 g | 179 | 259 | 179 | 30 |
| Bónus trönuberjasafi | 259 | Nýtt | 259 | |

**FJARÐARKAUP**

Tilboðin gilda til 5. nóvember.

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Nautahakk I flokkur | 798 | 1.038 | 798 | 25 |
| Bestu kaupin 1/2 lambsskrokkur | 598 | 798 | 598 | 25 |
| Hangiframpartur úrbeinaður | 1.298 | 1.573 | 1.298 | 15 |
| Léttreyktur lambahryggur | 1.298 | 1.703 | 1.298 | 25 |
| Ali party skinka | 1.274 | 1.698 | 1.274 | 25 |
| Ora tómatsósa 1.020 g | 129 | 159 | 129 | 20 |
| Lamba framhryggjafille úr kjötborði | 1.898 | 2.698 | 1.898 | 30 |
| Roastbeef úr kjötborði | 1.598 | 1.998 | 1.598 | 20 |
| Ali reyktur svínahnakki | 1.124 | 1.498 | 1.124 | 25 |
| Nautapiparsteik úr kjötborði | 1.798 | 2.298 | 1.798 | 20 |
| Egg meðalstór 10 stk. í pakka | 228 | 285 | 228 | 20 |
| Myllu jólaterta 600 g | 399 | 589 | 399 | 30 |
| Skyr.is 500 g 7 tegundir | 159 | 189 | 159 | 15 |
| Viking maltöl 500 ml | 69 | 89 | 138 | 20 |
| Emmess skafís 1,5 l +33%=2 l | 492 | 615 | 246 | 20 |

**HAGKAUP** Skemmtilegast að versla

Tilboðin gilda til 9. nóvember.

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Kalkúnn heill frosinn | 599 | 889 | 599 | 30 |
| Bayonne skinka | 818 | 1.363 | 818 | 40 |
| Findus lasagne 500 g | 399 | 448 | 798 | 10 |
| Hatting hvítlauks snittubrauð | 199 | 289 | 199 | 30 |
| Freschetta brickoven osta 450 g | 499 | 598 | 1.108 | 15 |
| Ernos Pizzas Margarita 300 g | 149 | 179 | 496 | 15 |
| Borgarnes helgarlamb m/sólþ. tómötum | 1.136 | 1.748 | 1.136 | 35 |
| Borganes helgarlamb m/íslenskum kryddjurtum | 1.136 | 1.748 | 1.136 | 35 |

**KRÓNAN**

Tilboðin gilda til 8. nóvember.

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Bautabúrs grísabógur | 359 | 599 | 359 | 40 |
| Gourmet innralæri kryddað | 2.271 | 3.494 | 2.271 | 35 |
| Goða medisterpylsa reykt | 401 | 668 | 401 | 40 |
| Gourmet ungnautahakk | 819 | 1.365 | 819 | 40 |
| SS Grand Orange helgarsteik | 998 | 1.668 | 998 | 40 |
| Túnfisksalat frá Eðalfiski 200 g | 143 | 238 | 715 | 40 |
| Jarðarber í boxi 200 g | 129 | 175 | 645 | 25 |
| Blómkál | 99 | 165 | 99 | 45 |
| Myllu danskt rúgbrauð | 95 | 106 | 95 | 10 |
| Hunt´s tómatsósa 1.360 g | 149 | 189 | 110 | 20 |

**nettó**

Tilboðin gilda til 6. nóvember.

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ísfugl kalkúnapottréttur | 539 | 899 | 539 | 40 |
| Ísfugl kalkúnastrimlar | 599 | 998 | 599 | 40 |
| Hamborgarar m/brauði 4 stk. | 399 | 599 | 399 | 35 |
| Léttreyktur grísahnakki | 1.006 | 1.502 | 1.006 | 35 |
| Villikryddað lambalæri | 998 | 1.838 | 998 | 45 |
| Hangiframpartur úrbeinaður | 1.105 | 1.726 | 1.105 | 35 |
| Ben and Jerry's ís (allar tegundir) | 499 | 799 | 499 | 40 |
| Pepsi Cola 1 l | 70 | 140 | 70 | 50 |
| Stone Oven pizza special | 299 | 399 | 299 | 25 |
| Stone Oven pizza Royal | 299 | 399 | 299 | 25 |

**NÓATÚN**

Tilboðin gilda til 9. nóvember.

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Kindahakk | 398 | 598 | 398 | 35 |
| Kindagúllas | 899 | 1.598 | 899 | 45 |
| Kindainnanlærisvöðvi | 1.498 | 1.898 | 1.498 | 20 |
| Móa kjúklingabringur magnpk. | 1.996 | 2.495 | 1.996 | 20 |
| KEA léttreyktur lambahryggur | 917 | 1.529 | 917 | 40 |
| Móðir náttúra brokkólíbuff 320 g | 399 | 579 | 1.247 | 30 |
| Goða svið frosin í poka | 298 | 573 | 298 | 50 |
| Gular melónur | 69 | 129 | 69 | 45 |
| Perur | 99 | 159 | 99 | 40 |
| Persil þvottaefni 5,4 kg | 799 | 1.298 | 148 | 40 |

**SPAR**

Tilboðin gilda til 10. nóvember.

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í% |
|---|---|---|---|---|
| Folaldagúllas | 899 | 1.215 | 899 | 25 |
| Folaldasnitsel | 899 | 1.258 | 899 | 30 |
| Nýmjólk 1 l | 59 | 78 | 59 | 25 |
| Léttmjólk 1 l | 59 | 78 | 59 | 25 |
| Lambalæri | 849 | 1.395 | 849 | 40 |
| Lambasúpukjöt | 398 | 694 | 398 | 45 |
| Casa Fiesta vörur 20% afsláttur af öllu | | | | |

**Þín verslun**

Tilboðin gilda til 9. nóvember.

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ísfugls steiktir kalkúnaborgarar | 979 | 1.398 | 979 | 30 |
| Villikryddað lambalæri | 1.470 | 1.838 | 1.470 | 20 |
| Borgarnes blandað nauta/svínahakk | 645 | 806 | 645 | 20 |
| Hrossakjöt salatað og úrbeinað | 504 | 630 | 504 | 20 |
| Casa Fiesta 20% afsláttur af öllu | | | | |
| Tilda Basmati hrísgrjón 1 kg | 298 | 357 | 298 | 15 |
| Filippo Berio ólífuolía 500 ml | 329 | 398 | 658 | 15 |
| Tilda sósur 340 g 6 teg. | 249 | 299 | 722 | 15 |
| Chigago Town örbylgjupizzur 2 stk. | 349 | 422 | 174 | 15 |
| Milka súkkulaði 100 g | 99 | 129 | 990 | 25 |



Leiðinlegt er þegar mikill þvottur safnast upp.

# Röð og regla í þvottahúsinu

***Í stórum fjölskyldum er mikilvægt að hafa gott skipulag á þvottinum.***

Fullar körfur af óhreinum þvotti eru óárennilegar mjög eins og þeir vita sem sjá um að þvo þvott fjölskyldunnar. Mikill þvottur safnast iðulega upp í stórum fjölskyldum og í fjölskyldum þar sem þeir fullorðnu vinna mikið. Því er bæði mikilvægt og gott að hafa röð og reglu á þvotti og frágangi hans. Tíminn er peningar og ekki góð nýting á honum að eyða honum í mikið þvottafár. Gott er því að hafa eftirfarandi í huga.

- Nokkrar þvottakörfur flýta fyrir þegar henda á í vél. Einfaldast er að hafa hvítan þvott í einni körfu og litaðan í annarri. Ef pláss er nóg er hægt að fyrirframflokka þvottinn enn nákvæmar.
- Nauðsynlegt er að venja alla fjölskyldumeðlimi á að henda þvotti í þartilgerðar körfur, að yngstu börnunum undanskildum.
- Þvottaefni er misgott og mishagstætt, gott er að kaupa það í lágvöruverslunum og eiga alltaf nóg til. Ekki er gott að vera uppiskroppa með þvottaefni þegar þvottastund hefst.
- Settu í vél um leið og komið er heim úr vinnunni, þá passar að taka úr vélinni þegar maturinn er búinn.
- Þvottavélar með tímastillingu eru vitaskuld mjög sniðugar. Þá er hægt að setja í vél að kvöldi, láta hana hefja þvott snemma morguns þannig að hann sé tilbúinn til upphengingar áður en haldið er af stað í vinnu.
- Um leið og þvottur er þurr er best að brjóta hann saman og setja á réttan stað. *Ekki eyða óþarfa tíma í að strauja en sniðugt er að taka frá eitt kvöld í viku til þess að ganga frá þvotti sem þarfnast straujunar við.

TILBOÐSDAGAR 10-30% AFSLÁTTUR




NÝ KYNSLÓÐ
FRÁ STEARNS & FOSTER

Bandarísku hágæðarúmin frá Stearns & Foster eru heimsþekkt á meðal vandlátra kaupenda fyrir gæði og glæsileika. Rúmin eru hönnuð fyrir fólk sem vill aðeins það besta. Þau veita réttan stuðning og tryggja vellíðan á hverri nóttu með sérhönnuðu gormakerfi, bólsturslögum og einstökum frágangi. Bandarísku neytendasamtökin hafa í mörg ár útnefnt rúmin frá Stearns & Foster sem „bestu kaupin".

Yves Delorme®
PARIS

Frá einu virtasta tískuhúsi Frakklands: Rúmteppi, sængurverasett, lök, handklæði, frottésloppar, ilmsápur, ilmkerti, ilmvatn o.fl.

rúmco

Langholtsvegi 111 • 104 Reykjavík • Sími 568 7900
Opið virka daga 11-18. Laugardaga 11-14.

OUTLET 10
RISA INNI-MARKAÐUR
Í DAG, FÖSTUDAG OG Á MORGUN, LAUGARDAG
AÐEINS ÞRJÚ VERÐ
500kr.- 990kr.- 1990kr.
MERKJAVARA OG TÍSKUFATNAÐUR FRÁ VERSLUNUNUM:
galleri sautján CENTRUM SMASH gs skór retro Kultur focus COMPANYS eva Deres

MIKIÐ ÚRVAL
ÚLPUR
PEYSUR
BUXUR
BOLIR
SKÓR
HÚFUR
KJÓLAR
PILS




KOMIÐ VIÐ OG GERIÐ STÓRGÓÐ KAUP Á TOPPVÖRU

merki fyrir minna
s. 533 1710
www.ntc.is

OUTLET 10
FAXAFENI 10

opið
í dag 11-18
laugardag 11-17

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á
vísir VEF TV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

15%
HAUST-AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
TIL 12. NÓVEMBER



Stærðir 36 - 52
Frábært úrval.
www.svanni.is
Sendum lista út á land
Sími 567 3718
PÓSTVERSLUNIN SVANNI
Stangarhyl 5 • 110 Reykjavík
Sími 567 3718
Fax 567 3732

MARKAÐURINN
Sögurnar, tölurnar, fólkið.
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

VETRARSALA
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR
...
Matarstell
Járnvörur
Kerti
Kristalglös
Bastvörur
Hnífapör
...
BORÐ FYRIR TVO
KRINGLAN



Klukkan er fimm og Bolli Thoroddsen bankar upp á hjá grandalausum ættingja.
FRÉTTABLAÐIÐ / HEIÐA

# Óvæntur Bolli klukkan fimm

***Bolli Thoroddssen er önnum kafinn ungur maður. Hann stundar nám við Háskóla Íslands og hefur að undanförnu verið að undirbúa framboð sitt fyrir prófkjör Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor. Bolli er lunkinn við að spara enda læra menn mörg góð trikk við að vera fátækir námsmenn.***

„Ég er alinn upp á heimili þar sem sparsemi er og var dyggð,“ segir Bolli. „Ég er að ljúka háskólanámi í verkfræði og hef því lítið af peningum milli handanna eins og gengur og gerist með stúdenta. Ég hvorki reyki né drekk og því fara litlir peningar í slíkan munað.“

Bolli segir hans helsta sparnaðartrikk vera að fara vel með fötin sín og mæta „óvart“ í mat hjá ættingjum. „Ég lærði „Óvænt heimsókn“ bragðið af Birni bróður mínum frá hans menntaskólaárum. Bragðið gengur út á að koma óvænt í heimsókn til vina eða ættingja í eftirmiðdaginn, svona um fimmleytið. Klukkan fimm er ekki dónalega seint en hins vegar er það nógu seint til að maður detti inn í kvöldmat. Ættingjarnir mega þó ekki búa í of mikilli fjarlægð. Pabbi býr í Keflavík og er það fulllangt. Til að slík máltíð sé hagkvæm þarf ég að fá lánaðan bíl mágkonu minnar og gleyma að borga bensín,“ segir Bolli.

Annað gullið bragð sem Bolli notar er að fá lánuð föt hjá eldri bræðrum sínum. „Svo getur tafist að skila. Tískan breytist og bræður gleyma. Þú situr uppi með þéttan fataskáp og eldri bræðurnir eru meira móðins fyrir vikið.“ Bolli segist ekki kvíðinn því að ljóstra upp um „Óvænt heimsókn“ trikkið. „Nei alls ekki,“ segir Bolli hlæjandi. „Það hafa allir ættingjarnir löngu séð í gegnum þetta hvort sem er.“



## Allar vörur á tilboði



Verslunin Svanni í Stangarhyl er með fimmtán prósenta afslátt af öllum vörum til 12. nóvember. Í versluninni er mikið úrval af nýjum vörum í stærðum 36-52 og hægt er að skoða úrvalið á www.svanni.is. Verslunin er einnig með vörulista sem hægt er að fá sendan hvert á land sem er.

Fyrir verðandi mæður og börn
tvö líf
Holtasmári 1 • Sími 517 8500



## Ljósadagar í Bílanausti

NÚ ER KOMINN SÁ TÍMI ÁRSINS ÞEGAR BETRA ER AÐ HAFA GÓÐA OG VEL UPPLÝSTA BÍLA

Í tilefni af því ætlar Bílanaust á Bíldshöfða að bjóða viðskiptavinum sínum upp á sérstaka ljósadaga. Þar verða ýmsir ljóskastarar og ljósaperur frá Hella og aðallega Bosch á sérstöku tilboðsverði. Það helsta sem í boði er eru ljóskastarar fyrir jeppa og aðra stóra bíla enda eru það helst þannig bílar sem þurfa slíkan búnað. Það verður þó líka hægt að fá ýmiss konar ljósabúnað fyrir venjulega fólksbíla. Af þessu tilefni verður opið lengur í Bílanausti á Bíldshöfðu á laugardaginn. Í stað þess að loka klukkan 14 verður opið til 16.



## 50% afsláttur í Stasiu

VALDAR VÖRUR Á AFSLÆTTI.

Stasia í Kringlunni er með fimmtíu prósenta afslátt af völdum vörum fram á sunnudag. Í Stasiu má meðal annars finna vörur frá B-Young, Fransa, Fröken Pi, Studio og Support í stærðum 36-56 og töskur frá Bulaggi. Eftir helgi fyllist búðin svo af nýjum vörum fyrir jólin.



Í versluninni Lene Bjerre má fá fallega dúka og gardínur fyrir jólin.

# Skreytum hús!

***Lene Bjerre býður tuttugu prósenta afslátt af gardínum og dúkum fyrir jólin.***

Jólin nálgast og margir eru farnir að spá í jólaskreytingar á heimilinu. Á mörgum heimilum er mikil hátíðastund þegar jólagardínur og dúkar eru tekin fram og hengd upp til heimilisprýði eða sett á borð. Í versluninni Lene Bjerre í Bæjarlind er nú veittur tuttugu prósenta jólaafsláttur af gardínum og dúkum fram á laugardag. Í dag er opið til klukkan sex en á morgun til fjögur fyrir þá sem vilja nýta sér þetta tilboð.

# Diza verður eins árs

***Fimmtán prósenta afmælisafsláttur fram á laugardag.***

Verslunin Diza hefur starfað í Ingólfsstrætinu í eitt ár og í tilefni af afmælinu er veittur fimmtán prósenta afmælisafsláttur dagana 2.-5. nóvember. Í Dizu má fá bútasaumsefni, prjónagarn, náttfatnað og margt fleira.

„Verslunin hefur gengið ljómandi vel þetta ár og haustið lofar góðu," segir Ásdís Loftsdóttir, eigandi verslunarinnar. „Fólk streymir meira í miðbæinn en var og þeir sem ekki nenna í bæinn fara bara á vefsíðuna hjá mér. Þetta er gamalt og hlýlegt hús og fólk kemur aftur og aftur enda kann það að meta persónulega þjónustu í notalegu umhverfi." Afslátturinn er af öllum vörum í búðinni og það er kjörið að láta verða af því að kaupa jólagjafirnar eða bara kaupa sjálfum sér eitthvað til að hafa það notalegt í kuldanum. „Svo erum við alltaf að bæta við okkur fleiri gerðum af garni og efnum, fleiri litum og öllu í þeim dúr," segir Ásdís, sem hlakkar til að sjá sem flesta í miðbænum á morgun en þá er síðasti dagur útsölunnar. ■


Ásdís Loftsdóttir kaupmaður í verslunininni Dizu í Ingólfsstræti sem á árs afmæli um helgina.


ROPE YOGA
stöðin Bæjarhrauni 22
NÝ BYRJENDANÁMSKEIÐ
Kennarar: Ósk og Domi



Skráning er hafin í síma
555-3536 GSM 695-0089
ropeyoga@internet.is •
www.ropeyoga.net
Bæjarhraun 22 / 220
Hafnarfjörður / 3. hæð
Jólatilboð í opna tíma



Ecco golfskór

# Skór, skór, skór

***Ecco er með skótilboð um helgina bæði fyrir konur og karla.***

Skóbúðin Ecco í Kringlunni býður tuttugu prósenta afslátt af golfskóm. Tilboðið gildir fram á sunnudag. Þetta er kjörið tækifæri fyrir golfspilara að endurnýja búnaðinn eða fyrir aðstandendur forfallinna kylfinga að kaupa gott í jólapakkann.

Skóbúðin Ecco á Laugavegi er með „taxfree"-daga nú um helgina. Fimmtán prósenta afsláttur er veittur af öllum vörum, saprískóm, stígvélum og kuldaskóm. ■

# Tvö líf með tilboð

***Meðgöngufööt og ungbarnaföt á góðu verði.***



Meðgöngufataverslunin Tvö líf í Holtasmára er með tilboð á fjölbreyttum vörum í verslun sinni. Noppies-ungbarnafatalína verslunarinnar er á fimmtán prósenta afslætti. Búðin er með tilboð á langermabolum sem fást í tíu litum og afsláttur er á meðgöngubuxum, bundnum peysum og fleiru. Tilboðin gilda föstudag og laugardag. ■

## LEIÐRÉTTING

Í síðustu viku birtist grein um Davíð og Bjarna Hedtoft Reynissyni sem starfa hjá danska ríkissjónvarpinu og gefa Dönum sparnaðarráð í þætti sem heitir Rabatten. Í greininni var ranglega greint frá sýningartíma þáttanna. Réttur sýningartími er á miðvikudögum klukkan 18.30 að íslenskum tíma og endursýningar eru á fimmtudagsmorgnum og föstudagssíðdegi á DR1.


allt
atvinna
Alla sunnudaga



Amerísk rúm Nýtt útlit

SPRING AIR


RAKEL


Signature Queen rúm kr. 137.900,-
Með leðurbólstruðum botni og höfðagafli.


Lady Queen rúm kr. 134.900,-
Með leðurbólstruðum botni og höfðagafli.


Tvíhert háþróað gormakerfi


Laserskorin ConformaFoam eða Latex heilsu og hægindalag


Steyptar hliðarstyrkingar tryggja stífan setkant og meira svefnsvæði


Val um 100% náttúruleg gæðaefni

Hannaðu þitt eigið rúm

Nýjung fyrir amerísk rúm. Nú hefur Betra Bak leitað á ný mið hönnunar á útfærslum amerískra rúma. Við bjóðum upp á mikið úrval nýrra rúma í takt við tímann. Hönnunin ber með sér evrópskan stíl þar sem leitað hefur verið eftir nýjustu línum samtímans. Um er að ræða margar gerðir af höfðagöflum með úrvali af útliti og efnisvali, botnar er fáanlegir í stíl við gaflinn og mismunandi gerðir lappa.

Komdu og upplifðu nýjustu strauma evrópskrar hönnunar með amerískri dýnu á ótrúlegu jólatilboði í Betra Bak.


Thelma King rúm kr. 234.900,-
Með bólstruðum botni og viðar/bólstruðum höfðagafli.

The NeverTurn Mattress

Þú þarft aldrei að snúa henni

Ólíkt venjulegu viðsnúanlegu dýnunum þá byggist ending SpringAir dýnunnar ekki á því að henni sé snúið við. Gæti ekki verið auðveldara.

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

**Langur laugardagur**
er á morgun í miðbænum. Búðirnar opna ýmist tíu eða ellefu og eins og nafnið gefur til kynna er opið lengur eða til klukkan fimm.








allt
atvinna
Alla sunnudaga


# Voru leið á að þvo föt

*Í ullarbúðinni Janusi er að finna föt fyrir börn jafnt sem fullorðna. Þótt búðin sé ný af nálinni er hún strax orðin mjög vinsæl.*

„Okkur finnst voða gaman, við erum svo vinsæl!“ segir Margreta Björke um Janus, nokkurra vikna búð hennar og eiginmannsins Heiðars Viggóssonar, sem staðsett er á Barónstíg 3. Búðin selur ullarvörur frá norska fyrirtækinu Janus Fabrikken sem hefur starfað frá 1895 og er mjög þekkt í Noregi. Vörurnar eru allar úr 100% Merion-ull sem kemur af áströlskum kindum. „Ullin er unnin alveg frá grunni í Noregi. Mann klæjar ekki undan henni og hana má þvo á ullarprógrammi allt upp í 40° heitu vatni,“ segir Margreta.

Í Janusi er að finna föt fyrir alla fjölskylduna, allt niður í nýfædd börn. „Ég er norsk og alin upp á því að nota þessar vörur,“ segir Margreta sem rekið hefur þvottahús með manni sínum hérlendis síðastliðin tíu ár. „Við vorum orðin svo þreytt á að þvo föt að við ákváðum að breyta til. Ég hringdi í Janus Fabrikken í Noregi og þeir voru svo spenntir fyrir búð á Íslandi að það var bara drifið í þessu,“ segir Margreta sem kveðst vinna með eiginmanni sínum myrkranna á milli og meira en það til að koma búðinni á kjölinn. Þau hafa fengið mjög góðar undirtektir og Margreta er eiginlega hissa á eftirspurninni. „Ég vissi ekki að það væri svona mikil þörf á ull á Íslandi!“ segir hún en á dagskrá er að stækka búðina um helming og koma upp netverslun.

*mariathora@frettabladid.is*


Margreta og Heiðar opnuðu nýverið ullarbúðina Janus. FRETTABLAÐIÐ/STEFÁN







Gammosíur og nærbolur með blúndum.
Síðar nærbuxur og síðerma ullarbolur.
Samfella fyrir nýfædd börn.
Sokkar fyrir krakka undir eins árs.









# 18 mánaða ökuþórar

***Barbie er vinsæl um þessar mundir. Einnig er mikið tekið af Batman-vörum, hljóðfærum og fjarstýrðum bílum.***

Jólin eru skemmtilegasti tíminn fyrir leikglaða krakka enda mest framleitt af nýjum leikföngum þá. Blaðamaður heimsótti Leikbæ í vikunni en þar voru allar hillur yfirfullar af hvers kyns verum og hlutum svo sem dúkkum, böngsum, hljóðfærum og bílum. Alltaf má sjá einhverjar áherslubreytingar og um þessar mundir er Barbie að koma sterkt inn og taka yfirhöndina af Bratzdúkkunum. Hljóðfæri eru einnig vinsæl og strákarnir eru brjálaðir í Batman enda nýja Batman-myndin komin út á sölumyndbandi. Einnig er hægt að finna fjarstýrða bíla fyrir ökuþóra allt niður í átján mánaða gamla. Vörurnar á myndunum fást allar í Leikbæ. ■


Batman á mótorhjóli.



# BESTI KRANAMAÐURINN

*spreytir sig í Evrópu* SJÁ BLS. 2



# VENIERI

*ítalskar vélar á Íslandi* SJÁ BLS. 16

[ SÉRBLAÐ UM VINNUVÉLAR OG ATVINNUTÆKI – FÖSTUDAGUR 4. NÓVEMBER 2005 ]

# vinnuvélar




## EFNISYFIRLIT

**Yfirbreiðslur**
BLS. 2 Orðnar lögbundnar

**Vélfang ehf.**
BLS. 4 Ætlar sér stóra hluti á markaðnum

**Tonny Espersen**
BLS. 4 Gaman að ljúka góðu verki

**Vinnuvélar fyrri tíma**
BLS. 6 Gríðarlegar framfarir

**Sjálfvirkt smurkerfi**
BLS. 6 Smursprautunni skipt út

**Þróttur**
BLS. 8 Mikil endurnýjun á síðastliðnum árum

**Drottningin engri lík**
BLS. 8 Jón Magnús Pálsson á sérstaka ýtu

**Samgöngusafnið**
BLS. 10 Fornfrægar vinnuvélar



**Magnús Sigurðsson**
BLS. 12 Gaman að vinna á stórum trukkum

**Vinnuvélanámskeið**
BLS. 12 80 stunda nám

**Metanbílar**
BLS. 14 Menga minna

**Liebherr-kranar**
BLS. 18 Algengastir á Íslandi

**Rafmagnslyftari**
BLS. 19 Með vetnisrafal



*Ertu í stellingum fyrir stór verkefni?*

*Við erum sérfræðingar í fjármögnun atvinnutækja, skrifstofubúnaðar og atvinnuhúsnæðis.*

*Hafðu samband í síma 440 4400 eða kynntu þér málið á glitnir.is.*

*Breytum hugmyndum í veruleika*

Glitnir



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Besti kranamaður á Íslandi spreytir sig í Evrópu

Ingi Björnsson er á leiðinni á Evrópumeistaramót í kranastjórnun.

Ingi Björnsson varð Íslandsmeistari í kranastjórnun síðastliðinn ágúst og mun keppa fyrir Ísland á Evrópumeistaramóti í þeirri grein 24. nóvember næstkomandi. Keppnin mun fara fram í Biberach í Þýskalandi en þar eru höfuðstöðvar Liebherr, sem er einn stærsti kranaframleiðandi heims og stendur jafnframt fyrir mótinu.

Merkúr, umboðsaðili Liebherr hér á landi, stóð fyrir Íslandsmeistaramótinu sem fór fram í ágúst og kom þá nokkuð á óvart að kranamenn frá verktökunum Feðgum ehf. röðuðu sér í þrjú efstu sætin. Spurður af hverju þeir hjá Feðgum séu svo góðir kranamenn segir Ingi: „Já, það er erfitt að segja, en ætli það sé ekki bara mikilvægast að hafa gaman af starfinu.“

Ingi hefur starfað við kranastjórnun síðan 2001, þegar hann hóf störf hjá Feðgum. Hjá fyrirtækinu eru í notkun fimm kranar en þar á meðal er sams konar krani og keppt verður á í Þýskalandi. Sá krani er af gerðinni Liebherr 42K.1. Á Evrópumeistaramótinu verður keppt um besta tímann til þess að ljúka þraut sem felst í því að stýra steypusílói ákveðna leið og steypa úr því bolta sem á svo að falla á ákveðin stað. Í sams konar þraut var einnig keppt í á Íslandsmeistaramótinu. Ingi bendir einnig á að þeir hjá Feðgum ehf. hafi einungis nýlega krana í notkun og það kunni að vera ein skýring á góðu gengi þeirra manna á Íslandsmeistaramótinu. Margir eldri kranar séu í notkun hjá öðrum verktökum og segir hann talsverðan mun á því að stýra eldri og nýrri krönum.

# Andlega erfið vinna

KRANAR ÞYKJA BRÁÐNAUÐSYNLEGIR Á BYGGINGARSVÆÐUM OG AUÐVELDA VINNU VERKAMANNA MIKIÐ. STJÓRNUN ÞEIRRA ER HINS VEGAR ALLT ANNAÐ EN EINFÖLD.

„Þetta er róleg vinna, þannig séð, líkamlega þægileg, en stressandi andlega,“ segir Stefán Gunnlaugsson, kranastjóri og eigandi byggingarfyrirtækisins Baulu. Fyrirtækið á lítinn krana með eins tonns lyftigetu í 35 metra hæð og stjórnar Stefán krananum með þráðlausri fjarstýringu.

„Maður þarf að gæta þess að slá menn ekki niður sem eru í kringum mann, þannig að þessi vinna krefst fullrar einbeitingar. En þetta er ekki líkamlega erfitt,“ segir Stefán, sem hefur verið með kranaréttindi í einn og hálfan áratug.



Sigmar Helgi Björgúlfsson er einn kranamanna Baulu, en hann hefur unnið fyrir fyrirtækið í fjögur ár. Sigmar sést hér stjórna krananum.

## vinnuvélin }

# Smá drullumallsstemning

RAGHILDUR STEINUNN JÓNSDÓTTIR, SJÓNVARPSKONA OG FYRRVERANDI UNGFRÚ ÍSLAND.

**Hefur þú einhvern tímann unnið á vinnuvél?**
„Nei, ég hef reyndar aldrei unnið á vinnuvél en mig hefur alltaf langað að keyra gröfu“.

**Ef þú þyrftir að vinna á vinnuvél, hvaða vél myndir þú velja?**
„Ég myndi hiklaust velja gröfu þar sem ég gæti dottið í smá drullumallsstemningu.“



FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR




Baldur Þórarinsson selur sjálfvirkar yfirbreiðslur á tengivagna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Yfirbreiðslurnar orðnar lögbundnar

Nú þegar þolinmæði yfirvalda er á þrotum hvað varðar yfirbreiðslumálin, þá rjúka yfirbreiðslur út og fáir eiga þær á lager. En von er á fleirum til landsins innan skamms.

Sjálfvirku yfirbreiðslurnar eru uppseldar hjá Global-tækjum, en fyrirtækið tekur nú við pöntunum.

„Við erum þeir einu sem bjóða sjálfvirkar yfirbreiðslur. Þær ganga fyrir rafmagni, það er bara takki inni í bíl og maður þarf ekkert að fara út úr bílnum. Þannig vilja menn hafa það á Íslandi,“ segir Baldur Þórarinsson, eigandi Global-tækja, en fyrirtækið selur bæði sjálfvirkar yfirbreiðslur og Kruz-tengivagna sem þær passa á.

Sími fyrirtækisins var rauðglóandi fyrr í þessari viku, þar sem á þriðjudag var sá fjögurra mánaða frestur uppurinn er vörubifreiðastjórum sem flytja lausan farm var gefinn til að koma yfirbreiðslum á bíla sína. Reglugerðin nær til þess farms sem ryk getur stafað frá eða fallið getur af ökutækinu. Lögreglan í Árnessýslu og lögreglulið á suðvesturhorninu tóku því átak í málunum og hófu að sekta þá sem ekki voru með yfirbreiðslur yfir lausum farmi eða bundu hann á annan hátt, til dæmis með vatni.

„Það var alveg röð af þeim uppi á Rauðavatni, löggan var að stoppa þá. Menn trúðu því bara ekki að strangt yrði tekið á þessu,“ segir Baldur.

Sjálfvirku yfirbreiðslurnar kosta 250.000 krónur. „En sektin er 5.000 krónur í hvert sinn og menn geta verið teknir nokkrum sinnum á dag, svo yfirbreiðslan borgar sig,“ segir Baldur.

ALTERNATORAR OG STARTARAR
í fólksbíla, jeppa, vörubíla, vinnuvélar og bátavélar.
Á lager og hraðsendingar.
Yfir 40 ára reynsla.
Valeo UMBOÐIÐ
BÍLARAF Auðbrekku 20 s.564 0400


Hágæða vinnuvélar
Traktorsgröfur, hjólaskóflur, hjólagröfur, beltagröfur
Venieri
hjólaskóflur og traktorsgröfur
Hydrema
hjóla-, traktors- og beltagröfur
og námubifreiðar
Fullkomið vélaverkstæði
fyrir jarðvinnuvélar
og flutningatæki
Verslun, með mikið úrval
varahluta í flestar gerðir
vinnuvéla
SÉRSTAKUR
KYNNINGARAFSLÁTTUR
Á VENIERI
500.000,-
VÉLAR & ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími: 5-800-200

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



RAFSTÝRÐAR YFIRBREIÐSLUR
FYRIR VÖRUBÍLA, VAGNA OG GÁMA
G.T. ÓSKARSSON EHF
VESTURVÖR 23, 200 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6000
www.islandia.is/scania

VÖRUBÍLAVARAHLUTIR
SCANIA, VOLVO OG MAN
G.T. ÓSKARSSON EHF
VESTURVÖR 23, 200 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6000
www.islandia.is/scania




Til sölu er Caterpillar generator sett.
Model 3306, 140kw, 60kHz. Selst ódýrt!
Upplýsingar:
Optimar Ísland ehf.
Símik 587 1300

VÍKURVAGNAKERRURNAR
ÞESSAR STERKU



Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmíða
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

# Ætla sér stóra hluti á vinnuvélamarkaðnum

Starfsmenn Vélfangs ehf. ætla sér að vera virkir þáttakendur á vinnuvélamarkaði.




Eyjólfur P. Pálmason er einn stofnandi Vélfangs. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Vélfang ehf. er ungt fyrirtæki, stofnað í mars 2004. Það hefur hingað til einbeitt sér að mestu leyti að sölu á landbúnaðarvélum en ætlar sér nú aukna hluti á vinnuvélamarkaði. Vélfang er með umboð fyrir vinnuvélar frá Terex, sem er ört stækkandi merki á þeim markaði og hefur sameinað mörg vörumerki undir formerkinu Terex. Vélfang ætlar sér að breikka vöruúrval sitt í vinnuvélum og styrkja þjónustu við vélarnar.

„Fram undan eru nokkuð spennandi tímar, þar sem Terex hefur verið í smærri einingum og það verður gaman að sjá þá sameina söluna smátt og smátt. Það verður einnig spennandi verkefni hjá okkur að keyra þetta upp hér á landi, því með einu merki, einum lit og einu nafni er einfaldara og betra að sækja fram á markaðnum. Nú munum við fljótlega bæta við mannskap í söludeild og ætlum okkur að vera virkir þátttakendur á vinnuvélamarkaðnum,“ segir Eyjólfur P. Pálmason, einn stofnenda Vélfangs. Viðtökurnar hafa verið framar vonum, segir Eyjólfur ,og viðskiptavinir virðast mjög ánægðir með notkun á vinnuvélunum, varahluti og þjónustu.

Terex-samsteypan er sístækkandi fyrirtæki og er nú þegar orðin þriðji stærsti vinnuvélaframleiðandi í heiminum. Hún framleiðir í yfir fimmtíu verksmiðjum og framleiðslan er seld í um hundrað löndum. Frá árinu 2002 hefur Terex yfirtekið þekkt merki sem kunnugir ættu að kannast við s.s. Atlas, Fermec, Benford og Schaeff. Með þessum merkjum og fleirum hefur Terex-samsteypan í framleiðslu mjög fjölbreytt úrval af vélum, í raun allt frá handverkfærum og upp í gríðarstórar beltagröfur.




Tonny segir að það sé ekki erfitt að stýra valtara. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Gaman að ljúka góðu verki

Tonny Espersen hjá Verktökum Magna ehf. þarf stundum að vinna á valtara. Hann segir að það sé mikil nákvæmnisvinna en geti líka verið mjög skemmtilegt.

Tonny segir að til þess að stýra valtara þurfi hefðbundið vinnuvélapróf. „Það er ekki erfitt að stýra valtara en það er hins vegar nákvæmnisvinna,“ segir hann. Tonny segir að ná þurfi ákveðnum styrkleika í þrýstinginn og að mælitæki inni í valtaranum segi til um hversu mikill hann sé. „Þetta er nákvæmnisvinna sem þarf að vinna hægt, það þýðir ekkert að flýta sér við þetta. Svo þarf maður líka að passa sig á því að keyra ekki út af. Oft er maður að valta svæði þar sem eru lægri svæði sitt hvoru megin og þá er auðveldlega hægt að fara út af.“

Tonny segir það mjög létt að stýra völturum enda séu þeir með vökvastýri. „Sætin eru þannig að það er hægt að snúa þeim í hring svo maður getur snúið sér við þegar maður er að keyra valtarann aftur á bak. Svo er rúðuþurrka á afturglugganum líka. Þetta er bara mjög þægilegt og það er auðveldlega hægt að keyra valtarann afturábak og áfram,“ segir hann.

Tonny segir að valtarar séu mest notaðir til þess að slétta götur en svo séu þeir líka mikið notaðir til þess að slétta húsgrunna. „Valtararnir eru mjög mikið notaðir í grunna hjá okkur.“

Tonny segir að honum finnist skemmtilegt að vinna á valtara. „Auðvitað finnst mörgu fólki allir hlutir leiðinlegir en það er skemmtilegt þegar maður hefur lokið góðu verki. Mér finnst skemmtilegt þegar ég er búinn með eitthvað og ég sé að það lítur fallega út.“


HEKLA® VÉLASVIÐ
býður heildarlausnir
HEKLA® CAT
• vinnuvélar
• lyftarar
• aflvélar
• rafstöðvar
HEKLA® CAT
Forsenda framfara
Scania - vörubíll ársins 2005
HIGHLINE
SCANIA
SCANIA
Vinnuvéla
og vörubíladekk
• hjólbarðar fyrir atvinnutæki
GOODYEAR
Klettagarðar 8-10 • sími: 590 5100 • netfang: velasvid@hekla.is
Hekla á Austurlandi ehf • Austurvegi 20 • Reyðarfirði • sími: 470 5100
Trukkurinn ehf • Hjalteyrargötu 8 • Akureyri • sími: 460 7700

# Vinnuvélar fyrri tíma

Eins og á öðrum sviðum nútímasamfélags hafa orðið gríðarlegar framfarir á vinnuvélum og öðrum tækjum og tólum sem nýtast við ýmsar vinnuframkvæmdir. Fyrstu vinnuvélarnar skiluðu sér seint og illa hingað til lands í fyrstu en hafa nú sannað sig sem einn helsti bakhjarl í framförum þjóðarinnar.

Fyrst eiginlega búvélin á Íslandi, samkvæmt Búvélasafni Íslands á Hvanneyri, var kvörn sem Gísli P. Sigmundsson á Ljósastöðum í Skagafirði smíðaði og notaði til þess að mala áburð einhvern tímann um 1880. Eftir að Dethlev Thomsen flutti inn til landins fyrsta bílinn árið 1904 byrjuðu fljótlega að berast hingað stórvirkari vinnuvélar. Nokkru síðar hófu fyrstu vörubílarnir að keyra um frumstæða vegi og götur landsins. Þetta voru engar stórvirkar vinnuvélar en vissulega fluttu þessir bílar vörur á milli staða. Tækninýjungar átti sér hins vegar fyrst og fremst stað í sveitunum. Fyrsti traktorinn barst hingað til lands árið 1918, svokallaður Akranestraktor, en hann var af gerðinni Avery. Ekki náðist að nýta hann nógu vel og fljótt hugðu menn að því að svokallaðir þúfnabanar, mun stórvirkari og stærri tæki, hentuðu betur fyrir íslenskan landbúnað. Á þriðja áratugnum voru margir þannig keyptir inn en virkuðu ekki sem skyldi.



AKRANESSTRAKTORINN – fyrsti traktorinn sem til Íslands kom, í ágúst 1918. Hann hefur ekki varðveist. Myndina fékk Búvélasafnið frá afkomendum kaupenda traktorsins á Akranesi.



ÞÚFNABANINN – sá fyrsti kom síðsumars 1921 en hann var af gerðinni Lanz frá Mannheim í Þýskalandi. Þúfnabani er til í Búvélasafninu á Hvanneyri, annar tveggja, ef ekki sá eini, sem til er í heiminum. Árni G. Eylands hefur líklega tekið myndina, sem afkomendur hans gáfu Búvélasafninu á Hvanneyri.

„Þúfnabaninn var svo þungur og erfiður í meðferðum og hann vann eiginlega bara ekki nógu vel. Þess vegna datt hann upp fyrir á svona sex árum. Um 1928 byrja menn svo að skipta aftur yfir í minni og léttari traktora. Sem dæmi um það kom fyrsti landbúnaðartraktorinn til landsins árið 1921 en hann var ekkert notaður, menn trúðu bara á þúfnabanann. Hann gekk svo í endurnýjun lífdaga nokkrum árum seinna,“ segir Bjarni Guðmundsson prófessor og safnstjóri Búvélasafnsins á Hvanneyri.

Um 1930 skall heimskreppan á af fullum krafti og augljóslega gátu menn lítið verið að flytja inn nútíma vinnuvélar til landsins auk þess sem ekki áttu sér miklar framfarir stað á þeim tíma. En eins og með marga aðra hluti kom seinni heimsstyrjöldin skriði á hlutina. Á Íslandi birtust nú hinar byltingarkenndu gröfur og ýtur sem nýttust við ýmsar framkvæmdir. Að sögn Þórodds Árnasonar, vélvirkja á Norðfirði og áhugamanns um vinnuvélar, voru fyrstu ýturnar hjá bandaríska hernum en fyrsti Íslendingurinn sem flutti inn ýtu var Sigfús Þórarinsson Öfjörð í Sandvíkurhreppi í Flóa. Hann var einnig fyrsti stjórnandi hennar og notaði hana til þess að ýta upp vegi heim að bænum. Ýtan var af gerðinni International Harvester TD 9 og vó hún tæp fimm tonn án ýtutanna og var heil 46 hestöfl. Ýturnar voru aðallega notaðar við vegavinnu og jarðvinnslu. Fyrsta almennilega grafan kom einnig til landsins um svipað leyti. Sú fyrsta var af gerðinni Priestman Cub og vó hún með skóflu alls 8,8 tonn og var notuð á Akranesbæ í Garðaflóa. Reyndar höfðu staðbundnar og mun frumstæðari gröfur verið notaðar í tvo áratugi á undan. Á næstu árum fjölgaði öllum vinnuvélum hratt og síðan þá hafa framfarir verið gífurlegar, eins og reyndar allir þekkja, en þær hafa verið ein af undirstöðum nútímasamfélags.



FYRSTA ÝTAN sem flutt var til landsins af Sigfúsi Þórarinssyni Öfjörð. Myndin er tekin úr skýrslu verkfæraráðunauts sem birtist í landbúnaðartímaritinu Freyr árið 1944.


**Heimildir:**
Sigurður Guðmundsson prófessor, símaviðtal 1.11.05
Þóroddur Árnason, símaviðtal 1.11.05
Árni G. Eylands. Skurðgröfur Vélasjóðs 1942-1966
Freyr 1944, Skýrsla verkfæraráðunauts
Sigurður Hreiðar Hreiðarsson, Saga bílsins á Íslandi 1904-2004.









Lárus Brandsson selur Vogel sjálfvirk smurkerfi, sem geta bætt mörgum árum við líftíma vinnuvéla. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Smursprautunni skipt út

SJÁLFVIRK SMURKERFI LEYSA GÖMLU SMURSPRAUTUNA AF HÓLMI OG GETA STÓRLEGA AUKIÐ ENDINGU VINNUVÉLA.

„Þetta er búnaður sem er ætlaður til að smyrja vinnuvélar og vörubíla, þannig að í staðinn fyrir gömlu smursprautuna sem menn voru með alltaf á lofti er búnaður í tækinu sjálfu sem smyr hann sjálfvirkt þannig að það eina sem menn þurfa að hugsa um er að fylla á forðabúrið sem tilheyrir kerfunum,“ segir Lárus Brandsson, framkvæmdastjóri Rótors í Hafnarfirði, en Rótor flytur inn Vogel smurkerfi.

Sjálfvirk smurkerfi eru að verða sá þáttur í útgerð og rekstri vinnuvéla, lyftara og atvinnubifreiða sem ræður hvað mestu um rekstrarkostnað, endingartíma og endursöluverð, að sögn Lárusar. Kerfin samanstanda af rafstýrði dælu sem dælir litlu magni af smurfeiti inn á alla slitfleti vélarinnar og getur tækið smurt oft á dag.

„Þau er búin að vera í tugi ára í notkun erlendis, en Íslendingar eru nýbyrjaðir að kaupa þetta,“ segir Lárus, en Rótor var fyrsta fyrirtækið sem flutti sjálfvirk smurkerfi til landsins.

Vogel-smurkerfin borga sig upp á einu til þremur árum. „Þau margborga sig. Menn eru að kaupa sér mörg ár aukalega á tæki sem kosta auðvitað margar milljónir,“ segir Lárus.

Trafic



Renault Trafic fæst í mörgum útfærslum

# Hemlunarvegalengd

## Eina skiptið sem keppinautarnir fara lengra

**Renault Trafic.**

Öruggur og traustur, með stystu hemlunarvegalengdina eða aðeins 43 metra miðað við 100 km/klst. Þennan athyglisverða árangur má rekja til þess að Renault Trafic er búinn fjórum bremsudiskum á16" felgum ásamt ABS-EBV hemlakerfi. Öryggisbúnaður Renault Trafic er til marks um þá framúrskarandi hönnun sem einkennir allar Renault bifreiðar Með einstakt veggrip og hljóðláta, aflmikla CRDi díselvél, flytur Renault Trafic hratt og örugglega allt að 1200 kg í 6 m3 hleðslurými. **Eftirsóknarverður kostur sem er hagkvæmur í rekstri.** Þjónustuskoðun og smurning á 15.000 km fresti.

**www.atvinnubilar.is**

**Renault Trafic langur**
Ríkulegur staðalbúnaður m.a.:
Hæðarstillanlegt bílstjórasæti
ABS-EBV bremsukerfi
Webasto olíumiðstöð
Geislaspilari
6 gíra gírkassi




Renault Trafic langur, 1900 dísel, 6 dyra, 100 hestöfl, beinskiptur

**Kr. 1.871.486 kr. án VSK.**

Fjármögnunarleiga
**kr. 36.858** með vsk.
**kr. 29.605** án vsk.

# Kr. 29.605

á mánuði án/vsk og bíllinn er þinn í lok samningsins*

* Fjármögnunarleiga á Renault Trafic langur, 1900 dísel, 6 dyra, beinskiptur m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu án/vsk og 20% útborgun.

**RENAULT**

B&L

ATVINNUBÍLAR
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

B&L Atvinnubílar • Grjóthálsi 1 • Sími 575 1200 • Söluráðgjafar 575 1224/25 • www.bl.is

# Mikil endurnýjun véla og tækja á síðastliðnum árum



Þróttur er stærsta og elsta vörubílastöð landsins.

Vörubílastöðin Þróttur hefur verið starfrækt allt frá árinu 1931 er vörubílstjórar Reykjavíkur tóku sig saman og stofnuðu félagið. Síðan þá hefur félagið vaxið og dafnað og nú í dag telur félagið alls níutíu meðlimi og hátt í 200 tæki og vélar. „Í dag þjónustum við meðal annars við flutninga, snjómokstur, uppgröft við nýbyggingar, garðvinnu, malbiksflutningar, vegavinnu, trjáfellingar og fleira. Margir félagsmenn eiga margskonar vinnuvélar, allt upp í fjörutíu tonna gröfur og niður í mini-gröfur, en síðan er öll flóran þarna á milli sem nokkrir félagsmenn hafa yfir að ráða. Svo hefur verið gríðarleg endurnýjun í flota fyrirtækisins á undanförnum árum,“ segir Þórður Adolfsson, framkvæmdastjóri Þróttar. Hann segir að einstaklingar sækist helst eftir þjónustu hjá fyrirtækinu sem lúti að garðvinnu, framkvæmdum í kringum lóðir og öðru slíku. Vörubílastöðin útvegar fólki, fyrirtækjum og stofnunum einnig mold, jarðveg og sambærileg efni. „Öll þjónusta sem viðkemur jarðvinnuframkvæmdum er hér í boði, nema að við erum ekki að sprengja stórgrýti eða annað slíkt,“ segir Þórður að lokum.





Malarvagnar með yfirbreiðslu

- Pallurinn er úr Hardox 450 þolstáli sem tryggir mikla endingu á álagsflötum og slétta yfirborðsáferð.
- Kruz malarvagnar eru fáanlegir á grind, grindarlausir eða með hálfgrind.
- Kruz malarvagnar eru fánlegir hvort heldur er úr stáli eða áli.
- Vagninn vegur aðeins 6400 kg.
- Þrautseigir og endingargóðir.
- Áratugar löng reynsla.



Global-tæki ehf

Flugumýri 28 · 270 Mosfellsbæ
Sími 544 2090 · Fax 544 2091
www.global-taeki.com


# Drottningin er engri lík

Jón Magnús Pálsson, eigandi JMP véla, á 37 ára gamla ýtu sem kölluð er Drottningin.

Þó Drottningin sé orðin 37 ára gömul og hafi meira en 20.000 tíma á bakinu er hún enn í fullu fjöri og stóla Jón Magnús Pálsson, eigandi JMP véla, og starfsmenn hans mikið á hana.

„Þetta er helvíti duglegur gripur,“ segir Jón Magnús. Ýtan er keyrð rúma 20.000 tíma, sem er gríðarlega mikið fyrir jarðýtu, en Íslenskir aðalverktakar fluttu hana inn árið 1969 og var hún hjá þeim í mörg ár.

„Hún er búin að vera með í þessum verkefnum sem hafa átt sér stað hérna á höfuðborgarsvæðinu í gegnum árin,“ segir Jón og bætir því við að Drottningin líti afar vel út.

Jón sjálfur hefur verið viðloðandi jarðvegsbransann síðan árið 1994 en hefur rekið sitt eigið fyrirtæki síðan árið 2000.

„En Drottningin hefur fylgt mér í tæpan áratug og hún er gulls ígildi,“ segir Jón. „Hún er orðin 37 ára gömul og er í alveg topp standi.“



Drottningin er enn söm við sig, þrátt fyrir langan vinnualdur, segir Jón Magnús Pálsson, eigandi JMP véla.

JMP vélar er verktakafyrirtæki í jarðvegsiðnaði og starfa sjö manns alls hjá því. Fyrirtækið vinnur aðallega í útboðsmarkaðinum á höfuðborgarsvæðinu, þar sem það undirbýr húsgrunna, grefur götur og stendur í fleiri svipuðum jarðvegsverkefnum. Auk Drottningarinnar reka JMP vélar fjóra bíla og tvær gröfur. Tveir bílanna eru fjögurra öxla og tveir eru trailerar.







# RIMULA

## Super & Ultra

Shell hefur nú þróað nýjar olíur fyrir vélar og tæki sem sniðnar eru að kröfum og þörfum vélaframleiðanda

- Tryggir hámarkssmurningu og endingu véla.
- Þolir afar mikið álag án þess að missa smureiginleika
- Olía sem þróuð hefur verið í samvinnu við framsæknustu vélaframleiðendur Evrópu sem vilja aðeins það besta fyrir sínar vélar



**Veldu það besta fyrir atvinnutækið þitt**

KORTER

# Vélaver flytur sig upp í Hálsa

Stærsti sýningarsalur undir atvinnutæki verður opnaður á mánudag í Krókhálsi, þegar Vélaver flytur í nýtt húsnæði.



Á mánudagsmorgun opnar Vélaver sýningarsal í nýju húsnæði uppi á Krókhálsi, sem stendur á tveggja hektara lóð.

„Það verður töluvert rýmra um okkur, við erum að fara úr tæplega 2.000 fermetra húsnæði í sérhannað 3.500 fermetra húsnæði,“ segir Magnús Ingþórsson, framkvæmdastjóri Vélavers. Fyrirtækið er ellefu ára gamalt og flytur inn ýmiss konar vinnuvélar, svo sem mjaltavélar, búvélar, krana, lyftara, fjórhjól og kerrur.

Húsnæðið mun skiptast í verkstæði, lager og sýningarsal, sem hvert fyrir sig eru þúsund fermetrar á stærð, og um fimm hundruð fermetra skrifstofuhúsnæði. Um fjórutíumanns starfa hjá fyrirtækinu, en starfsemi þess hefur meira en tvöfaldast á undanförnum tveimur árum. Vélaver er lokað í dag vegna flutninga.

## vinnuvélin }

### Var á rakstrarvél með hesti fyrir

ANDREA JÓNSDÓTTIR, ÚTVARPSKONA.



**Hefurðu einhvern tímann unnið á vinnuvél?**

„Ég keyrði traktor í sveitinni í gamla daga. Ég var reyndar allt of ung til þess en þetta var öðruvísi í sveitinni þá. Ég man að þegar ég var svona tíu ára fékk ég að vera á rakstrarvél sem var með hesti fyrir. Það var náttúrulega vinnuvél.“

**Ef þú þyrftir að vinna á vinnuvél, hvaða vél myndir þú velja?**

„Ég hef einhvern veginn aldrei haft neitt mikinn áhuga á vinnuvélum og ég er heldur ekki með neina bíladellu. Ég læt mér bara nægja að keyra heimilisbílinn.“





# Fornfrægar minjar á Skógum

Góðar samgöngur hafa löngum þótt brýn nauðsyn í hverju landi og þar er Ísland engin undantekning. Í gegnum tíðina hafa ýmis tæki og tól verið notuð til samgöngubóta og vegagerðar hér á landi. Vegagerðin hefur um nokkurt skeið haldið upp á gamlar vinnuvélar og gert þær upp.

Á Skógum undir Eyjafjöllum er starfrækt Vegminjasafn Vegagerðarinnar. Upphaf safnsins má rekja til ársins 1950 er starfsmenn Vegagerðarinnar hófu söfnun gamalla muna er tengdust á einhvern hátt starfsemi Vegagerðarinnar. Það var ekki fyrr en árið 1989 að Vegagerðin tók við umsjón safnsins og minjavörður var ráðinn til starfa. Að sögn Jakobs Hálfdánarsonar, núverandi minjavarðar, sem tók við starfi árið 1997, er markmiðið með Vegminjasafninu að standa vörð um þær minjar sem tilheyra vegagerð fyrri tíma og varpað geta ljósi á þátt þeirra í menningar og samgöngusögu þjóðarinnar.

### SKORTUR Á NÆGUM HÚSAKOSTI

Í fyrstu var safnið til húsa í höfuðstöðvum Vegagerðarinnar að Borgartúni 7 í Reykjavík. Fljótlega þótti þó ljóst að ekki væri pláss fyrir starfsemina í höfuðborginni og árið 1999 voru flestir gripa safnsins fluttir til Hvolsvallar. Þar voru þeir munir sem voru uppgerðir og sýningarhæfir geymdir í aflögðu áhaldahúsi þar sem almenningi gafst kostur á að skoða þá.

Ljóst varð þó að þessi húsakostur safnsins var ekki fullnægjandi og því var ákveðið að flytja safnið undir Eyjafjöll. Samdi Vegagerðin við Samgöngusafnið á Skógum um varðveislu safngripa og sýninga á minjum. Var safnið flutt þangað árið 2002 í glæsilegan sýningarsal sem er um 1.100 fermetrar að stærð. Hinn 20. júlí 2002 var safnið formlega opnað af Sturlu Böðvarsyni samgönguráðherra.

### VEGLEGT SAFN GRIPA

Safnið hefur vaxið jafnt og þétt með árunum og bíða fleiri gömul tæki í eigu Vegagerðarinnar endurbóta. Að sögn Jakobs vinna starfsmenn á verkstæðum Vegagerðarinnar sjálfir að viðgerðum þessara fornfrægu minja þegar þeir eru ekki að sinna meiri aðkallandi verkefnum. Af þeim fjölmörgu gripum sem tilheyra safninu má nefna hestaveghefil frá árinu 1920, Caterpillarbeltaskóflu frá árinu 1945 og Priestmann-skurðgröfu frá sama ári.

Safnið á Skógum er opið almenningi á sumrin og geta hópar fengið aðgang að safninu á veturna.


Frystivagnar Flutningakassar Flatvagnar Beislisvagnar Gámagrindur



KRONE

ALORKA býður eigendum og rekstraraðilum flutningabíla að kynna sér vörulínu KRONE og fá verð hjá okkur í *vagna, gámagrindur, flutningakassa, kælivélar, milliþil* eða annað sem tengist landflutningum. Hjá okkur er einnig hægt að fá varahluti í eldri KRONE og NORFRIG flutningatæki.

s: 577 30 80
www.alorka.is
ALORKA ehf.


## VINNUVÉLAR AF RÉTTRI STÆRÐ

HELSTU AÐDÁENDUR VINNUVÉLA GETA FENGIÐ AÐ SPREYTA SIG Á ÞEIM Í FJÖLSKYLDUGARÐINUM.

Vinnuvélar heilla ungviði á einhvern alveg sérstakan hátt. Kannski er það krafturinn, kannski litirnir sem eru yfirleitt bjartir og glaðlegir og kannski hávaðinn sem er bæði hræðilegur og spennandi í senn. Gröfur sem höggva sér leið í gegnum yfirborð jarðar, steypubílar með sínum dáleiðandi snúningi og drunum, vörubílar sem bera sitt þunga hlass og geta sturtað því af sér þegar minnst varir... allt virkar þetta næstum dáleiðandi á litla krakka, bæði stráka og stelpur.

Í Fjölskyldugarðinum geta litlir vinnuvélaáhugamenn fengið útrás fyrir áhuga sinn því þar má finna vinnuvélar af hæfilegum stærðum og gerðum fyrir þau til að leika sér í. Og þá er sko gaman að grafa, ekki síst þegar snjórinn er kominn.



Vinnuvélaáhugafólk af minni gerðinni fagnar því að fá að prófa „alvöru“ gröfur.



olís




## DETA rafgeymar

# Orka sem þú getur treyst

✓Bílar ✓Bátar ✓Skip ✓Neyðarlýsingar ✓Orkuver ✓Lyftarar ✓Tjaldvagnar ✓Vélsleðar
✓Mótorhjól ✓Rafmagnsbílar ✓Hjólastólar

Deta rafgeymar eru framleiddir fyrir nánast allar stærðir og gerðir farartækja. Deta hefur í yfir 50 ár unnið sér nafn sem einn öflugasti rafgeymaframleiðandi heims. Með sífellt flóknari og fjölbreyttari farartækjum með sérhæfðan rafbúnað eykst þörfin fyrir öflugri og umfram allt traustari rafgeyma.
Við bjóðum allar gerðir af hleðslutækjum fyrir Deta.

Hafðu samband við sérfræðingana hjá Olís og fáðu nánari upplýsingar um yfirburði Deta rafgeyma.

Olíuverzlun Íslands • Sundagörðum 2 • Sími 515 1100 • Fax 515 1110 • www.olis.is

vinnuvélin }

## Gaman að taka skarpar beygjur

MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR, KNATTSPYRNUKONA.

**Ef þú þyrftir að vinna á vinnuvél, hvaða vél myndir þú velja?**



„Ég hef keyrt lyftara og það var mjög gaman. Sérstaklega að taka skarpar beygjur og svona.“

vinnuvélin }



## Myndi velja stóra búkollu

ÓMAR RAGNARSSON, FRÉTTAMAÐUR.

**Hefur þú einhvern tímann unnið á vinnuvél?**

„Já, dráttarvél í sveitinni og svo keyrði ég vörubíl í gamla daga.“

**Ef þú þyrftir að vinna á vinnuvél, hvaða vél myndir þú velja?**

„Ætli ég mundi ekki velja stóra búkollu, framlenging á gamla Fordinum hans pabba.“





Magnús Sigurðsson hefur alltaf verið með bíladellu, svo bílstjórastarfið á vel við hann. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Gaman að vinna á stórum trukkum

Stórir bílar hafa alltaf átt hug Magnúsar Sigurðssonar allan. Þó rúm tuttugu ár séu liðin síðan hann tók meiraprófið fyrst er hann enn jafn heillaður af starfinu.

Bílstjórinn Magnús Sigurðsson er í draumadjobbinu.

„Alveg síðan ég var smápatti hefur mig langað til þess að vinna með bíla. Það er bara einfaldlega þrælgaman að vinna á stórum trukkum,“ segir Magnús, sem vinnur hjá GT verktökum í Reykjavík. Hann er bæði í malarkeyrslu fyrir þá víðs vegar um höfuðborgarsvæðið og Reykjanes og fer í langferðir á Ísafjörð með gáma fyrir Eimskip.

„Þá er maður í bílnum í átta til tíu tíma og sefur svo í honum líka,“ segir Magnús. Bíllinn sem hann ekur er MAN trailer, kojubíll með olíumiðstöð og er mjög vel útbúinn, að sögn Magnúsar, þó ekki sé hann með kaffivél eða ísskáp eins og sumir þeirra.

„Bílarnir eru svo þægilegir að það er ekkert vandamál að halda sér vakandi en ef maður þreytist mikið leggur maður sig bara í klukkutíma,“ segir hann. Magnús hefur alla tíð verið með mikla ökutækjadellu og á meðal annars Yamaha Virago mótorhjól og er félagi í Sniglunum. Hann tók meiraprófið fyrir rúmum tuttugu árum og hefur mestmegnis unnið á stórum bílum síðan þó hann hafi öðru hvoru reynt önnur störf líka, svo sem verið á sjó.

# Kennarar gjarnan eigendur gróinna fyrirtækja

Áður en þú færð réttindi til að stjórna stórum lyfturum eða krönum verðurðu fyrst að sitja áttatíu stunda bóklegt vinnuvélanámskeið og taka svo verklegt próf.

„Þetta er áttatíu stunda bóklegt námskeið sem við kennum hérna í Iðntæknistofnun, og fer yfirleitt fram á kvöldin og um helgar,“ segir Bjarni Bentsson, verkefnisstjóri vinnuvélanámskeiðanna. „Þegar menn eru búnir að fara í gegnum þetta námskeið geta þeir farið að þjálfa sig verklega á þessum tækjum. Það gerist yfirleitt bara hjá vinnuveitendum þeirra eða þá að þeir eiga tæki sjálfir og fá þá leiðbeinanda til að aðstoða sig.“

Leiðbeinendurnir eru oftast fólk sem hefur unnið árum saman á vinnuvélum og hefur öðlast kennsluréttindi. Oft eru þetta eigendur gróinna fyrirtækja eða fólk sem hefur lengi starfað í bransanum.

Bóklega námskeiðið kostar 49.900 krónur en svo þarf að greiða fyrir verklegt próf, sem fulltrúar Vinnueftirlitsins sinna, og skírteinisgjald.

Námskeiðið tekur til margs konar vinnuvéla, svo sem krana, malbikunarvéla, jarðvinnuvéla og lyftara. Nemarnir læra um stjórnun vinnuvéla, umhirðu vélabúnaðar og notkun stjórnendahandbóka. Eins fá þeir undirstöðufræðslu um vökvakerfi, aflvél og drifrás. Áhersla er lögð á beitingu og virkni algengustu vinnuvéla, öryggisatriði, öryggiskröfur og aðrar opinberar og siðferðilegar kröfur varðandi starf vinnuvélstjóra, meðal annars mannleg samskipti og vátryggingar.

Þó námskeiðið fjalli um allar gerðir vinnuvéla ráða menn hversu mörg tæki þeir læra á. Ef þeir ákveða svo síðar að bæta við sig er ekki nauðsynlegt að taka bóklega hlutann aftur. „Námskeiðið hjá okkur dekkar alla tækjaflokkana en svo er bara spurning hvar menn fara að vinna, hvað þeir hafa þörf fyrir marga tækjaflokka,“ segir Bjarni.



Bjarni Bentsson sér um áttatíu stunda bóklegt vinnuvélanámskeið sem allir sem ætla sér að vinna á stórum vinnuvélum verða að sitja.

Á ársgrundvelli eru um sextán til tuttugu námskeið haldin víðs vegar um landið og sitja átta til 25 manns hvert námskeið.





vinnuvélin }

## Holdgervingur karlmennskunnar

FREYR EYJÓLFSSON, ÚTVARPSMAÐUR, POPPSPEKÚLANT OG KARLMAÐUR.

**Hvað er uppáhaldsvinnuvélin þín?**

„Það er ein vinnuvél sem mér þykir mjög vænt um. Það er Partneri, sem er steinsög sem maður notar til að saga í sundur hellur. Hún stendur fyrir nákvæmni, hugvit, krafta og þol, holdgervingur karlmennskunnar. Á meðan hellurykið flæðir um lungun og mjóhryggurinn gliðnar hugsar maður: „Já, ég er íslenskur karlmaður!“



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI


Hágæða vörur á góðu verði
auka- og varahlutir fyrir vinnuvélar, tæki og trukka
Varúðarljós • Ljóskastarar • Díóðuljós
aldrei að skafa
Webasto olíumiðstöðvar
Þú hitar bílinn áður en þú ferð út í kuldan og þarft aldrei að skafa!
Webasto
Feel the drive
Parlok vörubílabretti úr polyethylen
PARLOK
SV vörubílademparar
viðhaldsfríir - mjög sterkir
SV
Ryðfríir kassar
margar gerðir
frábært verð
Webasto olíumiðstöðvar
Parlok vörubílabretti
Varúðarljós, ljóskastarar, díóðuljós
Be-Ge vörubíla og vinnuvélastólar
BAWA ryðfríir kassar fyrir vörubíla
Bílasmiðurinn hf
Bíldshöfða 16 | 567 2330


Aðalflutningar
Öryggi alla leið
HVERGI
LÆGRA VERÐ
Aðalflutningar
AUSTURLAND - REYKJAVÍK - AUSTURLAND
Aðalflutningar
- REYKJAVÍK - AUSTURLAND
Vatnagörðum 6 • S. 581 3030 • Fax: 581 3036 • adaleg@simnet.is

## vinnuvélin }

### Væri til að vinna á götusópara

Sverrir Þór Sverrisson, skemmtikraftur.



**Hefur þú einhvern tímann unnið á vinnuvél?**
„Já, ég hef unnið á lyftara. Það var hressandi upplifun.“

**Ef þú þyrftir að vinna á vinnuvél, hvaða vél myndir þú velja?**
„Ég væri til í að vinna á stórum götusópara niðri í miðbæ svo ég gæti dottið á kaffihús og fengið mér latte og svona.“

## vinnuvélin }

### Gröfu sem leikfang

ÞÓRHALLUR SIGURÐSSON, LEIKARI.



**Hefur þú einhvern tímann unnið á vinnuvél?**
„Já, hef unnið á lyftara, svo var traktor í sveitinni og einnig vann ég á gröfu.“

**Ef þú þyrftir að vinna á vinnuvél, hvaða vél myndir þú velja?**
„Mig myndi langa að vinna á stærri og skemmtilegri gröfu. Mig hefur oft langað til að kaupa gröfu og leika mér á henni.“

# Sorphaugarnir geta séð um 4.000 smábílum fyrir eldsneyti

Síðan Metan hf. var stofnað fyrir sex árum síðan hafa 49 bifreiðar verið fluttar inn sem ganga annað hvort eingöngu fyrir metani eða eru tvíorkubifreiðar. Kostir þessara bifreiða eru ótvíræðir, þær menga mun minna en bensín- og dísilbílar, eru töluvert hljóðlátari og jafnframt er metanið framleitt hér á landi.



Nú eru alls 47 metan- og bensínknúnir bílar á landinu, auk tveggja sem eingöngu ganga fyrir metangasi, og hafa þeir reynst afar vel.

Með því að kaupa metan gas er neytandinn að kaupa íslenskt eldsneyti frekar en innflutt því metanið er tekið sem aukaafurð úr sorphaugunum í Álfsnesi, en Sorpu ber að safna hauggasi sem myndast við rotnun lífrænna úrgangsefna á urðunarstað og nýta eftir fremsta megni, en annars að brenna því.

„Við erum svolítið sér á báti hér á landi, því það er ekki víða sem gas er notað úr urðunarstöðum. Það er algengara að notað sé gas sem myndast við hreinsun á skólpi eða vinnslu á öðru lífrænu efni,“ segir Björn Halldórsson, framkvæmdastjóri Metans hf. sem sér um dreifingu og sölu á gasinu, en alls ættu sorphaugarnir að geta séð um 4.000 smábílum fyrir eldsneyti.

Nú eru 47 metan- og bensínknúnar bifreiðar á landinu og tvær sem eingöngu ganga fyrir metani. Auk þess munu tveir Scania-strætisvagnar sem eingöngu ganga fyrir metani koma til landsins síðar í þessum mánuði. Flestir tvíorkubílanna eru smærri vinnubifreiðar, svo sem pallbílar, Citroën Berlingo, VW Transporter og VW Caddy.

Minni mengun og hljóðlátari vélar gera metanknúna sorpbíla og strætisvagna afar aðlaðandi fyrir sveitarfélög auk fyrirtækja sem byggja afkomu sína mikið á akstri.

Enn sem komið er eru metanbílarnir aðeins dýrari í innkaupum, því setja þarf aukabúnað í þá, svo þeir geti gengið bæði fyrir metani og bensíni, en þó vegur margt á móti sem gerir þá afar aðlaðandi. Fastur afsláttur af vörugjaldi upp á 240.000 krónur er gefinn af smábílunum, sem þýðir að þeir kosta orðið nánast það sama og venjulegur bensínbíll. Auk þess er metanið ódýrara en bensínið, og þar fyrir utan eru metanbílar undir 10.000 tonnum undanþegnir þungaskatti.

Helsti ókosturinn er sá að eingöngu er hægt að kaupa metangas á bensínstöð Esso á Bíldshöfða í Reykjavík. Annar ókostur er að smærri bílvélar eru kraftminni en sambærilegar bensín- eða dísilvélar.

„En um leið og þú ert kominn upp í 1.800 eða 2.000, 2,4 lítra vél, þá finnurðu engan mun,“ segir Björn.


VOGEL®
Smurkerfi




rotor
www.rotor.is
RÓTOR EHF. HELLUHRAUNI 4 HAFNAFIRÐI SÍMI 555 4900



Vörubíladekk




**Sóluð vetrardekk:**
Stærðir: 315/80R22.5, 12R22.5
**Verð frá kr. 19.900,- án/vsk.**

**Ný heilsársdekk:**
Stærðir: 315/80R22.5, 12R22.5, 295/80R22.5, 275/70R22.5

Vinnuvéladekk



**Helstu stærðir:**
26.5-25 15.5-25
23.5-25 14.00-24
20.5-25 13.00-24
17.5-25 10.00-20

s: 577 30 80
www.alorka.is
ALORKA ehf.




Kristján Ómarsson ekur metanknúnum sorpbíl fyrir Reykjavíkurborg og segir hann mun liprari en þá bensínknúnu. Fréttablaðið/Valli

# Liprari, hljóðlátari og þægilegri í akstri

Metanknúni sorpbíllinn er afbragðsbíll að mati Kristjáns Ómarssonar bílstjóra.

„Þetta er afbragðsbíll, ég mæli hiklaust með honum,“ segir Kristján Ómarsson, sem ekur metanknúnum sorpbíl fyrir Reykjavíkurborg.

Kristján hefur ekið sorpbíl fyrir borgina í á fimmta ár en síðustu tíu mánuðina hefur hann verið aðalstjórnandi metanknúna bílsins.

„Helsti munurinn er sá að hann er hljóðlátari, mengar minna og hann er að öllu leyti þægilegri í akstri og liprari. Aðgengið inn í hann er mjög gott, bæði fyrir vinnumennina og bílstjórann, við löbbum bara beint inn í hann, þetta er eins og að fara inn í strætó og við þurfum ekki að príla upp í hann eins og gömlu bílana,“ segir Kristján.

Metanknúnir bílar menga mun minna en aðrir bílar – 113 metanknúnir VW Caddy bílar gefa frá sér jafn mikinn koltvísýring og einn samskonar bensínknúinn bíll. Auk þess er hávaðamengunin mun minni frá stærri metanknúnum ökutækjum en þeim sem ganga fyrir dísilolíu eða bensíni.

# Hagkvæmar fjármögnunarleiðir

Ef fjárhagurinn leyfir ekki kaup á nauðsynlegu atvinnutæki, getur Glitnir hlaupið undir bagga með þér

„Við erum búnir að vera að störfum síðan 1985, og höfum á þessum 20 árum boðið mjög hagkvæmar fjármögnunarleiðir fyrir fyrirtæki í atvinnurekstri," segir Þórður Kr. Jóhannesson, aðstoðarframkvæmdarstjóri Glitnis.

Fyrirtækið býður upp á fjármögnunarleigu, kaupleigu, rekstrarleigu og fjárfestingarlán til fjármögnunar á atvinnutækjum. Leigurnar eru form eignaleigu, sem þýðir að Glitnir kaupir atvinnutækið og leigir viðkomandi. Þessar leiðir bjóða upp á allt að 100 prósenta fjármögnun, en fjárfestingarlán er hinsvegar skuldabréfalán með veði í tækinu, og býður Glitnir upp á allt að 65 prósenta fjármögnun. Yfirleitt finnur atvinnurekandinn tækið sem hann vantar og hefur svo samband við Glitni.

„Við erum að bjóða hagkvæm kjör, fyrirtækin eru ekki að binda rekstrarféð, og margir nýta sér sveigjanlegar greiðslur, sérstaklega verktakar sem hafa meira að gera á sumrin en veturna," segir Þórður.

Tækin sem Glitnir fjármagnar eru allt frá prentvélum og tölvubúnaði, upp í jarðýtur, vöru- og sendibíla og aðrar stórvirkar vinnuvélar.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Glitnir býður fyrirtækjum upp á góðar og hagkvæmar fjármögnunarleiðir, og auðveldar kaup á stórum jafnt sem smærri vélum.

## vinnuvélin }

### Dreymdi um lyftarastarf hjá Eimskip

Hermann Gunnarsson
fjölmiðlamaður



**Hefur þú einhvern tímann unnið á vinnuvél?**
„Aldrei afrekað það en ég vann í brotajárni hjá Sindra hérna áður fyrr og þá erum við að tala um kraftmiklar pressur sem krömdu saman alls kyns rusl s.s. rafgeyma og annað."

**Ef þú þyrftir að vinna á vinnuvél, hvaða vél myndir þú velja?**
„Í gamla daga þegar ég var strákur var draumastarfið lyftaravinna hjá Eimskip. Vonandi rætist það einn daginn."

## vinnuvélin }

### Á appelsínugulum risatrukk

Einar Bárðarson
Idol-dómari.



**Hefur þú einhvern tímann unnið á vinnuvél?**
„Já, ég vann á traktor í sveitinni í gamla daga."

**Ef þú þyrftir að vinna á vinnuvél, hvaða vél myndir þú velja?**
„Ég myndi vilja vinna á appelsínugulum Caterpillar risatrukk."

## vinnuvélin }

### Langar að prófa stóran krana

Egill Gilzenegger Einarson
pistlahöfundur og einkaþjálfari.



**Hefur þú einhvern tímann unnið á vinnuvél?**
„Ég var að vinna í Ikea hér áður fyrr og þá vann ég á lyftara."

**Ef þú þyrftir að vinna á vinnuvél, hvaða vél myndir þú velja?**
„Ég gæti hugsað mér að vinna á stórum krana. Ég held að það væri mjög gaman og það er hátt uppi. Mér finnst það allavega hljóma spennandi."




BRIMBORG / GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

VOLVO

ÞÚ TREYSTIR
REKSTRARÖRYGGI VOLVO

**Volvo uppfyllir þarfir þínar fyrir traustar vinnuvélar með breiðu vöruframboði vinnuvéla. Rekstraröryggi og ending atvinnutækja byggist á gæðum vélanna og öflugri þjónustu.**

Volvo EC240B beltagrafan er leiðtogi og er ein sú afkastamesta í sínum stærðarflokki í heiminum. Við hönnun hennar voru skoðanir og ábendingar stjórnenda vinnuvéla hafðar að leiðarljósi. Útkoman er traust og þægileg beltagrafa sem uppfyllir kröfur stjórnandans um rekstrarhagkvæmni, nútíma vinnuumhverfi og stjórntæki, afköst og endingu ásamt góðu aðgengi að öllum viðhaldsstöðum vélarinnar.

Komdu í Brimborg og kynntu þér breiða vörulínu á beltagröfum frá Volvo, allt frá 14 tonna gröfunni EC140B til hinnar framúrskarandi 46 tonna beltagröfu EC460B.

Brimborg, umboðsaðili Volvo, rekur öfluga þjónustu við eigendur og notendur atvinnutækja Volvo af öllum tegundum og stærðum.

Brimborg leggur metnað sinn í að uppfylla kröfur viðskiptavina sinna með það að markmiði að hámarka nýtingu atvinnutækjanna og að viðhald fjárfestingarinnar og þjónusta við hana sé í sérflokki. Þess vegna hafa þjónustuverkstæði Brimborgar fyrir atvinnutæki Volvo yfir að ráða fullkomnasta viðhalds- og tæknibúnaði sem völ er á auk þess sem þjónustan getur einnig farið fram á þeim stað, þar sem tækin eru í notkun.

**Nýttu þér þjónustusamninga Brimborgar. Þannig getur þú einbeitt þér að starfi þínu og látið fagmenn Brimborgar um að tryggja hámarksnýtingu vélanna.**

**Hafðu samband. Kynntu þér breiða vörulínu vinnuvéla Volvo.**

Ráðfærðu þig við sérfræðinga Brimborgar í atvinnutækjadeild. Tryggðu þér áreiðanleg atvinnutæki og öfluga þjónustu Brimborgar.

Væntanleg á lager Volvo ECR58. Hafðu samband!
Væntanleg á lager Volvo EW160B. Hafðu samband!
Væntanleg á lager Volvo BL71. Hafðu samband!
Væntanleg á lager Volvo EC240B. Hafðu samband!



**Volvo smávélar** Hjólaskóflur þyngd frá 4,3 t til 8,9 t; Gröfur þyngd frá 1,3 t til 8,5 t
**Volvo hjólagröfur** Þyngd frá 13,4 t til 19,8 t
**Volvo traktorsgrafa** BL71 þyngd 8,6 t
**Volvo beltagröfur** Þyngd frá 13,4 t til 46,6 t
**Volvo vegheflar** Þyngd frá 15,1 t til 19,6 t
**Volvo búkollur** Burðargeta frá 24 t til 37 t
**Volvo hjólaskóflur** Þyngd frá 8,2 t til 52 t

brimborg

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.volvo.is

*Öruggur staður til að vera á*

60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004
MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.

HANN ER GRIMMUR!
MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER

SKOTBÓMULYFTARI

**Fjórhjóladrifinn**
**Fjórhjólastýrður**
**Lyftigeta:** 3.400 KG
**Lyftihæð:** 6.050 MM
**Gafflar:** 1.200 MM
**Vél:** Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ
**LOAD SENSING!!** Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.



- VIÐURKENND VARAHLUTAÞJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager

MANITOU

PON
PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-maiL: pon@pon.is



Venieri-vinnuvélar verða kynntar af krafti á næstunni.

# Ítölsk gæði í hjólaskóflum og traktorsgröfum

Vélar og þjónusta ehf. hafa nýverið sett kraft í kynningu á ítölskum vinnuvélum að gerðinni Venieri.

Venieri er rótgróið ítalskt fyrirtæki sem hefur framleitt vinnuvélar allt síðan 1947 og er einn þekktasti vinnuvélaframleiðandi Evrópu í dag. Frá Venieri kemur gæðaframleiðsla sem uppfyllir allar kröfur sem íslenskir notendur gera til vinnuvéla. Vélar og þjónusta ehf. er umboðsaðili fyrir Venieri-vinnuvélar á Íslandi og hefur nú ákveðið að kynna vélarnar af fullum krafti.

Fluttar eru inn tvær stærðir af hjólaskóflum, en auk þess bæði liðstýrðar og fjórhjólastýrðar traktorsgröfur. Úrval af skóflum og öðrum aukahlutum sem notendur kann að vanta við vélarnar er fullkomið, að sögn Ágústar Schram, sölustjóra vinnuvéladeildar hjá Vélum og þjónustu ehf. „Venieri-vinnuvélar eru sérstakar meðal annars að því leyti að vélin er ekki fyrir framan húsið, sem felur í sér að sá sem situr við stjórn hefur mun betri sýn út úr stýrishúsi. Þær eru einnig með stiglausri skiptingu, sem gerir það að verkum að hægt er að keyra á allt að 45 kílómetra hraða án þess að skipt sé um gír,“ segir Ágúst.

Umboðið fyrir Venieri-vinnuvélar er hjá Vélum og þjónustu. Fyrirtækið er nokkuð ungt en ber eldra nafn þar sem það var reist á grunni fyrirtækis sem varð gjaldþrota árið 2004 en er nú þjónustuaðili fyrir Venieri á Íslandi og sér um viðgerðir og að útvega varahluti. Vélar og þjónusta ehf. er einn stærsti innflutningsaðili landbúnaðarvéla á Íslandi og hefur fyrirtækið þjónustusamning við Trukkinn, verkstæði á Akureyri.



Venieri-vinnuvélar henta vel við íslenskar aðstæður.

421 4037 • WWW.LYFTA.IS





*Útsala á véla- og bílakerrum*
*verð frá 307.000,-*





Brenderup
lyfta.is
Lyfta.is • 421 4037 • lyfta@lyfta.is • www.lyfta.is

O&K
Þjónusta

Þjónustuaðili:
Langendorf Fiat MSB New Holland NPK
Daewoo IR Montabert DEUTZ Kobelco

VélRás ehf.
Sérhæfð þjónusta við rafkerfi og glussakerfi
RAUÐHELLA 16 • 220 HAFNARFIRÐI • SÍMI 555 6670 • FAX 555 6671 • velras@velras.is

Slöngur og fittings á lager.
Smurþjónusta fyrir stóra bíla og vinnuvélar.
Setjum á og útvegum yfirbreiðslur á vagna.

# Leigutíminn frá einum degi og upp í tvö ár

Í HAFNARFIRÐI ER LYFTULEIGAN ARMAR SEM LEIGIR ÚT VINNULYFTUR OG LYFTARA.



Auðunn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Arma, segir að fyrirtækið leigi út lyftur til bæði fyrirtækja og einstaklinga. „Það eru samt í svona níutíu prósentum tilfella fyrirtæki sem leigja vélar hjá okkur,“ segir hann.

Auðunn segir að oftast þurfi að hafa einhvers konar próf til þess að mega vinna á lyfturnar. „Þetta er svolítið flókið kerfi. Sumir eru með próf á litlu lyfturnar en ekki þær stóru því að það þarf annað próf á þær.“

Auðunn segir að vélarnar séu leigðar út í bæði skamman og langan tíma. „Við höfum verið að leigja út vélar alveg frá einum degi og upp í tvö ár.“ Hann segir að fyrirtækið hafi verið stofnað árið 1999 og það hafi gengið mjög vel síðan þá og mikil ásókn í það að fá leigðar vinnulyftur og lyftara.


ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEF TV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir

í stafrænum gæðum á vísir.is



JOST ROCKINGER

Member of JOST-World

Dráttarstólar og dráttarkrókar

ÓSAL

Vörur - þjónusta - upplýsingar

Tangarhöfða 4, sími 515 7200



Traust

dráttarbeisli

Ásetning á staðnum.



VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27

Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is



TÆKI.IS ehf

896-5944 / 899-8292

Öryggi uppi !

Körfubílar

Bómulyftur / Spjót

Skæralyftur

Lyftarar / skotbóma

Tækjaflutningar

Rafstöðvar

Háþrýstidælur

Vatnsdælur

LEIGA / SALA

www.taeki.is



VÖRUBÍLAR & MALARVAGNAR





Nýir MAN og BENZ vörubílar á betra verði

Til afgreiðslu strax





Nýir VOLVO FM12 8x4

Eigum fjóra á lager til afgreiðslu strax

2ja og 3ja öxla malarvagnar.

Langendorf 2 öxla, verð 3.200,000+ vsk

Schmitz 3 öxla, verð ,2.420,000+ vsk

Bilexport á Íslandi ehf. (www.bilexport.dk) Bóas í síma 8925007 og 0045-4011007





VÖRUBÍLADEKK

ný og sóluð

BÍLDEKK ehf.

Símar: 4711600 og 8966456



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Sögurnar, tölurnar, fólkið.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



Mikið er af byggingarkrönum í hverfum sem er verið að byggja. Þessi mynd er tekin í Vallarhverfi í Hafnarfirði.

# Algengustu kranar á Íslandi

## Liebherr-byggingarkranar hafa notið mikilla vinsælda hér á landi í gegnum árin.

Liebherr-byggingarkranar eru algengustu kranar á Íslandi og er talið að þeir séu um 70-75% af öllum krönum á landinu. Liebherr er þýsk framleiðsla og er fyrirtækið einn stærsti framleiðandi í heimi á vinnuvélum af hvers kyns tagi. Kranaframleiðsla þess er ekki einungis bundin við staðlaðar útfærslur heldur sérsmíðar það krana fyrir nær allar aðstæður.

Merkúr hefur verið með umboðið fyrir Liebherr síðan 1998 og selur allar gerðir af krönum fyrirtækisins. Sala á krönum hjá Merkúr hefur verið góð undanfarið en talsvert virðist vera um það að verktakar séu að endurnýja kranana sína. Hér á Íslandi var á árum áður mest um það að verktakar keyptu til sín notaða krana og því er kranaflotinn orðinn nokkuð gamall, samkvæmt Sigurjóni Alfreðssyni, sölufulltrúa hjá Merkúr. Líftími krana er mismikill, en algengt er að krana sé hægt að nýta í fimmtán til tuttugu ár, sé honum haldið vel við.

Í framleiðslu Liebherr er boðið upp á ýmist sjálfreisandi krana, turnkrana, grindarbómukrana og bílkrana. Sjálfreisandi krana tekur skamman tíma að reisa með kapalstýringu eða fjarstýringu en þeir eru til í mörgum útfærslum með mismunandi lyftigetu og í bómulengdum sem ná frá tuttugu til fimmtíu metra. Turnkranar eru stærri og þarf að notast við bílkrana við uppsetningu á þeim. Tekur það um það bil tvo til fjóra daga, allt eftir stærð, gerð, hve hátt á að reisa kranan og svo framvegis. Turnkrana er hægt að fá í bómulengdum sem ná frá þrjátíu til áttatíu metra og með gífurlegri lyftigetu. Liebherr-hafnarkranar hafa einnig notið mikilla vinsælda hér á landi og hefur til dæmis nýlega verið tekinn í notkun slíkur krani vegna álvers á Reyðarfirði.

Vaxandi notkun forsteyptra eininga í byggingaiðnaði hér á landi hefur það í för með sér að verktakar hafa verið að leita að frekari lyftigetu til að hífa einingar af því tagi. Stærstu kranar sem Merkúr hefur selt til verktaka hér á landi eru af gerðinni 280 EC-H 16 og hafa alls selst fjórir slíkir kranar hér. Bómulengd þeirra er heilir 75 metrar og lyftigeta þeirra er mest sextán tonn. Þó ber að taka það fram að þetta eru alls ekki stærstu kranar sem Liebherr framleiðir, en hámarkslyftigeta þess stærsta er heil áttatíu tonn.


ALLAR GERÐIR AF
VINNULYFTUM
TIL LEIGU
GÓÐ TÆKI
& BETRA VERÐ
ARMAR
sími 565 4646 & 660 1700
WWW.ARMAR.IS

*Ert þú leið(ur) á*
*að skipta um perur?*
DÍÓÐULJÓSIN FRÁ OKKUR ERU:

ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR
GERÐIR VÖRU- OG
FLUTNINGABÍLA


TRUCK - LITE
Ljósasamlokurnar frá okkur eru:
ÓBRJÓTANDI
HÖGGÞOLNAR
ENDAST OG ENDAST

et EHF VERSLUN
Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844
*Ljósin frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...*

!
Talstöðin
FM 90,9
ÞÚ HEYRIR
ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Þarf skemmri tíma í endurhleðslu

TICO hefur þróað rafmagnslyftara með vetnisrafal. Orkan í honum er jöfn og því afköstin alltaf í hámarki, en dvína ekki með fallandi spennu rafgeyma.

Toyota Industries Corporation (TICO) er fyrsti framleiðandi gaffallyftara sem hefur þróað á eigin vegum rafmagnslyftara með vetnisrafal. Var fyrsti lyftarinn af þeirri gerð sýndur nýlega á CeMAT, umfangsmestu kaupstefnu veraldar fyrir flutningatæki. TICO-vetnisrafallinn er þróaður í samvinnu við Toyota Motor Corporation (TMC).

Lyftari knúinn vetnisrafal þarf skemmri tíma vegna endurhleðslu/áfyllinga en hefðbundinn rafmagnslyftari með venjulega rafgeyma sem þarf að endurhlaða í hlutfalli við notkun, auk þess sem bæta þarf vatni á geymana og jafnvel endurnýja þá.

Annar þýðingarmikill kostur við lyftara með vetnisrafal er að orkan er jöfn og afköst lyftarans því ávallt í hámarki en dala ekki með fallandi spennu rafgeyma eins og títt er með hefðbundna rafmagnslyftara. Þessir og fleiri kostir gera lyftara með vetnisrafal eftirsóknarverða þar sem notkun slíkra tækja er mest, svo sem í stórum vörumiðstöðvum þar sem unnið er á vöktum allan sólarhringinn og lyftarar notaðir stanslaust. Stærri notendur geta reist og rekið sína eigin vetnisáfyllingarstöð. Lyftarar knúnir vetnisrafal munu því stuðla að lækkun kostnaðar við vörumeðhöndlun.



Rafmagnslyftari með vetnisrafal frá TICO.












# Stórsýningin Verk og vit

– íslenskur byggingariðnaður, skipulagsmál og mannvirkjagerð í nýju Íþrótta-og sýningahöllinni í Laugardal.

16.–19. mars 2006

Verk og vit 2006

## Tryggðu þér svæði
## – bókaðu núna á verkogvit.is

**Sýningin Verk og vit 2006**
Sýningin verður opin fagaðilum 16. og 17. mars og almenningi helgina 18. og 19. mars. Á sýningunni verða áhugaverðar nýjungar í íslenskri framleiðslu kynntar auk véla, tækja, hönnunar, ráðgjafar og þjónustu. Þá munu skipulagsmál sveitarfélaga skipa sérstakan sess þar sem þróun, einstök verkefni og framtíðarsýn verða kynnt. Í tengslum við sýninguna verða haldnar ráðstefnur og málþing þar sem m.a. verður fjallað um þróun fasteignamarkaðarins, skipulagsmál og fjárfestingar.

**Fyrir hverja?**
Sýningin Verk og vit 2006 er ætluð framleiðendum og innflytjendum og þeim aðilum sem tengjast bygginga- og mannvirkjagerð á ýmsum stigum, s.s. verktökum, sveitarfélögum, iðnaðar- og þjónustu fyrirtækjum, fasteignafélögum, hönnuðum og ráðgjöfum.

**Skipuleggjendur**
AP sýningar, sem eru í eigu AP almannatengsla ehf., sjá um framkvæmd sýningarinnar í samvinnu við samstarfsaðila.

**Nánari upplýsingar er að finna á vefsvæðinu verkogvit.is eða í síma 511 1230.**

**Samstarfsaðilar:** Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti · Reykjavíkurborg · SI Samtök iðnaðarins · Landsbankinn · ÍSTAK

AP sýningar · Mýrargötu 2-8 · 101 Reykjavík · sími 511 1230 · fax 511 1232 · www.appr.is · www.verkogvit.is

AP almannatengsl / H2 hönnun



Kristín og Hjörleifur eru nýir eigendur Sipu. Hér má sjá þau ásamt dóttur þeirra, Dagmar, en sonurinn var vant við látinn. FRETTABLAÐIÐ/VILLI

# Barnvænt og glaðlegt

***Kristín og Hjörleifur eru nýir eigendur búðarinnar Sipu. Þau setja meiri fókus á börn og vilja hafa umhverfið fjölskylduvænt.***

„Við bjuggum mjög lengi í Svíþjóð en þar er allt svo barnvænlegt. Okkur langaði mikið til að taka það með okkur heim,“ segir Kristín Stefánsdóttir sem ásamt eiginmanni sínum, Hjörleifi Halldórssyni, tók nýverið við búðinni Sipu á Laugavegi 67. Þau halda búðinni eins og hún var þó að dálítill áherslumunur sé á vöruvali. „Sipa hefur alltaf boðið upp á skemmtilegar lausnir og glaðlega hluti. Við munum halda því áfram þó að meiri fókus sé settur á börn,“ segir Hjörleifur en í búðinni má finna tæpa 300 hluti fyrir börn.

Notaleg stemning er í Sipu og kemur blaðamanni það ekki á óvart að krakkar séu meira en velkomnir þangað. „Við viljum hafa umhverfið fjölskylduvænlegt,“ segir Kristín.



Mjúk læknataska fyrir tilvonandi lækna.

Kristín og Hjörleifur hafa bæði mjög gaman að fyrirtæki sínu. Þau eru alltaf með opin augu fyrir einhverju nýju og skemmtilegu en í búðinni kennir ýmissa grasa. Þar má nefna umhverfisvæna pappavöggu, mjúk verkfæri fyrir tilvonandi lækna og barbapabbasamfellur, -svuntur og hanska.

Þar að auki má finna óhefðbundna hluti fyrir börn. Í hillunum leynast brjóstsykurslampar, masmellows-stólar og diskasett með barbapabbamyndum sem hjónin segja að höfði meira til barnsins í fullorðnum. „Þetta er fyrir fullorðin börn,“ segir Hjörleifur að lokum. ■



Tvíbura/systkinakerra frá One Tree Hill sem hentar íslenskum aðstæðum. Hægt að hafa burðarrúm í stað kerru. FRETTABLAÐIÐ/STEFÁN



Sængurver fyrir þá minnstu úr 100% bómull.




Balu
Jólaföt á flottar stelpur
Stærðir 0-14 ára
Opið laugardag 10-17
ENGLABÖRNIN
Laugavegi 51 • s: 552 2201

LANGUR LAUGARDAGUR
10% afsláttur
af **öllum nýjum vörum** á Laugavegi
Spennandi tilboð á skóm og fatnaði



opið í dag: 11 - 18:30 laugardag: 11 - 17:00
galleri sautján
gs skór
LAUGAVEGI 91 s. 512 1717 www.ntc.is

Langur Laugardagur
10% afsláttur
af öllum nýjum vörum
**Gerard Darel** - DKNY - **Nicole Farhi** - Paul et Joe
**IKKS** - Kristensen du Nord - **Bruuns Bazaar**
Vent Couvert - **Nougat** - Now - **Seller**
opið
í dag 11-18:30
laugard. 11-17:00
eva
laugavegi 91
s.512 1715 www.ntc.is




Bílaland, B & L
Grjótháls 1, 110 Rvk.
Sími: 575 1230
www.bilaland.is



Toyota Avensis Wagon Sol árg. 2004, ek. 24 þús, uppl. í síma 896 7853.

## Bílar óskast

Óska eftir dísel sendibíl eða pallbíl, vel förnum. Árg. '99 eða yngra, 6-800 þús. strg. Uppl. í s. 691 2189.

Jeppi óskast fyrir lítið. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 858 7019.

Toyota Yaris. Óska eftir að kaupa Yaris, 5 dyra, árg. '99-'01. Staðgr í boði. Tilboð óskast, tinnagud@hotmail.com

## Jeppar




Sýningarbíll kominn til landsins! Árgerð 2006, nýr 7 manna Jeep Commandor. Algerlega ný hönnun og ótrúlega hagstætt verð! Nánari upplýsingar á www.islandus.com Gerðu kjarakaup í Bílabúð eða reyfarakaup á BílaUppboði Islandus.com. Sími þjónustuvers 552 2000 og netspjall við sölumenn er á www.islandus.com www.islandus.com




Lítið notaðir 2005 Jeep Grand Cherokee með nýja laginu. Frá aðeins kr. 2.599.000. Nýja eða nýlega Ford og Jeep jeppa færðu ódýrara hjá Islandus.com. Bílar langt undir markaðsverði, öflug þjónusta, allt að 5 ára ábyrgð og bílalán. Ef draumabíllinn þinn er ekki til á vefnum okkar í dag, finnum við hann fljótt með alþjóðlegri bílaleit. Gerðu kjarakaup í Bílabúð eða reyfarakaup á BílaUppboði Islandus.com. Sími þjónustuvers 552 2000 og netspjall við sölumenn er á www.islandus.com



Nissan Patrol Elegance '01. 38". Ekinn 70 þús. Tilboð 3.3 m. stgr. Uppl. í s. 893 7374.



MMC Montero 12.2003, ek. 22 þ. km, stórglæsilegur bíll sem selst langt undir listaverði. S. 824 6231.



Einn með öllu! Mitsubishi Pajero árg. 2003, m/ dráttarkrók, ekinn 75.000. Verð 4.190 þ. Nánari upplýsingar í s. 894 0255.



Grand Cherokee '96 4L vél, ástand gott. Skoða skipti. Uppl. í s. 899 5801.



Til sölu Ford F250 árg. '99 ek. 153 þ. km. Með snjótönn. Verð 1.9 m + vsk. Uppl. í s. 451 0090.



Til sölu Chervolett Silverado Duramax 2500, árg. 2003, ek. 40 þ. Verð 3.450 þús. Áhv. 3.100 þ. Uppl. í s. 897 4583.



Til sölu Chevrolet Silverado Duramax 2500, árg. 2002, ek. 81 þ. Verð 2.990 þ. Áhv. 2.700 þ. Uppl. í s. 897 4583.

Til sölu MMC Pajero 2,8 TDI 33" skr. 6/2001 Ek. 106 þús. Toppeintak. Til sýnis hjá Toppbílum Klettshálsi 2, Árbæ. Sími 587 2000.

Nissan Pathfinder V6 3L, sjálfsk. árg. '92. Ek. 210 þús. 4ra dyra, nýlega skoðaður. Verðhugmynd 160 þús. Uppl. í s. 865 5384.

Til sölu er glæsilegur Ford Explorer Limited árgerð 2004. Bifreiðin er hlaðin aukabúnaði leðursæti, m/fjórum stólum og bekk aftast. ekinn 39 þús. Verðtilboð. S. 698 3486 & 698 3487.

Landcruiser 80 VX árg. '93, ek. 275 þús., 38" dekk, verð 1.850 þús. Uppl. í síma 699 8899.

## Pallbílar




2006 Ford F150 Lariat kominn og fæst hjá Islandus.com undir markaðsverði! Einnig Toyota Hilux Diesel pallbílar á tilboðsverði. Hægt að velja um fjölda lita og aukabúnað. Við útvegum allar gerðir pallbíla t.d. Ford Explorer SportTrack, F150 RegularCab, Supercab og CrewCab. Nánari upplýsingar í síma 552 2000 og á www.islandus.com

## Vörubílar




**Snjóplógar og snjókeðjur.**
Útvegum með stuttum fyrirvara snjóplóga og snjókeðjur á traktorsgröfur, hjólaskóflur og vörubíla. Vélaborg Krókhálsi 5F Reykjavík, (gengið inn frá Járnhálsi). Sími 414 8600 og Draupnisgötu 1 Akureyri. Sími 464 8600. Skoðið einnig úrvalið á velaborg.is

## Mótorhjól

Til sölu, KTM 550 '95 tvígengis vatnskælt mjög vel með farið hjól, búið að vinna Íslandsmeistara titil í sandspyrnu. Farinn stimpill. Selst því á 160 þús. Uppl. í s. 616 7601 og 898 3641.

## Vélsleðar

Arctic cat, Fire cat Snow Pro árg. '04. Gróft belti og brúsagrind. S. 893 2550.

## Kerrur



Til sölu ný kerra 130x250 cm. Uppl. í s. 865 3041.

Ísl. jeppa, verktaka, hesta og hjóla kerrur, nokkrar stærðir til. Einnig járnhlið eftir pöntun. S. 899 2202 J.E.S ehf.

## Fellihýsi



Daxara 147 kerran verð 84.100 nú aðeins 69.900. Allar kerrurnar seljast með litlum útlitsgöllum. Allar kerrurnar eru TUV viðurkenndar, galvaníseraðar, með sturtubúnaði og hægt að geyma uppá endann. Bjóðum vaxtalausar léttgreiðslur til allt að 6 mánaða. Sendum um allt land. Allt á að seljast fyrstir koma fyrstir fá, Nánari Upplýsingar á www.evro.is Evró-Ellingsen Grandagarðar 2, Örfirisey Reykjavík. Símar 580 8500 & 533 1414.

## Vinnuvélar




**Snjókeðjur**
Útvegum með stuttum fyrirvara snjókeðjur undir vinnuvélar. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Rvk, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600.




## Lyftarar




**Lyftaravarahlutir:**
Varahlutir í flestar tegundir lyftara. Keðjur, masturslegur, dekk, gafflar o.fl. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Rvk, 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Ak, 464 8600.




## Hjólbarðar

GoodYear nagladekk 195/55R15 til sölu. Verð 25 þús. Uppl. í s. 562 2899 & 824 2899.

4 ca. hálfslitin 35" Mikey Thompson 2500kr/stk og 2 negld 14" dekk 1000kr/stk. Uppl. í s. 844 2162.

## Varahlutir




**Peugeot-Citroen.**
Peugeot, Citroen. Er eingöngu að rífa Peugeot og Citroen. Franskir bílapartar ehf. S. 587 8200 & 694 9117.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14 Drangahrauns megin, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

## BÍLAR/VESPUR TIL SÖLU









## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

90,9 | 98,9 Bylgjan | FRÉTTABLAÐIÐ | Létt 96,7 | vísir

Þroskandi jólagjafir fyrir unga sem aldna.
**Skolavorubudin.is**

Dagljósarlampar með stækkunargleri, 20% afsláttur.
**Skilavorubudin.is**

Tilbúnar jólaföndurpakkningar og nýjar föndurbækur.
**Skolavorubudin.is**

Eldsteiktir hamborgarar.
**Glóð-inn Hofsvallagötu**

Kjötið úr Gallerý-Kjöt, án aukaefna.
**Glóð-inn**

Reynsluaktu Mazda í dag.
**Komdu í Brimborg, Bíldshöfða.**

Við erum Mazda.
**Brimborg, öruggur staður til að vera á.**

Himnaríki,
**Hafnafjarðaleikhúsið**

Hamborgarabúllan allir kátir
**Hamborgarabúlla_Tómasar**

10_ár í Mörkinni.
Mörg góð tilboð.
Yfirhafnir í úrvali.
**Topphúsið.**

Kuldaskór
**Dynjandi**

Mazda er á öruggum stað.
**Brimborg, Bíldshöfða.**

Glerlist.is
**Gler_í_gegn**

Atlantsolía
**Ávalt ódýr.**

Allt fyrir kaffistofuna.
**Kerfi**
**564-1400**

Ársalir Fasteignamiðlun,
**www.arsalir.is**

Ökunám í fjarnámi.
**ekill.is**

Húfur, vettlingar, treflar.
**Skarthúsið.**

Handklæðaofnar í miklu úrvali.
**Ofnasmiðja Reykjavíkur.**

Villeroy&Boch hreinlætistæki.
**Baðheiamar Fosshálsi.**

Veldu góða skó.
**Iljaskinn Háaleitisbraut.**

Þú finnur allt um Edduna 2005 á
**vísir.is**

Rúðuvökvi 2,5 ltr_249 kr
**Olís**

Nýjar vörur-
**Belladonna.**

Ný skartgripasending.
**Skarthúsið.**

Ókeypis prjónaklúbbur
**Tinna.is**

Réttur dagsins hamborgarar
**Hamborgarabúlla_Tómasar**

Ný úlpusending.
**Laxdal Laugavegi.**

Hljómsveitin Logar laugardagskvöld.
**Klúbburinn við Gullinbrú.**

Baðkör í úrvali.
**Baðheimar, Fosshálsi.**

Gjafavörur fyrir jólin.
**Gallerí húsgögn, Dalvegi 18**

20% afsláttur af öllum rúmfatnaði í dag.
**Verið Glæsibæ.**

Dúndur tilboðsdagar.
**Stílistinn, Hveragerði**

Tjöruhreinsir 1 ltr_398 kr.
**Olís**

Bingó í kvöld.
Allir velkomnir.
**Vinabær.**

Úrval af sængurgjöfum.
**Móðurást Hamraborg.**

Kuldagallar
**Dynjandi**

Glerslípivélar, glerskerar, bræðsluofnar.
**Gler-í-gegn.**

Heildarlausnir í skrifstofuhúsgögnum
**Á. Guðmundsson, Bæjarlind, Kópavogi**

Ársalir Fasteignamiðlun,
**533-4200.**

1 kíló belgískt konfekt 990 kr.
**Vínberið, Laugavegi.**

Hamborgarabúllan ástakveðjur
**Hamborgarabúlla_Tómasar**

Gerðu sjálfur þitt gæðavín.
**Áman.**

Brjóstagjafabolir og brjóstagjafahaldarar, persónuleg þjónusta.
**Móðurást, mjaltavélaleiga, Hamraborg.**

Rúðusköfur frá 223 kr.
**Olís**

Baðmottur, 50% afsláttur.
**Baðheimar, Fosshálsi.**

Ódýra belgíska konfektið komið.
**Vínberið, Laugavegi.**

Inniskór í úrvali.
**Iljaskinn Háaleitisbraut.**

Bingó í kvöld.
**Vinabær.**

Bingó í kvöld klukkan 19:15.
**Vinabær, Skipholti 33**

Hamborgarabúllan áfram Ísland
**Hamborgarbúllan_Tómasar**

Frostlögur 1 ltr_499 kr.
**Olís**

Taktu þátt og kjóstu stuttmynd ársins á vísir.is og þú gætir unnið miða á Edduhátíðina.
**vísir.is**

Allt til víngerðar.
**Áman.**

Pilgrim skartgripir.
**Skarthúsið.**

Álfabikarinn.
**Móðurást Hamraborg.**

Gallery húsgögn,
**Dalvegi 18**

Fjölbreytt úrval.
**Gler_í_gegn.**

Vegas, skemmtilega öðruvísi.
**Vegas**

Taktu þátt í kosningu um sjónvarpsmann ársins á vísir.is og þú gætir unnið miða á Edduhátíðina.
**vísir.is**

Tilboðsdagar út þessa viku.
**Stílistinn.is**

Vegas, opið öll kvöld.
**Vegas**

Vegas! Nýtt, nýtt.
**Vegas**

## Tölvur




Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Ríkharður S. 898 0690, 8-23 alla daga.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skrifstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

**Ódýrar tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

## Nudd

Nýtt í Orkuverinu Egilshöllinni. Partanudd og heilnudd. Uppl. í s. 594 9630.

## Spádómar

**Alspá 908-6440**
Finn týnda muni. Andleg hjálp, Ráðgjöf, nýjar leiðir, NLP. Y. Carlsson.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

**Hanna 908 6040**
Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. Frá kl. 13 til 01.

908 6116 er spákonan Sirrý. Ástir, fjármál, heilsa. Tímap. í s. 823 6393.

**902 5555**
Óska Spá. María sem var í Öl. er að spá í öll spil, rúna steina og gefur góð ráð. Frá 17.30-24 öll kvöld. Geymið auglýsinguna.

Spái í spil. Tek fólk heim, ræð einnig drauma, gef góð ráð. Tímap. í síma 891 8727, Stella.

Tarot síminn 908 2200. Tarot, miðlun, draumráðningar. Opið til 24:00 alla daga.

## Skemmtanir




**Síldarveisla Sægreifans hefst í dag!**
Síldarveisla Sægreifans hefst í dag, föstudaginn 4. Nóvember. Í boði verða yfir 20 útfærslur af síldarréttum ásamt öðru góðgæti. Einnig verða til sýnis sögulegar myndir tengdar síldarævintýrum hér á landi. Þessi mikla hamingjuveisla stendur yfir fram að jólum. Verið velkomin!
**Sægreifinn Verbúð 8, við smábátahöfnina, s. 553 1500.**

## Rafvirkjun




## Trésmíði

Parket- og flísalagnir, gifsveggir o.fl. Vönduð vinna, vanir menn. Sími 822 1216.

## HEILSA

## Heilsuvörur

15 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is og herbalife@mmedia.is s. 891 8902, Ásta.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 www.heilsuval.topdiet.is

Þú getur það með Herbalife! 6 ára reynsla/góð eftirfylgni. Edda Borg S. 896 4662.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Kennsla

**Viltu verða stílisti?**
Nám í útlitsráðgjöf. The Academy of Colour and Style - útlits-og förðunarskóli. Uppl. í síma 533 5101.

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

## HEIMILIÐ

## Heimilistæki

Til sölu 2 ára blástursofn á vegg, helluborð og vifta, erum að rífa niður eldhúsinnr. ef einhver hefur áhuga. Uppl. í síma 897 6507 og 565 3007.

## Húsgögn




**Ertu að leita að ekta amerísku rúmi?**
Rekkjan, Skipholti 35. Sími 588 1955.



2ja manna rauður svefnsófi frá Línunni, utanmál 190x95. Verð 25 þ. Uppl. í s. 844 5670.

## Antík



Til sölu antík sófasett 3+1+1+sófaborð. Tilboð óskast. Sími 862 9529.

## Barnavörur



**20% AFSLÁTTUR**
Ragazzi fötin kominn. Róbert Bangsi ...og unglingarnir Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3 www.robertbangsi.is sími 555 6688.

## Dýrahald



**Fiskabúr.is**
Skrautfiskaverslun Trönuhrauni 10 Hafnarfirði. Opið mán-lau 14-19. S. 544 2050 www.fiskabur.is



2 Chihuahua stelpur til sölu. Ættbókarfærðar og bólusettar. Uppl. í s. 697 7263 & 691 2396.



**Paradise Passion**
6 vikna Basset Hound hvolpar. Frábær og yndisleg heimilisdýr. Allar uppl. um tegundina á basset.is s. 567 0944 & 663 6342.

**Hundabúr-Hundabæli. 30% afsl.**
Nutró þurrfóður fyrir hunda og ketti í hæsta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 551 9637 & 868 6058, Anna.

Yndislegan 4ra mánaða hvolp, Labrador/Bordercollí vanntar að komast á gott heimili sem allra fyrst. Mjög barngóður. Fæst gefins. Upplýsingar í síma 692 2542.

Mig vantar hund fyrir litlu Chihuahua tíkina mína. Uppl. í s. 551 3599.

Til gefins. 6 vikna hvolpur (hundur). 1/4 íslenskur 3/4 labrador. Upplýsingar í s. 899 0716.

Fallegur Chihuahua hvolpur til sölu, með ættbók. Uppl. í s. 849 0540.

Til sölu 1 siamse 2 oriental kettlingar ættbókafærðir og bólusettir. Uppl. í síma 698 3486 og 587 7452

## Ýmislegt

Mjög vel með farin eldhúsinnrétting til sölu ásamt eldavél og háf. Sími 663 5325.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is






**Veiðiportið**



Sjónaukar í úrvali frá Bushnell, Gallileo, Tasco, Nikon og fl. Hágæða vara á ótrúlegu verði.
Veiðiportið
Grandagarði 3.
Sími: 552-9940

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði



25 Glæsilegar Hótelíbúðir til leigu í lengri eða skemmri tíma að Reykjavíkurveg 72 Hafnafirði, skoðið heimasíðu okkar www.bphotel.is Sími 540 9700. Fax 540 9701.

**Kaupmannahöfn Vesterbrú**
Stúdíó íbúð með húsgögnum, ADSL og sjónvarpi. Til leigu í 2-3 mánuði. Fínn startpakki fyrir þá sem vilja kynna sér möguleika Kaupmannahafnar. copenhagen@simnet.is

2ja til 3ja herb. íbúð leigist með öllu innbúi. Sérinngangur og sérþvottaaðstaða. Uppl. í s. 692 8248.

Rúmgóð 2 herb. íbúð til leigu nálægt Kringlunni. Laus strax. Uppl. í síma 895 1028.

4 herbergja íbúð í 108 Rvk. til leigu í eitt ár. Aðeins reglusamt og skilvíst fólk kemur til greina. Uppl. í síma 866 0950.

Herb. til leigu í Hafn. m. aðg. að wc, eldhúsi, baði og þv.vél. Uppl. í s. 823 6465.

Til leigu kjallaraherb. Kópavogsmegin í fossvogsdal. Aðgangur að wc. s. 865 8424.

## Húsnæði óskast

Ungt par óskar eftir íbúð miðsvæðis í Reykjavík á viðráðanlegu verði. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Einnig meðmæli ef óskað er. S. 661 2628.

Lítil fjölskylda er að flytja aftur á klakann. Vantar 3ja herb. íbúð í Kópavogi. Uppl. í s. 849 2460.

Þrjár 17-18 ára stelpur óska eftir 3-4 herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 848 5898 & 659 1917.

3ja herbergja íbúð óskast sem fyrst. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. (greiðsluþjónusta). Meðmæli ef óskað er. Uppl. í s. 660 7750.

Kennara kvk. vantar litla 2ja herbergja íbúð miðsvæðis í Reykjavík. Sími 845 2149, Jóhanna.

Stúdíóíbúð óskast til leigu í Rvk. á verðbilinu 35-50 þús. Tímabundið til allt að 8 mán. án leigusamnings. Uppl. í s. 848 4941 & 691 1567.

Óska eftir 3ja-4ja herb íbúð. Á höfuðborgasvæði eða nágrenni. Uppl s. 478 2002

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum. Góð aðstaða, hagstæð kjör. S. 899 3760.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Til leigu 27 fm bílskúrar. Heitt og kallt vatn, hiti, 3ja fasa tengill. Hentar vel sem geymsluhúsnæði eða sem vinnuaðstaða. Upplýsingar í síma 892 5829 og 697 9703

Tökum í geymslu tjaldvagna og fellihýsi. Óupphitað húsnæði rétt við Stokkseyri. S. 847 3443 & 848 3172.

## Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben Ódýr og góð gisting. www.gistiheimilid.dk 0045 24609552

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Kynning
Bros á allra vörum!

**Vegna aukinna verkefna**
Vantar okkur hæft kynningarfólk í Reykjavík, Akureyri og á landsbyggðinni strax til starfa. Mikilvægt að viðkomandi hafi ánægju af samskiptum og sé áreiðanlegur og stundvís. Snyrtimennska og lífsgleði er áskilin. Fólk á aldrinum 25 og eldri sérstaklega velkomið. Áhugasamir hafi samband við Þórönnu Gunnarsdóttir hjá Kynningu ehf. í síma 586 9000 eða í GSM 869 1641. Einnig má senda umsóknir á anna@kynning.is.

**Vörumeðhöndlun og Merkingar**
Hýsing-vöruhótel leitar að eljusömu og kraftmiklu starfsfólki í vörumeðhöndlun og merkingar. Hýsing er þjónustufyrirtæki fyrir sérvöru sem veitir örugga og fljóta þjónustu til viðskiptavina sinna. Vinnutími er frá 8-17. Með nýlegu bónuskerfi geta starfsmenn náð allt að 20% launahækkun á mánuði. Einnig getum við bætt við okkur fólki í kvöld og helgarvinnu í Nóvember. Umsækjendur þurfa að geta byrjað strax.
**Nánari upplýsingar veitir Július Steinn Kristjánsson á staðnum, að Skútuvogi 9, eða í s. 530 5697.**

café aroma
**Kaffihús - Hafnafjörður**
Veitingahúsið Café Aroma óskar eftir að ráða starfsfólk á kvöld og helgarvaktir. Nánari upplýsingar veitir Jón í s. 555 6996 & á www.aroma.is

**Afgreiðslufólk!**
Afgreiðslufólk vantar á Mangó grill, Grafarvogi.
**Upplýsingar í síma 577 1800, Anna.**

**Pizzubakara vantar.**
Pizzubakara vantar á Mangó Pizzu Grafarvogi. Góð laun í boði fyrir rétt fólk.
**Upplýsingar í staðnum eða í síma 660 7750.**

**Samlokugerð**
Vantar fólk til starfa í samlokugerð, dagvinna eða vaktavinna. Upplýsingar gefur verkstjóri á staðnum.
**Sómi ehf Gilsbúð 9, 210 Garðabæ.**

MAX1 BÍLAVAKTIN
Laghenta einstaklinga vantar til starfa á hraðþjónustu Max1, Bíldshöfða Reykjavík. Áhugasamir leiti upplýsinga fyrir 8 nóvember í síma 515 7093 milli kl. 16-17 virka daga.

Stjörnusól
Starfskraftur óskast í fullt starf. Æskilegt að viðkomandi sé m.k 25 ára. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Uppl. hjá Stjörnusól Fjarðargötu 17, Hafn. S. 555 7272.

**Bílstjóri**
Óskum eftir að ráða traustan og duglegan bílstjóra með meirapróf.
**Uppl. í s. 863 2048.**

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

**Mest lesna viðskiptablaðið**




AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**

Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.

póst húsið

Ef þú hefur áhuga að slást í hóp blaðbera hafðu þá endilega samband í síma **5858330.**

**Okkur vantar blaðbera í eftirtalin hverfi:**

Á virkum dögum:
**101-21** Blómvallagata
Brávallagata
Hringbraut
Ljósvallagata
Ásvallagata
**101-22** Hávallagata
Túngata
**101-24** Ránargata
**101-36** Vesturgata
**101-37** Hólavallagata
Suðurgata
Túngata
**101-38** Sólvallagata
**101-39** Bjarkargata
Hringbraut
Suðurgata
Tjarnargata
**101-40** Bergþórugata
Njálsgata
Snorrabraut
**101-41** Bergþórugata
Njálsgata
**101-43** Barónsstígur
Egilsgata
Leifsgata
Þorfinnsgata
**101-44** Bræðraborgarstígur
Drafnarstígur
**101-45** Blómvallagata
Brávallagata
Hofsvallagata
Hringbraut
Ásvallagata
**101-46** Baldursgata
**101-49** Aðalstræti
Lækjargata
Pósthússtræti
Tryggvagata
**101-54** Baldursgata
Spítalastígur
Týsgata
Óðinsgata
**101-56** Brekkustígur
Holtsgata
Sólvallagata
Vesturvallagata
**101-58** Garðastræti
**104-03** Laugarásvegur
Sunnuvegur
**104-07** Langholtsvegur
**104-20** Skeiðarvogur
**104-24** Skipasund
Sæviðarsund
**105-01** Auðarstræti
Bollagata
Gunnarsbraut
Guðrúnargata
Miklabraut
Snorrabraut
**105-02** Flókagata
Hrefnugata
Kjartansgata
**105-03** Grettisgata
Karlagata
Njálsgata
Skarphéðinsgata
Þverholt
**105-06** Hjálmholt
Skipholt
Vatnsholt
**105-07** Flókagata
**105-12** Langahlíð
Skaftahlíð
**105-13** Reynihlíð
Suðurhlíð
Víðihlíð
**105-28** Hofteigur
Laugateigur
**105-37** Bólstaðarhlíð
Langahlíð
Úthlíð
**105-40** Hamrahlíð
Stigahlíð
**105-47** Flókagata
Skeggjagata
**107-01** Hringbraut
**107-07** Birkimelur
Reynimelur
Víðimelur
**107-10** Fálkagata
**107-11** Fornhagi
Hjarðarhagi
**107-13** Ægisíða
**107-14** Faxaskjól
Sörlaskjól
**107-17** Kaplaskjólsvegur
Nesvegur
**107-20** Boðagrandi
Fjörugrandi
Keilugrandi
**107-21** Aflagrandi
**107-22** Bárugrandi
Flyðrugrandi
Álagrandi
**107-23** Kaplaskjólsvegur
Reynimelur
**107-25** Flyðrugrandi
Meistaravellir
**107-30** Dunhagi
Smyrilsvegur
Þrastargata
**109-30** Hnjúkasel
Hálsasel
**109-34** Jörfabakki
Írabakki
**109-35** Seljabraut
**109-36** Jakasel
**110-17** Álakvísl
**111-21** Vesturberg
**112-09** Fannafold
**112-11** Logafold
**112-26** Dofraborgir
Dvergaborgir
Goðaborgir
**112-36** Bakkastaðir
**112-37** Bakkastaðir
Barðastaðir
**113-02** Maríubaugur
**113-05** Ólafsgeisli
**113-08** Gvendargeisli
**170-09** Lindarbraut
Vallarbraut
**200-07** Kópavogsbraut
Þinghólsbraut
**200-08** Kársnesbraut
**200-11** Hraunbraut
Kársnesbraut
**200-17** Hjallabrekka
Nýbýlavegur
**200-48** Kársnesbraut
Litlavör
**200-56** Þinghólsbraut
**200-57** Bakkabraut
Hafnarbraut
Vesturvör
**203-01** Andarhvarf
Asparhvarf
Ennishvarf o.fl.
**203-02** Breiðahvarf
Fannahvarf
Fellahvarf
**210-02** Hegranes
Tjaldanes
**210-04** Kríunes
Súlunes
Þernunes
**210-12** Iðnbúð
Smiðsbúð
Ásbúð
**210-15** Garðaflöt
Smáraflöt
Stekkjarflöt
**210-22** Holtsbúð
**210-25** Asparlundur
Einilundur
Hvannalundur
Skógarlundur o.fl.
**210-26** Dalsbyggð
Hæðarbyggð
**210-28** Garðatorg
Heiðarlundur
Hofslundur
Kirkjulundur
**210-32** Holtsbúð
**210-33** Ásbúð
**210-41** Engimýri
Fífumýri
Krókamýri
Langamýri
**220-27** Háakinn
Kaldakinn
Stekkjarkinn
**220-32** Hamarsbraut
Hellubraut
Hlíðarbraut
Holtsgata o.fl.
**220-33** Hringbraut
Strandgata
**220-34** Hringbraut
Selvogsgata
**220-55** Suðurgata
**221-10** Berjahlíð
Birkihlíð
Bjarmahlíð
Brekkuhlíð o.fl.
**221-18** Blómvellir
Burknavellir
**225-01** Blátún
Hátún
Skólatún
**225-05** Bjarnastaðavör
Gerðakot
Hákotsvör
Litlabæjarvör o.fl.
**225-07** Lambhagi
Miðskógar
**225-11** Austurtún
Smáratún
Suðurtún
**230-01** Bragavellir
Gígjuvellir
Ránarvellir
Sjafnarvellir
Týsvellir o.fl.
**230-10** Hringbraut
Miðtún
Sunnubraut
Sóltún
Tjarnargata o.fl.
**230-11** Faxabraut
Háholt
Lyngholt
Skólavegur
**230-13** Hafnargata
Hringbraut
Suðurgata
**230-14** Austurgata
Framnesvegur
Hrannargata
Suðurgata
Vatnsnesvegur
**230-16** Brekkubraut
Mánagata
Sólvallagata
Vatnsnesvegur
Ásabraut
**240-06** Arnarhraun
Borgarhraun
Leynisbraut
Leynisbrún
Staðarhraun
**245-01** Bjarmaland
Brekkustígur
Klapparstígur
Miðnestorg
Norðurgata
Tjarnargata o.fl.
**250-05** Garðaveg
Garðbraut
Melabraut
Melteigur
Nýjaland-Kríuland o.fl.
**270-03** Barrholt
Bergholt
Njarðarholt
Urðarholt o.fl.
**270-06** Bjargartangi
Borgartangi
Bugðutangi
**270-07** Bjarkarholt
Dalatangi
Grundartangi
Hlaðhamrar
**800-09** Háengi
Háengi 6
Starengi o.fl.
**800-15** Birkivellir
Hrísholt
Merkiland o.fl.

## Atvinnu-húsnæði til leigu

**100-170 m² til leigu í húsnæði Baðhússins. Brautarholti 20. 105 Rvk.**

Hentar vel fyrir t.d. hárgreiðslustofu.
Nánari upplýsingar veitir
Berglind Halldórsd á *berglind@isf.is*

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
Kjöreign ehf
SÍMI 533 4040
FAX 533 4041
OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lgg. fasteignasali
Ármúli 21, Reykjavík • kjoreign@kjoreign.is • www.kjoreign.is

# VANTAR-VANTAR:

**Fasteignasölunni KJöreign** hefur verið falið að auglýsa eftir 2ja herb. íbúðum í fjölbýlishúsum. Um er að ræða ákveðna og fjársterka kaupendur.

**Hafið samband við sölumenn Kjöreignar. sími - 533-4040**

Kristinn Valur Wiium Sölumaður Sími: 8966913
Ólafur Guðmundsson Sölumaður Sími: 8964090

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
Kjöreign ehf
SÍMI 533 4040
FAX 533 4041
OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lgg. fasteignasali
Ármúli 21, Reykjavík • kjoreign@kjoreign.is • www.kjoreign.is

## LAUGALÆKUR - BÍLSKÚR



Reisulegt endaraðhús með sérstæðum 38.0 fm bílskúr. Húsið er 214,6 fm. Alls 252,6 fm
Í kjallara er sér inngangur og möguleiki á sér íbúð. Staðsetning hússins er einstaklega góð, gróinn og skjólsæll staður. **Verð 55,5 millj.**

## LINDASMÁRI - ENDARAÐHÚS



Tveggja hæða hús á frábærum stað í kópavogsdalnum. Stærð 206,4 fm. Skiptist í tvær stofur, 3 - 4 herbergi, tvö baðherbergi, eldhús, þvottahús og innb.bískúr. Góður og skjólsæll staður. Þaksvalir og sólpallur. Stutt í alla þjónustu og skóla. **LAUST FLJÓTLEGA.**

## HAMRABORG - ÚTSÝNI



Rúmgóð og falleg 5 herb. hornibúð um 123 fm. á 1.hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í sameiginlegri bílgeymslu. Fjögur svefnherbergi. Góðar innréttingar. **GLÆSILEGT ÚTSÝNI.**

## HÖRÐALAND



Glæsileg og mikið endurnýjuð 4ra herb. endaíbúð á efstuhæð í litlu fjölbýli á fallegum og rólegum stað. Eldhús með nýlegum ljósum viðarinnréttingum. Fallegt útsýni. Suður svalir. Hús og sameign í góðu ástandi. **Verð: 22,8 millj.**

Kristinn Valur Wiium Sölumaður Sími: 8966913
Ólafur Guðmundsson Sölumaður Sími: 8964090



**KÓPAVOGSBÆR**

## Auglýsing um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogs á auglýstri tillögu að breyttu aðalskipulagi.

**Í samræmi við 3. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarstjórnar Kópavogs á eftirfarandi tillögu:**

## Kópavogstún. Breytt aðalskipulag.

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs 11. október 2005 var lögð fram til síðari umræðu tillaga Bæjarskipulags að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012. Skipulagssvæðið afmarkast af Urðarbraut í vestur, Kópavogsbraut í norður, Hafnarfjarðarvegi í austur og Kópavogi til suðurs. Í breytingunni felst að svæði fyrir þjónustustofnanir verður íbúðarsvæði og opin svæði. Mörk bæjarverndar á svæðinu norðan gamla Kópavogsbæjarins breytist á þann hátt að opið svæði með bæjarvernd, um 3.500 m2 að flatarmáli, víkur fyrir blandaðri landnotkun (þjónustu og opnu svæði til sérstakra nota). Aðkoma verður frá Urðarbraut og Kópavogsbraut. Gert er ráð fyrir nýju hringtorgi á Kópavogsbraut norðan Sunnuhlíðar og breytingu á vegtengingu að hringtorgi á Digranesvegi í miðbæ Kópavogs með akreinum bæði til suðurs og norðurs. Gert er ráð fyrir nýjum aðalgöngustígum um miðbik svæðisins. Breytingin er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:10.000 ásamt greinargerð dags. í apríl 2005. Hin auglýsta tillaga að breyttu aðalskipulagi Kópavogstúns náði til um 14 ha lands (svæði undir bæjarvernd undanskilið) og á því var í tillögunni gert ráð fyrir að byggðar yrðu alls 325 íbúðir í einbýlishúsum, parhúsum og fjölbýlishúsum auk 57 þjónustuíbúða. Var þéttleiki byggðarinnar áætlaður 23-27 íbúðir á ha og fyrirhugaður íbúafjöldi liðlega 1000. Tillagan var auglýst í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 13. júlí til 10. ágúst 2005 með athugasemdafresti til 24. ágúst 2005. Athugasemdir og ábendingar bárust. Tillagan var lögð fram að nýju í skipulagsnefnd 4. október 2005 ásamt þeim athugasemdum og ábendingum er bárust á kynningartíma og umsögn Bæjarskipulags um framangreindar athugasemdir og ábendingar. Er umsögnin dags. 4. október 2005. Á fundi nefndarinnar var jafnframt lögð fram sameiginleg yfirlýsing Landspítala – háskólasjúkarahúss og Kópavogsbæjar dags. 4. október 2005. Í yfirlýsingunni kemur m.a. fram að aðilar eru í sameiningu að fara yfir núverandi starfsemi LSH á Kópavogstúni. Meðal þess sem rætt hefur verið er nýting aðliggjandi lóða Kópavogsbæjar og eru aðilar sammála um að unnið verði áfram að skipulagi á þessu svæði á grundvelli þess ramma sem settur hefur verið og að líknarstarfsemi LSH verði áfram staðsett á Kópavogstúni í núverandi húsnæði. Í niðurlagi yfirlýsingarinnar segir að stefnt sé að ljúka ìviðræðunum og skipulagsvinnu á næstu mánuðum með niðurstöðu sem báðir aðilar geta sætt sig viðî. Skipulagsnefnd samþykkti með tilvísan í yfirlýsinguna að fresta skipulagi á imiðjusvæðiî Kópavogstúns. Frestunin nær til 4.3 ha lands þar sem fyrirhugaðar voru 122 íbúðir í fjölbýli og 6 einbýlishús eða samtals 128 íbúðir af þeim 325 íbúðum auk 57 þjónustuíbúða sem fyrirhugaðar voru á skipulagssvæðinu. Á því svæði sem aðalskipulagsbreytingin nær til og hér um ræðir er áætlað að verði samtals 197 nýjar íbúðir auk 57 nýrra þjónustuíbúða. Miðað við um 10 ha nýbyggingarsvæði (14,0 ha – 4,3 ha sem frestunin nær til) verður þéttleiki byggðarinnar um 20 íbúðir á ha (25 íbúðir á ha ef þjónustuíbúðirnar eru meðtaldar). Áætlaður íbúafjöldi á svæðinu miðað við 3 íbúa á íbúð og 1,5 íbúa í þjónustuíbúð er um 690 íbúar. Tillagan var samþykkt eins og að ofan greinir 11. október 2005 með áorðnum breytingum ásamt umsögn Bæjarskipulags um framkomnar athugasemdir og ábendingar. Bæjaryfirvöld hafa sent þeim er athugasemdir gerðu umsögn sína. Aðalskipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um afgreiðslu.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreinda skipulagsáætlun og afgreiðslu hennar er hægt að nálgast á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8:00 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

allt atvinna
Alla sunnudaga



ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á vísir VEF TV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

## SJÓNARHORN



Haustveðrið hefur sýnt á sér margbreytilegar hliðar á síðustu dögum. Það fékk þetta stóð á Kjalarnesi að reyna. Mynd/Vilhelm

## VISSIR ÞÚ ...

... að lengsti trefill sem einstaklingur hefur prjónað mældist 1.073,8 metra langur og 17,7 sentimetra breiður?

... að stærstu bómullarnærbuxur heims mældust 9,54 metra breiðar og 4,9 metra háar?

... að Laura Mitchell fegrunarfræðingur vaxaði 22 fótapör (16 karla og 6 konur) á einum klukkutíma og setti þar með met?

... að karlfyrirsætan Eddie Warke gekk alls 133,7 kílómetra á sýningarpöllum á þremur dögum á tískusýningu sem fór fram árið 1983 á Írlandi?

... að kvikmyndin Matrix Reloaded halaði inn þremur milljörðum króna á frumsýningardegi árið 2003?

... að lengsta einræða í leikinni mynd er 20 mínútna eintal leikarans Edwige Fuillere í frönsku myndinni Örninn er tvíhöfða sem sýnd var árið 1948?

... að umfangsmesta ljósmynd sem tekin hefur verið af nöktu fólki tók Spencer Tunic þegar sjö þúsund naktir sjálfboðaliðar sátu fyrir naktir á götu í Barcelona á Spáni?

... að lengsta heimildarmynd sem gerð hefur verið um einstakling er 13 klukkutímar og 52 mínútur og fjallar um Elvis Presley?

... að árið 1995 var fólksfjöldi heims 2,56 milljarðar?

... að árið 2005 var fólksfjöldi heims 6,31 milljarður?

... að stærsti fljótandi hluti jarðarinnar er ytri kjarni hennar sem er 2.259 kílómetra þykkur?

... að Babu Chhiri Sherpi frá Nepal dvaldist á toppi Everest fjalls í 21 tíma án þess að nota súrefniskflöskur? Flestir fjallgöngumenn eyða minna en klukkutíma þar.

...að Tamae Watanabe er elsta konan til að komast á tind Everest þá 63 ára og 177 daga gömul?

... að gleraugnakani er með stærsta gogg sem um getur? Að meðaltali er goggurinn 34 til 47 sentimetra langur.

... að höggkraftur roðaspætunnar jafnast á við árekstur á 20,9 kílómetra hraða?

... að við kjöraðstæður getur förufálki komið auga á dúfu í átta kílómetra fjarlægð?

... að á því sjö mánaða tímabili sem steypireyðskýr hefur kálfinn á spena getur hún tapað allt að fjórðungi af líkamsþyngd sinni?

... að stærsti spendýrakjálki sem vitað er um var fimm metrar á lengd og tilheyrði búrhval sem var nærri 25,6 metrar á lengd?

... að búrhvalir eru stórtenntustu hvalirnir?

... að Periplaneta Americana hitabeltiskakkalakkinn, var mældur á 5,4 kílómetra hraða á klukkustund? Kakkalakkinn fer þá 50 líkamslengdir á hverri sekúndu.


Í gylltum ramma

Saga Sigríðar Þorvaldsdóttur leikkonu

Jón Hjartarson rithöfundur og leikari skráði




Við fögnum útgáfunni með skemmtun í Kringlunni laugardaginn 5. nóvember kl. 14

Fram koma
Sigríður Þorvaldsdóttir
Þórunn Lárusdóttir
Jón Hjartarson
Ingibjörg Lárusdóttir
og fleiri.

Þetta er skemmtileg bók um skemmtilega, jákvæða og bjartsýna konu sem sannarlega hefur þurft á þeim eiginleikum að halda til að takast á við lífið.

Sérstakt tilboð í verslununum Mál og menning, Penninn og Eymundsson: 3380 kr.!



BÓKAÚTGÁFAN ÆSKAN

# Hringurinn á Grand Hótel

Hringurinn heldur árlegan handavinnu- og kökubasar sinn á Grand Hótel sunnudaginn 6. nóvember klukkan 13.oo. Til sölu verða margir fallegir, handunnir munir og heimabakaðar kökur. Basarmunir eru til sýnis í glugga Herragarðsins í Kringlunni og Smáralind. Jólakort félagsins árið 2005 verða einnig til sölu en allur ágóði af fjáröflun félagsins rennur í Barnaspítalasjóð Hringsins. ■




**HRINGURINN** Allur ágóði rennur í Barnaspítalasjóð Hringsins.



**ÉG Á GAMLA FRÆNKU** Börnin skemmtu sér vel á afmælinu.

## Afmæli í Mánabrekku

Börnin í leikskólanum Mánabrekku héldu í vikunni upp á níu ára afmæli skólans síns. Blásið var til ýmissa skemmtiatriða í tilefni dagsins og börn, starfsmenn og foreldrar skemmtu sér hið besta. Starfsmenn skólans hófu daginn á því að klæða sig upp í búninga og syngja Ég á gamla frænku, sem vakti mikla kátínu meðal smáþjóðarinnar. Eftir hádegi hlýddu börnin á tónlistarmenn flytja íslensk þjóðlög við góðar undirtektir.

### AFMÆLI



**Karl Ágúst Úlfsson**, leikari og leikstjóri, er 48 ára.

### FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1814** Eden Phillpotts rithöfundur.



**1879** Will Rogers leikari.



**1916** Walter Cronkite fréttamaður.



**1917** Gig Young leikari.



**1918** Art Carney leikari.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

# Frímerki sem ilma af greni

Íslandspóstur gaf í vikunni út tvær frímerkjaraðir. Tveir algengustu fuglar landsins skreyta tvö þeirra en það eru grágæsin og starrinn. Grágæsin verpir á láglendi um allt Ísland og er algengasta gæsategundin hér á landi. Starrar eru nýlegir varpfuglar hérlendis en fyrst var vitað um verpandi starra við Hornafjörð árið 1940. Nú eru þeir algengastir á suðvesturlandi þangað sem þeir komu árið 1960. Jón Baldur Hlíðberg teiknaði fuglamyndirnar.

Hin frímerkjaröðin er jólaleg. Frímerkin tvö eru með epli og grenitré og eiga að vekja minningar um jólin. Líklegt er að það takist, því ekki aðeins eru myndirnar í anda jólanna heldur ilma þau af greni-, epla- og kanelilmi. Ilmurinn er vægur en eykst ef yfirborð frímerkisins er strokið. Eplin eru tilvísun í fortíðina þegar lítið var um ávexti á Íslandi. ■




**ER SVO LOKKANDI** Jólafrímerkin ilma af greni, epli og kanel.




**NÝKOMINN EN ALKOMINN** Starrin verpti fyrst á Íslandi árið 1940 en er nú orðinn einn algengasti fuglinn í Reykjavík.






# STUÐ MILLI STRÍÐA

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** BÝST ALLTAF VIÐ HINU VERSTA

**ÉG FÆ** KVEF EN EKKI FUGLAFLENSU



Þegar ég var krakki átti ég stundum erfitt með svefn vegna þess að ég hafði svo miklar áhyggjur af því að Brésnjéff, Sovétleiðtogi, og Reagan, Bandaríkjaforseti, myndu eyða heiminum í kjarnorkustyrjöld rétt á meðan ég svæfi. Einhverra hluta vegna áttaði ég mig ekki á því að ég fengi engu um þetta breytt og gilti þá einu hvort ég væri vakinn eða sofinn. Sennilega er best að sofa kjarnorkustyrjöld af sér, svona ef maður pælir í því og vill komast létt í gegnum lífið. Þessi gamli ótti minn rifjaðist upp fyrir mér þar sem ég lá veikur heima með suddalega kvefpest með tilheyrandi slímhrákum, bein- og höfuðverkjum. Þetta er ekki fuglaflensa og mun ekki drepa mig. Þetta er bara svona umgangur sem fer á nokkrum dögum. Held ég hafi fengið tvær til þrjár svona síðasta vetur. Og eitthvað álíka árið þar áður. Samt verð ég alltaf jafn hissa og vonsvikinn þegar ég leggst í þessa vesöld.

Ég hef aldrei misst svefn af áhyggjum yfir því að fá flensu og því síður leitað ráða til þess að draga úr líkum á því. Til dæmis með því að gleypa lýsistvennu og gingseng á morgnana. Ég hef hins vegar alveg leitt hugann að því undanfarið hvernig ég eigi að bregðast við þegar fuglaflensan kemur til Íslands. Þá er nú eins gott að vera við öllu búinn. Eða hvað? Er kannski málið að reyna að takast á við það sem maður getur mögulega ráðið við og láta stóru vandamálin eiga sig þar til þau skella á? Fuglaflensur og kjarnorkustríð eiga það nefnilega til að frestast um óákveðinn tíma. Það væri kannski nær að líta sér nær og éta vítamínin sín og láta setja vetrardekkin undir aðeins fyrr þannig að maður keyri ekki á staur í fyrsta snjónum. Það snjóar nefnilega alltaf á Íslandi en samt kemur það okkur ætíð jafn mikið á óvart.




## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.
Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | | 6 | | | | | 9 |
| | | 8 | | 9 | | 1 | 7 | |
| 7 | 6 | | 3 | | | | 5 | |
| | | 1 | 2 | | 6 | 9 | 3 | |
| | | | | 4 | | | | |
| | 5 | 2 | 8 | | 9 | 7 | | |
| | 3 | | | | 5 | | 6 | 4 |
| | 2 | 4 | | 6 | | 8 | | |
| 8 | | | | | 7 | | 1 | 3 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 4 | 5 | 2 | 7 | 3 | 8 | 9 |
| 5 | 2 | 7 | 9 | 3 | 8 | 1 | 4 | 6 |
| 9 | 3 | 8 | 1 | 4 | 6 | 5 | 2 | 7 |
| 4 | 7 | 6 | 3 | 8 | 9 | 2 | 1 | 5 |
| 8 | 5 | 3 | 2 | 7 | 1 | 9 | 6 | 4 |
| 1 | 9 | 2 | 4 | 6 | 5 | 7 | 3 | 8 |
| 2 | 8 | 9 | 6 | 5 | 3 | 4 | 7 | 1 |
| 3 | 6 | 5 | 7 | 1 | 4 | 8 | 9 | 2 |
| 7 | 4 | 1 | 8 | 9 | 2 | 6 | 5 | 3 |

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Overli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Pú og pa

Eftir SÖB




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# Ótrúlegt verð

## Einungis fáanlegt í Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri

### *Hágæða örþunn sjónvarpstæki*




**Vaxtalaus verðsprengja!**
aðeins
**9.999kr***
á mán. í 15 mánuði
**Verð 149.985,-**

### 42" Plasma Breiðtjaldssjónvarp

• 42" Plasma skjár • Upplausn 852x480 (VGA, SVGA, XGA) með skerpu 3000:1 • Birta: 1000 cd/m2 • Progressive scan HDTV Ready • 2x10w nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum • Sjónsvið (H/V): 160/160° • 2 scart tengi, DVI-D og PC tölvutengi component (YPbPr/YCbCr) • Mynd í mynd (2 tunerar) • Textavarp • Fjarstýring • Borðstandur fylgir • Stærð (bxhxd): 124,7x64,5x8,5 (með hát.) • Stærð (bxhxd): 105,5x64,5x8,5 (án hát.) • Þyngd: 39kg




**Vaxtalaus verðsprengja!**
aðeins
**12.499kr***
á mán. í 20 mánuði
**Verð 249.980,-**

### Philips 42" Plasma Sjónvarp

• 42" ED Plasma Skjár • Upplausn 852x480 (VGA, SVGA, XGA, SXGA) með Skerpu 10.000:1 • Digital Crystal Clear og Progressive Scan • Sjónsvið (H/V): 160/160° og birtustig: 1500 cd/m2 • HDTV Ready (480p, 576p, 720p og 1080i) • Active Control með ljósskynjara - minnkar glampa • 2x30w Nicam Stereó Hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround • 6 Breiðtjaldsstillingar • 2 Scart tengi og PC Tengi (DVI) • SVHS, RCA og Heyrnartólstengi • Textavarp með 10 síðna minni • Svefnrofi, Barnalæsing og Fjarstýring • Borðstandur fylgir • Veggfesting: Vogles EFW2001 (fylgir ekki) • Mál í cm (bxhxd): 124x68x10,4 og Þyngd: 38kg




**Vaxtalaus verðsprengja!**
aðeins
**6.999kr***
á mán. í 20 mánuði
**Verð 139.980,-**

### United 32" HD LCD Breiðtjaldssjónvarp

• 32" HD LCD skjár • Upplausn 1366x768 (VGA, SVGA, XGA) með progressive scan • HDTV ready (styður 720p og 1080i) • Skerpa:800:1 og birta: 550 cd/m2 • Svartími: 12ms og sjónsvið (H/V): 170°/170° • 2x10w hljóðkerfi með 2 hátölurum • 2 scart tengi, component (YPbPr) PC tengi (DVI-D og VGA) • AV og heyrnartólstengi að framan • Mynd í mynd (2 tunerar) • Textavarp • Fjarstýring • Mál í cm (bxhxd): 93,6x56,2x11

Gildir til 10. nóvember eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

! **Kl. 20.00**
*Fjórða sýning óperunnar **Tökin hert** eftir Benjamin Britten verður í Íslensku óperunni í kvöld. Einungis sex sýningar verða í allt, þannig að hver fer að verða síðastur að upplifa þessa mögnuðu sýningu.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Listaháskólinn opnar sig*

Opinn dagur verður í öllum deildum Listaháskóla Íslands í dag frá klukkan 10 til 14. Skólinn býður öllum áhugasömum að koma til að kynna sér starfsemina, sem þar fer fram.
Leiklistardeildin, sem er til húsa að Sölvhólsgötu 13, býður til dæmis gestum að taka þátt í sýnishorni af inntökuprófi sem samanstendur af leiktúlkun, líkamsþjálfun, raddbeitingu og söng. Auk þess kynnir deildin nýtt nám sem hófst í haust „Fræði og framkvæmd“ og dansnám.
Í tónlistardeildinni, sem einnig er staðssett á Sölvhólsgötunni, verða opnir tónleikar, opnar æfingar og sýnishorn af hljóðverkum nemenda.
Í myndlistardeildinni í Laugarnesi verður öll starfsemi og verkstæði opin gestum og gangandi auk sýningar á fjölbreyttum verkum nemenda.
Hönnunar- og arkítektúrdeild, sem er til húsa að Skipholti 1, verður einnig með alla starfsemi sína opna, en þar er að finna fata- og textílhönnun, þrívíða hönnun, grafíska hönnun og arkítektúr.



Í öllum deildum verða nemendur og kennarar til viðtals og upplýsingagjafar og nemendur kynna inntökumöppur. Í tónlistardeildinni verða til dæmis prófessorarnir Gunnar Kvaran sellóleikari og Kjartan Ólafsson tónskáld ásamt Árna Heimi Ingólfssyni dósent í tónlistarfræðum til vitals fyrir þá sem vilja kynna sér námið.

### > Ekki missa af ...

... sýningunni **Essens** á Kjarvalsstöðum, þar sem gefið er yfirlit yfir helstu viðfangsefni **Kjarvals** í myndlistinni.

... sýningunni **Föðurmorð og Nornatími**, sem nú stendur yfir í Norræna húsinu. Sýningin hefur verið framlengd til 13. nóvember.

... sýningunni **Tími Romanovættarinnar í Rússlandi**, sem nú stendur yfir í Gerðarsafni í Kópavogi. Þar eru sýndir yfir 200 gripir.



**ÆFING FYRIR CHINAMAN-SÝNINGUNA** Sundlaugargestir í Sundhöllinni létu það lítt á sig fá þótt ungir listamenn væru að æfa sig fyrir opnunarviðburð Unglistar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Kínamaður í Sundhöllinni

**Opnunarviðburður Unglistar 2005 verður í Sundhöllinni í Reykjavík í dag. Ítalska listakonan Firenza Guidi hefur fengið unga listamenn og stúlknakór til liðs við sig.**

Listahátíð ungs fólks hefur verið árviss viðburður í meira en áratug og stendur yfir í rúma viku í hvert sinn. Hátíðin í ár hefst í dag með sýningunni Chinaman í Sundhöll Reykjavíkur.

Chinaman er sýning ítölsku listakonunnar Firenza Guidi, sem áður hefur haldið sýningu hér á landi í samstarfi við Íslendinga. Að þessu sinni hefur hún fengið til liðs við sig unga listamenn, bæði íslenska og erlenda. Frá Íslandi eru ungmenni úr Menntaskólanum við Hamrahlíð og stúlknakór Domus vox.

„Sundhöllin er mjög stemningsríkur staður og hún Firenza Guidi nýtir sér það óspart,“ segir Steinunn Knútsdóttir hjá Lab Loka, sem hefur verið samstarfsaðili Firenzu hér á landi.

„Hún vinnur mjög myndrænt og setur sýninguna saman eins og mósaík. Sumir hafa líkt þessu við vinnu kvikmyndaleikstjóra, en hún vinnur alltaf sýninguna inn í ákveðið rými, sem í þetta skiptið er Sundhöllin í Reykjavík.“

Þessi sýning er partur af röð sýninga í fimm löndum og er Ísland annar viðkomustaður hennar. Í mars síðastliðnum héldu tveir ungir íslenskir listamenn til Ítalíu og tóku þar þátt í sýningunni „Artemisia“ og munu fulltrúar Íslands einnig taka þátt í þremur komandi sýningum sem verða í Frakklandi, Þýskalandi og Wales á næstu mánuðum.

Sýningin verður sýnd tvisvar í Sundhöllinni í kvöld, klukkan 19 og 21.

Fjölmargir aðrir viðburðir eru á dagskrár Unglistar, sem stendur fram til laugardagsins 12. nóvember. Í dag verður til dæmis hleypt af stokkunum Myndlistarmaraþoni Unglistar.




# Hlýjar móttökur í Danmörku

**Fyrir hálfum mánuði frumsýndi Íslenski dansflokkurinn þrjú verk í Danmörku. Þessi sömu verk verða frumsýnd á Íslandi í kvöld, á stóra sviði Borgarleikhússins.**



**ÚR SÝNINGU ÍSLENSKA DANSFLOKKSINS** Frumsýning verður í Borgarleikhúsinu í kvöld.

„Við fengum mjög hlýjar móttökur í Danmörku, þetta gekk mjög vel,“ segir Peter Anderson, sem bæði dansar með Íslenska dansflokknum og er höfundur eins verkanna þriggja.

Verkið hans heitir Critic‘s Choice og fjallar um danshöfundinn, dansarann og gagnrýnandann á gamansaman hátt. Þar koma fram andstæðar hugmyndir um hvað listin stendur fyrir.

„Ég er að velta þarna fyrir mér sambandinuámillidanshöfundsins og gagnrýnandans, hvernig þeir nærast hvor á öðrum og hafa báðir áhrif á sköpunarferlið, hvor með sínum hætti.“

Peter hefur dansað með Íslenska dansflokknum í fjögur ár og segist alls ekkert ætla að leita á önnur mið á næstunni.

„Ég ætlaði bara að vera hérna í eitt ár, en hér hafa manni gefist svo mörg tækifæri. Á hverju ári eru ný verkefni að fást við og nýr listamaður að starfa með. Þetta hefur verið mjög lærdómsríkt svo ég sé enga ástæðu til þess að fara.“

Á efnisskrá kvöldsins er einnig verkið Wonderland eftir Jóhann Björgvinsson, sem Jóhann segir vera „hysterískt melódrama sem rúmar bæði himnaríki og helvíti“.

Jóhann er eins og Peter dansari hjá Íslenska dansflokknum, en þetta er í fyrsta sinn sem þeir báðir fá tækifæri til að semja verk fyrir flokkinn.

Þriðja verkið sem dansflokkurinn sýnir í kvöld er svo Pocket Ocean eftir portúgalska danshöfundinn Rui Horta, sem áður var sýnt árið 2001. Rui samdi verkið sérstaklega fyrir Íslenska dansflokkinn og gefst áhorfendum nú tækifæri til þess að sjá þetta verk á ný.

Íslenski dansflokkurinn frumsýndi þessa haustsýningu sína í Baltoppen-leikhúsinu í Kaupmannahöfn hinn 20. október. Þaðan fór sýningin til Árósa þar sem hún var sýnd í GRAN teater for dans, sem er eitt besta dansleikhús í Danmörku.

Jafnframt sýndi flokkurinn sitt víðförla verk „Við erum öll Marlene Dietrich FOR“ eftir Ernu Ómarsdóttur og Emil Hravatin í Árósum. Þaðan hélt svo Marlene-hópurinn til Modena á Ítalíu og að því búnu til Helsinki þar sem Marlene var sýnd 1. nóvember.

# Uppgjör í vændum

Snorri Ásmundsson listamaður hefur undanfarin ár reynt að trufla tilveru fólks með umfangsmiklum gjörningum sínum sem hafa oftar en ekki beinst að helstu feimnismálum almennings eins og pólitík, kynlífi og trúmálum. Heiðursborgaratitlar, borgarstjórnarframboð, forsetaframboð og sala á aflátsbréfum eru nokkur dæmi um afrekin.

Hvernig svo sem fólk bregst við þessum uppátækjum listamannsins þá segist hann fyrst og fremst vera að ögra samfélagslegum og trúarlegum gildum.

Hann segist hafa fengist við að skoða viðbrögð umhverfisins við því þegar viðurkenndum gildum er snúið á hvolf og þegar annars valdalaus einstaklingur tekur sér vald sem alla jafna er úthlutað eftir fyrirfram gefnum reglum.

Nú boðar hann stefnubreytingu og uppgjör undanfarinna ára í sýningu sem hann opnar 19. nóvember næstkomandi á Nýlistasafninu og þar ber ýmislegt á góma.



**SNORRI ÁSMUNDSSON** Boðar stefnubreytingu og uppgjör liðinna ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# *Kæri sjálfstæðismaður*

Í dag hefst prófkjör sjálfstæðismanna í Reykjavík. Ég hvet þig til þess að taka þátt og leggja þitt af mörkum til þess að stilla upp öflugum framboðslista fyrir kosningarnar á komandi vori.

Kannanir benda til þess að sjálfstæðismenn séu um þessar mundir að uppskera ríkulega fyrir málefnalega stjórnarandstöðu og metnaðarfullar tillögur um brýn framfaramál í borginni. Við eigum raunhæfa möguleika á meirihluta í borgarstjórn – og getum þar með fengið kærkomið tækifæri til að hrinda stefnumálum okkar í framkvæmd.

Með þróttmiklu og samhentu starfi fram á vorið getum við haldið því forskoti sem við höfum um þessar mundir. Góð þátttaka í prófkjörinu gefur framboðslistanum skýrt umboð og endurspeglar um leið styrk sjálfstæðismanna sem ætla sér langþráðan sigur á næsta vori.

Þess vegna þurfum við á þátttöku þinni í prófkjörinu að halda.

Með kærri kveðju,




**Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson**

*– reynsla til forystu!*

1 sætið

*Stuðningsmenn*

# VAXTA

## VAXTALAUSIR DAGAR 4. - 6. NÓV.
## hjá BÍLALANDI B&L, Grjóthálsi 1.

**Dæmi um bíla á vaxtalausum kjörum:**














































**575 1230**

Vaxtalausir dagar eru einnig hjá SG Bílum Keflavík S: 421 4444, Bílás Akranesi S: 431 2622, Bílasölu Akureyrar S: 461 2533 og JG Bílum Egilsstöðum S: 471 2584

# LAUST

## 0% VEXTIR - 100% LÁN

## ENGIN LÁNTÖKUGJÖLD











































Birt með fyrirvara um verðbreytingar og ásláttarvillur

**575 1230**

**Opið laugardag frá kl. 10 til 16**
**og sunnudag frá kl. 12 til 17.**

bílaland B&L
notaðir bílar

**Grjóthálsi 1**
**bilaland.is**

# Draumkenndar myndir og draugaleg umhverfishljóð

Út er komin nýstárleg ljósmyndabók eftir Katrínu Elvarsdóttur og fylgir henni geisladiskur með tónlist eftir Matthías Hemstock, sem samdi tónlistina sérstaklega með hliðsjón af stemningunni í myndum Katrínar. Bókin heitir Mórar-Nærvídd og útgefandi er 12 Tónar.

Ljósmyndir Katrínar eru teknar með frumstæðri plastmyndavél, sem gefur myndunum sérstæðan blæ, draumkenndan og drungalegan. „Mér finnst þessi frumstæða ljósmyndatækni passa við viðfangsefnið, þessa draugalegu staði og dularfulla landslag,“ segir Katrín.

Hún á nokkrar plastvélar, en segir þessa sem hún notaði fyrir bókina vera þá frumstæðustu af þeim. „Hún er mjög gömul, frá sextíu og eitthvað. Upphaflega voru þessar myndavélar hugsaðar til þess að koma ljósmyndun til allra, þetta var ódýr leið og svona myndavélar fylgdu oft með áskrift að blöðum, til dæmis í Ameríku.“

Myndirnar eru teknar víða um Ísland, á eyðilegum stöðum með yfirgefnum mannvirkjum. Katrín tók myndirnar á ferðum sínum til landsins meðan hún bjó úti í New York. „Ég valdi staði sem mér fannst eitthvað drungalegir eða eitthvað spennandi við og reyndi að taka myndirnar í þungbúnu veðri. Ég fékk síðan þá hugmynd að láta Matthías gera tónlist við myndirnar, sem myndi fylgja með á geisladiski.“

Þau Matthías og Katrín þekkjast frá námsárum sínum í Boston. Myndirnar í bókinni eru um það bil fjörutíu talsins, en verkin á geisladisknum eru fimm.

„Verkin eru unnin að mestu leyti úr umhverfishljóðum sem eru tekin upp á svipuðum eða jafnvel sömu stöðum og hún tók myndirnar,“ segir Matthías, sem vann síðan með þessi hljóð og bætti ofan á þau rafhljóðum til þess að ná fram ákveðinni stemningu sem honum fannst passa við myndirnar.

Bragi Ólafsson skáld skrifar stuttan inngang að bókinni, sem einnig er saminn með hliðsjón af stemningunni í myndunum.



**KATRÍN ELVARSDÓTTIR LJÓSMYNDARI OG MATTHÍAS HEMSTOCK TÓNLISTARMAÐUR** Þau unnu saman að nýstárlegri bók þar sem ljósmyndir og tónlist fylgjast að. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Reiðu skáldin á Grand Rokk

Í kvöld ætla reiðustu og ruddalegustu skáld Íslands að lesa upp á Grand rokki. Þau skáld sem stíga á stokk eru meðal annarra Erpur Eyvindarson og massaðasti höfundur landsins, Stefán Máni, mætir ásamt Dóra DNA.

Kristjón Kormákur les úr Frægasti maður í heimi og einn allra besti vinur ljóðsins, Eiríkur Örn Norðdahl kemur alla leið frá Ísafirði en fjölmargt prútt og settlegt fólk gruna hann um græsku og telja hann versta vin sem ljóðið hefur nokkurn tíma eignast. Skáldkonan Birgitta Jónsdóttir les svo úr skáldsögu sem kemur út eftir örfáa daga.

Óttar Proppé og Þorgeir, meðlimir hljómsveitarinnar Rass, stíga á stokk undir nafninu Rasskinnar og hvílir nokkur leynd yfir atriðinu en hljómsveit þeirra félaga hefur vakið mikla athygli fyrir frumlega, skemmtilega og um leið grófa textagerð.

Efri hæðin á Grand Rokki verður vel skreytt. Drungalegar myndir Örvars Árdal munu prýða veggina en hann er einn af efnilegustu myndlistarmönnum þjóðarinnar.

Skipuleggjendur hátíðarinnar vilja beina þeim tilmælum til fólks að fjölmenna á Grand Rokk og hafa sem mestan hávaða og frammíköll á meðan á upplestri stendur. Aðgangur er ókeypis og hefst dagskráin klukkan 22.



**KRISTJÓN MÁR KORMÁKSSON** Hann er eitt reiðu skáldanna sem les upp úr verkum sínum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


Tökin hert
THE TURN OF THE SCREW
EFTIR
BENJAMIN BRITTEN

25 ára og yngri: 50% afsláttur af miðaverði í sal

4. nóv. kl. 20 - 4. sýning
6. nóv. kl. 20 - 5. sýning
12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - LOKASÝNING
ATH! Aðeins þessar þrjár sýningar eftir

„Spennuhlaðið viðfangsefnið gerir sig bráðvel fyrir augu og eyru.“ MORGUNBLAÐIÐ
★★★★ DV

Kynning fyrir sýningar á Tökin hert , 2. - 6. sýning kl. 19.15
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalin í miðaverði.

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400
ÍSLENSKA ÓPERAN









BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið

**Salka Valka**
Lau 12/11 kl. 20 Fi 17/11 kl. 20
Fi 24/11 kl. 20 Fö 25/11 kl. 20
Su 4/12 kl. 20 Su 11/12 kl. 20

**Woyzeck**
Lau 5/11 kl. 20 Rauð kort
Fi 10/11 kl. 20 Græn kort Fö 11/11 kl. 20 Blá kort Fö 18/11 kl. 20 Lau 19/11 kl. 20

**Kalli á þakinu**
Su 6/11 kl. 14 UPPSELT Su 13/11 kl. 14
Su 20/11 kl. 14 Lau 26/11 kl. 14
Su 27/11 kl. 14 Su 4/12 kl. 14

**Id - HAUST**
Wonderland, Critic ´s Choice? og Pocket Ocean
Í kvöld kl. 20 FRUMSÝNING
Su 6/11 kl. 20 Su 13/11 kl. 20
Su20/11 kl. 20 Mi 23/11 kl. 20
Aðeins þessar 5 sýningar!

Nýja svið/Litla svið

**Lífsins tré**
Í kvöld 4/11 kl. 20 UPPSELT
Lau 5/11 kl. 20 Fi 10/11 kl. 20 UPPSELT
Fö 11/11 kl. 20 Fö 18/11 kl. 20

**Alveg brilljant skilnaður**
Su 6/11 kl. 20 UPPSELT
Su 13/11 kl. 20 UPPSELT
Su 20/11 kl. 20 UPPSELT
Su 27/11 kl. 20 AUKASÝNING UPPSELT
Má 28/11 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar!

**Manntafl**
Lau 12/11 kl. 20 Fi 17/10 kl. 20 Fi 24/10 kl.20

**Miðasala á netinu**
Einfalt og þægilegt er að kaupa leikhúsmiða á heimasíðu Borgarleikhússins www.borgarleikhus.is Þar er einnig að finna ýmsan fróðleik um verkin sem sýnd verða í vetur.

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
HALLDÓR Í HOLLYWOOD
9. sýn. í kvöld fös. 4/11 örfá sæti laus, 10. sýn. lau. 5/11 uppselt, fim. 10/11, fös. 11/11 nokkur sæti laus, lau. 12/11 nokkur sæti laus. Aðeins sýnt í nóvember.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 6/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 13/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 20/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 27/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus.
EDITH PIAF
Sun. 6/11 uppselt, sun. 13/11 uppselt, sun. 20/11 uppselt, sun. 27/11 uppselt, sun 4/12 uppselt - 90. sýning. Allra síðasta sýning.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00
BRIM
Í kvöld fös. 4/11 uppselt, sun. 6/11 nokkur sæti laus, mið. 9/11 örfá sæti laus, lau. 12/11, sun. 13/11 nokkur sæti laus. Aðeins sýnt í nóvember.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
FRELSI
Lau. 5/11 nokkur sæti laus, mið. 9/11 uppselt, fim. 10/11 nokkur sæti laus, lau. 12/11, mið. 16/11 uppselt, fim. 17/11. Sýnt í nóvember.

LEIKHÚSKJALLARINN
Sun. 6/11. Sunnudagsjass. Margot Kiis.
Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði Leikhúskjallarans í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



GERÐUBERG




Söngur og sund á sunnudegi
með Ingveldi Ýri Jónsdóttur.
Sunnudaginn 6. nóvember kl. 13
Aðgangseyrir 500 kr.
Barnaóperan Undir drekavæng 8. nóv.
Sýning á verkum Þórdísar Zoëga hönnuðar.
Sýning á klippimyndum Einars Árnasonar, *ath. síðasta sýningarhelgi.*
Sýningarnar eru opnar virka daga 11-17, miðvikud. 11-21 og um helgar 13-16
Sími: 5757700
Sjá nánar á gerduberg.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

1 2 3 **4** 5 6 7

**Föstudagur**

### TÓNLEIKAR

21.00 Færeyski sextettinn **Yggdrasil** heldur hljómleika í Hótel Hömrum, Borgarfirði.

### OPNANIR

17.00 **Ólöf Björg** opnar sýningu á verkum sínum í Gallerí Lind, Bæjarlind 2, Kópavogi.

### SKEMMTANIR

22.00 Hljómsveitin **Sixties** heldur uppi dúndrandi stemmningu í Vélsmiðjunni á Akureyri.

23.00 Hinn einni sanni **Geirmundur Valtýsson** skemmtir gestum Kringlukráarinnar.

**Brynjar** trúbbar á Nelly's Café.

**Hermann Ingi** jr. skemmtir á Café Catalinu.

### SAMKOMUR

22.00 Reiðustu og ruddalegustu skáld Íslands lesa upp úr verkum sínum á Grandrokk.

### SÝNINGAR

13.00 **Myndlistarmaraþoni Unglistar 2005** hefst í upplýsingamiðstöð Hins hússins, Pósthússtræti 3-5.

19.00 Leikhúsgjörningurinn **The Chinaman** eftir **Firenza Guidi** verður sýndur í Sundhöllinni við Barónsstíg. Hann verður sýndur aftur klukkan 21.00.

# Grasrótin kveður með stæl

Grasrótarsýningu ungra myndlistarmanna í Nýlistasafninu lýkur núna um helgina. Þar hefur gestum undanfarnar vikur gefist kostur á að skoða vaxtarbrodd íslenskra sjónlista.

Um leið og sýningunni lýkur verður gefið út í fyrsta skipti Grasrótarritið, sem verður nýr vettvangur lista og menningar.

Í tilefni útgáfunnar efnir Nýlistasafnið til hófs á sunnudagskvöld klukkan 19 þar sem gestum er boðið að líta ritið augum og kveðja sýningu safnsins. Uppákomur verða af ýmsum toga, meðal annars mun Haukur Már Helgason lesa upp úr verkum sínum, Arnaldur Máni Finnsson fremur gjörning og Böðvar Ingi Jakobsson tekur lagið.

Í ritinu verða birtir textar og myndverk eftir fólk úr hinum ýmsu menningarkimum, þar á meðal Öldu Rós Cartwright, Hauk Má Helgason, Oddnýju Eir Ævarsdóttur, Uggu Ævarsson, Hlyn Pál Pálsson, Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann, Grétar R. Amazeen, Aðalstein Jörundsson, Reyni Hjálmarsson og Hermann Stefánsson.



**FRÁ OPNUN GRASRÓTARSÝNINGARINNAR** Sýningunni Grasrót lýkur um helgina með útgáfuhátíð á sunnudaginn.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






















## > Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI





**Ragnheiður Gröndal:** After the Rain, Orri Harðarson: Trú, Brynhildur & the BBQ´s: grrr, Iceland Airwaves ´05, MBC: Drama, Kate Bush: Aerial og Nirvana: Sliver - The Best of Box.

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Allt skemmtilegt í Kína



**ÞORSTEINN EINARSSON** Söngvari Hjálma spilar í hjáverkum á gítar með KK og hljómsveit hans The Lucky One.

Þorsteinn Einarsson, söngvari reggísveitarinnar Hjálma, spilaði á dögunum á gítar með KK og hljómsveitinni The Lucky One á tónleikum í Kína.

Af þeim sökum spiluðu Hjálmar á Iceland Airwaves án forsprakka síns en náðu engu að síður að halda uppi góðri stemningu.

Þorsteinn segir að dvölin í Kína hafi verið mjög skemmtileg. „Við fengum mjög góðar viðtökur og það var vel tekið á móti okkur. Það var skemmtilegt að koma til Kína," segir Þorsteinn. „Við vorum í viku og skoðuðum m.a. safn og fórum á markaði. Þetta var allt skemmtilegt."

The Lucky One spilaði á fernum tónleikum í ferðinni, þar af einum stuttum. Sungu áhorfendur með og virtust kunna nokkur af lögum sveitarinnar, þar á meðal The Lucky One.

Þorsteinn segist hafa haft samband við KK að fyrra bragði um að þeir skyldu vinna saman. „Við sátum saman í bíl minnir mig og ákváðum að gera eitthvað. Fyrst héldum við tónleika saman Hjálmar og KK tvisvar sinnum og svo í framhaldinu hef ég spilað með þeim nokkrum sinnum."

Þorsteinn ber KK vel söguna. „Hann er alveg frábær persóna og tónlistarmaður. Stórkostlegur og margbrotinn."

Útgáfutónleikar Hjálma vegna nýjustu plötu þeirra verða haldnir á Flúðum 11. nóvember og hlakkar Þorsteinn mikið til, enda gaman að vera á Flúðum.

## > Plata vikunnar



**SÁLIN HANS JÓNS MÍNS. UNDIR ÞÍNUM ÁHRIFUM.**

*Sálin: Undir þínum áhrifum*

*„Undir þínum áhrifum er fín Sálarplata. Lögin eru flest létt og grípandi og það er alveg ljóst að Sálin hefur ekki sungið sitt síðasta."*

**FB**

## > popptextinn

*Sjálfskipaðir bjargvættir og besserwisserar bjóðast til að pródúsera mig. Þeir segjast ganga á vegum Guðs og þannig geti þeir nú loks þekkt aftur sjálfa sig.*

**Orri Harðarson tjáir sig um bransann í laginu Allt í lagi af nýjustu plötu sinni, Trú.**

## X-DÓMÍNÓSLISTINN

**TOPP TÍU LISTI X-FM**

1. **DEATH CAB FOR CUTIE** SOUL MEETS BODY
2. **EPECHE MODE** PRECIOUS
3. **THE DARKNESS** ONE WAY TICKET
4. **OASIS** THE IMPORTANCE OF BEING IDLE
5. **JEFF WHO?** THE GOLDEN AGE
6. **THE ZUTONS** DON´T EVER (THINK TOO MUCH)
7. **FOO FIGHTERS** D.O.A.
8. **KAISER CHIEFS** I PREDICT A RIOT
9. **FRANZ FERDINAND** DO YOU WANT TO
10. **KORN** TWISTED TRANSISTOR



**DEATH CAB FOR CUTIE** Indírokksveitin bandaríska er í toppsæti X-Dómínóslistans.

! Talstöðin FM 90,9



# Ný plata í mars

Tónlistarmaðurinn Morrissey er þessa dagana í Róm að ljúka hljóðblöndun á nýjustu plötu sinni ásamt upptökustjóranum Tony Visconti. Platan á að heita Ringleader of the Tormentors og er væntanleg í mars á næsta ári. „Lagasmíðar hans hafa ekki aðeins breyst heldur hefur hann líka bætt raddsvið sitt og samið fleiri melódíur en áður," sagði Visconti, sem hefur unnið mikið með David Bowie í gegnum tíðina. Síðasta plata Morrissey, You Are the Quarry, kom út á síðasta ári og fékk prýðilegar viðtökur.

# Í stríði við allt kjaftæðið

**Fyrsta plata rappsveitarinnar NBC, eða No Bullshit Campaign, er komin út. Platan heitir Drama og er vísun í það brölt sem einkenndi gerð hennar.**

„Hún var tilbúin fyrst fyrir ári og átti að koma út fyrir síðustu jól. Þá varð smá sundrung í hljómsveitinni," segir Dóri sem er forsprakki NBC ásamt Stjánaheitirmisskildum. Þeir hafa áður verið í hljómsveitunum Bæjarins bestu og Afkvæmum guðanna.

„Daginn áður en platan átti að fara í „masteringu" var ákveðið að henda sumum lögum og gera ný í staðinn. Samt var hellingur af liði að segja að þetta hafi verið í lagi eins og það var. Þegar menn eru búnir að vera svona lengi í þessu vita menn ekki alveg hvað þeir eru búnir að vera með í höndunum. Við höfðum enga tilfinningu fyrir því," segir Dóri.

NBC tók upp nýja plötu en lítill metnaður var fyrir því verkefni og á endanum var ákveðið að gefa plötuna út nánast í sinni upprunanlegu mynd. Drama er ein af fáum rappplötum á þessu ári sem eru sungnar á íslensku, en fyrir nokkrum árum var fjöldinn allur af íslenskum rappplötum gefinn út. Dóri vill ekki meina að rappið sé í einhverri lægð. „Það vilja margir meina að rappið sé dautt. Það er fjarri lagi. Ég held að það sé ný uppsveifla að koma með nýju „krádi". Hipsterarnir og Sirkus-liðið er að sjá að það er eitthvað þarna. Það er samt skammarlegt hvað hiphopið hefur ekki náð að festa sig í sessi. Fyrir nokkrum árum komu örugglega út tólf rappdiskar og þá fór markaðurinn til andskotans."

NBC var stofnuð í bíóferð þegar Dóri og félagar skelltu sér á The Bourne Identity. „Við hugsuðum bara: „Hvaða „bullshit" er þetta." Við ákváðum þá að gera grínlög á ensku undir nafninu No Bullshit Campaign. Við Stjáni erum í Öryrkjabandalaginu [Afkvæmi guðanna, Bæjarins bestu og Bent og 7Berg] og ákváðum að gera eitthvað saman," segir Dóri, sem segir NBC vera fyrst og fremst í stríði við allt kjaftæðið.

Þeim til aðstoðar á nýju plötunni eru taktsmiðurinn Guli drekinn, sem hefur samið takta fyrir Afkvæmi guðanna, DJ Paranoia, Gísli Galdur, Skurður, Blazematic og þeir Kjarri Kamalflos og Blazroca sem „fíra mækinn" hvor í sínu laginu. „Við erum allir eins og ein stór fjölskylda," segir Dóri um félaga sína í Öryrkjabandalaginu, en nafnið er vísun í það hversu ört þeir yrkja. Útgáfutónleikar vegna plötunnar eru fyrirhugaðir í næsta mánuði og þá mun allt Öryrkjabandalagið stíga á svið og sýna öllum að rappið er síður en svo dautt úr öllum æðum.



**MYND/HARI NBC** Rappararnir Dóri DNA (til vinstri) og Stjániheitirmisskilinn eru forsprakkar NBC.

freyr@frettabladid.is



# Hættur að nota e-töflur

Tónlistarmaðurinn Moby hætti að taka e-töflur af ótta við að eiturlyfið myndi skemma í honum heilann. Moby prófaði töflurnar undir lok tíunda áratugarins til að komast að því hvers vegna aðdáendur hans notuðu þær. „Eftir að hafa tekið þær nokkrum sinnum skildi ég hvers vegna þær voru svona vinsælar. Ég fór út að dansa með vinum mínum og skemmti mér vel en ég vil ekki verða algjör aumingi þegar ég verð sextugur," sagði hann.

**SMS UM NÝJUSTU PLÖTURNAR**

### Ms Dynamite: Judgement Day

„Ms. Dynamite rýfur þriggja ára þögn en sprengiefnið virðist vera blautt. Hún hefði betur tekið sér enn lengri tíma því þessi plata er hvorki nægilega beitt, grípandi né skemmtileg."

**BÖS**

### Khonnor: Handwriting

„Khonnor er ungur svefnherbergisdúllari sem hefur með frumraun sinni náð að beina athygli grúskara aftur að sveimrokki. Djúpstæð og falleg tónlist sem festist í undirmeðvitundinni."

**BÖS**

### Kent: Du & Jag Döden

Sænska sveitin Kent er gjörsamlega búin að missa þann neista sem kom henni á kortið fyrir átta árum síðan. Kominn tími til þess að leggja árar í bát."

**BÖS**

### Sugababes: Taller in More Ways

„Fjórða breiðskífa Sugababes gerir það sem hún á að gera hvað slagara varðar, en lítið meira og skilur því lítið eftir sig. Góðærið er búið, ég spái sólóferlum bráðlega."

**BÖS**




# Mew bjargar Danmörku

TÓNLIST

[ UMSÖGN ]

Það verður bara að viðurkennast að maður verður nú ekki oft var við góðar hljómsveitir frá Danmörku. Kannski hefur tónlist Aqua sokkið of djúpt ofan í þjóðarvitundina og nær kálað skapandi hugsun? En blessunarlega eru til nokkur dæmi þess að framsækin tónlist sé að sækja í sig veðrið þar, eins og við heyrðum greinilega á nýliðinni Airwaves-hátíð.

Ein sveitin sem stendur upp úr er Mew. Hún eru ekkert svo ólík okkar eigin Ensími, nema hvað hljómur hennar er kannski örlítið skítugri og ekki jafn hlaðinn hamrandi bjöguðum gítur-um. Sem gefur söngnum meira pláss í tónlistinni.

Sveitin vakti á sér athygli fyrir tveimur árum með frumraun sem þótti vel yfir meðallagi. Nú kemur fylgifiskur hennar, And the Glass Handed Kites, og sveitin á eflaust eftir að vaxa meira eftir þessa útgáfu. Þessi plata hljómar svolítið eins og Ensími hefði ákveðið að gera einhvers konar epíska rokkóperu, þar sem öll lögin renna yfir í það næsta. Mew er þó kannski með frumlegri kaflaskiptingar og taktpælingar. En þessar sveitir eru alveg merkilega líkar. Í lagasmíðum, útsetningum og raddbeitingu söngvaranna.

Tónlist Mew rennur í gegn eins og lest á miklum hraða í gegnum flatt landslag. Mikið um dreymandi raddanir og epískar hljómborðslínur. Þetta er nánast fullkomin tónlist til þess að hafa í tækinu í bílnum, þegar maður ekur yfir hundrað á milli kaupstaða.

Liðsmenn Mew voru greinilega aldir upp við nýbylgjurokk tíunda áratugarins, eins og kristallast í því að gamla kempan J Mascis úr Dinosaur Jr syngur í tveimur lögum. Gaman að heyra í honum aftur. Önnur plata Mew er metnaðarfullt verk með eindæmum en einsleit á köflum. Getur þess vegna orðið frekar erfitt að renna í gegn frá upphafi til enda, án þess að þurfa að taka sér smá tepásu.

Engu að síður hljóta það að teljast gleðitíðindi að ungir Danir séu byrjaðir að taka tónlist alvarlega. Það eru greinilega ekki bara pylsur og bjórkútar í Danmörku eftir allt saman.




**MEW: AND THE GLASS HANDED KITES**

**NIÐURSTAÐA:** Önnur plata Mew er nægilega sterk til þess að halda þeim áhuga sem þeir lokkuðu að sér með frumraun sinni. Sönnun þess að það er ekki allt of ligeglad og halló í Danmörku.








**ROBBIE WILLIAMS** Tónlistarmaðurinn Robbie Williams gefur út sína sjöttu hljóðversplötu.

# Bestu textarnir

Sjötta hljóðversplata tónlistarmannsins og ólátabelgsins Robbie Williams er komin út. Platan nefnist Intensive Care, Gjörgæsla, og er hans fyrsta síðan Escapology kom út fyrir þremur árum.

„Hvað textagerðina varðar er þetta besta platan sem ég hef gert," segir Robbie. „Samt segi ég það í hvert sinn sem ég gef út plötu en ég held ég meini það í þetta sinn. Ég er að minnsta kosti mjög ánægður með hana. Platan hefur gefið mér nýja sýn á framtíðina."

Robbie Williams hefur náð 21 lagi á topp tíu smáskífulistans í Bretlandi. Alls hefur Robbie selt yfir 35 milljónir platna í heiminum og hefur líklega aldrei verið vinsælli.

Intensive Care hefur að geyma tólf ný lög, þar á meðal smáskífulagið Trippin. Með plötunni fylgir DVD-mynddiskur með heimildarmynd um gerð hennar og myndband við lagið Make Me Pure.




fjörið... Fólk
folk@frettabladid.is

# Glæsilegt & fallegt

Heljarinnar tískusýning var haldin í Smáralind á miðvikudaginn í tilefni af því að fyrsta Coast verslunin á Íslandi opnaði í gær. Coast er hágæðavörumerki sem selur nútímalegan fatnað fyrir konur og sérhæfir sig í fallega hönnuðum gæðafatnaði fyrir sérstök tilefni. Tískusýningin bar heldur betur þess merki og var mikið um afar fínan klæðnað sem myndi henta fyrir fínustu boð eða veislur og í þessari fallegu haustlínu tvinnast saman glæsileiki og kvenleiki nútímakonunnar. Efnin eru aðallega silki, tweed, prjónaefni, siffon, blúnda, ull og satín og mikið lagt upp úr smáatriðunum í hverri flík. Alda B. Guðjónsdóttir sá um tískusýninguna og var hún afar vel heppnuð og mjög töff. Fyrirsæturnar þeystust um tískupallana í fallegum flíkum og tískuþyrstir gestir fylgdust spenntir með.



**FLOTT PAR** Klæðnaðurinn er afar elegant og með vísun í hertoga og hertogaynjur.



**KLASSÍSKT** Hlýralaus og einfaldur kjóll en óskaplega glæsilegur.



**FYLGDUST MEÐ** Árni Elliott og Chloé Ophelia fylgdust spennt með sýningunni.





**EIGENDURNIR** Ingibjörg Þorvaldsdóttir og Jón Arnar Guðbrandsson eru eigendur Oasis og Coast.



**GAMLI STÍLLINN** Brúnt pils við svartan bol og hvítur pels í gamla stílnum við.



**TÉKKUÐU Á HAUSTLÍNUNNI** Sigurborg Guðmundsdóttir, Helga Einarsdóttir, Fanney Bjarnadóttir og Hanna Magnúsdóttir.



**KÍKTU Á SÝNINGUNA** Erla Hjartardóttir, Unnur Lára Bryde eigandi Bianco og Bergný Heiða Steinsdóttir.



**ÁNÆGÐAR MEÐ FATNAÐINN** Sólveig Hafsteinsdóttir, Karen Hrafnsdóttir og Lilja Kristjánsdóttir voru sáttar með sýninguna frá Coast.








# Hrekkjavaka fræga fólksins

Það þykir óskaplega flott að mæta í hið árlega Halloween partý sem fyrirsætan Heidi Klum heldur. Það var því varla þverfótað fyrir stjörnum hjá henni á mánudeginum var og mikið um skrautlega og dýra búninga. Heidi sjálf var uppdressuð sem vampíra og eiginmaðurinn Seal var í löggubúning og tóku þau sig vel út þar sem þau sveifluðust um á dansgólfinu. Þarna var mikið um fræga gesti, uppádressaða að sjálfsögðu. Meðal annars leikarinn Jason Biggs klæddur sem Lísa í Undralandi og fatahönnuðurinn Valentino sem lét sér nægja að klína lítilfjörlegri grímu á andlitið á sér en var svo mjög líklega klæddur í Valentino-fatnað.



**HEIDI KLUM** Var ómótstæðilega flott sem vampíra í árlega hrekkjavökupartíinu sínu.



**ZAC POSEN** Hinn frægi fatahönnuður, Zac Posen, mætti í veisluna klæddur sem djöfullinn.



SKÍTAMÓRALL
OPIÐ Í SKEIFUNNI TIL KL 22.00
ÁRITANIR
Föstudaginn 4.11.05
Árita í BT Selfossi kl: 18:00
Spila í Pakkhúsinu Selfossi kl. 23.00
Laugardaginn 5.11.05
Árita í BT Akureyri kl: 16:00
Spila í Sjallanum Akureyri kl. 00.00
Því hún, hún tendraði ljósið...
SKÍTAMÓRALL
1.899
BT
Aðeins í BT










# FRÉTTIR AF FÓLKI

Nicole Richie er víst frekar lítið fyrir að keyra á milli staða og þar sem hún kann vel við að versla í Beverly Hills, en býr ekki þar, hefur hún ákveðið að kaupa sér hús í hverfinu. „Þetta er góð staðsetning vegna þess að þetta er mjög miðsvæðis, svo ég þarf aldrei að



keyra," segir hún og bætir við að vinir sínir geri sig stressaða þegar hún er farþegi í bíl með þeim. „Þeir tala í símann og keyra um leið og það gerir mig stressaða."

Pamela Anderson er mikill dýraverndunarsinni og sendi nýlega beiðni til bílaframleiðandans



Mercedes-Benz um að framleiða dýravæna gerð af bílnum. „Dýr sem eru ræktuð aðeins fyrir notkun á skinni þeirra þjást af ótta, sársaukafullri meðferð og skorti á öllu sem er þeim eðlilegt að lifa við," skrifaði hún meðal annars. „Ég vil ekki taka neinn þátt í þessu. En hins vegar langar mig í Benz svo gætuð þið ekki framleitt alla bílana ykkar án þess að nota dýraskinn?" Hún fékk það svar að í framtíðinni myndu öll bílamódel frá Benz vera án leðurs.

Jennifer Aniston segir kynþokkafull hlutverk í kvikmyndum hafa hjálpað henni



við að takast á við allar þær tilfinningar sem fylgdu skilnaðinum við Brad Pitt. „Það var gott að fá að leika í svona hlutverkum, hef ekki fengið að gera það áður," sagði hún. „Ég hef oftast fengið það hlutverk að leika konu sem á í vandræðum með að finna mann."



HÁDEGISBÍÓ HÁDEGISBÍÓ: 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI 3 BÍÓ 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 3 UM HELGINA Í HÁSKÓLABÍÓI




ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| TWO FOR THE MONEY | KL. 5.30-8-10.30 | B.I. 12 |
| TWO FOR THE MONEY VIP | KL. 5.30-8-10.30 | |
| TIM BURTON´S CORPSE BRIDE | KL. 4-6-8-10.10 | |
| KISS KISS BANG BANG | KL. 3.50-6-8.15-10.30 | B.I. 16 |
| FLIGHTPLAN | KL. 6-8.15-10.30 | B.I. 12 |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 4 | |
| WALLACE & GROMIT enskt tal | KL. 6-10.30 | |
| THE 40 YEAR OLD VIRGIN | KL. 8 | B.I. 14 |
| SKY HIGH | KL. 4 | |

KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 6 |
| TRANSPORTER 2 | KL. 8-10 |
| VALIANT ísl. tal | KL. 6 |
| BEWITHED | KL. 8 |
| A HISTORY OF VIOLENCE | KL. 10 |

AKUREYRI

| | |
|---|---|
| TVO FOR THE MONEY | KL. 8-10 |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 4 |
| FLIGHTPLAN | KL. 10 |
| VALIANT | KL. 4 |
| MUST LOVE DOGS | KL. 8 |

KRINGLAN

| | | |
|---|---|---|
| TWO FOR THE MONEY | KL. 6-8.30-11 | B.I. 12 |
| KISS KISS BANG BANG | KL. 6-8.15-10.30 | B.I. 16 |
| FLIGHTPLAN | KL. 8-10.10 | B.I. 12 |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 4-6 | |
| VALIANT ísl. tal | KL. 4 | |
| SKY HIGH | KL. 4 | |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

FRUMSÝNING - LA MARCHE DE L'EMPEREUR
- SPURT OG SVARAÐ MEÐ LUC JACQUET KL. 20:00

| | |
|---|---|
| DRABET | KL. 5.50 |
| L´ENFANT | KL. 6-10 |
| THE ASSASSINATION OF RICHARD NIXON | 10.45 |

| | | |
|---|---|---|
| FOUR BROTHERS | KL. 5.40-8-10.30 | B.I. 16 |
| TIM BURTON´S CORPSE BRIDE | KL. 6-8-10 | |
| FLIGHTPLAN | KL. 5.45-8-10.15 | |
| CINDERELLA MAN | KL. 8 | |

Háskólabíó

# Eingöngu fyrir aðdáendur

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Skítamórall: Eitur í beinum sumra, konfekt í eyrum annarra. Fáar hljómsveitir eiga sér jafn eindregna andstæðinga en Skítamórall hefur einnig á bak við sig styrkan hóp aðdáenda sem bregst sínum mönnum ekki á ögurstundu. Skítamórall trekkir alltaf að, sama hvað hver segir.

Það er vandað vel til verksins hvað umslag plötunnar varðar, myndirnar flottar, þó stafirnir framan á séu hálf mislukkaðir. Alltaf gaman þegar textarnir eru prentaðir með greinilegum stöfum þó textasmíðin á plötunni sé ódýr kveðskapur.

Má ég sjá hefst á lagi Ununar, Ástin. Heldur furðulegt að byrja plötu á kóverlagi. Skítamórall fer ágætlega með lagið en það er erfitt að bæta miklu við upprunalega flutninginn á þessum fína slagara Gunnars Hjálmarssonar. Ballaðan Hún hefur þegar fengið að hljóma á öldum ljósvakans en það er Þorvaldur Bjarni sem á lagið en Andrea Gylfadóttir textann. Lagið er meðhöndlað á réttan hátt, útsetningin vel heppnuð og rödd Gunnars Ólasonar hentar rólegum lögum mjög vel. Vignir Snær Vigfússon semur Má ég sjá, sem er eitt af bestu lögum plötunnar. Kraftmikill flutningur drengjanna. Önnur lög standa í skugganum af áðurnefndum lögum þó Eldur komist hvað næst þeim. Önnur eru týpísk Skítamóralslög.

Hljóðfæraleikurinn á plötunni er til fyrirmyndar en útsetningarnar eru á köflum hálf fyrirsjáanlegar. Sveitin saknar óneitanlega Einars Ágústs þegar kemur að rokklögunum en Gunnar hefur ekki alveg sama kraftinn í röddinni.

Platan er ekki þrekvirki á sviði tónlistar. Hún á ekki eftir að valda hallarbyltingu í lagasmíðum eða umróti í þjóðfélaginu. Skítamórall tekur sig heldur ekki það alvarlega að meðlimir sveitarinnar haldi að þeir séu að finna upp hjólið að nýju. Skítamórall er ekki að víkka út aðdáendahóp sinn eins og meðlimir sveitarinnar kannski vildu en fyrir aðdáendur hennar er þetta prýðileg viðbót í safnið. Skítamórall kann að trylla lýðinn sinn og gerir það eflaust enn með Má ég sjá.

**Freyr Gígja Gunnarsson**




**SKÍTAMÓRALL**

**Titill:** MÁ ÉG SJÁ

**Niðurstaða:** Fyrir aðdáendur Skítamórals er Má ég sjá prýðileg viðbót í safnið. Sveitin kann að trylla lýðinn sinn og gerir það eflaust með þessari plötu.







birta
» FRÁBÆR SJÓNVARPSDAGSKRÁ ALLA DAGA
FÖSTUDAGUR LAUGARDAGUR SUNNUDAGUR MÁNUDAGUR ÞRIÐJUDAGUR MIÐVIKUDAGUR FIMMTUDAGUR
birta

# Brautryðjendur í lækkun eldsneytisverðs










*Þrátt fyrir mannlausar bensínstöðvar, er rekstur Orkunnar afar mannlegur. Því tókum við saman nokkur myndbrot frá ýmsum uppákomum í sögu fyrirtækisins, sem prýða þessar síður.*

## *10 krónu afsláttur kl. 15 – 17 í dag*

*Í tilefni 10 ára afmælisins gefum við 10 kr. afslátt af öllu eldsneyti á öllum bensínstöðvum Orkunnar kl. 15-17 í dag. Ekki nóg með það! Þeir sem eiga Bensínfrelsiskort fá sínar 3 kr. í viðbót og þar með **13 kr. afslátt af lítranum***

# Orkan er 10 ára í dag



















4. nóvember 1995 hóf Orkan bensín rekstur fyrstu sjálfsafgreiðslustöðvanna hér á landi. Um 3 stöðvar var að ræða og allar í næsta nágrenni við eigendurnar, Hagkaup og Bónus, sem ásamt Skeljungi stofnuðu Orkuna. Á 10 ára afmælinu eru stöðvarnar 14 og fer fjölgandi.

Það kom ekki á óvart að viðskiptamódel Orkunnar snérist frá upphafi um að bjóða lægsta verðið á markaðnum, enda sami útgangspunktur og var til grundvallar stofnun Hagkaups og síðar Bónus.  Orkan hefur aldrei hvikað frá þessari stefnu og geta menn auðveldlega fylgst með árangrinum í verðkönnunum.

Við þökkum landsmönnum stuðninginn og heitum því að standa vörð um bensínfrelsið í landinu

*Með kveðju,*
*starfsfólk Orkunnar*

ORKAN BENSÍN

ÞAÐ MUNAR UM MINNA



**Birgir Leifur í 46.-52. sæti**

Birgir Leifur Hafþórsson, kylfingur úr GKG, er sem fyrr á einu höggi yfir pari á úrtökumóti fyrir Evrópumótaröðina sem fram fer á Spáni. Skilar sá árangur honum í 46. -52. sæti en fremsti maður er á 11 höggum undir pari.

# sport

sport@frettabladid.is

KNATTSPYRNUMAÐURINN ÓLAFUR ÖRN BJARNASON: BÚINN AÐ NÁ SÉR AF ERFIÐUM MEIÐSLUM

## *Hef aldrei misst svona mikið úr*



Varnarmaðurinn Ólafur Örn Bjarnason hjá norska úrvalsdeildarliðinu er allur að koma til eftir að hafa verið frá síðan um miðjan ágúst vegna meiðsla í hné. Brjóskið í hnénu var skemmt og fór Ólafur Örn í speglun á laugardeginum eftir landsleik Íslands og S-Afríku sem fram fór 17. ágúst sl.

„Þá var ég búinn að vera slæmur í nokkrar vikur og það bara kom að því að það þurfti að gera eitthvað. Ég er orðinn góður núna og hef verið það í einhverjar tvær vikur en þetta tók lengri tíma en búist var við," segir Ólafur Örn sem náði ekkert að koma við sögu í síðustu leikjum Brann á tímabilinu. „Það var ekki svo mikið undir svo að það var ákveðið að taka enga áhættu með mig, auk þess sem liðið var að spila ágætlega. En ég hefði nú alveg getað spilað í síðustu leikjunum."

Ólafur Örn segir að tíminn á hliðarlínunni hafi verið erfiður, sérstaklega þar sem hann hafi aldrei lent í jafn alvarlegum meiðslum áður á sínum ferli. „Ég hef aldrei misst svona mikið úr áður. Fyrstu þrjár vikurnar voru einstaklega erfiðar því þá gat ég hvorki hlaupið né hjólað," segir Ólafur sem ætlar sér að koma sterkur til baka á næstu leiktíð.

„Við förum ekki í frí fyrr en í desember og ég býst við því að vera að hlaupa og lyfta á fullu í nóvember," segir Ólafur sem á eitt ár eftir af samningi sínum við Brann en kveðst lítið hugsa um það. „Nú vonast ég bara til að ná að halda mér heilum. Það skiptir öllu máli."

### > Olga Færseth í KR



Lið KR í kvennafótboltanum hefur fengið mikinn liðstyrk fyrir komandi leiktíð því markahrókurinn Olga Færseth hefur gengið til liðs við Vesturbæjarliðið. Olga er þriðji leikmaðurinn sem skrifar undir samning við KR í haust en fyrir höfðu þær Hólmfríður Magnúsdóttir og Pálína Bragadóttir samið við félagið. Allar léku þær þrjár með ÍBV á síðustu leiktíð.

David Beckham:

## Real getur orðið meistari

**FÓTBOLTI** David Beckham, enski landsliðsmaðurinn hjá Real Madrid, segir að lið sitt geti vel unnið meistaradeild Evrópu. Real tryggði sér sæti í 16-liða úrslitum keppninnar á þriðjudag með því að sigra Rosenborg nokkuð sannfærandi, þrátt fyrir að vera án fjölmargra lykilmanna.

„Þegar ég vann meistaradeildina með Man. Utd árið 1999 vorum við með frábært lið og þá skipti ekki máli þótt fastamenn vantaði. Mér finnst það sama vera uppi á teningnum hjá Real Madrid í dag. Við leikmennirnir erum mjög samheldnir og getum vel verið án lykilmanna," segir Beckham en í leiknum á þriðjudag vantaði Ronaldo, Zinedine Zidane, Julio Babtista, Thomas Gravesen og Ivan Helguera. - vig

# Gríðarlegur fengur fyrir félagið

**Þórður Guðjónsson skrifaði formlega undir þriggja ára samning við ÍA í gær. Þórð langar helst að spila fyrir aftan framherjana og er þjálfarinn Ólafur Þórðarson líklegur til að uppfylla þá ósk hans.**

**FÓTBOLTI** „Það er ljóst að koma Þórðar er gríðarlegur fengur fyrir félagið. Við erum að byggja upp nýtt lið og það er mjög mikilvægt að fá leikmann eins og Þórð í þá uppbygginu. Hann býr yfir mikilli reynslu sem mun skila sér til annarra leikmanna," sagði Ólafur Þórðarson, þjálfari ÍA, við Fréttablaðið í gær en skömmu áður hafði Þórður Guðjónsson skrifað formlega undir þriggja ára samning við félagið. Þórður snýr þar með aftur á heimaslóðir, en það var fyrir þrettán árum sem Þórður spilaði síðast hér á landi – þá í frábæru liði ÍA þar sem Ólafur var samherji hans.

„Já, ég þekki af eigin raun hversu frábær leikmaður hann er," segir Ólafur en þá spilaði Þórður sem fremsti maður og endaði tímabilið sem markakóngur. Spurður um hvort Þórður muni spila aftur í þeirri stöðu næsta sumar, gefur Ólafur fá svör. „Auðvitað er ég aðeins byrjaður að velta þessu fyrir mér en það er ekkert ákveðið. Hann er mjög fjölhæfur en ég á þó von á því að hann verði framarlega á vellinum," segir hann.

Þórður segir sjálfur að sér líði best fyrir aftan framherjana og neitar því ekki að það sé hans óskastaða. „En það skiptir svo sem ekki öllu máli. Ég spila þar sem þjálfarinn segir mér að spila," segir Þórður.

Brotthvarf Gunnlaugs Jónssonar til KR fyrir skemmstu þýðir að staða fyrirliða hjá ÍA er á lausu. Þykir Þórður koma sterklega til greina í það hlutverk, sem einn elsti og reynslumesti leikmaður liðsins. „Ég hef ekki ákveðið það ennþá en Þórður er einn af nokkrum sem koma til greina," segir þjálfarinn Ólafur.

Spurður hvort ÍA hafi með kaupunum á Þórði lokið sér af á leikmannamarkaðnum segir Ólafur að svo kunni ekki að vera. „Við höfum misst Sigurð Ragnar [Eyjólfsson] og vantar tilfinnanlega mann til að styrkja okkur fremst á vellinum. En það kemur í ljós þegar nær dregur tímabilinu. Það kemur til greina að leita erlendis að liðstyrk," segir Ólafur.

vignir@frettabladid.is



**SKRIFAÐ UNDIR** Þórður Guðjónsson sést hér skrifa undir þriggja ára samning við ÍA í gær. Eiríkur Guðmundsson, formaður meistaraflokksráðs ÍA, fylgist vel með. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÓLAFUR ÞÓRÐARSON** Segir komu Þórðar vera gríðarlega mikilvæga fyrir það starf sem verið er að vinna uppi á Skipaskaga.


Hugaðu að heilsunni

Rannsóknir á grænu tei benda til þess að það geti dregið úr vexti ýmissa krabbameinsfruma. Í því er einnig finna efni sem drepur þær bakteríur sem valda tannskemmdum.

Rannsóknir í Pace-háskólanum í Bandaríkjunum benda til þess að hvítt te hafi fyrirbyggjandi áhrif á vöxt baktería sem til að mynda valda lungnabólgu og tannskemmdum. Einnig er hvítt te talið geta dregið úr virkni vírusa og sveppasýkinga.




FRÆIÐ

FRÆIÐ Í FJARÐARKAUPUM
SÉRVERSLUN MEÐ HEILSUVÖRUR

FK FJARÐARKAUP


Arsene Wenger, stjóri Arsenal, kvartar yfir fjölmiðlum:

## Ég sagði aldrei að Jose Mourinho væri heimskur

**FÓTBOLTI** Arsene Wenger, stjóri Arsenal, réðst harkalega að breskum fjölmiðlamönnum í gær og ásakaði þá um að hafa rangt eftir sér og þar með kveikja enn frekar í deilu hans og Jose Mourinho, stjóra Chelsea.

„Þið verðið að hlusta á það sem ég segi og ekki skrifa það sem ég sagði aldrei. Sagði ég einhvern tímann að hann [Mourinho] væri heimskur? Ýjaði ég að því? Þið verðið að virða það sem ég segi og ekki skrifa það sem þið haldið að ég hafi sagt," sagði Wenger foxillur á blaðamannafundi í gær. „Ég veit nákvæmlega hvað ég sagði. Ég hef séð sumt af því sem var haft eftir mér og það er einfaldlega ekki rétt."

Wenger notaði vissulega orðið heimskur en sagði þó aldrei beint að Mourinho væri heimskur: „Þegar heimskt fólk verður farsælt verður það oft heimskara en ekki gáfaðra," sagði Wenger á þessum fræga fundi. Hann taldi þessi orð sín tekin úr samhengi en það skilja ekki allir. - hbg



**ARSENE WENGER** Stendur í stríði við Chelsea og breska fjölmiðla. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



Deila Arsene Wengers og Jose Mourinho:

## Hættið eða þið verið kærðir

**FÓTBOLTI** Enska knattspyrnusambandið metur ástandið í deilu Jose Mourinho, stjóra Chelsea, og Arsene Wengers, stjóra Arsenal, svo alvarlegt að það hefur ákveðið að skipta sér af deilunni.

Haft hefur verið samband við yfirmenn knattspyrnumála hjá báðum félögum og þeir látnir vita af því að láti stjórarnir ekki af þessari hegðun muni þeir verða kærðir fyrir að draga íþróttina niður í svaðið.

„Þessir menn bera mikla ábyrgð og það er ekki ásættanlegt að þeir séu að munnhöggvast í fjölmiðlum dag eftir dag. Ég ætlast ekki til þess að þeir takist í hendur heldur að þeir láti hér við sitja," sagði talsmaður enska knattspyrnusambandsins. - hbg

**JOSE MOURINHO** Má ekki skjóta meira á Wenger. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

ICELANDAIR FOOTBALL & FUN

# IAN RUSH ICELANDAIR MASTERS

## EGILSHÖLL GRAFARVOGI
## LAUGARDAGINN
## 5. NÓVEMBER HÁTÍÐIN HEFST KL.13

KOMIÐ OG SJÁIÐ GÖMLU KEMPURNAR
ÚR ENSKA BOLTANUM ETJA KAPPI VIÐ
FYRRVERANDI ÍSLENSKA ATVINNUMENN
OG LIÐ FRÁ ÍSLANDI.

MEIRIHÁTTAR SKEMMTUN FYRIR FÓTBOLTAUNNANDANN!

VERÐ AÐEINS **1000 kr.** FRÍTT FYRIR 14 ÁRA
OG YNGRI Í FYLGD MEÐ FULLORÐNUM

IAN RUSH
KENNY SAMSON
FRANK STEPLETON
JAN MOLBY
TONY WOODCOCK
ARTHUR ALBISTON
MARK WALTHERS
PERRY GROVES
LEE MARTIN
JOHN WARK
NICKY SULLIVAN
DAVID MAY
NIGEL SPACKMAN
DAVID HILLIER
PAUL PARKER
MICHAEL THOMAS
GRAHAM RIX
CLAYTON BLACKMORE
BOB BOULDER
GUS CEASER
RUSSEL BEARDSMORE
JOHN DURNIN
DANNY O'SHEA
DAVID RYAN

ARSENAL - MAN UTD - LIVERPOOL

http://footballandfun.is



ICELANDAIR

Carlsberg
Hluti af leiknum

IH
ICELANDAIRHOTELS
www.icehotels.is

Fjarðabyggð ætlar sér stóra hluti á komandi árum:

# Þorvaldur ráðinn þjálfari



**FÓTBOLTI** 2. deildarlið Fjarðabyggðar gekk í gær frá þriggja ára samningi við fyrrum landsliðsmanninn Þorvald Örlygsson en hann þjálfaði síðast lið KA.

„Þetta leggst mjög vel í mig. Ég þekki aðeins til hjá liðinu og mér finnst þetta vera mjög spennandi verkefni,“ sagði Þorvaldur við Fréttablaðið í gær en hann var orðaður við þjálfarastöðu Fram og Víkings fyrir skömmu.

Fjarðabyggð endaði í fjórða sæti annarrar deildarinnar síðasta sumar og var aðeins fjórum stigum frá því að komast upp í fyrstu deild. Þorvaldur segir að hann ætli ekki að byrja á því að kaupa fjölda manna til liðsins.

„Ég ætla fyrst að skoða mannskapinn og reyna að halda öllum sem fyrir eru hjá félaginu. Þetta eru ungir sprækir strákar sem hafa lagt mikið á sig og ég vil hjálpa þeim að verða betri,“ sagði Þorvaldur sem mun áfram búa á Akureyri en fer reglulega austur til að kíkja á þá stráka sem þar eru. Hann mun síðan flytjast búferlum yfir sumartímann. - hbg







# Ekki enn gert upp hug sinn

**Knattspyrnumaðurinn Jóhann Þórhallsson hefur enn ekki ákveðið hvort hann gangi til liðs við Val eða Grindavík. Heimildir Fréttablaðsins herma engu að síður að Jóahnn muni ganga til liðs við Val.**

**FÓTBOLTI** Knattspyrnukappinn Jóhann Þórhallsson skrifaði ekki undir samning við Val í gær eins og fastlega var reiknað með en hann sjálfur átti von á því að klára sín mál í gær. Jóhann hefur verið eftirsóttur af fjölda félaga frá því hann gaf það út að hann ætlaði að hætta að leika með KA á Akureyri. Fljótlega fækkaði möguleikunum en valið stendur í dag á milli Vals og Grindavíkur.

Fréttablaðið hefur áreiðanlegar heimildir fyrir því að Jóhann muni fara í Val en hann hitti þjálfara liðsins, Willum Þór Þórsson, að máli í gær. Erfiðlega gekk að ná tali af Jóhanni í gær en þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gærkvöldi sagðist hann enn vera óákveðinn.

„Þetta er alveg rosalega erfið ákvörðun og ég er ekki enn búinn að gera upp hug minn,“ sagði Jóhann sem var harðákveðinn í að klára málið í gær en gat það ekki einhverra hluta vegna. Aðspurður á hverju málið strandaði sagði Jóhann: „Ég get því miður ekkert tjáð mig um það. Þið verðið að bíða aðeins lengur eftir að heyra hvar ég spila næsta sumar.“

Grindvíkingar heyrðu ekkert frá Jóhanni í gær en hann átti að svara samingstilboði þeirra á miðvikudag. Jónas Þórhallsson, formaður knattspyrnudeildar Grindavíkur, sagði um miðjan daginn í gær að tilboð þeirra stæði að minnsta kosti út gærdaginn en þeir yrðu að skoða stöðuna á ný í dag ef þeir myndu ekkert heyra frá Jóhanni. Þó kæmi ekki til greina að hækka núverandi tilboð. Ennfremur kvaðst Sigurður Jónsson, þjálfari liðsins, ekkert hafa heyrt frá Jóhanni í gær en hann sagði að tilboð Grindvíkinga stæði og það væri leikmannsins að ákveða framhaldið.

- hbg, - vig




**SKRIFAR HANN UNDIR Í DAG** Þessir tveir einstaklingar gætu hæglega setið við þetta borð í dag og skrifað undir samning. Um er að ræða framherjann Jóhann Þórhallsson og Börk Edvardsson, formann knattspyrnudeildar Vals. Myndin er samsett. SAMSETT MYND/ RÓBERT

Los Angeles Lakers byrjar vel í NBA-deildinni:

# Kobe með sigurkörfuna í framlengingu

**KÖRFUBOLTI** Margra augu verða á Los Angeles Lakers í vetur enda er Phil Jackson aftur tekinn við liðinu og undir hans stjórn er maður að nafni Kobe Bryant sem hefur ekki alltaf látið vel að stjórn.

Kobe stimplaði sig engu að síður vel inn í tímabilið með sigurkörfunni í fyrsta leik Lakers. Kom hún 0,6 sekúndum fyrir lok framlengingar gegn Denver Nuggets og vann Lakers því 99-97.

„Sigurinn var ekkert mikilvægur fyrir mig. Hann var mikilvægur fyrir liðið,“ sagði Phil Jackson hógvær eftir leikinn. Kobe skoraði 33 stig í leiknum og hann fékk einnig tækifæri til þess að klára leikinn undir lok venjulegs leiktíma en þá brást honum bogalistin.

„Þetta var vissulega mikilvægur sigur fyrir okkur enda erum við mjög ungt lið,“ sagði Kobe eftir leikinn en hann átti ekki að taka síðasta skotið í leikkerfinu. Hann tók því ekki sem móðgun. „Hann reynir stundum að koma andstæðingnum á óvart. Hann treystir mér og veit að ég tek af skarið ef kerfið gengur ekki upp.“ - hbg




**KOBE BRYANT** Fagnar hér sigurkörfunni gegn Denver. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Kostnaður við hinn nýja Wembley er mikill:

# Sjö milljarða umfram áætlanir

**FÓTBOLTI** Byggingarfyrirtækið sem sér um að endurreisa hin fornfræga þjóðarleikvang Englendinga, Wembley, tilkynntu í gær að kostnaður við byggingu hins nýja leikvangs myndi verða tæpum sjö milljörðum hærri en upphaflegar áætlanir gerðu fyrir.

Gert var ráð fyrir því þegar framkvæmdir hófust að þær myndu kosta um 70 milljarða króna, en hækkandi heimsverð á stáli, auk ósættis milli verktaka og stálfyrirtækisins CBUK sem varð til þess að fyrirtækið hætti við sinn hlut í verkefninu, hafa orðið til þess að heildarkostnaðurinn hækkar til muna og jafnvel um meira en fyrrgreinda sjö milljarða.

Fyrirtækið Multiplex, sem hefur veg og vanda að gerð hins nýja Wembley, hefur þegar hafið undirbúning að málaferlum gegn CBUK en nýtt stálfyrirtæki hefur þegar verið fengið til að útvega efni til framkvæmdanna og ættu þær því að haldast á áætlun.



**Í DAG** Þessi mynd var tekin í lok sumars þegar framkvæmdir við Wembley stóðu sem hæst.



**Í FRAMTÍÐINNI** Þessi mynd sýnir hverng hinn nýi Wembley mun koma til með að líta út þegar framkvæmdum er lokið. Sannarlega glæsilegt mannvirki.


Bílanaust
Föstudag og laugardag
Verða fjölskylduvænir. . . .
Ljósadagar
í Bílanausti
Nú er tími ljósanna. Þegar myrkrið skellur á er betra að vera vel upplýstur og hafa ljósin í lagi eða bæta við öflugum smekklegum ljóskösturum framan á bílinn.
Bosch
Compact 100
Vörunúmer
350 0306055901
VAR 10.606,-
TILBOÐ
6.990,-
Bosch
Compass
Halogen 2000
Vörunúmer
350 0986310521
VAR 7.990,-
TILBOÐ
5.590,-
Bosch
Compass 1000
Vörunúmer
350 0986310920
TILBOÐ
19.900,-
Bosch
Navigator
Halogen Blue
Vörunúmer
350 0986310529
VAR 19.304.-
TILBOÐ
11.990,-
Hella
Luminator Crom
Vörunúmer
010 1F8007560131
VAR 16.744,-
TILBOÐ
11.790,-
KOMDU OG SJÁÐU ÞETTA PÍANÓ
Upprúllanlegt
píanó í raunstærð.
Tilvalið
í jólapakkann.
Kynning í verslun.
Meiriháttar
tæki
Vörunúmer
063 077900273
5.990,-
25%
afsláttur af
HELLA
ljósa-
perum
BAKARÍIÐ AUSTURVER
Tilboð
Súpa
Brauð
Kaffi
450,-
Í tilefni Ljósadaga
Bílanaust
kaffið
á tilboði
Aðeins
150,-
pakkinn
KAFFI
OPIÐ
VIRKA DAGA 8-18
LAUGAR DAGA 10-16*
LOKAÐ SUNNUDAGA
*Aðeins 5 nóv. vegna Ljósadaga
Bílanaust
Bíldshöfða 9 • 110 Reykjavík • Sími: 535 9000 • Fax: 535 9090 • www.bilanaust.is
2072 / TAKTÍK 2.11.'05

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

1 2 3 **4** 5 6 7

**Föstudagur**

### LEIKIR

18.00 **Valur** og **Fram** mætast í DHL-deild kvenna.

19.00 **Þór Ak.** og **FH** mætast í DHL-deild karla.

20.00 **HK** og **Víkingur/Fjölnir** mætast í DHL-deild karla.

20.00 **Selfoss** og **Fram** mætast í DHL-deild karla.

19.15 **Njarðvík** og **ÍR** mætast í Poweradebikar karla.

19.15 **Skallagrímur** og **Fjölnir** mætast í Poweradebikar karla.

19.15 **KR** og **Snæfell** mætast í Poweradebikar karla.

### SJÓNVARP

18.30 **NFL-tilþrif** á Sýn.

20.00 **Motorworld** á Sýn.

20.30 **Meistaradeildin** á Sýn.

Nicolas Anelka:

## Í landsliðið á ný

**FÓTBOLTI** Franski vandræðagemlingurinn Nicolas Anelka, sem nú er til mála hjá Fenerbache í Tyrklandi, hefur óvænt verið valinn í franska landsliðið á ný fyrir vináttuleiki gegn Kosta Ríka og Þýskalandi.

Mjög fróðlegt verður að sjá hvort Anelka muni hafa áhuga á því að spila leikina en áður hafði hann haldið því fram að hann myndi aldrei spila fyrir Frakkland á meðan Raymond Domenech væri þar við stjórnvölinn en þó má gera ráð fyrir því að þeir séu búnir að grafa stríðsöxina.

# Hrikalegur þriðji leikhluti

**Enn einu sinni var það einstaklega vondur þriðji leikhluti sem varð Keflvíkingum af falli gegn Lappeenrante í Evrópubikarkeppninni í körfubolta. Keflavík tapaði þriðja leikhluta með 22 stigum og leiknum með 17 stigum alls.**

**KÖRFUBOLTI** „Ég veit ekki hvað gerist hjá okkur eftir hlé. Það hrynur allt en ég hef engar skýringar,“ sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur, við Fréttablaðið eftir leikinn gegn finnsku meisturunum í Lappeenrante í gær þar sem lokatölur urðu 75-92, gestunum í Lappeenrante í vil.

Leikurinn í gær var keimlíkur tveimur fyrri viðureignum Keflavíkur í Evrópukeppninni - liðið byrjaði mjög illa og lenti 12 stigum undir strax í fyrsta leikhluta en með mikilli baráttu náðu leikmenn liðsins að saxa á forskotið og í gær munaði fimm stigum í hálfleik, 47-52.

En þriðji leikhluti átti eftir að reynast vendipunktur leiksins en í honum gekk allt á afturfótunum hjá Keflavík, hittnin var engin og leikmenn Lappeenrante gengu að sjálfsögðu á lagið. Alls unnu gestirnir leikhlutann með 22 stigum, 28-6, og í raun voru úrslit leiksins ráðin áður en að fjórði leikhluti hófst. Heimamenn náðu þó að bjarga andlitinu með ágætum leik í fjórða og síðasta leikhlutanum og minnkuðu muninn í 17 stig áður en leikurinn var á enda.

„Það er ljóst að við lærðum ekki lexíu okkar í fyrri leiknum við þá, því þetta voru eiginlega nákvæmlega eins leikir. Við eigum mjög litla möguleika á að komast áfram úr þessu og að sjálfsögðu eru það mikil vonbrigði,“ bætti Sigurður við. **- vig**



**BARÁTTA** AC Moye, leikmaður Keflavíkur, sést hér í harðri baráttu um frákast við einn leikmanna Lappeenranta í leiknum í gær.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *Evrópukeppni karla í körfu:*

KEFLAVÍK-LAPPEENRANTA 75-92

**Stig Keflavíkur**: Adrian Henning 22, AJ Moye 17, Jón Nordal Hafsteinsson 10, Elentínus Margeirsson 9.

### *Evrópukeppni kvenna í körfu:*

HAUKAR-ARES RIBERA 45-85

**Stig Hauka:** Helena Sverrisdóttir 17 (6 fráköst, 4 stoðs.), Kesha Tardy 13 (9 fráköst), Jelena Jovanivic 10, Guðrún Ámundadóttir 3.

### *Evrópukeppni félagsliða:*

L.LOVECH-GRASSHOPPERS 2-1

1-0 Novakovic (13.), 2-0 Sandrinho (82.), 2-1 Dos Santos (90).

RAUÐA STJARNAN-BASEL 1-2

1-0 Purovic (25.), 1-1 Delgado (30.), 1-2 Rossi (88.)

L. SOFIA-DYNAMO BÚKAREST 1-0

1-0 xx (xx.),

HAMBURG-VIKING 2-0

1-0 Van Der Vaart (21.), 2-0 Lauth (66.).

R. BÚKAREST-RENNES 1-0

1-0 Niculas (42.), 2-0 Buga (67.).

SLAVIA PRAG-CSKA SOFIA 4-2

1-0 Fort (5.), 1-1 Gargorov (10.), 2-1 Vlcek (36.), 3-1 Pitak (56.), 3-2 Sakaliev (58.), 4-2 Fort (75.).

LENS-HALMSTAD 2-0

1-0 Cousin (16.), 2-0 Cousin (23.), 3-0 Cousin (47.), 4-0 Jomas (73.), 5-0 Lachor (90.).

**Gunnar Heiðar Þorvaldsson** var í byrjunarliði Halmstad í leiknum

STRASBOURG-TROMSÖ 1-0

1-0 Pagis (38.),

HEERENVEEN-CSKA MOSKVA 0-0

SAMPDORIA-STAUA BÚKAREST 0-0

BRÖNDBY-MAC. P.TIKVA 2-0

1-0 Lantz (67.), 2-0 Absalonsen (83.).

STUTTGART-SHATKAR DONETS 0-2

0-1 Fernandinho (31.), 0-2 Maricia (88.).

BOLTON-ZENIT 1-0

1-0 Nolan (24.),

MIDDLESBROUGH-DNEPROP 3-0

1-0 Yakubu (36.), 2-0 Viduka (50.), 3-0 Viduka (56.).

**Kristján Guðmundsson, trésmiður og varaborgarfulltrúi er formaður Verkalýðsráðs Sjálfstæðisflokksins - Er í skipulagsráði, og framkvæmdaráði Reykjavíkurborgar**




**Kristján Guðmundsson, húsasmiður**

Kristján Guðmundsson húsasmiður er fæddur í Reykjavík 4. október 1945, sonur hjónanna Guðmundar Kr. Kristjánssonar vélstjóra og Aðalheiðar Klemensdóttur. Maki Kristjáns er Elsa Baldursdóttir bankastarfsmaður og eiga þau þrjú börn. Kristján lauk námi í húsasmíði árið 1968 og meistarastólann 1977 og hefur unnið að iðn sinni síðan.

**Mikil reynsla**

Kristján býr yfir mikilli reynslu úr borgarpólitíkinni og með setu sinni í skipulagráði og framkvæmdaráði borgarinnar og sem iðnaðarmaður er reynsla hans í skipulagsmálum borgarinnar mjög mikil.

**Verkalýðsmál**

Sem formaður Verkalýðsráðs Sjálfstæðisflokksins hefur Kristján mikla reynslu og þekkingu í málefnum launafólks. Þarna er reynsla sem hentar borgarfulltrúa í dag.

**www.kristjang.net**

Haukar biðu lægri hlut í Evrópukeppninni í gær:

# Ribeira klassa ofar en Haukar

**KÖRFUBOLTI** Ítalska liðið Ribera vann auðveldan sigur á Haukastúlkum í Evrópukeppni kvenna í gær en gestirnir skoruðu fyrstu þréttán stig leiksins og og var strax ljóst í hvað stefndi. Haukaliðið virkaði stressað og agaleysi varð þeim að falli í skelfilegum fyrri hálfleik þar sem þær skoruðu aðeins sautján stig. „Það má heldur betur segja að við höfum mætt ofjörlum okkar hér í kvöld“ sagði Ágúst Björgvinsson, þjálfari Hauka, eftir leikinn. „Við vorum ekki nálægt því að spila okkar leik og við byrjuðum mjög illa og mætum hálf sofandi til leiks. Við tókum okkur aðeins á í seinni hálfleik og héldum þessu í 40 stigum og þeim undir 90 stigum.“ Helena Sverrisdóttir fyrirliði dró vagninn í sóknarleik Hauka en hún skoraði sautján stig og var langbesti leikmaður Hauka í leiknum. Ágúst var ekki ýkja sáttur við leik Hauka en játti því að leikurinn færi beint í ört stækkandi reynslubanka Haukanna. „Jú að sjálfsögðu. Við megum ekki vera of svartsýn heldur bara horfa fram á veginn. Framhaldið er spennandi, við förum til Spánar næst og mætum sterku liði Caja Canarias en við erum bjartsýn á að ná góðum úrslitum þar.“ Sandro Orlando, þjálfari Ribeira, var ánægður með sitt lið sem hann segir miklu sterkara en lið Hauka: „Ég er mjög ánægður með sigurinn. Haukar eru með ungt og efnilegt lið en það er greinilegt að ég er með miklu sterkara lið. Við tókum fast á þeim og sigurinn var á endanum mjög auðveldur.“

hjalti@frettabladid.is



**KOMDU MEÐ BOLTANN!** Kesha Tardy hjá Haukum sést hér kljást um boltann við einn leikmanna Ribeira. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL







## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Looks like I picked the wrong week to quit amphetamines“**

**Svar:**
Steve McCroskey úr kvikmyndinni
Airplane! árið 1980

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ Bergsteinn Sigurðsson er bara nokkuð sáttur við íslenskt sjónvarp.

# Staðnaður skjár og þunnur sirkus

Sú var tíðin að Skjár einn var fersk sjónvarpsstöð og skemmtileg, stútfull af spræku fólki sem fékk að rasa út, stjórnendum var róterað á milli þátta og Egill Helgason stjórnaði unglingaþætti í hiphop-múnderingu (og leið vel í henni ef ég man rétt). Jú, vissulega var margt amatörslegt og klossað en auðvelt að fyrirgefa það því gleðin var svo mikil og bráðsmitandi. Það stirndi af Skjá einum um aldamótin.

Svo fór allt á versta veg. Skjár einn staðnaði. Þættirnir sem voru nýir og ferskir fyrir hálfum áratug eru það ekki lengur og því líka takmörk sett hversu mörg afbrigði af CSI eða Law and order má þola. Úff. Á Skjá einum þurfa menn að hugsa sinn gang.

Sjónvarpsstöðin Sirkus á víst að höfða til sama markhóps og Skjár einn enda er að mörgu leyti á þeim áþekkur bragur. Sirkus gekk hins vegar ekki nógu langt. Í stað þess að taka upp þráðinn þar sem Skjár einn fór að dala og gera þetta almennilega var ákveðið að stæla samkeppnisaðilann í núverandi ástandi. Afraksturinn er útvötnuð eftirlíking af staðnaðri stöð. Á Sirkus hafa verið sýndir með óáhugaverðari þáttum sem birst hafa í íslensku sjónvarpi og er þar af nógu að taka.



**STRÁKARNIR** Hverjir skyldu skemmta sér meira yfir þættinum, þeir eða áhorfendur?

En að öðru. Þegar strákarnir í 70 mínútum voru shanghæjaðir af Popptíví yfir á Stöð tvö fékk ég á tilfinninguna að það væri upphafið að endalokunum hjá þeim. Það virðist því miður vera að rætast og hugmyndirnar að komast í þrot. Ef ég sé enn eitt innslagið sem felur í sér að Strákarnir spígspora um fáklæddir eða naktir verð ég ekki gerður ábyrgur gjörða minna. Kalli gæti dottið af þakinu.

En svona almennt er ég bara nokkuð sáttur við sjónvarpsdagskrána.



▶ 22.25 *Bíó*

SASS



▶ 21.35 *Gaman*

LISTEN UP



▶ 22.00 *Heimildarmynd*

THE YES MEN



▶ 20.35 *Drama*

CHARMED



▶ 20.00 *Íþróttir*

MOTORWORLD

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Tobbi tvisvar (10:26) **18.25** Villt dýr (10:26)

**18.30 Ungar ofurhetjur (24:26)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Latibær**
**20.40 Litli gíslinn** (Little Miss Marker) Bandarísk gamanmynd frá 1980 um veðmangara sem tekur dóttur fjárhættuspilara í pant og situr uppi með hana.
▶ **22.25 Meistaraþjófarnir** (Sass) Þýsk glæpamynd frá 2001 um bræðurna Franz og Erich Sass, alræmda innbrotsþjófa í Berlín á þriðja og fjórða áratug síðustu aldar. Leikstjóri er Carlo Rola og meðal leikenda eru Ben Becker, Jürgen Vogel, Henry Hübchen, Frank Sieckel og Karin Baal. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**0.15** Dómsdagur nú (b.i. 16) **3.30** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið **12.20** Neighbours

**12.45** Í fínu formi 2005 **13.00** George Lopez (6:24) **13.30** Night Court (9:13) **13.55** Fresh Prince of Bel Air (7:25) **14.20** Punk'd (5:8) (e) **14.45** Apprentice 3, The (1:18) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.45** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**20.00 Arrested Development (13:22)** (Tómir asnar)
**20.30 Idol – Stjörnuleit 3 (6:45)** (Niðurskurður) Nú liggur leiðin í Salinn í Kópavogi þar sem dómnefndin fær það vandasama verk að skera niður hóp keppenda í 35 sem áfram komast. 2005.
▶ **21.35 Listen Up (3:22)** (Takið eftir) Nýir gamanþættir með hinum eina sanna George úr Seinfeld í aðalhlutverki, leikaranum hársnauða, Jason Alexander.
**22.00 Blue Collar TV (12:32)** (Grínsmiðjan)
**22.25 Nine Lives** (Níu líf) Gráglettin og spennandi hasarmynd með Wesley Snipes úr Blade.

**0.05** American Wedding (Bönnuð börnum) **1.45** Beverly Hills Cop 2 (Bönnuð börnum) **3.25** Equilibrium (Stranglega bönnuð börnum) **5.10** Strákarnir **5.40** Fréttir og Ísland í dag **6.45** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Laguna Beach (5:11)**
**19.30 Idol extra 2005/2006** Idol prufurnar eru á fullu á Egilsstöðum.
**20.30 Joan Of Arcadia (18:23)**
**21.15 Tru Calling (19:20)**
▶ **22.00 The Yes Men** Bráðfyndin, hárbeitt og fróðleg heimildarmynd um lítinn hóp hrekkjalóma/hugsjónamanna sem við fylgjumst með á ferðalagi um heiminn í nafni The World Trade Organization, stofnunar sem þeir tengjast í raun og veru ekki neitt. Í nafni stofnunarinnar koma þeir hins vegar fram í fjölmiðlum með fáránlegan málatilbúning og halda hneykslanlega fyrirlestra án þess að nokkurn mann gruni neitt. 2003.

**23.25** Weeds (5:10) **23.55** HEX (5:19) **0.40** David Letterman **1.25** David Letterman

## SKJÁREINN

**17.25** Cheers **17.50** Upphitun **18.20** Íslenski bachelorinn (e)

**19.20 Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**19.30 The King of Queens (e)** Bandarískir gamanþættir.
**20.00 Spurningaþátturinn Spark**
▶ **20.35 Charmed** Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kyngimagnaðar örlaganornir. Piper langar í venjulegt líf með Wyatt og Phoebe langar til þess að vera með sinn eigin rabbþátt.
**21.20 Complete Savages**
**21.45 Ripley's Believe it or not!** Í þáttunum er farið um heim allan, rætt við og fjallað um óvenjulegar aðstæður, sérkennilega einstaklinga og furðuleg fyrirbæri.
**22.30 Dirty Sanchez** Í þættinum kynnumst við nýjum fleti á því hvað sársauki getur verið.

**23.00** Battlestar Galactica **23.45** Íslenski bachelorinn (e) **0.40** Silvía Nótt (e) **1.05** Tvöfaldur Jay Leno (e) **2.35** Óstöðvandi tónlist

## SÝN

*besta sætið*

**7.00** Olíssport **7.30** Olíssport **8.00** Olíssport **8.30** Olíssport

**18.00** Olíssport

**18.30 NFL-tilþrif** Svipmyndir úr leikjum helgarinnar í ameríska fótboltanum.
**19.00 Gillette-sportpakkinn** Íþróttir í lofti, láði og legi.
**19.30 Fifth Gear** (Í fimmta gír) Breskur bílaþáttur af bestu gerð.
▶ **20.00 Motorworld** Kraftmikill þáttur um allt það nýjasta í heimi akstursíþrótta. Rallíbílar,kappakstursbílar, vélhjól og ótal margt fleira.
**20.30 UEFA Champions League** (Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur)
**21.00 And They Walked Away** (Sloppið naumlega)
**22.15 World Series of Poker** (HM í póker) Slyngustu fjárhættuspilarar veraldar mæta til leiks á HM í póker.

**23.45** NBA TV Daily 2005/2006 **1.45** A1 Grand Prix **2.55** A1 Grand Prix

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Tempo **8.00** Með allt á hreinu **10.00** Interstate 60 **12.00** Double Bill **14.00** Með allt á hreinu **16.00** Interstate 60 **18.00** Double Bill **20.00 Tempo** Spennumynd með rómantísku ívafi. **22.00 Charlie's Angels: Full Throttle** (B. börnum) **0.00** Confidence (Str. b. börnum) **2.00** The North Hollywood Shoot-Out (Str. b. börnum) **4.00** Charlie's Angels: Full Throttle (B. börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Gastineau Girls **14.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups **15.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups **16.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups **17.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups **18.00** Kill Reality **19.00** E! News **19.30** The Soup UK **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups **22.00** Rich Kids: Cattle Drive **23.00** Wild On Tara **23.30** Wild On Tara **0.00** E! News **0.30** The Soup UK **1.00** Rich Kids: Cattle Drive

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**14.00** WBA – Newcastle frá 30.10 **16.00** Middlesbrough – Man. Utd frá 29.10 **18.00** Að leikslokum (e)

**19.00 Upphitun**
**19.30 Spurningaþátturinn Spark (e)**
**20.00 Spurningaþátturinn Spark**
**20.30 Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“ (e)**
**21.30 Upphitun (e)**
**22.00 Að leikslokum (e)**

**23.00** Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“ (e) **0.00** Upphitun (e) **0.30** Tottenham – Arsenal frá 29.10 **2.30** Dagskrárlok



## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**Sass** — **Sjónvarpið** kl. 22.25

### *Illræmdir bifvélavirkjar*

*Sass-bræðrunum var líkt við Hróa Hött.*

Sjónvarpið sýnir í kvöld þýska glæpamynd frá 2001 um bræðurna Franz og Erich Sass, alræmda innbrotsþjófa í Berlín á þriðja og fjórða áratug síðustu aldar. Bræðurnir stórfuðu sem bifvélavirkjar en eftir að þeir hófu afbrotaferil sinn og urðu frægir af myrkraverkum sínum var þeim gjarnan líkt við Hróa hött. Myndin þykir sérstaklega vel gerð og í henni er dregin upp raunsönn mynd af verkamannahverfum og yfirstéttarklúbbum og börum Berlínar á árunum milli stríða. Carlo Rola leikstýrir.



## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Birta **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson. **18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag

**19.30** Morgunútvarpið e. **20.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag e. **0.30** Hrafnaþing e.

**1.15** Birta e. **2.00** Fréttaviðtalið e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.05** Árla dags **6.50** Bæn **7.30** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Leikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Uppá teningnum **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.00** Fréttir

**18.25** Spegillinn **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Heimsókn **20.30** Kvöldtónar **21.00** Drengur verður skáld **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Pipar og salt **23.00** Kvöldgestir

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Einn og hálfur Magnúsi R. Einarssyni **7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari **10.03** Brot úr degi **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland

**16.00** Fréttir **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar

**18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Popp og ról

**22.10** Næturvaktin **0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsd. **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **13.00** Ylfa Lind **14.00** Kjartan G. Kjartansson **15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir **23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson **5.00** Arnþrúður Karlsd.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.30** Football: UEFA Champions League **13.30** Football: UEFA Champions League **14.30** Bowls: International Open United Kingdom **16.00** Tennis: WTA Tournament Philadelphia **19.00** Football: Top 24 Clubs **19.30** Football: UEFA Champions League **21.00** Strongest Man: Olympic Team Hungary **22.00** Xtreme Sports: Yoz Xtreme **22.30** Xtreme Sports: Xgames 05 **23.30** News: Eurosportnews Report **23.45** Football: Top 24 Clubs **0.15** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**
**12.00** To the Manor Born **12.30** Dad's Army **13.00** Two Thousand Acres of Sky **14.00** Teletubbies Everywhere **14.10** Little Robots **14.20** Andy Pandy **14.25** William's Wish Wellingtons **14.30** Boogie Beebies **14.45** Fimbles **15.05** Tikkabilla **15.35** 50/50 **16.00** The Life Laundry **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Holby City **19.00** The Life of Mammals **20.00** French and Saunders **20.30** Manchild **21.00** Knowing Me, Knowing You... With Alan Partridge **21.30** Crime and Punishment **23.00** The Scold's Bridle **0.00** Wellington: the Iron Duke **1.00** The Lost Liner and the Empire's Gold **2.00** Suenos World Spanish

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Seconds From Disaster **13.00** Legends of The Ice World **14.00** When Expeditions Go Wrong **15.00** Storm Stories **15.30** Storm Stories **16.00** Eruption At Pinatubo **17.00** Seconds From Disaster **18.00** Explorations **18.30** Demolition Squad **19.00** Sea of Snakes **20.00** When Expeditions Go Wrong **21.00** Howard Hughes – The Real Aviator **22.00** The Body Hunters **23.00** Air Crash Investigation **0.00** Howard Hughes – The Real Aviator **1.00** Explorations **1.30** Demolition Squad

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Meerkat Manor **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** Predator's Prey **14.00** Living with Wolves **15.00** Animal Cops Detroit **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** Big Cat Diary **18.00** Meerkat Manor **18.30** Monkey Business **19.00** Animals A-Z **19.30** Predator's Prey **20.00** Animal Precinct **21.00** Miami Animal Police **22.00** Meerkat Manor **22.30** Monkey Business **23.00** Venom ER **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Animal Precinct

**DISCOVERY**
**12.05** Anatomy of a Blackout **13.00** Rex Hunt Fishing Adventures **13.30** Lake Escapes **14.00** Extreme Engineering **15.00** Extreme Machines **16.00** Scrapheap Challenge **17.00** Thunder Races **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Brainiac **21.00** Biker Build-Off **22.00** Spy **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files

**MTV**
**11.00** Mtv Europe Music Awards 2005 **14.00** Wishlist **15.00** Trl **16.00** Dismissed **16.30** Just See Mtv **17.30** Mtv Out Takes **18.00** Dance Floor Chart **19.00** Punk'd **19.30** Viva LA Bam **20.00** Wild Boyz **20.30** The Osbournes **21.00** Top 10 AT Ten – Diddy **22.00** I Want A Famous Face **22.30** Wonder Showzen **23.00** Partyzone

**VH1**
**12.00** So 80s **12.30** VH1 Hits **15.00** VH1 Weekly Album Charts **16.00** So 80s **17.00** VH1's Viewers Jukebox **18.00** Smells Like the 90's **19.00** VH1 Classic **19.30** MTV at the Movies **20.00** The Greatest **22.00** Friday Rock Videos **0.30** Flipside **1.00** Chill Out **1.30** VH1 Hits

**CLUB**
**11.50** Awesome Interiors **12.20** Innertainment **12.45** Come! See! Buy! **13.10** Crimes of Fashion **13.35** Arresting Design **14.00** Staying in Style **14.30** The Review **15.00** Girls Behaving Badly **15.25** The Villa **16.10** The Roseanne Show **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** Hollywood One on One **18.15** The Review **18.40** Girls Behaving Badly **19.05** It's a Girl Thing **19.30** Lofty Ideas **20.00** Arresting Design **20.25** Single Girls **21.15** Sextacy **22.10** Ex-Rated **22.35** Sex and the Settee **23.00** Cheaters **0.00** Simply Indian **0.30** City Hospital **1.25** Girls Behaving Badly **1.50** Completely Hammered

**CARTOON NETWORK**
**12.00** Cow and Chicken **12.30** Sheep in the Big City **13.00** Dexter's Laboratory **13.30** The Powerpuff Girls **14.00** Pet Alien **14.30** Ed, Edd n Eddy **15.00** Teenage Mutant Ninja Turtles **15.30** Battle B-Daman **16.00** Hi Hi Puffy AmiYumi **16.30** Atomic Betty **17.00** Foster's Home for Imaginary Friends **17.30** Looney Tunes **18.00** Duck Dodgers in the 24 1/2 Century **18.30** Charlie Brown Specials **19.00** What's New Scooby-Doo? **19.30** Tom and Jerry **20.00** The Flintstones **20.30** Looney Tunes **21.00** Dastardly & Muttley in Their Flying Machines **21.30** Scooby-Doo **22.00** Tom and Jerry **23.00** Dexter's Laboratory **23.30** The Powerpuff Girls **0.00** Johnny Bravo **0.30** Ed, Edd n Eddy **1.00** Skipper & Skeeto

**JETIX**
**11.50** Braceface **12.20** Jacob two-two **12.50** So Little Time **13.20** Goosebumps **13.50** Black Hole High **14.15** Spider-Man **14.40** Moville Mysteries **15.05** Digimon II **15.30** Totally Spies **16.00** W.I.T.C.H. **16.30** Sonic X

**MGM**
**11.45** Rage **13.25** Namu, The Killer Whale **14.55** Alias Jesse James **16.30** Land of Doom **18.00** Sins OF The Father **19.35** The Little Death **21.05** Devil's Brigade **23.15** Vietnam Texas **0.45** Sonny Boy

**TCM**
**20.00** The Sunshine Boys **21.50** Brass Target **23.40** The Appointment **1.35** Border Incident **3.15** The Conspirators

**HALLMARK**
**12.00** Gentle Ben: Black Gold **13.45** Voyage of the Unicorn **15.15** Not Just Another Affair **17.00** Alice Through the Looking Glass **18.30** McLeod's Daughters **19.15** Love Songs **21.00** Within These Walls **22.30** Lonesome Dove: The Series **23.15** Stranger in Town **1.00** Within These Walls

**BBC FOOD**
**12.00** Wild and Fresh **12.30** Ching's Kitchen **13.00** Secret Recipes **13.30** A Cook's Tour **14.00** Made to Order **14.30** United States of Reza **15.00** Off the Menu **15.30** Deck Dates **16.00** Soul Food **16.30** Masterchef Goes Large **17.00** Nigel Slater's Real Food **17.30** Forever Summer With Nigella **18.00** The Thirsty Traveler **18.30** Great Wine Walks **19.00** Gary Rhodes **19.30** Wild Harvest **20.00** Neil Perry Rockpool Sessions **20.30** The Tanner Brothers **21.00** Secret Recipes **21.30** Giorgio Locatelli – Pure Italian **22.00** The Best **22.30** Saturday Kitchen

**DR1**
**12.00** Udefra **13.00** Jan i naturen **13.30** Showtime: Udfordringen **14.00** TV Avisen med vejret **14.20** Forsvundne danskere **14.50** Nyheder på tegnsprog **15.00** Boogie Listen **16.00** Svampebob Firkant **16.20** Jungletrommer **16.30** AMIGO **17.00** Fredagsbio **17.10** Postmand Per **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** Showtime **20.00** TV Avisen **20.30** Showtime: Kåringen **20.45** Stepmom **22.45** Blind terror **0.10** Boogie Listen

**SV1**
**12.05** Mat/Tina **12.45** Tv-huset **14.00** Debatt **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **15.55** Utgrävarna **16.25** Mitt i naturen **16.55** Helgmålsringning **17.00** BoliBompa **17.01** Supersnällasilversara och Stålhenrik **17.25** Popverkstan **17.45** Cirkustrixarna **18.00** Combo **18.30** Rapport **19.00** Doobidoo **20.00** Hundtricket **21.45** Popcorn **22.15** Rapport **22.25** Kulturnyheterna **22.35** Lolita **1.05** Sändning från SVT24

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

**Fujitsu Siemens** hefur hannað tölvu sem lítur svo vel út að hún er sannkölluð heimilisprýði. Scaleo T er búin öllum þeim búnaði sem nauðsynlegur er til að upplifa nútíma margmiðlun.

# Kraumandi afl
## – ný glæsileg hönnun



Tvær öflugar

**FSC SCALEO T Athlon64 3700+**
Miditower (ATX í fullri stærð)
VIA K8T800, AMD AthlonTM 64 3700+
Front Side Bus 1600MHz,
Cache L1 128KB/L2 512KB
1GB DDR minni
250GB 7200sn. 8MB diskur S-ATA
ATI RADEON X700SE 256MB VIVO og DVI
DVD ± R/RW Dual Layer
DVD-ROM, tvö aðskilin drif
MediaBay kortalesari, 10/100 netkort
1x PCI-Xpress, 3x PCI,
6x USB 2.0 (2 að framan), Firewire
Parallel, Serial, PS/2
6 rása hljóðstýring, Line in/out, Mic, SP/DIF
Nettir hátalarar
Þráðlaust íslenskt lyklaborð og mús
Windows XP Home SP2, Microsoft Works 8.0
Norton Internet Security, Nero Express 6, WinDVD
2 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum
Skjár ekki innifalinn

**Verð: 109.700 kr.**
**9.613 kr. vaxtalaust á mánuði**

**FSC SCALEO T - P4 3.6Ghz**
Miditower (ATX í fullri stærð)
Intel 915 "Grantsdale" kubbasett
Intel® Pentium® 4 3.6Ghz
Front Side Bus 800MHz, 1MB
1GB DDR minni (2X 512, Mest 4GB)
250GB 7200sn. 8MB diskur S-ATA
ATI X700SE PCI-Express 256MB VIVO og DVI
DVD ± R/RW Dual Layer, DVD-ROM, tvö aðskilin drif
MediaBay kortalesari, 10/100 netkort
Nettir hátalarar, þráðlaust íslenskt lyklaborð og mús
Windows XP Home SP2
Norton Internet Security (3 mánaða)
Microsoft Works Suite 2004 - íslensk útgáfa
2 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum
Skjár ekki innifalinn

**Verð: 134.700 kr.**
**11.770 kr. vaxtalaust á mánuði**



*Nú er tækifærið að eignast Fujitsu Siemens tölvu með vaxtalausum greiðslum í 12 mánuði.*

FABRIKAN

**Tæknival**
– sterk heild



SKEIFUNNI 17 SÍMI: 550 4000 www.taeknival.is
OPIÐ: MÁN.- FÖS. FRÁ 9 - 18, LAUGARDAGA FRÁ 11 - 16



## HRÓSIÐ

*...fær Eiríkur Bergmann Einarsson fyrir að gefa rithöfundinum í sér tækifæri.*

REYKJAVÍKURNÆTUR **HARPA PÉTURSDÓTTIR KANN VEL AÐ META VININA**

# *Lífsins nauðsyn!*



Einu sinni lenti ég í því, eins og allir sem hafa ekki verið á föstu síðan þeir urðu kynþroska, að lenda í ástarsorg. Mér fannst svo hrikalega erfitt að sætta mig við staðreyndir að mér virtist það óyfirstíganlegt. Þó vissi ég betur. Á svona augnablikum sér maður ekki fram á að eiga nokkurn tímann eftir að jafna sig eða eiga eðlilegt líf á ný. Mér leið það illa að ég gat ekki hugsað mér að fara út úr húsi, brosa nokkurn tímann aftur og sá engan tilgang í að fara út að skemmta mér. Aðallega var það þó vegna þess að ég sá ekki fram á að finna einhvern sem gæti hift mig upp úr hyldýpinu.
Þá gerðist kraftaverk og mér var bjargað! Ofurhetjurnar sem komu mér til bjargar voru vinkonurnar. Allt í einu lögðu þær skylduverkin til hliðar og sinntu öðru skylduverki, mér, sem þeim fannst greinilega mikilvægara. Þeim tókst á einhvern óútskýranlegan hátt að bjarga mér frá glötun og sýna mér fram á að ég ætti í raun von um að verða brjálæðislega hamingjusöm einn daginn. Auðvitað töldu þær mér trú um að maðurinn væri alger auli að vilja ekki vera með mér því ég væri svo svakalegur fengur og að ég ætti svo miklu betra skilið en hann. Ég hef ekki verið þekkt fyrir að vera auðtrúa en einhverra hluta vegna trúði ég þeim fljótlega. Enda afskaplega þægilegt og ljúft að láta sannfæra sig um að svo sé.
Eftir þetta gerði ég mér grein fyrir því hversu lífsnauðsynlegt það er hverjum og einum að eiga góða vini.
Hver kannast ekki við það að vera niðurdreginn og húka heima í súrheitum. Þegar ég hef lent í því hafa stelpurnar rutt sér leið inn í íbúðina, vopnaðar grínmynd og nammi. Það virkar alltaf, ég gleymi öllu og fæ illt í magann af hlátri og nammiáti. Það er skömminni skárra en að vera lónlí og blár.
Í hvert sinn sem ég vakna gegnsósa af skemmtilegheitum gærkvöldsins get ég verið viss um að síminn hringir innan stundar til að ákveða hvar og hvenær við ætlum að hlæja okkur veikar yfir þynnkuhádegismatnum með bjánahroll á háu stigi.
Svo verður að viðurkennast að þær eru til þess gerðar að gefa manni hreinskilið álit. Eins og þegar maður er í ljótum buxum, er með sósu á kinninni eða maðurinn sem verið er að hitta er handónýtur.
Ég er að reyna að vera ekki skelfilega væmin en þetta er barasta alveg satt! Til að halda geðheilsunni í þessum heimi eru vinir hreinasta nauðsyn. Þær hefðu til dæmis örugglega stoppað mig af áður en ég sendi þennan pistil í prentun. Samt sem áður, húrra fyrir þeim!

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | 13 | | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
2 land 6 frá 8 kraftur 9 nögl 11 hætta 12 glæsibíll 14 yndis 16 í röð 17 leyfi 18 drulla 20 hreyfing 21 umkringja.
**LÓÐRÉTT**
1 gljáhúð 3 samtök 4 ofsalegur stormur 5 rá 7 straumur 10 hætta 13 útdeildi 15 hlið 16 yfirbreiðsla 19 kyrrð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2 laos, 6 af, 8 afl, 9 kló, 11 vá, 12 kaggi, 14 unaðs, 16 lm, 17 frí, 18 aur, 20 ið, 21 króa.
**LÓÐRÉTT:** 1 lakk, 3 aa, 4 ofviðri, 5 slá, 7 flaumur, 10 ögn, 13 gaf, 15 síða, 16 lak, 19 ró.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Íslendingar
2. Geirs H. Haarde utanríkisráðherra
3. Real Betis








**ELVA ÓSK** Örninn hefur verið sýndur á Ríkissjónvarpinu við miklar vinsældir og er það ekki síst að þakka íslenskum áhrifum.

**ELVA ÓSK ÓLAFSDÓTTIR:** VERÐUR Á EMMY-VERÐLAUNAHÁTÍÐINNI

# Ætlar að vera í þjóðlegum kjól á rauða dreglinum

Leikkonan Elva Ósk Ólafsdóttir verður viðstödd alþjóðlegu Emmy-verðlaunahátíðina sem fram fer í New York 21. nóvember. Kemur það til af því að spennuþáttaröðin Örninn er tilnefnd í flokki dramaþátta en þættirnir hafa verið sýndir á Ríkissjónvarpinu við miklar vinsældir. Þar leikur Elva systur aðalsöguhetjunnar Hallgríms en hann er hálfíslenskur eins og flestir ættu að vita. Örninn mun meðal annars keppa við bresku þáttaröðina Spooks um verðlaunin.



**ØRNEN** Hjónin sem skrifa handritið að þáttaröðinni hafa dvalist hér á landi og þekkja innviði landsins nokkuð vel.

Elva sagðist eðlilega vera mjög spennt en hafði jafnframt ekki hugmynd um út í hvað hún væri að fara. „Ég hef ekki einu sinni horft á svona hátíð í sjónvarpi," sagði hún og hló. „Það verður gaman að upplifa þetta," bætti leikkonan við. Elva segir það fyndið hvernig eitt símtal geti breytt lífinu til frambúðar. „Manni er boðið að leika í danskri þáttaröð og síðan til New York til að taka þátt í Emmy-verðlaunahátíðinni," útskýrir hún.
Elva viðurkennir að hún gluggi í glansblöðin þegar verðlaunahátíðir eru annars vegar til að sjá kjóla stjarnanna. Sjálf segist leikkonan hafa farið á fullt við að leita að hentugum klæðnaði. „Ég er búin að fá hönnuðinn Þórunni Maríu til að kanna hvaða efni eru í boði," segir Elva en hún kveðst ætla að halda merki íslensku þjóðarinnar hátt á loft. „Ég verð í rammíslenskum kjól með roði og skinni," útskýrir hún og gefur lítið fyrir vangaveltur sjálfskipaðra tískulögga. Það er enda hefð fyrir því að íslenskar leikkonur veki athygli á rauða dreglinum og skemmst er að minnast svanakjóls Bjarkar á óskarsverðlaunahátíðinni.
Margmenni sækir hátíðina en hápunktur kvöldsins verður þegar fyrrverandi forsetafrú Bandaríkjanna, Hillary Rodham Clinton, afhendir sjónvarpsdrottningunni Opruh Winfrey sérstök heiðursverðlaun fyrir framlag sitt til sjónvarpsiðnaðarins. Þá mun breska leikkonan Helen Mirren einnig koma fram og afhenda ITV-verðlaun fyrir framúrskarandi framsetningu á sjónvarpsefni.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Sirkusheimurinn tekur stöðugum breytingum þessa dagana. Sigtryggur Magnason annar af ritstjórum Sirkus Rvk fékk nóg af fjölmiðlum eftir veru sína á blaðinu og hefur nú snúið sér að auglýsingagerð. Íslenska auglýsingastofan fær því að njóta krafta hans nú og verður gaman að sjá hvernig hann plumar sig í nýja starfinu en stofan hefur verið í mikilli sókn. Blaðamaðurinn Ágúst Bogason sem vann einnig á Sirkus Rvk er líka farinn og mun hann hefja störf í Popplandi á Rás 2. Þeir feðgar verða því sameinaðir á sama vinnustaðnum en Ágúst er sonur Boga Ágústssonar, yfirmanns fréttasviðs RÚV.



Ný „secondhand" verslun mun opna í dag og ber hún nafið Gyllti kötturinn. Nú er svo komið að það er varla þverfótað fyrir „secondhand" verslunum í miðborginni. Þar eru fyrir búðirnar Spútník, Glamúr, Ranimosk, Rokk og rósir, Elvis, Fríða frænka, Illgresi, Hjálpræðisherinn, Verslun Rauða krossins og svo auðvitað gamla Kolaportið. Fram að þessu hafa notuð föt verði verðlögð all hressilega á Íslandi og erfitt að nálgast þau á sanngjörnu verði.

Ekki er annað í stöðunni en að fagna þessum fjölda „secondhand" búða um leið og óskandi er að vaxandi samkeppni á þessum markaði muni leiða til verðlækkana. Ekki ósvipað og gerst hefur á matvælamarkaðnum. Það er því spurning hvort Gyllti kötturinn muni feta í fótspor Bónusgrísins og boða betri tíð fyrir „secondhand" kaupendur.




# Humar
**1.290, kr/kg**

Ótrúlega gott verð á fínum humri.

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70


# Er með lélegt minni

Stjórnandi Kastljóss, Sigmar Guðmundsson, hefur verið ráðinn spyrill í spurningakeppni framhaldsskólanna, Gettu betur. „Nei, ég verð nú að viðurkenna að ég var ekki mikið Gettu betur-nörd og held að það stafi af því að ég hef frekar lélegan heila," sagði nýbakaði stjórnandinn í gríni og hló. Hann kvaðst þó vera læs og ætti því að geta sinnt spyrilshlutverkinu.
Sigmar hefur nokkra reynslu af ungu fólki en áður en Kastljósferillinn hófst stjórnaði hann einum vinsælasta útvarpsþætti landsins á Aðalstöðinni og seinna á X-inu. „Það er einmitt ungا fólkið sem heillar. Það er svo mikið líf í kringum framhaldsskólana og ég man sjálfur eftir því hversu stór viðburður spurningakeppnin var þegar ég var í framhaldsskóla."



**ALLT KLAPPAÐ OG KLÁRT** Sigmar Guðmundsson var í gær ráðin spyrill spurningakeppni framhaldsskólanna Gettu Betur.

Það er Anna Kristín Jónsdóttir sem semur spurningarnar og Steinunn Vala verður sem fyrr stigavörður en dagskrárgerð verður í höndum Andrésar Indriðasonar. Sigmar segir að engar verulegar áherslubreytingar verði á þættinum enda sé hann í föstu formi. Hann bætir þó við að með nýju fólki komi alltaf einhverjar breytingar.
Á meðan forveri Sigmars sat á valdastóli hreppti hann iðulega titilinn Kynþokkafyllsti karlmaður landsins í árlegri símakosningu Rásar 2. Gárungar sögðu það vera vegna þess að hann stjórnaði gáfumannaþætti. „Ég hafði nú ekki leitt hugann að þessu," segir Sigmar, sem af mikilli hógværð gerir sér litlar væntingar um að verja þennan titil forvera síns. „Þetta verður bara gaman og mér líst vel á þetta."

- fgg



50 ár
LEGO
á Íslandi
Frábær afmælistilboð á LEGO
8.999 kr
verð áður 10.999 kr
Baráttan um Metru Nui
6.999 kr
verð áður 7.499 kr
Harry Potter draugaskipið
Svarti kastalinn
14.999 kr
verð áður 17.999 kr
2.499 kr
verð áður 3.499 kr
Duplo grunnaskja
11.999 kr
verð áður 14.699 kr
Kraftmikill fjarstýrður útibíll
5.999 kr
verð áður 6.999 kr
Víkingaskip og sæormur
1.299 kr
verð áður 1.999 kr
Duplo fata
Vörubíll
1.999 kr
verð áður 2.999 kr
1.999 kr
verð áður 2.499 kr
LEGO grunnaskja 500 stk.
9.999 kr
verð áður 12.899 kr
LEGO flughöfn
Advent Calendar
1.499 kr
verð áður 1.999 kr
LEGO jóladagatal
2.499 kr
Fylltu fötuna af uppáhalds kubbunum þínum fyrir aðeins
2.499 kr
Ath. aðeins í Smáralind
FYLLTU FÖTUNA
2.999 kr
verð áður 3.499 kr
Quatro stór grunnaskja
clikits
1.499 kr
verð áður 1.999 kr
Clickits jóladagatal
Gildir á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**










BAKÞANKAR
SÚSÖNNU SVAVARSDÓTTUR


## *Frí frá krabbameini?*

Föstudagur - frí frá krabbameininu samkvæmt styrktarfélagi Ljóssins, endurhæfingar og stuðningsmiðstöðvar fyrir fólk sem hefur greinst með krabbamein og aðstandendur þeirra. Það eitt að hægt sé að taka frí frá krabbameini eru stórtíðindi í sjálfu sér.

**MÉR** varð hugsað til dagbókar vinkonu minnar sem missti manninn sinn úr krabbameini fyrir stuttu. Ást sína sýndi hún með því að taka sér frí frá vinnu og annast hann mánuðum saman - jafnvel þótt heilbrigðisþjónustan gerði henni það nánast ómögulegt.

**ÞAÐ** sem henni þótti þó erfiðast var að fara með manninn sinn á göngudeild krabbameinsdeildar Landspítalans. Biðstofan var alltaf full af veikasta fólki landsins sem sat þar og beið og beið, hvort sem það gat hangið eitt og sjálft á stól eða ekki. Einu sinni voru þau mætt klukkan níu að morgni. Klukkan fimmtán mínútur í ellefu fór vinkona mín öskureið upp á deild til þess að leita að lækninum sem átti að sinna þjáðum göngudeildarsjúklingunum en var hundskömmuð fyrir frekjuna og sagt að læknirinn hefði bara nóg að gera. Hún fékk ekki að tala við hann en var gefinn tími næsta dag vegna þess að hún þurfti að fara með manninn heim til þess að gefa honum lyf. Næsta dag var staðan óbreytt.

**EITT** af því sem við getum staðið frammi fyrir ef við fáum krabbamein er að hafa ekki stjórn á þvagláti og hægðum. Ef það gerist á heilbrigðiskerfið að skaffa okkur bleiur. Vinkona mín sótti um þær til Tryggingastofnunar. Leyfi barst eftir þrjá mánuði. Ávísun á bleiur í heilt ár. Maðurinn lést nokkrum vikum seinna. Ef vinkona mín hefði eitthvert viðskiptavit myndi hún taka út ársbirgðirnar af bleium og selja þær fólki sem bíður eftir slíku leyfi á meðan sá krabbameinssjúki þjáist og grætur yfir því að missa allt í rúmið sitt.

**ÞETTA** eru aðeins tvö dæmi úr dagbók sem minnir helst á hrollvekju eftir Stephen King. Ég ætla ekki einu sinni að byrja á köflunum um samskipti við líknardeildina - en það gæti verið fróðlegt að gera könnun á því hversu margir sjúklingar þar hafa verið kvenkyns og hversu margir karlkyns. Getur verið að mökum krabbameinssjúkra sé mismunað eftir kyni?





ARGUS / 05-0091

## Hafsjór þekkingar

Samskip eru öflugt alþjóðafyrirtæki í flutningaþjónustu með starfsemi og skrifstofur í Evrópu, Ameríku og Asíu. Þar að auki er umboð og samstarf við fjölda flutningafyrirtækja um allan heim. Fullkominn skipa- og tækjakostur, frábært starfsfólk og áreiðanlegir samstarfsaðilar skila vörunni á áfangastað fljótt og vel.

**Samskip - Yfir lönd yfir höf.**

**SAMSKIP**

Kjalarvogi • 104 Reykjavík • Sími 458 8000 • Fax 458 8100 • samskip.is

**Pioneer** **BROT AF ÞVÍ BESTA:**



**PIONEER DVR-433**
**DVD SKRIFARI m/HÖRÐUM DISKI**
• DVD upptökutæki með 80GB harðum diski • Allt að 270 klst. upptaka á harða diskinn • Allt að 24 tíma upptaka á einn dual–layer DVD disk (12 tímar á venjulega diska) • DV inn– og útgangur • 48x hraða afritun af hörðum disk á DVD • Chase Play: samhliða afspilun og upptaka • Ný og betri MPEG–2 þjöppun með VBR (Variable bit–rate) • Spilar og skrifar DVD–Video, DVD–R/RW, DVD+R/RW, Dual–layer DVD–R, CD, VCD, SVCD, CD–R/RW, MP3, WMA og JPEG
**VERÐ KR. 54.900**



**PIONEER DCS–232**
**HEIMABÍÓKERFI**
• Magnari 360 W (5x60 W) RMS • 60 W Bassabox/Dolby Digital/DTS, MP3, JPEG og DivX • FM útvarp með 30 stöðva minni og RDS
**VERÐ KR. 33.900**

**PIONEER DCS 340**
**HEIMABÍÓKERFI**
• Magnari 5x100W RMS • 100W Bassabox/Dolby Digital/DTS, MP3, JPEG og DivX • FM útvarp með 30 stöðva minni og RDS
**VERÐ KR. 54.900**






**ORMSSON**
**SMÁRALIND** SÍMI 530 2900
**SÍÐUMÚLA 9** SÍMI 530 2800

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu